



**LÖGREGLUSTJÓRINN
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**SAMANTEKT Á SKIPULAGI
LÖGREGLU VIÐ MÓTMÆLIN
2008 TIL 2011**

GEIR JÓN ÞÓRISSON

Efnisyfirlitögerð:

1. Inngangur.....	8
2. Stefna og ákvarðanataka LRH, skipulag og greining verkefna í ljósi bankahruns.	10
3. Samantekt skipulags á einstaka mótmælum.....	10
Höfuðborgarsvæðið, 7. apríl 2008 - Vörubílstjórar	12
Höfuðborgarsvæðið, 8. apríl 2008 - Vörubílstjórar	13
Höfuðborgarsvæðið, 22. apríl 2008 - Vörubílstjórar	14
Suðurlandsvegur - Olís, 23. apríl 2008 - Vörubílstjórar	15
Kringlumýrabraut/Miklubraut, 25. apríl 2008.....	26
Höfuðborgarsvæðið, 7. október 2008.....	28
Austurvöllur , 8. október 2008	29
Arnarhóll – Seðlabanki, 10. október 2008.....	30
Austurvöllur , 1. nóvember 2008.....	31
Austurvöllur - Alþingi, 8. nóvember 2008.....	32
Austurvöllur – Alþingi, 15. nóvember 2008.....	38
Austurvöllur - Alþingi – Lögreglustöðin, 22. nóvember 2008.....	40
Alþingi - Stjórnarráð – Háskólabíó, 24. nóvember 2008.....	49
Austurvöllur, 29. nóvember 2008.....	50
Stjórnarráðið og Seðlabanki, 1. desember 2008.....	51
Austurvöllur, 6. desember 2008	57
Arnarhóll - Seðlabanki og Alþingishúsið, 8. desember 2008	58
Tjarnargata, Ráðherrabústaður , 9. desember 2008.....	65
Austurvöllur , 13. desember 2008.....	66
Stjórnarráðið, 15. desember 2008	68
Ráðherrabústaðurinn, 16. desember 2008	69
Austurvöllur – Bankar - Hótel 101 Reykjavík, 17. desember 2008.....	71

Fjármálaeftirlitið og Glitnisbanki, 18. desember 2008.....	73
Austurvöllur, 20. desember 2008.....	74
Austurvöllur, 27. desember 2008.....	75
Stjórnarráðið - Austurvöllur - Hótel Borg, 31. desember 2008.....	76
Austurvöllur, 3. janúar 2009.....	84
Landsbankinn í Austurstræti, 7. janúar 2009.....	85
Bandaríska sendiráðið, 8. janúar 2009.....	87
Utanríkisráðuneytið, 9. janúar 2009.....	88
Austurvöllur, 11. janúar 2009.....	89
Stjórnarráðið - Landspítali - Seðlabanki - Utanríkisráðuneytið, 12. janúar 2009.....	90
Alþingishúsið, 13. janúar 2009.....	91
Bessastaðir, 15. janúar 2009.....	92
Glitnir, Kirkjusandi, 16. janúar 2009.....	93
Austurvöllur, 17. janúar 2009.....	94
Dómsmálaráðuneytið, 19. janúar 2009.....	95
Alþingi, 20. janúar 2009.....	96
Alþingi – Stjórnarráðið, 21. janúar 2009.....	115
Austurvöllur – Alþingi, 22. janúar 2009.....	124
Austurvöllur - Alþingi – Valhöll, 23. janúar 2009.....	135
Austurvöllur - 24. janúar 2009.....	140
Alþingi, 26. janúar 2009.....	142
Hótel Hilton, Natofundur, 28. janúar 2009.....	144
Hótel Hilton – Austurvöllur, 29. janúar 2009.....	146
Seðlabankinn – Alþingi, 4. febrúar 2009.....	147
Seðlabankinn, 9. febrúar 2009.....	148

Seðlabankinn, 10. febrúar 2009	150
Seðlabankinn, 11. febrúar 2009	152
Seðlabankinn, 12. febrúar 2009	153
Seðlabankinn, 13. febrúar 2009	154
Lækjartorg, 14. febrúar 2009	155
Lækjartorg, 21. febrúar 2009	157
Viðbúnaður vegna Fáfnismanna, 7. mars 2009.....	158
Sendiráð Kína, 11. mars 2009.....	159
Útlendingastofnun, Skógarhlíð, 2. apríl 2009	160
Heimili forstjóra Útlendingastofnunar, 5. apríl 2009	161
Hústaka að Vatnstíg 4, Rvík, 14. og 15. apríl 2009.....	162
Alþingi, þingsetning, 15. maí 2009	168
Alþingi og Fríkirkjuvegur, 11. Rvík. 8. júní 2009.....	169
Austurvöllur, 9. júní 2009.....	172
Austurvöllur – Alþingi, 15. júní 2009.....	173
Austurvöllur – Alþingi, 17. júní 2009.....	174
Austurvöllur, 13. ágúst 2009.....	176
Austurvöllur, 27. ágúst 2009.....	177
Austurvöllur, 28. ágúst 2009.....	178
Ráðhús Reykjavíkur, 15. september 2009	179
Austurvöllur, 1. október 2009	180
Lögreglustöðin - Heimili dómsmálaráðherra, 14. október 2009.....	182
Háskóli Íslands, Askja, 16. október 2009.....	184
Heimili dómsmálaráðherra, 4. nóvember 2009.....	185
Austurvöllur, 12. desember 2009	187

Alþingi, 21. desember 2009	188
Alþingi, 30. desember 2009	189
Bessastaðir, 31. desember 2009.....	190
Íslandsbanki, Kirkjusandi, 2. mars 2010	192
Austurvöllur – Alþingi, 12. apríl 2010.....	193
Héraðsdómur Reykjavíkur, 14. apríl 2010.....	194
Rauðilækur 23, Reykjavík, 20. apríl 2010	196
Héraðsdómur Reykjavíkur, 30. apríl 2010.....	197
Austurvöllur, 1. maí 2010.....	199
Héraðsdómur Reykjavíkur, 12. maí 2010.....	201
Austurvöllur, 14. maí 2010.....	202
Héraðsdómur Reykjavíkur, 17. maí 2010.....	203
Stjórnarráðið, 25. maí 2010	204
Stjórnarráðið, 1. júní 2010	205
Austurvöllur, hátíðardagskrá 17. júní 2010.....	207
Héraðsdómur Reykjavíkur, 22. júní 2010.....	208
Héraðsdómur Reykjavíkur, 28. júní 2010.....	209
Seðlabanki Íslands, 30. júní 2010	210
Seðlabanki Íslands, 5. júlí 2010.....	211
Stjórnarráðið - Alþingi – Seðlabanki, 6. júlí 2010	213
Seðlabankinn, 7. júlí 2010	214
Seðlabankinn, 8. júlí 2010	216
Skrifstofa AGS, Hverfisgötu 12, 9. júlí 2010	217
Skrifstofa AGS, Hverfisgötu 12, 12. júlí 2010	218
Skrifstofa AGS, Hverfisgötu 12, 13. júlí 2010	219

Skrifstofa AGS, Hverfisgötu 12, 14. júlí 2010	220
Skrifstofa AGS, Hverfisgötu 12, 15. júlí 2010	221
Skrifstofa AGS – Stjórnarráðið, 16. júlí 2010.....	223
Héraðsdómur Reykjavíkur, 16. ágúst 2010.....	224
Héraðsdómur Reykjavíkur, 7. september 2010.....	226
Héraðsdómur Reykjavíkur, 13. september 2010.....	227
Alþingi, 28. september 2010	228
Alþingi, þingsetning, 1. október 2010.....	229
Alþingi, 4. október 2010	231
Alþingi, 5. október 2010.....	237
Alþingi, 6. október 2010.....	238
Stjórnarráðið, 12. október 2010	239
Landsbankinn, Austurstræti, 19. október 2010.....	240
Hilton Hótel, 25. október 2010	241
Héraðsdómur Reykjavíkur, 25. október 2010.....	242
Alþingi, 4. nóvember 2010	243
Þjóðmenningarhúsið – Alþingi, 10. nóvember 2010.....	245
Alþingi, 17. nóvember 2010	246
Alþingi, 30. nóvember 2010	247
Landsbankinn, Austurstræti, 7. desember 2010	248
Alþingi, 8. desember 2010	249
Héraðsdómur Reykjavíkur, 12. janúar 2011	251
Alþingi, 17. janúar 2011	251
Héraðsdómur Reykjavíkur, 18. janúar 2011	254
Héraðsdómur Reykjavíkur, 19. janúar 2011	255

Lækjartorg, 20. janúar 2011	256
Ráðhús Reykjavíkur, 1. febrúar 2011	257
Héraðsdómur Reykjavíkur, 16. febrúar 2011.....	258
Alþingi, 16. febrúar 2011	259
Alþingi, 8. júní 2011	260
Alþingi, þingsetning, 17. júní 2011	261
Alþingi, 2. september 2011	262
Alþingi, þingsetning, 1. október 2011.....	263
Alþingi, 3. október 2011	265
Harpan, Austurbakka, 27. október 2011	267
Háskóli Íslands, 28. október 2011	268
Sendiráð Bandaríkjanna, 16. desember 2011	268
4. Tölfræðiupplýsingar, fjöldi lögreglumanna o.fl.	270
5. Niðurlag.....	271

1. Inngangur.

Að beiðni Stefáns Eiríkssonar, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins (LRH), var ákveðið að Geir Jón Þórisson (GJP), yfirlögregluþjónn, tæki að sér að skrá niður á einn stað allar þær upplýsingar sem lögreglan byggir yfir varðandi þau langvarandi og öflugum mótmæli sem brutust út eftir bankahrunið 6. október 2008. Ljóst er að lögreglan á Íslandi hefur aldrei þurft að standa fyrir svo langvarandi aðgerðum vegna tíðra mótmæla, oft á tíðum mjög aðgangshörðum, sem krafðist mikils mannskaps lögreglu í mjög langan tíma.

Í tengslum við NATÓ fund sem haldinn var á Íslandi árið 2002 var ákveðið að kaupa sérhannaðan óeirðarbúnað fyrir lögreglu og þjálfar ákveðinn fjölda lögreglumanna til að takast á við mótmælendur vegna þessa fundar. Talið var að mjög kröftug mótmæli myndu brjótast út og var lögreglan ekki undirbúin fyrir þau átök hvað búnað og þjálfun varðaði. Var ákveðið að taka upp skipulag dönsku lögreglunnar til að takast á við mótmælendur, þar sem danska lögreglan hafði töluverða reynslu á þessu sviði. Lögreglan í Danmörku hafði lent í töluverðum hremmingum nokkrum árum áður og í ljósi þeirrar reynslu var tekin upp ný aðferðarfræði til að takast á við mótmælendur, sem reyndist vel. Voru því nokkrir lögreglumenn sendir til Danmerkur til að kynna sér verklag dönsku lögreglunnar í þessum efnum og í framhaldi af því var ákveðið að íslenska lögreglan ynni eftir samskonar skipulagi.

Í framhaldinu voru settir á fót mannfjöldastjórnunarhópar (óeirðahópar) hjá lögreglunni í Reykjavík og síðar útvíkkað til stærri lögregluliða utan Reykjavíkur. Var nokkur hópur lögreglumanna, 40 menn, sérstaklega þjálfaðir til að takast á við hugsanleg mótmæli.

Samkvæmt verklagsreglum sem RLS gaf út á árinu 2004, um áhættumat o.fl., var ákveðið að lögreglan í Reykjavík yrði með fjóra flokka, lögreglan í Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, á Keflavíkurflugvelli, Selfossi og Akureyri með einn flokk og sérsveit RLS með tvo. Akureyri kom síðast inn með sinn flokk og voru því ekki með frá upphafi. Sérsveitin fjölgaði síðan hópunum í þrjá flokka og nokkru síðar í fjóra. Þannig urðu 11 flokkar sérþjálfðra lögreglumanna tilbúnir til að takast á við mannfjöldastjórnun (mótmæli/óeirðir) á árinu 2002. Upphaflegu verklagsreglurnar varðandi mannfjöldastjórnunarflokkana voru gefnar út 30. apríl 2002. Það skal tekið fram að þegar talað er um flokka á þessum tíma var miðað við að níu menn væru í hverjum flokki. Árið 2011 var lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (LRH) komin með níu flokka og óeirðarbúnað fyrir 78 lögreglumenn.

Frá því er skemmst að segja að mótmælin vegna NATÓ fundarins 2002 reyndust ekki af þeirri stærð sem lögreglan bjóst við og reyndi því lítið á óeirðahópana. Ákveðið var að lögreglan myndi halda áfram þjálfun þeirra lögreglumanna sem til þessa höfðu valist og þjálfar fleiri til verksins. Jafnframt að halda áfram kaupum á nauðsynlegum búnaði.

Ekki reyndi á lögregluna í Reykjavík varðandi skipulögð mótmæli fyrr en á miðju ári 2005. Voru það nokkrir vörubílstjórar sem tóku sig saman um að mótmæla hækkun á olíugjöldum og öðrum sköttum, sem gerði rekstrarumhverfi þeirra erfiðara eftir því sem þeir héldu fram. Tóku nokkrir vörubílstjórar upp á því að aka hægt og trufla þannig umferð og vekja þannig athygli á málstað sínum. Lögreglan þurfti í nokkrum tilvikum að grípa inn í

og gekk það nokkuð vel fyrir sig. Mest lenti þetta á umferðardeildinni, bifhjólamönnum, en í nokkrum tilvikum þurfti að fjölga lögreglumönnum á ákveðnum póstum þar sem mótmælendur höfðu sig mest í frammi.

Það var síðan 27. júlí 2008 að GJP ásamt fleiri yfirmönnum LRH ákváðu að kalla til fundar við sig Sturla Jónsson, vörubifreiðastjóra, en hann virtist vera nokkurs konar leiðtogi þeirra vörubifreiðastjóra sem stóðu fyrir mótmælunum. Hafði hann þá skömmu áður farið fram í fjölmiðlum með kröfu um lækkun oliugjalds, sem þá hafði stigið nokkuð í verði, og boðaði enn ein mótmæli vörubifreiðastjóra í Reykjavík. Hann kom til fundar ásamt þremur félögum sínum og tilkynnti okkur að til stæði að grípa til aðgerða, s.s. með því að aka vörubifreiðunum mjög hægt um helstu stofnbrautir Reykjavíkur og eins að stöðva bifreiðarnar á miðri akbraut. Þannig hugðust þeir skapa þrýsting á stjórnvöld til að lækka skatta ríkisins á olíu. Eftir ítarlegar samræður um hvað hægt væri að gera til að koma í veg fyrir þessar ráðagerðir bentu vörubifreiðastjórnarnir á að skilaboðum yrði að koma til fjármálaráðherra um að hann gripi strax þarna inn í. Varð að samkomulagi að GJP hefði samband við Árna Mathiesen, þáverandi fjármálaráðherra, til að kynna honum þessa stöðu og eins hvort hann væri tilbúinn til að funda með fulltrúum vörubifreiðastjóra. Ráðherra tók beiðninni vel og var ákveðinn fundartími daginn eftir í fjármálaráðuneytinu með honum og þessum sömu fulltrúum vörubifreiðastjóra. Afskipti lögreglu urðu ekki frekari að málinu.

Fram kom í fjölmiðlum að vörubifreiðastjórnar væru ekki ánægðir með niðurstöðu fundar með fjármálaráðherra og ætluðu því að blása til mótmæla með fyrmefndum aðgerðum sem skildu hefjast handa föstudaginn 29. júlí 2008. Lögreglan setti sig strax í samband við fulltrúa vörubifreiðastjóra til að fá þá ofan af þessu vegna þeirrar hættu sem skapast af umferðarteppu á helstu stofnæðum sem gæti orðið til þess að lögregla, sjúkra- og slökkvilið kæmust ekki í útkall. Lítið var á þetta hlustað. Það var síðan ákveðið að GJP, ásamt fleiri lögreglumönnum, myndi hitta vörubifreiðastjórnara á Sæmundargötu, en þar ætluðu þeir að safnast saman. Töluverður hiti var í bifreiðastjórnunum og erfiðlega gekk í fyrstu að ná eyrum þeirra og fá þá til að láta af því að grípa til þessara aðgerða. Sögdust þeir ekki ætla að taka tillit til ábendinga lögreglu og hunsa fyrirmæli hennar. Stóð þarna allt í járnum þar til að GJP sá einn af hörðustu bílstjórnunum fá sér neftóbak. Gekk GJP þá til hans og spurði hvort hann fengi ekki í nefið hjá honum. Kom nokkurt fát á hann og aðra sem næst stóðu, því nokkur hiti var kominn í mannskapinn eins og áður segir. Bauð hann þá GJP í nefið og við það var eins og mesta loftið færi úr þeim. Þeir skynjuðu að lögreglan var ekki í neinu stríði við þá, heldur vildi hafa einhver áhrif á vegna öryggis borgarana, hvernig þeir myndu haga sínum mótmælum. Eftir þetta breyttust samskiptin til hins betra og komist var að þeirri niðurstöðu að þeir myndu aka hægt í austur um Hringbraut, Miklubraut og Vesturlandsveg. Tryggt væri að a.m.k. ein akrein á þessari leið yrði auð svo önnur umferð kæmist nokkuð vel leiðar sinnar. Við þetta var staðið að mestu leyti. Til nokkurra umferðartafa kom vegna þessa, en engin hætta skapaðist að því best var séð.

Einhverjum bílstjórnanna fannst sem tilgangi mótmælanna hafi ekki verið náð sem skildi því stjórnvöld sýndu engin viðbrögð og því voru af og til skipulögð mótmæli með því að aka hægt um borgina. Þurfti lögreglan að grípa oft inn í og gekk það oftast án nokkurra átaka.

Var alltaf reynt að halda uppi góðum samskiptum við fulltrúa bílstjóranna og gætti GJP þess alltaf að vera með tóbaksbæk í vasanum og bauð í nefið, sem gaf betri tækifæri til að ná til mannskapsins.

Lögreglan fékk oft kvartanir frá öðrum vegfarendum vegna mikils umferðarpunga sem skapaðist á helstu akstursleiðum í borginni. Vörubifreiðastjórnir höfðu lengst af látið fjölmiðla vita þegar aðgerðir voru í aðsigi, en síðan gripu þeir til þess ráðs að láta engan vita og skapaði það oft miklar umferðartafir áður en lögreglan gat gripið inn í. Meðal annars lokuðu þeir Reykjanesbrautinni snemma morguns til að koma í veg fyrir að flugfarþegar kæmst til Keflavíkur. Þá gerðist það að menn, mjög vel tengdir eða komu úr röðum bílstjóranna, fóru að láta lögreglu vita af fyrirhuguðum aðgerðum. Var þá lögreglan komin á þá staði sem ákveðið var að loka með lagningu vörubifreiða og gat því gripið inn í strax. Kom þetta skipuleggjendum mótmælanna mjög á óvart hversu vel lögreglan var upplýst um fyrirhugaða mótmælastaði. Töldu sumir að lögreglan hafi gripið til símahlerana og var það beinlínis fullyrt í fjölmiðlum, en það var ekki rétt. Lögreglan fékk einfaldlega mjög góðar upplýsingar frá traustum upplýsingaáðilum um fyrirhuguð mótmæli.

Eins og að framan greinir hófust mótmæli vörubifreiðastjóra um mitt ár 2005, með smá skærum, sem leiddi ekki til neinna átaka á milli þeirra og lögreglu. Var það ekki fyrr en árið 2008 sem hiti fór að færast í mótmæli þeirra og lögreglan þurfti að hafa meiri afskipti af þeim. Þau afskipti fólust m.a. í því að grípa inn í aðstæður með ákveðnum og markvissum hætti. Leiddi þetta oft til nokkurra átaka sem betur er lýst í 3. kafla.

2. Stefna og ákvarðanatataka LRH, skipulag og greining verkefna í ljósi bankahruns.

Þann 6. október 2008 bárust þær stófréttir út að bankakerfið á Íslandi hafi hrunið. Var augljóst að þetta myndi hafa mikil áhrif á íslensk heimili. Mátti búast við að fólk færi í bankana til að taka út fjármagn sitt og eins að almenningur yrði mjög ósáttur og gripi hugsanlega til ýmissa óyndisúræða.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri, kallaði til fundar síðdegis á sunnudeginum eftir bankahrunið og voru þar mættir eftirtaldir: Jón H.B. Snorrason og Hörður Jóhannesson, aðstoðarlögreglustjórar, Egill Bjarnason og Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónar og Árni Þór Sigmundsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn. Á þessum fundi var m.a. rætt um hugsanlega seðlaþurð bankanna og viðbrögð almennings við því ef greiðslukortafyrirtækin lokuðu á þjónustu sína. SE hafði verið í sambandi við RLS og var áfram í því sambandi eftir að þessum fundi lauk.

3. Samantekt skipulags á einstaka mótmælum.

Ákveðið var af yfirstjórn LRH að aðkoma lögreglu að mótmælendum yrði með þeim hætti að reyna í lengstu lög að forðast valdbeitingu til að halda aftur af mótmælendum. Gera sig frekar far um að ræða við skipuleggjendur og þá sem fremst fóru í mótmælum hverju sinni. Ljóst var að margir lögreglumenn stæðu eins illa af vígi og almenningur hvað varðaði stöðu fjármála, lán í bönkum o.s.frv. Því skipti afar miklu máli að lögreglumenn í

aðgerðum sínum reyndu allt sem hægt væri til að mótmæli og mótmælafundir færu sem best fram. Myndu lögreglumenn frekar sitja undir ýmsum aðdróttunum og eða hótunum, að svo miklu leyti að lífi þeirra yrði ekki stefnt í voða. Handtökur yrðu ekki framkvæmdar nema út séð væri að ekki yrði hægt að róa þá einstaklinga sem verst létu og/eða beittu líkamlegu ofbeldi gegn lögreglumönnum eða öðru fólki.

Skipulag mannfjöldastjórnunarhópa (óeirðarhópar/aðgerðasveit) var tekið upp með ákveðnu hætti. Lögreglumönnum var raðað í átta manna flokka sem stjórnað var af flokkstjórum, en dagleg stjórn aðgerðasveitar LRH var í höndum Arnars Rúnars Marteinsonar, aðalvarðstjóra og Kristjáns Helga Þráinssonar, varðstjóra. Þeir Arnar og Kristján voru báðir á þessum tíma stjórnendur A-vaktar almennrar deildar LRH. Fjöldi aðgerðahópanna tók mið af áætluðum fjölda mótmælenda og eins hvort menn töldu að reikna mætti með einhverjum átökum.

Yfirstjórn var í höndum Geirs Jóns Þórissonar, yfirlögregluþjóns og Árna Þórs Sigmundssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns, almennrar löggæslu LRH. Í maí 2009 varð sú breyting á skipulagi LRH að Egill Bjarnason, yfirlögregluþjónn, tók við nýrri deild, aðgerða- og skipulagsdeild. Með þessari breytingu tók Egill við yfirstjórn aðgerðasveitar.

Í mannfjöldastjórnun er lögreglumönnum skipt upp í 8 manna flokka og eru undir stjórn flokkstjóra og aðstoðarflokkstjóra. Þegar flokkum er skipt í tvennt er talað um hópa (4 manna) og fara þá flokkstjóri fyrir öðrum hópnum og aðstoðarflokkstjóri fyrir hinum. Þegar flokkarnir eru orðnir tveir eða fleiri eru það sveitarstjóri og aðstoðarsveitarstjóri sem fara fyrir þeim. (Samkvæmt fræðunum samanstendur sveit af 2 til 5 flokkum stjórnað af sveitarstjórnanda sem hefur sér til aðstoðar aðstoðarsveitarstjórnanda. Fylki samanstendur af 2 eða fleiri sveitum stjórnað af fylkisstjórnanda sem hefur sér til aðstoðar aðstoðarfylkisstjórnanda og sveitarstjórnendur)

„Þegar lögreglumenn starfa undir flokkaskipan eru þeir undir ströngum aga. Hópurinn starfar sem ein heild og stjórnast af beinum skipunum stjórnanda. Mannfjöldastjórnun og óeirðalöggæsla kalla á að unnið sé eftir flokkaskipan og stjórnun sé mjög ákveðin og formföst þannig að liðsskipan riðlist ekki og skipunum sé fylgt strax eftir og á samræmdan hátt“ (Verklagsreglur og leiðbeiningar um mannfjöldastjórnun og óeirðalöggæslu. RLS árið 2002).

Með því að notast við aðferðafræði mannfjöldastjórnunar er einstaklingsframtak lögreglumanna ekki fyrir hendi og mun auðveldara er að tryggja öguð og markviss vinnubrögð.

Hér á eftir verður nánar fjallað um hvert og eitt tilvik þeirra mótmæla sem fram fóru og lögregla kom að. Við upptalningu á lögreglumönnum við störf verður vísað til upphafsstafa í nöfnum þeirra og lögreglunúmers. Á fylgiskjali nr. I er öllum þeim lögreglumönnum, sem komu að vinnu við mótmælin með einum eða öðrum hætti, raðað í númeraröð og því hægt að finna nöfn þeirra þar.

Höfuðborgarsvæðið, 7. apríl 2008 - Vörubílstjórar

Lökenúmer: 007-2008-

Lögglumenn við störf:

Stjórnendur; Arnar Rúnar Marteinson, 8737 og Kristján Helgi Þráinsson, 9804. **Flokkur 1:** GPG-9314, ÞRJH-9927, GHS-9411, GR-0106, GHM-0107, HPK-0117, SÖS-0126, SBA-0602, SS-0608. **Flokkur 2:** ÞJS-8110, BB-0112, SJ-9814, HH-0323, BÓ-0405, RSP-0508, GST-0606, MIE-0623, ÓJ-0633. **Flokkur 3:** GH-9306, UMÁ-0103, ÞAE-0129, LBP-0248, JBS-0427, ESE-0428, HH-0436, HÁH-0504, HSP-0604, GBS-0626. **Flokkur 4:** BB-8826, AS-9803, JG-9116, LGS-9903, IMI-0234, BS-0313, JPE-04416, ÁS-0528, RG-0603, ÁS-0632, EJ-0611. Aðrir lögglumenn sem komu að aðgerðum og sáu aðallega um flutning á aðgerðasveitarmönnum o.fl. ARH-0207, ÁEP-0617, BRS-9811, FIH-0758, FIJ-8522, GIR-0327, HPT-0621, RÖS-9716, SB-0425, SE-8211, KK-0628, ÞPG-9115, GRS-0417, ÓJJ-0760, GAH-0784, SS-8106, KÖK-0768, MPG-0776, DL-0238, ÓM-0634, JGS-0635.

Skipulag:

Lögglumönnum var skipt upp í fjóra flokka og ákveðið að skipta þeim niður á nokkrar bifreiðar. Hlutverk þeirra var að fylgjast með hvort og þá hvar vörubifreiðastjórar myndu skapa vandræði og biðja fyrirmæla stjórnenda hvort grípa skyldi inn í.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir lögglunnar vegna mótmælanna spönnuðu nánast allan daginn, eða frá kl. 05:30 til 21:00. Flestir lögglumennirnir voru að störfum allan þennan tíma, en þó ekki allveg allir. Þegar mest var voru 61 lögglumaður við störf. Samtals tímafjöldi: 334,5.

Atvikalýsing

Vörubílstjórar höfðu gefið í skyn að þeir myndu halda uppi öflugum mótmælum allan daginn. Lögglan hafði fengið um þetta upplýsingar frá upplýsingagjöfum innan bílstjórahópsins. Því var ákveðið að lögglan yrði vel mönnuð til að takast á við mótmæli þeirra sem hugsanlega myndu dreifa sér um höfuðborgarsvæðið.

Hvernig til tókst

Verkefnið stóð yfir allan daginn og þurfti nokkrum sinnum að grípa inn í þegar umferðarteppur voru orðnar miklar, en að öðru leyti tókst verkefnið vel.

Ummæli frá nokkrum lögglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til að leita upplýsinga eða ummæla frá lögglumönnum vegna þessa verkefnis þar sem ekkert sérstakt bar upp á.

Gagnrýni, viðhorf annarra, s.s. fjölmiðla

Nokkuð var fjallað um atburði dagsins, en engin sérstök gagnrýni var þó uppi á störf lögreglunnar. Virtist sem málstaður vörubílstjóra nyti samúðar í þjóðfélaginu en þó bent á að aðgerðir þeirra beindust meira að almennum borgurum sem einnig voru að kvarta yfir háu olíuverði.

Höfuðborgarsvæðið, 8. apríl 2008 - Vörubílstjórar

Lökenúmer: 007-2008-

Lögreglumenn við störf:

Stjómendur; Arnar Rúnar Marteinson,8737 og Kristján Helgi Práinsson,9804. **Flokkur 1:**GPG-9314, ÞRJH-9927, GHS-9411, GHM-0107, HÞK-0117, SÖS-0126, SBA-0602, SS-0608. **Flokkur 2:** ÞJS-8110, BB-0112, SJ-9814, HH-0323, BÓ-0405, RSP-0508, GST-0606, MIE-0623, ÓJ-0633. **Flokkur 3:** GH-9306, UMÁ-0103, ÞAE-0129, LBP-0248, JBS-0427, ESE-0428, HH-0436, HÁH-0504, HSP-0604, GBS-0626. **Flokkur 4:** BB-8826, JG-9116, LGS-9903, IMI-0234, JPE-0416, ÁS-0528, RG-0603, ÁS-0632, EJ-0611. Aðrir lögreglumenn sem komu að aðgerðum og sáu aðallega um flutning á aðgerðasveitarmönnum o.fl. GIR-0327, HPT-0621, SE-8211, KK-0628, ÓJJ-0760, GAH-0784, SS-8106, KÖK-0768, MÞG-0776, DL-0238, ÓM-0634, JGS-0635.

Skipulag:

Lögreglumönnum var skipt upp í fjóra flokka og settir í nokkrar lögreglubifreiðar. Svipuð aðkoma lögreglu að mótmælunum og daginn áður.

Tímalengd aðgerða:

Viðbragð lögreglu hófst nokkuð snemma þennan dag, eða um kl. 05:30 og stóð til kl. 16:00. Nokkrir lögreglumenn komu til starfa um kl. 03:30 til að vakta þá staði, þar sem vörubílar þeirra, sem voru í mótmælum, voru staðsettir. Alls voru 50 lögreglumenn við þessa aðgerð og tímafjöldi samtals 297,5.

Atvikalýsing

Mótmæli vörubílstjóra voru með svipuðum hætti og deginum áður.

Hvernig til tókst

Almennt gekk allt vel fyrir sig en nokkur töf varð á almennri umferð sem reynt var að leysa úr eins og aðstæður leyfðu, án átaka.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til að fjalla um það sérstaklega.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla

Ekki ástæða til að fjalla um það sérstaklega.

Höfuðborgarsvæðið, 22. apríl 2008 - Vörubílstjórar

Lökenúmer: 007-2008-

Lögreglumenn við störf:

Stjómendur: Arnar Rúnar Marteinnsson,8737 og Kristján Helgi Þráinsson,9804. **Flokkur 1:** AS-9803, JBS-0427, ESE-0428, HÁH-0504, HSP-0604, GBS-0626, ÁS-0528, SS-0608, ÁS-0632. **Flokkur 2:** ÞJS-8110, BB-0112, SJ-9814, GRS-0122, HH-0323, BÓ-0405, GST-0606, RG-0603. Aðrir lögreglumenn er komu að verkefninu: ÁEP-0617, BRS-9811, GIR-0327, RÖS-9716, SB-0425, KK-0628, ÞPG-9115, HH-0436, UMÁ-0623.

Skipulag:

Ekki var reiknað með stórum aðgerðum vörubifreiðastjóra. Lögreglumönnum skipt upp í tvo flokka. Aðkoma þeirra verði eins og áður hafði verið.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 07:00 og stóðu til kl. 22:00. Alls störfuðu 28 lögreglumenn við þessa aðgerð og tímafjöldi var samtals 201.

Atvikalýsing

Mótmæli vörubifreiðastjóra voru með svipuðum hætti og fyrr er getið. Þeir óku hægt um borgina og vöktu þannig athygli á sér.

Hvernig til tókst

Allt gekk átakalaust fyrir sig.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til að afla þeirra.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla

Nokkuð var um það að almennir borgaraar létu í ljós óánægju sína með þessar aðgerðir vörubifreiðastjóra og hvöttu lögreglu til að grípa inn í með öflugri hætti.

Suðurlandsvegur - Olís, 23. apríl 2008 - Vörubílstjórar

Lökenúmer: 007-2008-029165

Lögreglumenn við störf:

Stjórnendur: Árni Þór Sigmundsson,7415, Kristján Ólafur Guðnason,8808, Arnar Rúnar Marteinson,8737 og Kristján Helgi Þráinsson,9804 . **Flokkur 1:** PRJH-9927, GHS-9411, UMÁ-0103, LGS-9903, GHM-0107, HPK-0117, SÖS-0126, SS-0608-MIE-0623. **Flokkur 2:** AS-9803, JBS-0427, ESE-0428, HH-0436, GHG-0505, ÁS-0528, GBS-0626, ÁS-0632. **Flokkur 3:** ÞJS-8110, BB-0112, SJ-9814, GRS-0122, HH-0323, GST-0606, HSP-0604, LAP-0605. **Aðrir lögreglumenn sem komu að verkefninu:** ARH-0207, ÁEP-0617, BRS-9811, FHH-0758, FIJ-8522, GSE-0624, GIR-0327, SS-8106, DL-0238, ÓM-0634, JGS-0635, ÓJJ-0760, EDG-0767, KÖK-0768, MÞG-0776, GAH-0784, KBJ-0774, ES-0770, GHT-0755, GFJ-0765, SB-0425, PRG-0116, LK-9521, FHH-0758, AGA-0142, HBS-7508, ÆPP-0332, ÞGP-0111, JMÁ-0212. Sérsvaitarmenn RLS: JMJ-8616, AE-9717, LJK-0414, GP-0512, ÁRG-0520, SÁR-0521

Lögreglumenn sem komu að verki **24.04.2008** þegar vörubifreiðar voru afhentar á Kirkjusandi: AS-9803, ÞAE-0129, HH-0323, ESE-0428, HÁH-0504, MIE-0623, GBS-0626, RG-0603, LAP-0605. Einnig komu að málinu Gunnar Hilmarsson, aðalvarðstjóri og Þorsteinn Hraundal, rannsóknarlögreglumaður. Einnig komu eftirtaldir lögreglumenn að verkefninu á Kirkjusandi: ARH-0207, ÁEP-0617, BRS-9811, FHH-0758, FIJ-8522, GRS-0417, SB-0425, GSE-0624, JBB-0726, KK-0628, SE-8211, UMÁ-0103, RÖS-9716, ÞMS-FA27

Skipulag:

Aðgerðasveit var skipt upp í þrjá flokka sem höfðu það verkefni að fylgjast með ferðum vörubílstjórana og vera komir á þá staði þar sem þeir hugsanlega myndu stöðva og þannig hindra umferð. Aðgerðarstjórn var virkjuð í stjómunarrými lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu og þaðan var aðgerðum stýrt. Stjórnendur aðgerðasveitar voru á vettvangi. Fyrirfram hafði verið ákveðið af aðgerðarstjórn að koma skyldi í veg fyrir að bifreiðastjórnarnir lokuðu helstu leiðum, en frést hafði að þeir ætluðu að loka Suðurlandsvegi. Skyldi rætt við bílstjórana og fá þá með góðu til að færa bifreiðar sínar ef þeir legðu þeim á akveg. Yrðu þeir ekki við tilmælum lögreglu og ítrekuðum viðvörðunum yrðu ökutækin fjarlægð.

Tímalengd aðgerða:

Verkefnið stóð frá kl. 08:30 til kl. 16:07. Samtals var fjöldi lögreglumanna 23.04. 64 menn, en 24.04. voru það 25 menn Tímafjöldi 23.04. var 480,5 og 24.04 var tímafjöldinn 95 tímar. Samtals tímafjöldi 582,5 tímar

Atvikalýsing

Lögreglan hafði fengið spurnir að því að til stæði, af hendi bifreiðastjóra sem staðið höfðu í mótmælum, að hindra umferð um Suðurlandsveg. Nokkrir lögreglumenn fylgdust með aðgerðum bifreiðastjóranna og um kl. 08:40 voru vörubifreiðar byrjaðar að safnast saman á Suðurlandsvegi við Olís. Voru komar þarna það margar bifreiðar, að með því að skilja þær eftir á akbrautinni, lokaðist fyrir alla umferð í báðar áttir. Stjórnendur aðgerðasveita ákváðu að ræða við bifreiðastjórana og biðja þá um að færa bifreiðarnar. Á meðan var aðgerðahópunum haldið fjarri vettvangi úr sjónfæri.

Rætt var við allan bifreiðastjórahópinn og eins við Sturlu Jónsson, talsmann þeirra, einslega. Var þeim margítrekað gerð grein fyrir því að þeir yrðu að fjarlægja bifreiðarnar, en að öðrum kosti yrði lögreglan að grípa til aðgerða til að halda Suðurlandsvegi opnum. Var þeim gefið ítrekað svigrúm til að ræða þetta sín á milli, en niðurstaða þeirra var að hreyfa ekki við bifreiðunum. Bifreiðastjórnir gerðu kröfu um að fá ráðamenn þjóðarinnar á vettvang, en þeim tjáð að sá valkostur væri ekki fyrir hendi. Eftir um 40 mínútna viðræður við bifreiðastjórana var orðið ljóst að ekkert fararsnið væri á þeim og þótti stjórnendum aðgerðasveitar því fullreynt að hægt yrði að tala þá til.

Bifreiðastjórunum voru þá gefin skýr fyrirmæli um að fjarlægja bifreiðarnar, en að öðrum kosti yrðu þær fjarlægðar og bílstjórar þeirra handteknir. Þessi fyrirmæli voru margítrekuð. Tveir eða þrír bifreiðastjórar virtust hikandi eftir að þessi fyrirmæli höfðu verið gefin og báðu um að fá svigrúm til að ræða þetta einslega við hina bifreiðastjórana. Þetta svigrúm var veitt og brugðu stjórnendur lögreglu sér út fyrir í nokkra stund svo bifreiðastjórnir gætu ráðið ráðum sínum. Rætt var síðan við þá aftur og þau skilaboð gefin frá bifreiðastjórunum að þeir ætluðu ekki að færa bifreiðarnar og lýstu yfir miklum efasemdum um að lögregla gæti fjarlægt bifreiðarnar. Þeir töldu það alveg út í hött og hlógu við.

Kl. 09:24 voru aðgerðaflokkar kallaðir á vettvang og þeim gert að halda til inni í tveimur ómerktum bifreiðum, sem höfðu verið teknar á leigu, og biðja frekari fyrirmæla.

Kl. 09:45 gerði einn bifreiðastjóranna sig líklegan til að aka burt af svæðinu og við það ók hann mjög nærri lögreglumanni svo telja mátti að öryggi hans hafi verið ógnað. Að auki virti hann ekki fyrirmæli lögreglu um að stöðva. Skömmu síðar var för hans stöðvuð með ökutæki lögreglu. Aðrir bifreiðastjórar, sem þarna voru hópuðust þarna að og létu kveikjulaslykka umræddrar bifreiðar ganga á milli sín. Lögreglumenn höfðu tal af ökumanni, en hann vildi ekkert við þá ræða og hugðist ganga á brott. Þá tók lögreglumaður í öxl hans og við það æstust bifreiðastjórnir og skapaðist mikill óróleiki meðal þeirra og veittust þeir að lögreglumönnum. Að mati stjórnenda aðgerðasveita voru of fáir lögreglumenn á vettvangi til að fara í handtökur á þessum tímamarki og var því farin sú leið að miðla málum. Teknar voru niður persónuupplýsingar um þennan vörubifreiðastjóra og honum síðan leyft að fara. Ók hann þá á brott af svæðinu og annarri vöruflutningabifreið, sem einnig lokaði veginum, var einnig ekið á brott. Suðurlandsvegur opnaðist því í nokkrar mínútur. Á meðan á öllu þessu stóð var aðgerðaflokkum meðvitað haldið í áðurnefndum bifreiðum og einungis fámennt lið lögreglu sinnti þessum óróleika.

Um stund virtist sem ró væri að færast yfir svæðið, en þá tóku bifreiðarstjórar að hindra umferð um Suðurlandsveg að nýju með því að standa á akbrautinni, auk þess sem tvær vörubifreiðar komu úr sitt hvorri áttinni og lokuðu veginum aftur. ARM ræddi þá við Sturlu Jónsson, talsmann bifreiðastjórnanna og spurði hann hvort þessum aðgerðum bifreiðastjórnanna hefði ekki verið lokið. Hann kvaðst þá ekki hafa yfir þessu fólki að segja og hefði enga stjórn á því og myndi því ekki skipta sér frekar af þeirra mótmælum. Í framhaldi af þessu var ákveðið að kalla út allan tiltækan mannskap, þar sem ekki var öruggt að hægt yrði að opna veginn með þeim mannskap sem tiltækur var á vettvangi. Jafnframt var nokkur hiti í fólki á staðnum sem fór fjölgandi.

Á næstu mínútum bættust mun fleiri lögreglumenn á svæðið, auk þess sem allir lausir lögreglubílar voru sendir til aðstoðar. Þá var þriðji aðgerðaflokkurinn ræstur út og lögreglumenn á frívakt. Kl. 10:26 voru flokkar eitt og tvö kallaðir úr út bifreiðunum og þeim stillt upp norðan megin við Suðurlandsveginn, framan við mótmælendur, og skipun var gefin til viðstaddra að lögreglan hygðist ryðja veginn. Nokkrir mótmælendur gerðu sig líklega til að taka á móti lögreglu og höfðu meðferðis barefli, steina o.fl., auk þess sem þeir úðuðu eldfimum vökva úr úðabrúsa og kveiktu á kveikjara undir, þannig að úr var eldblossi. Með hliðsjón af þessum viðbrögðum mótmælenda voru aðgerðahópar látnir klæðast hjálmum og bera skildi. Þetta var kl. 10:36. Í framhaldi af þessu var farið fram á það við starfsmenn Olís að þeir myndu skrófa fyrir eldsneytisdeglur.

Slökkviliðs- og sjúkrabifreið voru fengnar á staðinn. Söfnunarsvæði fyrir slasaða var sett upp vestan við Olís. Fólki var ítrekað bent á að sjúkrabifreiðar yrðu staðsettar vestan við Olís, ef einhver þyrfti aðhlyningu á að halda vegna piparúða ef til kæmi að því yrði beitt.

Ljóst var að ástandið á vettvangi var orðið mjög eldfimt í orðsins fyllstu merkingu. Mótmælendur voru að vígbúast gegn lögreglu m.a. með því að nota eldfima vökva. Ökumaður vörubifreiðar ætlaði ásamt öðrum manni að ryðjast í gegnum hóp lögreglumanna til að fara í bifreið sína, en var stöðvaður af lögreglumönnum. Ekki þótti ásættanlegt á þessari stundu að vörubifreið yrði sett í gang á meðan gatan var full af fólki og þar af leiðandi ekki hægt að tryggja að fólk heyrði fyrir mæli/skipanir lögreglu. Á þessum tíma var jafnframt búið að ákveða að fjarlægja vörubifreiðarnar, sú ákvörðun var tekin af aðgerðarstjórn, og þetta því orðið athafnasvæði lögreglu. Mennirnir voru því stöðvaðir við að fara inn í vörubifreiðina og brutust þá út átök sem enduðu með því að aðgerðahópurinn myndaði varnarlínu með skjöldum við bifreiðina. Í framhaldi af þessu ákvað ARM að rýma skyldi veginn, auk þess sem þetta var gert til að tryggja að mennirnir, sem höfðu kveikt eldblossa framan við aðgerðaflokkana, yllu ekki skaða. Til að tryggja betur aðgerðaflokkana ákvað ARM að gasmenn (sérsvaitarmenn) yrðu framan við aðgerðaflokkana, en ekki aftan við þá eins og venjan er. Að fengnum fyrir mælum frá ARM var piparúða beitt á mótmælendur. Með þessum aðgerðum náðist að tryggja yfirráð lögreglu yfir Suðurlandsvegi. Mótmælendur höfðu fært sig yfir á plan Olís, en aðgerðaflokkunum var stillt upp á línu til móts við mótmælendur vestan við veginn gegnt plani Olís. Meðan á þessu stóð voru nokkrir handteknir.

Mjög mikilvægt var að mynda autt svæði á milli lögreglu og mótmælenda á þessum tímapunkti í þeim tilgangi að útiloka ýmis fólksbrögð sem hættu var á í návígi. Nokkrir mótmælenda voru með brúsa með felgahreinsiefnum sem þeir hótuðu að sprauta í andlit lögreglumanna, en þessi efni innihalda sýrur og ertandi efni. Þá notuðu aðrir úðabrúsa með eldfimum efnum með því að kveikja í úðanum og urðu úðabrúsarnir þá einskonar eldvörpur.

Kl. 11:03 hófst vinna við að fjarlægja vörubifreiðarnar sem lokuðu Suðurlandsvegi.

Kl. 11:15 slasaðist lögreglumaður eftir að hann fékk stein í andlitið. Það var [REDACTED], lögreglumaður í sérsveit RLS. Þurfti að flytja hann á sjúkrahús til aðhlynningar. Einn var handtekinn á vettvangi, en reyndist ekki vera rétti aðilinn. Seinna náðist í gerandann [REDACTED]). Var hann dæmdur þann 8. janúar 2009 í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár. Stætisvagn frá BS-Strætó var fenginn á staðinn svo lögreglumenn gætu farið inn í hann til að kasta af sér mæðinni og nært sig.

Öðru hvoru kom til átaka á milli lögreglu og mótmælenda og nokkrir voru handteknir. Einn þeirra var með felgusýru rétt hjá aðgerðaflokk, en hann hafði ógnað með sýrunni með því að ganga fram hjá lögreglumönnum með brúsann í hendi. Piparúða var beitt í nokkur skipti til að ná tökum á ástandinu. Reynt var að fjarlægja í rólegheitum þá sem mest höfðu sig í frammi með það að markmiði að koma ró á ástandið.

Kl. 13:54 sturtaði vörubifreið hlassi af mól á Norðlingabraut við Olís. Bifreiðastjórinn var handtekinn í framhaldinu og hald lagt á bifreiðina. Eftir því sem leið á daginn kom fleira fólk, að sjá algjörlega ótengt bifreiðastjórunum, til að taka þátt í mótmælunum. Þar á meðal kom hópur ungmenna sem grýtti lögreglumenn með eggjum. Í tvígang komu bifreiðar með eggjafarm á staðinn. Ökumenn þessara bifreiða voru handteknir þegar þeir voru á leið frá staðnum. Það skal tekið fram að töluverður atgangur var í fjölmiðlafólki á staðnum. Sem dæmi má nefna að í beinni útsendingu gerði Lára Ómarsdóttir, á Stöð 2, sig seka um að segja frá því að hún ætli að fá einhvern til að kasta eggi í lögregluna og ná af því mynd. Í framhaldi af þessu þurfti hún að víkja úr starfi sem fréttamaður á Stöð 2.

Kl. 14:46 ákváðu starfsmenn Olís að loka bensínstöðinni þar sem mótmælendur voru farnir að kaupa gler og fleira til að grýta lögregluna.

Kl. 15:33 ákvað SHS að sjúkrabifreið færi á brott frá staðnum, en slökkvibifreið var þá þegar farin.

Í upphafi var þess getið í dagbók að á vettvangi hafi verið um 19 vöru- og sendibifreiðar og stórir trukkan. Af vettvangi voru fluttar níu bifreiðar á Kirkjusand, áður athafnasvæði SVR. Lögreglumenn óku átta þeirra, en ein var tekin með krana, bifreið Sturlu Jónssonar, sem engir lyklar fundust að. Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar, sat undir stýri bifreiðarinnar þegar hún var dregin á Kirkjusand. Eigendur hinna 10 bifreiðanna völdu þann kostinn, þegar þeir sáu alvöru lögreglunnar í að fjarlægja ökutækin, að fara sjálfir með ökutækin af vettvangi í stað þess að lögreglan tæki þau.

Að þessu verkefni komu þrjú aðgerðaflokkar, samtals 29 lögreglumenn, auk tveggja stjórnenda, nokkurra frá umferðardeild, stór hluti B-vaktar og C-vaktar almennrar löggæslu, tveir frá TD (tæknideild), sjö sérsveitarmenn frá RLS og tveir aðstoðaryfirlögregluþjónar. Má segja að flest allir lögreglumenn á lögreglustöðinni við Hverfisgötu, rannsóknarlögreglumenn og aðrir lögreglumenn úr ýmsum deildum, hafi verið sendir á staðinn. Ætla má að að þessu verkefni hafi komið alls u.þ.b. 100 lögreglumenn.

Stjómstöðvarbifreið RLS var fengin á staðinn við Rauðavatn og var hún mönnuð þeim ÁPS og KÓG frá LRH og JMJ og RÓ frá RLS. Þarna voru vinnubrögð samræmd og ákvarðanir teknar í samráði ARM. Á tímabili, þegar verst lét, kom til álita að nota táragas (ekki piparúða) og undirbjó sérsveit þá aðgerð, en til þess þurfti ekki að koma.

Kl. 16:07 lauk aðgerðum lögreglu á Suðurlandsvegi og lokun hans aflétt.

Þann 24.04.2008 kl. 16:01 ákvað ÁPS, aðstoðaryfirlögregluþjónn, að kalla út einn aðgerðahóp, átta menn, til að vera á Kirkjusandi, en þangað voru vörubifreiðarnar fluttar daginn áður. Var einhver hiti í þeim vörubifreiðastjórum sem þangað voru komnir. Sóttu flestir sína bíla. Sturla Jónsson sagði að Lýsing myndi gera ráðstafanir varðandi bifreið hans, en hann hafði þó sótt malarvagn sem tengdur var bifreiðinni. Lýsing vildi ekki sækja bifreiðina og sögðu að Sturlu bæri að gera það. Var því ákveðið að flytja bifreiðina frá Kirkjusandi til Vöku í Hafnarfirði þar sem bifreiðin yrði undir eftirliti.

Samtals voru 41 aðili skráðir niður fyrir ýmis brot á Suðurlandsvegi við Olís og 34 vörubifreiðar sem hafði verið lagt ólöglega á Suðurlandsvegi.

Þann 27.04.2008 urðu átök á Kirkjusandi, mál 007-2008-029629. Þegar vörubifreiðarnar voru afhentar réðst [REDACTED], bifreiðastjóri, á [REDACTED], lögreglumann nr. [REDACTED] og urðu þarna þó nokkur átök sem aðrir lögreglumenn urðu að grípa inn í. [REDACTED] var handtekinn og síðan dæmur í sex mánaða fangelsi og þar af voru fjórir mánuðir skilorðsbundnir og sat því inni í tvo mánuði. Þetta atvik fékk sérstakt málsnúmer, 007-2011-29476.

Hvernig til tókst

Það er mat yfirstjórnenda aðgerða að þrátt fyrir töluverð átök og mikla andstöðu bifreiðastjóra við afskiptum lögreglu hafi aðgerðir tekist vel. Einn lögreglumaður slasaðist þegar hann fékk grjót í höfuðið, en ekki alvarlega. Einhverjir mótmælenda fengu smá skrámur og eins þurfti að hreinsa piparúða úr augum þeirra, en enginn slasaðist alvarlega. Það má segja að með þeirri ákvörðun að fjarlægja þær vörubifreiðar sem lokuðu Suðurlandsvegi hafi bílstjórunum verið orðið ljóst að lögreglan myndi ekki líða þessar aðgerðir frekar. Eftir umrædda árás eins bifreiðastjóranna á lögreglumenn við Kirkjusand þann 27.04.2008 varð ekki af frekari mótmælum þeirra.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ummæli ÞJS-8110: „Mín aðkoma byrjaði með því að flokkur minn var kallaður á staðinn skömmu eftir að lögregla hafði beytt táragasi í átökum við vörubílstjóra. Þegar við komum

á staðinn var nokkuð mikil ringulreið á staðnum. Fjöldi fólks var að safnast á staðinn og vörubílum hafði verið lagt þannig að þeir lokuðu Suðurlandsvegi.

Fljótlega tókst að mynda línu milli lögreglu og þeirra sem safnast höfðu saman á planinu við bensíndælur. Þarna fannst mér eftir á að líta að mikið hættuástand hefði skapast vegna sprengi og eldhættu.

Nokkuð greiðlega gekk að færa bifreiðarnar burtu aðrar en bifreið Sturlu. Meðan reynt var að koma bifreiðinni í burtu þurfti aðgerðasveitin að vera með varnarlínu milli fólksins og þeirra sem voru að vinna við að koma bifreiðinni á brott. Þarna var í fyrsta skipti sem við aðgerðasveitarmenn urðum fyrir því að kastað var í okkur matvælum og grjóti. Einn lögreglumaður fékk í sig stein en sem betur fer slasaðist hann óverulega. Þarna held ég að lögreglumenn sem ekki stóðu fremst og voru ekki í varnarlínu hafi ekki gætt nógu vel að sér á svæðinu þar fyrir aftan þar sem margt af því sem kastað var lenti aftur fyrir varnarlínuna.

Nokkrum sinnum þurftum við að færa varnarlínu frammar þar sem fólkið (sem í auknu mæli var orðið unglingar) sótti sífellt á okkur og reyndi að komst inn á lokaða svæðið fyrir aftan varnarlínu. Þegar við vorum að sækja fram lentum við í vandræðum með fréttamenn, sérstaklega þá myndatökumenn sjónvarps. Virtust fréttamenn ekki hafa áttað sig á því að ekki var heppilegasti staður fyrir þá til að vera á, að vera milli lögreglu og fólksins. Eitt af því sem við þurftum að gera var að við þurftum að senda hóp inn í fólksins til að handtaka og taka þá úr umferð þá sem höfðu sig mest í frammi og voru að reyna að æsa fólkið upp til átaka við lögreglu. Sú aðferð sem aðgerðasveitin hafði verið að æfa á æfingum sínum kom nú að góðum notum þar sem menn gengu fumlaust og hratt fram í handtökunum. Þarna þurftum við í fyrsta skipti að beita piparúða á fólk til að komast inn í hópinn til að ná þeim sem við ætluðum okkur að ná. Þarna kom vel í ljós að myndatökumenn og fréttamenn voru á hættusvæði því ekki var hjá því komist að þeir fengju á sig piparúða.

Þegar maður sest niður á eftir og hugsar hvaða aðstæður við lögreglumenn vorum að eiga við og hvað við gerðum og hvernig við hefðum getað get þetta öðruvísi þá koma nokkur atriði upp í hugann.

Fyrst er að fólk hafði safnast saman á athafnasvæði bensínafgreiðslu og var þarna innan um bensíndælur. Fólk var að kaupa egg og fleira inni í söluskála bensínstöðvarinnar. Það var langt liðið á mótmælin þegar talin var ástæða til að loka söluskálanum. Ekki veit ég hvort einhvern tíman var lokað fyrir að hægt væri að kaupa bensín í sjálfsafgreiðslu. Ég tel eftir á að hyggja hefði lögregla átt að miða sínar lokanir við það að loka athafnasvæði bensínstöðvarinnar af eða tryggja að ekki væri hægt að nálgast eldfima vökva eða annan varning sem hægt væri að nota gegn lögreglu.

Annað atriði sem ég hef verið hugsi yfir var sá lögregluliðsafli sem ekki var í aðgerðasveit og ekki stóð í varðlínunninni. Þessir lögreglumenn voru ekki klæddir hlífðarfatnaði og voru á ferðinni aftan við varnarlínu aðgerðasveitar innan um vörubíla. Þarna virtust

lögreglumenn alls ekki gera sér grein fyrir þeirri hættu sem að þeim steðjaði vegna grjótkasts og annars sem kastað var að lögreglu.

Parna var í fyrsta skipti sem fjölmiðlar komu á staðinn og voru með beina lýsingu á þeim atburðum sem voru á staðnum. Mér fannst þarna strax að fjölmiðlar væru farnir að hafa áhrif á atburðarásina. Útsendingar þeirra urðu greinilega til þess að fólk sem hefði ekki komið á staðinn kom á staðinn eftir að hafa heyrt í fjölmiðlum að eitthvað spennandi væri að gerast. Frægt er í þessum mótmælum þegar fréttamaðurinn Lára Ómarsdóttir spurði hvort hægt væri að fá einhvern til að kasta eggi í beinni.“

Ummæli SJ-9814: „Aðkoma mín að máli þessu hófst þegar óeirðahópur C-vaktar var ræstur út skömmu fyrir kl. 10:00 að morgni 23 apríl 2008. Vegna mótmæla undanfarið get ég ekki sagt að útkallið og alvarleiki þess hafi komið á óvart, lögr.m. virðast hafa verið meðvitaðir um stöðuna og voru snöggir til og fyrr en varði vorum við lagðir af stað frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Ástandið var mjög eldfimt þegar við komum á vettvang og fórum við fljótlega í að mynda línu á milli vörubílanna og mótmælenda sem stóðu á plani bensínstöðvarinnar. Mótmælendur hófu síðan að kasta í okkur ýmsu lauslegu og þá aðallega eggjum og er ég þess fullviss að margir í hópi mótmælenda hafi ekki verið að mótmæla bensínverði heldur viljað vera þátttakendur og kasta í lögreglu. Aldur sumra mótmælenda var sá að ég efast um að bílprófsaldri hafi verið náð. Talsverðan tíma tók að róa ástandið og fjarlægja bílana af vettvangi. Er það mitt mat að vel hafi tekist til við úrlausn málsins og óttaðist ég aldrei um öryggi mitt og var þess fullviss að verkið myndum við klára. Síðar um kvöldið mætti ég á aukavakt í miðbæinn og var skráður á stóran bíl (maríu) og þá fengum við að finna fyrir því ekki síður en fyrr um daginn. Ekki var neinu hent í okkur heldur var um að ræða mikið áreiti frá borgurum sem öskruðu GAS og fleira í þeim dúr, allmargir vel ölváðir þurftu að ræða málin við okkur þrátt fyrir að við værum að sinna verkefnum.“

Gagnrýni. Viðhorf annarra, s.s. fjölmiðla:

Morgunblaðið 24.04.2008: Langvinn varðstaða lögreglu og róstur í mótmælum atvinnubílstjóra á Suðurlandsvegi í gær. Fór úr böndunum, vegurinn lokaður í um sex klukkutíma. Fimm meiddust og fóru á slysadeild eftir átök lögreglu og mótmælenda úr hópi atvinnubílstjóra á Suðurlandsvegi í gær, þar af fjórir úr röðum mótmælenda og einn lögreglumaður. Varðstaða óeirðarlögreglu stóð frá morgni til klukkan að ganga þrjú í gær og var piparúði notaður til að dreifa mannfjölda þegar þrengt var að lögreglu við handtöku. Á þriðja tug manna var tekinn höndum og lagt var hald á 16 flutningabíla.

Að sögn Kristján Ólafs Guðnasonar, aðstoðaryfirlögrelupjóns, sem stjórmaði vettvangsaðgerðum, voru aðgerðir lögreglu í samræmi við kringumstæður en í röðum mótmælenda var talið að þær hefður verið of harkalegar. Sturla Jónsson, talsmaður atvinnubílstjóra, var einn þeirra sem fengu piparúða í augun. Hann sagði aðgerðimar til marks um að á Íslandi væri lögregluríki við lýði.

Fleiri tugir lögreglumanna voru á vettvangi í gær, þar af margir sérútbúnir óeirðarlögrelumenn með varmaskildi sem nokkrum sinnum þurfti að beita af töluverðu afli.

Þegar líða tók á daginn tók að bera á eggja- og grjótkasti og meiddist einn lögreglumaður við það. Hámarki náði spennan á vettvangi í gær þegar óeirðarlögreglumenn gerðu leiftursókn gegn mótmælendum sem neitað höfðu að hlýða fyrirmælum lögreglu um að yfirgefa svæðið.

Opnað var fyrir umferð að lokinni aðgerðinni í gær um kl. 15 en fram að þeim tíma hafði meðal annars verið sturtað vörubílmoldarhlassi á Norðlingabraut.

Úr forystugrein Morgunblaðsins 24.04.2008, Úr böndum: Mótmælaaðgerðir flutningabílstjóra vegna hækkandi eldneftisverð eru komnar úr böndum. Þeir hefðu átt að hætta þeim fyrir nokkru. Þeir voru búnir að vekja athygli á málstað sínum. Svo geta menn spurt hvort viðbrögð lögreglunnar hafi verið of harkaleg. Í Morgunblaðinu í dag er nákvæm frásögn af atburðarásinni á miðopnu blaðsins og á grundvelli þeirra frásagnar geta lesendur sjálfir lagt dóm á það. Í mbl. sjónvarpi mátti sjá strax í gær einstæðar myndir, þegar grjóti var kastað í lögreglumann og hæfði hann í augað. Þegar hætta er á múgæsingnum á lögregla ekki margra kosta völ. Hún verður að taka á þeim. Ella verður hér til óöld, sem enginn ræður við.

Piparúði er ekki sama og táragas. Að beina piparúða að mótmælendum er mun vægari aðgerð en að geita táragasi. En lögreglan hlaut að stöðva aðgerðir flutningabílstjórnanna. Almennum borgurum var hins vegar brugðið í gær að sjá fjölmennar lögreglusveitir með skildi, kylfur og brúsa með piparúða. Fólk spurði sjálft sig hvað væri að gerast í okkar samfélagi og hvort hætta væri á að framhald yrði á slíkum mótmælum.

Úrdregin frásögn úr miðopnu Morgunblaðsins frá 24.04.2008: Atburðarásin virtist vera frekar handahófskennd frá því hún hófst skömmu eftir klukkan níu við Olísstöðina við Suðurlandsbraut. „Við sátum bara hér í kaffi inni á bensínsstöðinni“ sagði einn úr hópi bílstjórnanna. „Við höfðum lagt bílunum okkar úti í kanti á meðan en síðan komu tveir, þrír bílstjórar og lögðu beint á veginn og lokuðu honum.“ Lögreglan fór á vettvang og fékk yfir sig skammir frá bílstjórunum þótt báðir aðilar væru raunar brosandi inn á milli.

Nokkrir bílstjórar sátu inni á kaffistofunni og fylgdust með lögreglunni úti á vegi en fyrst dró til tíðina þegar þeim sýndist sem verið væri að handtaka einn bílstjóran. Þá flýttu þeir sér út og voru töluvert æstir vegna framgöngu lögreglunnar sem einn bílstjórinn sagði að hefði falið í því að lögreglumaður hefði rífið í einn bílstjóran þegar hann var að taka við bíllykli úr hendi starfsbróður síns.

Bílarnir sem voru stopp á veginum voru á næstu mínútum fjarlægðir en síðan urðu kaflaskipti í atburðarásinni þegar um tugur bílstjóra ákvað að taka sér stöðu á miðjum veginum og virða að vettugi margítrekuð fyrirmæli lögreglu um að yfirgefa veginn. Eftir um hálf tíma þref við bílstjórana sem svöruðu með háðsglósum var gripið til þess að stilla upp sérútbúnum óeirðarlögreglumönnum sem bjuggust til að ryðja veginn. Áður en til þess kom voru bílstjórum gefin ítrekuð fyrirmæli um að fara en þeir hreyfðu sig hvergi. Óeirðarlögreglumennirnir voru búnir kylfum og skjöldum og með sérstaka hlífðarhjálma. Næsti kafli í atburðarásinni varð svo þegar lögreglufylking sem samanstóð af um 30-40 lögreglumönnum, ruddi mótmælendum af veginum. Í kjölfarið var einn handtekinn upp við

hurð á flutningabíl en mótmælendur vildu ekki láta það gerast afskiptalaust. Það var á þeim tímapunkti sem lögreglan beitti piparúða í fyrsta sinn. Til þess voru notaðir brúsar á stærð við lítil handslökkvitæki og drógu tækin nokkra metra. Lögreglumenn öskruðu: „gas, gas!“ og nú var ljóst að mál höfðu tekið alveg nýja og alvarlegri stefnu. Við þessa aðgerð féll einn úr hópi mótmælenda í götuna með augun full af piparúða og fékk aðhlynningu frá félögum sínum þótt engan veginn væri komin ró á hlutina. Lögreglufylkingin rak flóttann ennþá lengra frá veginum og varð hinn liggjandi maður undir sókninni. Báru félagar hans lögregluna sökum um að hafa traðkað á honum og jafnvel barið hann og þá sem voru að hjálpa honum.

Læknir á slysadeild sagði Morgunblaðinu í gær að einn þeirra sem komið hefði á slysadeild hefði fengið smávægilega áverka. Einn lögreglumaður fékk síðar grjót í andlitið frá mótmælenda og fór á slysadeild.

Þessi lögreglusókn hleypti illu blóði í mótmælendur sem þó höfðu verið friðsamlegir þrátt fyrir stimpingamar fyrmefndu. Lögreglan hélt nú vígstöðu sinni við vegkantinn og marskipaði fólkinu að yfirgefa svæðið en því hlýddi varla nokkur þeirra liðlega 60-70 manna sem nú stóðu andspænis lögreglunni. Rétt fyrir hádegið fyrirskipaði lögreglan leiftursókn og gat nú í fyrsta skipti að líta ástand í ætt við ringulreið. Lögreglan elti fólk með mjög ákveðnum hætti yfir Norðlingabrautina þar sem allt virtist endalega ætla að sjóða upp úr. Fáeinir voru handteknir í þessari aðgerð sem telja má hina alvarlegustu í gær.

Áhlaupinu lauk hins vegar snögglega og hélt lögreglan nú vígstöðu sinni við vegkantinn án frekari æsings um sinn. Sjúkraliðar höfðu verið kallaðir á vettvang til að hjálpa fólki að skola augun upp úr vatni en sumir í hópnum voru með litla vatnsbrúsa á sér til að hjálpa sér sjálfir. Einn úr hópi mótmælenda sagði lögreglumenn hafa tekið ungan mann og hent honum inn í lögreglubíl og látið högginn dynja á honum.

Eftir hádegið fjölgaði aðeins í hópi mótmælenda, einkum ungu fólki sem byrjaði að kasta eggjum að lögreglunni. Einhver úr hópi mótmælenda sagði slíkt ekki vera málstaðnum til framdráttar. Enn á ný urðu stimpingar þegar handtaka átti einn og einn úr fjöldanum og greip lögreglan til varnarskjalda til að hindra afskipti annarra af handtöku. Einnig var úðað aftur til að dreifa fólki. Lögreglan var mjög ákveðin í a.m.k. einni af þessum handtökum, með því að senda um fimm lögreglumenn á hlaupum inn í mannfjöldann og velja einn úr. Að auki var farið inn í veitingasölu Olísstöðvarinnar til að ná í handtekinn mann. „Þeir eru að ná í menn til að taka af þeim bílana,“ sagði einn úr röðum bílstjóra og benti á að þeir fengju ekki einu sinni leyfi til að fjarlægja bílana sjálfir úr vegkantinum. „Það eru ekki við sem erum að loka veginum heldur lögreglan.“

Um kl. 14 voru margir bílstjórar farnir þótt mannfjöldinn væri enn töluvert mikill. Þar var uppistaðan ungt fólk sem stóð andspænis lögreglu og kastaði stöku eggjum í hana. Um svipað leyti voru flutningabílar að aka um Norðlingabrautina og loks tók einn bílstjórinn ákvörðun um að varpa moldarhlasi á miðja akbrautina. Litlu munaði að starfsbróðir hans sem eftir kom með kerru af Toyota-smábílum ylti þegar hann ók upp á binginn.

Fréttablaðið 24.04.2008: Piparúða og kylfum beitt á mótmælendum. Geir H. Haarde, forsætisráðherra segir framgöngu lögreglu gegn mótmælendum á Suðurlandsvegi í gær hafa verið eðlilega. Fólki hafi blöskrað aðferðir atvinnubílstjóra. Talsmaður þeirra kennir lögreglu um og boðar fleiri aðgerðir.

Tuttugu menn voru handteknir í átökum á milli mótmælenda og lögreglu á Suðurlandsvegi í gær. Átökin áttu upptök sín í aðgerðum atvinnubílstjóra sem hindruðu umferð um veginn. „Mér finnst leitt að til þessa hafi komið. Það er ekki í samræmi við hefðir á Íslandi að leysa úr ágreiningi með átökum en ég tel eðlilegt að lögreglan grípi til þeirra ráðstafana sem hún telur nauðsynlegar til að vernda almannaoýruggi,“ sagði Geir H. Haarde, forsætisráðherra í samtali við Fréttablaðið.

Átökin hófust laust fyrir klukkan ellefu í gærmorgun eftir að mótmælendum höfðu hunsað margítrekuð fyrirmæli lögreglunnar um að víkja af götunni. Sturla Jónsson, talsmaður atvinnubílstjóra, segir átökin vera lögreglu að kenna. „Hún meinaði einum bílstjóra að færa bílinn sinn og tók hann fantatökum í staðinn.“ Um sextíu lögregluþjónar tóku þátt í aðgerðunum sem stóðu fram yfir miðan dag. Marg oft sauð upp úr og beitti lögregla piparúða á mótmælendum. Þeir köstuðu hins vegar eggjum, gosflöskum og fleiru lauslegu að lögreglulíðinu.

Forsætisráðherra telur bílstjórana hafa verið búna að ganga fram af lögreglu og almenningi sem blöskri aðferðir þeirra. Rétt hafi verið af lögreglu að taka í taumana í gær. „Menn sem haga sér með þessum hætti og stofna almannaoýruggi í hættu geta ekki vænst þess að við þá sé rætt og þetta verður þeim ekki til framdráttar,“ segir Geir sem telur aðgerðir bílstjórana hafa skaðað aðra. „Ýmsir hópar á Íslandi eru með kröfur á hendur ríkinu eða hafa málstað fram að færa og vilja mótmæla en það eru ekki allir sem geta lokað umferð með því að leggja stórum vörubílum úti á götu. Mér finnst að með svona framkomu sé gert lítið úr málstað annarra. Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins og Steingrímur J. Sigfússon formaður VG, vilja að fjallað verði um málið í allsherjarnefnd Alþingis. Sturla Jónsson segir að menn séu alls ekki hættir mótmælum enda fullvissir um að þjóðin standi með þeim.“

Viðtöl við tvo aðila í Fréttablaðinu 24.04.2008, sem voru á vettvangi: Saka lögreglu um harðræði. Kolbrún Valsdóttir. „Við stóðum bara og fylgdumst með mótmælendum, réttum megin við gula borðann, þegar lögreglan úðaði allt í einu piparúða yfir hópinn. Ég fékk gusu beint í augun,“ segir Kolbrún Valsdóttir. Kolbrún og Björgvin Hermannsson segir ekkert hafa kallað á þessi viðbrögð lögreglu. Kolbrún fékk aðhlynningu í sjúkrabíl. Róbert Guðmundsson frá Eyrarbakka festist á Olísplaninu á leið til vinnu. „Ég sá lögregluna byrja að berja einn bílstjóran sem vildi fara. Ég stóð við dæluna og horfði á og allt í einu fékk ég gusu í augun. Ég þurfti að fá skolun á Slysavarðstofunni. Ég hef haft samband við lögfræðing og mun kæra,“ segir Róbert.

Viðtal við Ólaf F. Magnússon, borgarstjóra í Fréttablaðinu 24.04.2008: Sluppum fyrir horn. Ólafur telur heppni að ekki fór verr en raun ber vitni við Norðlingaholt í gær. „Ég tel að við höfum sloppið fyrir horn og hvet til þess að þessum mótmælum verði fundinn annar farvegur þannig að ekki stafi af þeim hætta,“ sagði Ólafur í samtali við Fréttablaðið.

Hann segir mikilvægt að draga lærdóm af atburðum gærdagsins, þannig megi koma í veg fyrir að þeir endurtaki sig. „Það mikilvægasta að menn sameinist um að þetta gerist ekki aftur en að leita að sökudólgi eða blóraböggjum.“ Borgarstjóri er formaður stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Á fundi hennar á föstudag var rætt um aðgerðir bílstjóra og lýst áhyggjum af þeirri hættu sem þeim getur fylgt vegna tálmunar slökkviliðs- og sjúkrabíla. Ólafur segir slökkviliðsstjóra hafa rætt við talsmenn bílstjóranna og gert þeim grein fyrir hættunni. Vonar hann að bílstjórarnir hafi þessi atriði eftirleiðis í huga. „Það varðar líf og öryggi fólks að þessir bílar geti komist um göturnar,“ segir hann.

Viðtal við dómsmálaráðherra í Fréttablaðinu 24.04.2008: Dómsmálaráðherra hefur ekkert út á framgöngu lögreglu að setja. Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra gaf ekki fyrirhætti til lögreglunnar um að hefja aðgerðir gegn mótmælum bílstjóra í gær. Hann segir ekki hafa neitt út á framgöngu lögreglumanna að setja.

„Þetta stefndi í að upp úr syði, ef haldið yrði áfram á sömu braut,“ segir hann. Hann segir ekki hægt að fullyrða um það hvort lögregla muni framvegis bregðast við mótmælum með þessum hætti. „Lögregla tekur ákvarðanir sínar í samræmi við lög og mat á aðstæðum hverju sinni.“ Hann hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort hann muni óska eftir skýrslu um málið frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Enn fremur segir hann að unnt sé að óska eftir því við ríkissaksóknara að hann láti rannsaka framgöngu lögreglunnar þyki mönnum tilefni til þess. Aðspurður um hvað honum þyki um mótmælin segir hann, „ég tel, að í okkar þjóðfélagi eigi að leiða mál til lykta með viðræðum en ekki á þann hátt að trufla þjóðlífið með ólögumætum aðgerðum.“

Viðtal við Guðna Ágústsson í Fréttablaðinu 24.04.2008: „Þetta er nýtt hér, hefur ekki gerst áratugum saman og kemur mér algjörlega í opna skjöldu,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. Atburðir gærdagsins valda honum áhyggjum enda telur hann þá til marks um að aukin harka sé hlaupin í samfélagið. Mikilvægt sé að mótmæli fari friðsamlega fram og að friðhelgi lögreglu sé virt. Nú þurfi allir að slíðra sín verð og fara yfir málið. Guðni telur að þingið, til dæmis allsherjarnefnd, eigi að fara yfir atburðarás gærdagsins, ræða hvað gerðist og hvers vegna.

Viðtal við Guðjón A. Kristjánsson í Fréttablaðinu 24.04.2008: „Þetta er fáheyrð viðbrögð lögreglu,“ segir Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Hingað til hefur ekki þurft að koma til valdbeitingar og ef rétt er hjá vörubílstjórum að þeir hafi verið handteknir þegar þeir voru að fara upp í bílana til að aka þeim burtu þá hefur þetta farið úr böndunum. Guðjón segir mótmæli atvinnubílstjóra hafi farið friðsamlega fram til þessa. „Ég tel að ríkið eigi að lækka álögur á bensíni og olíu til að hafa áhrif á verðlag og verðbólgu.“

Viðtal við Steingrím J. Sigfússon í Fréttablaðinu 24.04.2008: „Mér er mjög brugðið og spyr hvort óhjákvæmilegt hafi verið að sýna svona hörku,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG. Ósamræmi í framgöngu lögreglunnar milli daga sé umhugsunarefni og gagnrýni fyrir að sýna linkind framan af gagnvart bílstjórunum megi ekki rétta af með svona löguðu. „Það er ónotalegt að sjá íslenska lögreglu birtast eins og erlenda

óeirðarlögreglu," segir Steingrímur. Hann telur óhjákvæmilegt að farið verði í saumana á málinu og segir allsherjarnefnd Alþingis góðan vettvang til þess.

Frásögn í Fréttablaðinu 24.04.2008: Sjaldan slegist við lögreglu hér. Leita þarf aftur til ársins 1968 til að finna síðast dæmi um harkaleg átök almennings og lögreglu. Þá kom til átaka í Austurstræti á Þorláksmessu. Fara þarf fjörutíu ár aftur í tímann til að finna átök lögreglu og almennra borgara sem telja má sambærileg við atburði gærdagsins. Á Þorláksmessu árið 1968 kom til átaka á milli hóps mótmælenda og lögreglu í Austurstræti. Þá var Víetnamstríðið í algleymingi og mótmæli 68-kynslóðarinnar alþjóðlegt fyrirbæri. Meira kom þó til hér heima á Íslandi því einnig var verið að brýna stjórnvöld til að bregðast við miklu atvinnuleysi á þeim tíma.

Birna Þórðardóttir blaðamaður varð andlit þessara átaka því í fjölmiðlum birtust myndir af henni alblóðugri eftir kylfur lögreglumanna. „Þarna fléttaðist saman andstaða gegn ríkisstjórninni vegna atvinnuleysis og hvernig komið var fram við verkafólk, og það sem okkur fannst vera undirlægjuháttur stjórnvalda gagnvart Bandaríkjastjórn.“ Birna segir að nokkur hópur hafi verið handtekinn en sjálf hafi hún endað á slysadeild. Stefán Pálsson sagnfræðingur segir að árið 1968 hafi verið nokkuð sérstakt því það ár hafi nokkuð reglulega slegið í brýnu á milli mótmælenda og lögreglu.

„Fyrir 1968 hafði ekkert gerst í nokkuð langan tíma og næstu ár þar á eftir gerist lítið. Ef menn fara á krepputímann þá er það auðvitað Gúttó-slagurinn 1932 og allir þekkja svo mótmælin á Austurvelli árið 1949.“

Kringlumýrabraut/Miklubraut, 25. apríl 2008

Lökenúmer: 007-2008-029653

Lögreglumenn við störf:

Stjórnendur; ARM-8737 og KHP-9804, Lögreglumenn aðgerðahópa. **Flokkur 1:** AS-9803, UMÁ-0103, ÞAE-0129, LBP-0248, ESE-0428, HH-0436, HÁH-0504, HSP-0604. **Flokkur 2:** ÞJS-8110, BB-0112, SJ-9814, GRS-0122, HH-0323, ÁS-0528, GST-0606, MIE-0623, ÁS-0632. **Aðrir lögreglumenn sem að komu:** ARH-0207, ÁEP-0617, BRS-9811, FIJ-8522, GIR-0327, GRS-0417, SB-0425, GSE-0624, JBB-0726, RÖS-9716, ESE-0428, HS-0235, ÞMS-FA27.

Skipulag:

Lögreglumönnum var skipt upp í tvo flokka og einnig fengnir vakthafandi lögreglumenn til að vera á vettvangi. Byrjað var á því að ræða við fólkið og reyna þannig að koma í veg fyrir umferðartruflanir á þessum fjölförmustu gatnamótum landsins.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:00 og lauk kl. 21:00. Samtals komu að verkefninu 32 lögreglumenn og tímafjöldi var 155,5.

Atvikalýsing

Það var um kl. 13:26 sem lögreglumenn í eftirliti tóku eftir að fólk safnaðist saman við Miklubraut/Kringlumýrabraut. Hafði fólkíð komið sér á umferðareyju með mótmælaborða og truflaði þetta umferð. Talið var að um 30 til 40 unglingar væru þarna á ferðinni og hafi í upphafi safnast saman á planinu við Hús verslunarinnar. Ekki var talin ástæða til aðgerða þar sem umferð gekk nokkuð vel þrátt fyrir þetta. Síðan gerðist það að mótmælendur hófu að hindra gangandi umferð á Miklubraut til vesturs og því óskað eftir að Flokkur 2 mætti á staðinn. Þessar aðgerðir mótmælenda urðu til þess að loka þurfti Miklubraut til vesturs frá Háaleitisbraut. Stjórnandi aðgerðar, ARM, skipaði mótmælendum í gegnum kallkerfi að rýma götuna annars mættu þau búst við handtökum. Flokkar 1 og 2 voru tilbúnir við Hús verslunarinnar. Eftir nokkurt þref tókst að fá mótmælendur til að fara af Miklubrautinni og inn á plan við Hús verslunarinnar og því kom ekki til handtöku. Aðgerðum lokið á staðnum um kl. 17:01

Hvernig til tókst

Gekk upp með lempni og þolinmæði, án átaka

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Umsögn [REDACTED]: „Var kallaður á staðinn vegna fólks sem hafði safnast saman á og við akbrautir á gatnamótum Kringlumýrabrautar og Miklubrautar. Það sem vakti athygli mína þegar ég kom á staðinn hvað mikið var af unglingum og allt niður í börn á staðnum. Ekki var verkefnið erfitt miðað við það sem á eftir kom næstu mánuði. Nokkuð greiðlega gekk að koma mótmælendum af akbrautinni og koma umferðinni í eðlilegt horf um gatnamótin.

Nokkurn tíma tók að koma unglingunum af vettvangi en þeir söfnuðust saman sunnan við Miklubrautina og reyndu að komast inn á götuna. Þurftum við að mynda varnarlínu bæði við Miklubraut og Kringlumýrabraut til að varna því. Þarna fannst mér að sú staða væri að koma upp í þjóðfélaginu að unglingar væru að mótmæla þar sem þeir töldu að þetta væri hið nýja Ísland og þeir ættu rétt á að mótmæla eins og fullorðna fólkíð(vörubílstjórar).“

Gagnrýni. Viðhorf annarra, s.s. fjölmiðla:

Ekkert markvert.

Höfuðborgarsvæðið, 7. október 2008

Lökenúmer: 007-2008-072825

Lögglumenn við störf:

Stjórnendur aðgerðahópa: ARM-8737 og KHP-9804. Lögglumenn aðgerðahópa. **Hópur 1:** AS-9803, JBS-0427, ESE-0428, HSP-0604. **Hópur 2:** GJG-0110, PAE-0129, GBS-0626, BI-0702. **Hópur 3:** UMÁ-0103, LBP-0248, MIE-0623, SBA-0602. **Hópur 4:** GHS-9411, JPE-0416, RG-0603, EJ-0611.

Skipulag:

Ákveðið var að senda út fjóra litla hópa um höfuðborgarsvæðið til að vera til taks, sérstaklega við fjármálastofnanir, vegna bankahrunsins. Þetta voru fyrirbyggjandi aðgerðir hugsaðar til þess að lögreglan yrði fyrri til að grípa inn í ef kallað yrði eftir aðstoð. Töluverð ringulreið og ótti var hjá fólki um hvað myndi gerast með fjármuni þess í bönkunum og því þótti rétt að lögreglan yrði sýnilegri.

Tímalengd aðgerða:

Verkefnið hófst kl. 07:00 og lauk um kl. 16:00. 18 löggjumenn komu að verkefninu og tímafjöldi 148.

Atvikalýsing:

Ákveðið var að lögreglan yrði tilbúin til að takast á við verkefni víða á höfuðborgarsvæðinu og þá sérstaklega í og við fjármálastofnanir. Búast mætti við örtröð við banka þar sem fólk myndi reyna að taka út fjármuni sína sem gæti skapað einhvern pirring og reiði. Lögglumenn sáu víða hvar fólk beið í biðröðum fyrir utan Landsbankann um það leyti sem hann var opnaður en þurfti ekki að bregðast við. Dagurinn leið því án afskipta löggjumu.

Hvernig til tókst

Ekkert kom upp á sem kallaði á afskipti löggjumu.

Ummæli frá nokkrum löggjumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til frekari umfjöllunar.

Gagnrýni. Viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekkert sérstakt.

Austurvöllur , 8. október 2008

Lökenúmer: 007-2008-073150

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: HJ-7711, aðstoðarlögreglustjóri og EB-7306, yfirlögregluþjónn.

Stjórnendur aðgerðasveita: ÁPS-7415, ARM-8737 og KHP-9804. Lögreglumenn aðgerðahópa. **Hópur 1:** PAE-0129, JBS-0427, HSP-0604. **Hópur 2:** GJG-0110, GBS-0626, BI-0702. **Hópur 3:** BB-8826, LBP-0248, MIE-0623, SBA-0602. **Hópur 4:** GHS-9411, JPE-0416, RG-0603, EJ-0611. Frá Umfd. MS-9017, LAP-0605, SSH-9912, BV-8603, KÓG-8808, HG-0429, ÁF-8812, JGP-9709, GS-8019, LS-9931, GBS-0626. **Frá sérsveit RLS:** JMJ-8616, LJK-0414, GP-0512, EÓJ-9516, JP-0421.

Skipulag:

Ákveðið að lögreglan yrði til taks þar sem boðaðir höfðu verið tónleikar vegna efnahagsástandsins á Austurvelli. Jafnframt að grípa ekki inn í nema allt færi úr böndum. Gestum tónleikanna var gefið svigrúm til að athafna sig á Austurvelli og því var lokað fyrir umferð um Skólabrú við Lækjargötu og Templarasund við Vonarstræti. Aðgerðarstjórn var staðsett í Skógarhlíð hjá FMR.

Tímalengd aðgerða:

Verkefnið varði frá kl. 11:00 til kl. 13:30. Alls voru 37 lögreglumenn að störfum við og heildartímafjöldi 92,5.

Atvikalýsing

Boðað hafði verið til tónleika á Austurvelli í ljósi þeirrar stöðu sem þjóðin væri í vegna bankahrunsins. Ekki gátu menn gert sér grein fyrir hversu margir myndu mæta og því voru gerðar ráðstafanir, s.s. að hafa nokkurn fjölda lögreglumanna til taks. Aðallega var fylgst vel með í eftirlitsmyndavélum og aðgerðarstjórn sá síðan um og gefa stjórnendum aðgerðasveitar á vettvangi upplýsingar um stöðu mála hverju sinni. Talið var að um 1.000 til 1.500 manns hafi mætt á tónleikana þegar flest var.

Hvernig til tókst

Allt gekk mjög vel fyrir sig og þurfti lögreglan ekki að hafa nein afskipti af fólki.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til frekari umfjöllunar.

Gagnrýni. Viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekkert sérstakt.

Arnarhóll – Seðlabanki, 10. október 2008

Lökenúmer: 007-2008-073586

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: HJ-7711, EB-7306, FSB-9312.

Stjórnendur aðgerðasveita: ÁPS-7415, ARM-8737, KHP-9804. Aðrir lögreglumenn: PRG-0116, SG-0227, KA-0203, HPG-9801, EBS-9122, RGS-7713, IPS-8510, ÁB-8218, BHP-0221, ÁF-8812.

Skipulag:

Ákveðið að aðgerðarstjórn verði hjá FMR í Skógarhlið. Stjórnendur aðgerðasveitar voru staðsettir við Seðlabankann. Tveir óeinkenndir lögreglumenn voru á meðal mótmælenda. Rannsóknardeild var með 20 einkennisklædda menn tiltæka á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Rannsóknardeild var með þrjú menn til aðstoðar ef með þyrfti í fangamóttöku. Aðalvarðstjóri var með boðunarlista til að kalla út kvöldvaktina ef með þyrfti. Sérsvéit RLS var með eftirlitsbifreið tiltæka og hægt að fá fleiri ef þörf reyndist. Lögreglubifreiðar á vaktinni voru hafðar sem næst miðborginni.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 10:22 og lauk kl. 13:00. Lögreglumenn sem komu beint að verkefninu voru 20, en fleiri voru tilbúnir. Heildartímafjöldi var samtals 60.

Atvikalýsing

Boðað hafði verið til mótmæla á Arnarhóli og mættu þar um 150 til 200 manns. Eftir einhvern tíma á Arnarhóli færðu mótmælendur sig að Seðlabankanum. Umferð um miðborgina gekk vel fyrir sig meðan á mótmælum stóð.

Hvernig til tókst

Allt gekk mjög vel fyrir sig og þyrfti lögreglan ekki að hafa nein afskipti af mótmælendum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til frekari umfjöllunar.

Gagnrýni. Viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekkert sérstakt.

Austurvöllur , 1. nóvember 2008

Lökenúmer: 007-2008-078952

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: HJ-7711, EB-7306, FSB-9312.

Stjórnendur aðgerðasveitar: ÁPS-7415, ARM-8737, KHP-9804. Aðgerðasveit **Flokkur 1:** BB-8826, PRJH-9927, GR-0106, PRG-0116, SÖS-0126, JG-0222, HBS-0422, ÓJ-0633. **Flokkur 2:** AS-9803, GJG-0110, JBS-0427, ESE-0428, HSP-0604, GBS-0632, BI-0702. **Aðrir lögreglumenn:** SG-0227, LAP-0605, KA-0203, SSH-9912, BV-8603, IPS-8510, ÁB-8212, JGP-9709, LS-9931, SGS-0125.

Skipulag:

Aðgerðum var stjórnað af aðgerðarstjórn í Skógarhlíð. Ákveðið að lögreglumenn yrðu ekki of sýnilegir heldur til taks til að grípa inn í ef eitthvað færi úrskeiðis.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:30 og lauk kl. 16:00. Fjöldi lögreglumanna var samtals 31 og heildartímafjöldi var 77,5.

Atvikalýsing

Mótmælendur höfðu boðað að þeir myndu fara í mótmælagöngu frá Hlemmi yfir á Austurvöll þar sem haldinn yrði mótmælafundur. Þrír vörubílar fylgdu göngunni og var Sturla Jónsson einn þeirra. Lögreglan fylgdist með göngunni og var hún komin um kl. 15:00 á Austurvöll. Fólk fór að tynast í burtu um kl. 15:36 og fór allt mjög friðsamlega fram. Áætlaður fjöldi var 1.000 til 1.500 manns. Dúkka hafði verið hengd upp á hliðið þar sem farið er inn í Austurstræti frá Bankastræti/Lækjargötu. Hún var tekin niður skömmu síðar af lögreglu.

Hvernig til tókst

Allt gekk mjög vel fyrir sig og þurfti lögreglan ekki að hafa nein afskipti

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til frekari umfjöllunar.

Gagnrýni. Viðhorf annarra s.s. fjölmiðla

Ekkert sérstakt

Austurvöllur - Alþingi, 8. nóvember 2008

Lökenúmer: 007-2008-080629

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: SE-LH01, JHBS-LÖ-19, FSB-9312. Vettvangsstjóri: GJP-7607.

Stjórn aðgerðasveita: KHP-9804, UMÁ-0103. Lögreglumenn aðgerðasveitar: **Flokkur 1:** ÞJS-8110, ÞAE-0129, LBP-0248, HH-0436, HSP-0604, MIE-0623, GBS-0626, ÓJ-0633. **Flokkur 2:** IMI-0234, PRG-0116, BHJ-0221, JG-0222, ÓGS-0247, RG-0603, SS-0608, ÁS-0632. **Frá sérsveit RLS:** JMJ-8616, LJK-0414, GP-0512, ÁRG-0520.

Skipulag:

Aðgerðarstjórn var staðsett hjá FMR í Skógarhlíð. Fylgst var með í eftirlitsmyndavélum. Tveir flokkar aðgerðasveita voru tilbúnir á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Vettvangsstjóri ásamt tveim lögreglumönnum voru sýnilegir við Alþingishúsið.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir lögreglu hófust kl. 13:30 og þeim lauk kl. 17:00. Samtals komu 26 lögreglumenn beint að aðgerðunum og heildarímaflokkurinn var 117.

Atvikalýsing

Hörður Torfason hafði boðað til mótmælafundar á Austurvelli kl. 15:00. Rétt áður en mótmælafundurinn átti að byrja höfðu á bilinu 20 til 30 bifhjólamenn safnast saman í Kirkjustræti fyrir framan Alþingi. Þeir hófu að reykspóla á malbikinu og sköpuðu mikinn hávaða sem virtist fara nokkuð vel í þann hóp mótmælenda sem kominn var á staðinn. Þá hafði einnig verið boðaður fundur í löðó og þegar honum lauk um kl. 15:00 safnaðist það fólk einnig saman á Austurvelli. Skömmu eftir að mótmælafundurinn hófst fengum við ábendingu um að maður væri kominn upp á þak Alþingishússins og væri að draga Bónus fána upp á flaggstöngina. Fór GJP ásamt tveimur lögreglumönnum að bakhurð Alþingis við Alþingisgarðinn og fleiri lögreglumenn á vaktinni voru kallaðir á staðinn og síðan komu aðgerðahóparnir einnig.

Þegar nokkur hópur mótmælenda sá að lögreglumenn fóru að aðgæta með þann sem dróg upp fánann dreif þá að og vildu koma í veg fyrir að lögreglan næði til hans. Stigi hafði verið reistur upp við Alþingi fyrir framan bakdyr og tók GJP hann niður. Fljótlega reyndi [REDACTED], sem dróg upp Bónusfánann, að komast niður og bað um stigann. Ákveðið var að senda lögreglumenn upp stigann til að taka á móti honum, en þá réðst nokkuð stór hópur manna að þeim þremur lögreglumönnum sem þarna voru komnir. Tók GJP þá ákvörðun að leyfa [REDACTED] að koma niður og ákvað að handtaka hann ekki á staðnum vegna þeirra átaka sem þegar voru orðin og hefðu orðið mun alvarlegri ef hann hefði verið handtekinn. Hafði þá nokkur hópur lögreglumann drifið að

og náðist að leysa úr þessu með lempni og fólkið færði sig yfir á Austurvöllinn. Stór hluti þeirra sem réðust að lögreglunni var fólk sem við þekktum sem aðgerðarsinna, anarkistar, sem höfðu verið mjög virkir í mótmælum undanfarið. Þetta fólk náði að æsa upp fleiri með sér í að grýta Alþingishúsið með eggjum og skyri.

Þegar þarna var komið var ákveðið að kalla út fleiri lögreglumenn og voru 10 lögreglumenn fullbúnir með skildi og hjálma tilbúnir á aðalstöð til að grípa inn í, en þess reyndist ekki þörf. Kl. 16:00 lauk formlegum mótmælafundi á Austurvelli. Talið var að um 3.000 manns hafi verið í mótmælunum, en flestir fóru þegar fundinum lauk. Eftir voru milli tvö- til þrjú hundruð manns sem stóðu fyrir hárreysti og ónæði við Alþingi. Kl. 16:30 voru um 100 manns eftir á staðnum, en kl. 17:00 voru allir famir og þríf hófust á Alþingishúsinu.

Einn maður var handtekinn og fluttur á lögreglustöð vegna aðkomu hans í mótmælum við Alþingishúsið. Hann heitir [REDACTED], og var hann kærður fyrir brot á lögreglusamþykkt og gerð sekt fyrir það.

Hvernig til tókst

Miðað við hvert í stefndi má segja að nokkuð vel hafi tekist til. Augljóst að mótmælin voru að harðna þar sem nokkur hópur aðgerðasinna, ásamt fleira fólki, tók upp á því að grýta Alþingishúsið. Töluverður hiti var í fólki og þurfti að beita mikilli lempni og ræða við það eins og kostur var.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Umsögn [REDACTED]: „Mín aðkoma var sú að ég var sendur niður að Alþingihúsi þar sem lögreglumenn voru króaðir af við inngang á þingpalla bak við Alþingishúsið. Þegar ég og þeir sem voru með mér komu á vettvang voru lögreglumenn fastir við innganginn og aðkoma milli Alþingishúss og veggis við garð Alþingishússins. Aðkoma þessi var full af fólki og einnig mikið af fólki á gangstéttinni og svæðinu milli Alþingishússins og Dómkirkju. Uppi á þaki hússins var aðili sem dregið hafði Bónusfána við hún á fánastöng Alþingishússins.

Strax og við gerðum okkur líklega til að komas að inngangi inn á þingpalla þar sem félagar okkar voru mættum við viðspyrnu frá fólkinu sem reyndi að varna okkur að komast leiðar okkar. Náðum við að ýta frá okkur þar til við komum á milli þinghússins og veggjar að garðinum. Þarna var alveg fult af fólki og strax fundum við að ekki átti að hleypa okkur nær. Við sem vorum fremstir brugðum þá á það ráð að við mynduðum plóg inn með veggnum og ruddum okkur braut inn með veggnum með því að beita stóru kylfunum. Ýttum við í næsta mann með kylfunum en gættum þess að þær sæust ekki. Tókst okkur með þessu að mynda rými inn með veggnum og senda lögreglumenn upp á vegginn og þaðan inn að húsinu og í framhaldi upp á þakið þar sem aðilinn var handtekinn.

Eftir að okkur tókst að komast til félaga okkar og inn fyrir fólkið tók ekki langan tíma að ýta því út á ganstéttina og setja upp varnarlínu milli þinghússins og girðingarhornsins. Eftir þetta fór fólk að týnast í burtu en nokkrir aðilar voru þarna í nokkum tíma.“

Umsögn [REDACTED]: „Ég man að ég var í þeim hópi sem var tilbúinn og var með þeim fyrstu sem kom til þess að aðstoða GJP og KHP þar sem þeir stóðu aftan við þinghúsið þar sem aðsúgur hafði verið gerður að þeim til þess að reyna að koma í veg fyrir handtöku á [REDACTED].

Ég man að það var mikill ákafi í mannfjöldanum og sló það mig talsvert að sjá þau viðbrögð sem hópurinn sýndi og þá hörku sem var strax kominn í hópinn.

Þó situr það enn frekar í mér að þegar að ég kom inn í anddyrið á Alþingi man ég enn eftir augnargoti frá þáverandi stjórnarandstöðu og greinilegt að þeim þótti lögreglan ekki eiga að fá að notasta við aðstöðu þar inni.

Ég fann þetta sama viðmót og ég fékk þarna á meðan að ég vann að mótmælunum í janúar eins og þegar að ég var settur á vakt í alþingi eftir að menn ruddust inn á þingvallana.

Maður fann alltaf að nærveru okkar væri ekki óskað frá þeirra hönd.“

Umsögn [REDACTED]: „Mótmæli höfðu verið boðuð þennan dag. Engar stórvægilegar lokanir á gatnakerfi voru að hálfu lögreglu en þær voru þó minniháttar. Bifhjólafólk hafði safnast í Kirkjustræti til að taka þátt í mótmælunum. Fámennur hópur aðgerðasveitarmanna voru staðsettir á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Mótmælin voru tíðindalítil en bifhjólafólkið hafði þó sett allt í reyk á svæðinu með dekkjaspóli. Hinsvegar breyttust mótmælin þegar Bónus-fáninn hafi verið dreginn á hún á Alþingshúsinu. Einn aðili hafði verið handtekinn en ég sjálfur kom m.a. að handtöku þessa manns. Við vorum þrír á svæðinu sem staðsett var við inngang þar sem gengið er inn að áhorfendapöllum Alþingishússins. Mikil múgur var kominn í sundið og þegar við vorum að reyna að nálgast manninn snerist múgurinn að okkur með því að ýta við okkur og við komust hvergi.

Við vorum einfaldlega að verða undir og við voru án alls varnarbúnaðar og því máttum við lítils. Ég var kominn með piparúðann í hendurnar en sjálfur tók þá ákvörðun um að taka ekki upp kylfuna sem ég bar í belti mínu en ég hélt þó eitthvað um hana til að koma í veg fyrir að hún yrði rifin af mér. Við öskruðum á hjálp frá félögum okkur í gegnum talstöðvarnar og heil eilíf leið þar til fyrstu mennirnir komu til okkar. Fyrsti maðurinn sem kom svífandi yfir steingirðinguna og ég sá hann tilsýndar mér á hægri hönd, hvílíkur léttir enda spennan orðin óbærileg og maður þurfti að hafa sig allan við að gera ekki einhverja vitleysu sem hafi kostað okkur e.t.v. líkamstjón með einhverjum hætti enda vissi maður að ef maður endaði inni í mannhafinu að maður gæti orðið undir.

Þegar búið var að ná tókum á ástandinu var hinn handtekni færður um borð í lögreglubifreið og fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Eftir þetta hófst eggja- og matvælakast í alþingishúsið.

Mótmælunum lauk síðan síðdegis þennan dag, við höfðum sloppið með skrekkinn í dag a.m.k. fannst okkur það sem vorum í sundinu.“

Umsögn [REDACTED]: „Mikill mannsöfnuður hafði byrjað að myndast fyrir utan Alþingi og ekki ljóst hvort um friðsamleg mótmæli yrði að ræða. Var þó rólegt yfir fólki til þess að byrja með en í ljósi fyrri atburða var ákveðið að hafa til reiðu lögreglumenn til þess að

takast á hendur mannfjöldastjórnun ef það kæmi til átaka og/eða fólk færi að grýta Alþingishúsið. Var ég einn af þeim lögreglumönnum.

Þegar líða fór á daginn fór að bera á hópi „anarkista“ en sá hópur hafði farið fremstur í flokki þegar kom að óspektum og því ljóst að búast mátti við einhverjum uppákomum. Reyndist svo vera þegar upplýsingar bárust um að aðilar úr hópi ofangreindra anarkista hafi reist upp stiga á bakhlíð Alþingishússins og hafi karlmaður úr hópnum komist upp á þak hússins og dregið Bónusfána að húni. Var maðurinn handtekinn í kjölfarið og í framhaldinu byrjaði að myndast ókyrrð í hópnum.

Ljóst var að í stefni átök og var ég ásamt félögum mínum sendur frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu 113 til styrkingar við þann hóp lögreglumann sem þegar voru á vettvangi. Þegar ég kom þangað var mikill hiti í fólki og ljóst að fólk var mjög reitt. Virtist sú reiði og æsingur aðallega beinast að lögreglunni. Mér voru gefin fyrirmæli um að fara að bakdyrum hússins, þar sem gestir ganga um til þess að fara upp á þingpalla, en stór hluti mótmælenda var þar saman kominn og ætlaði sá hópur greinilega að ryðjast inn í Alþingishúsið. Fólki var gefin ítrekuð fyrirmæli um að bakka en það varð ekki við því. Var þá hafið eggja- og skyrkast yfir okkur.

Áttum við í nokkrum erfiðleikum með að hafa heimil á mannskapnum og var okkur gefin fyrirmæli um að hafa kylfu á lofti og beita þeim úrræðum sem við höfðum til þess að hafa stjórn á mannfjöldanum sem var orðinn nokkur. Ljóst var að við, lögreglumenn á vettvangi, vorum í mikilli hættu á tíma og ekki útséð hvort hægt væri að koma í veg fyrir að fólk myndi ná að brjóta sér leið inn. Voru fleiri lögreglumenn kallaðir til starfa.

Eftir nokkur átök og slor- og skítkast þá fór að komast ró á hópinn. Fór fólk síðan að yfirgefa vettvang og þegar ástandið var orðið tryggt var viðbúnaðurinn blásinn af.

Mér var það nokkuð ljóst að mikil reiði var hjá fólki en mér varð það líka ljóst að þarna var hópur fólks sem hafði það markmið að ráðast eingöngu gegn lögreglunni og valda henni skaða. Var það mjög sterk upplifun og hafði ég grun um að þetta yrði bara byrjunin. Reyndist svo verða.“

Gagnrýni. Viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Fréttablaðið 09.11.2008: Á fjórða þúsund mótmælti. Á fjórða þúsund manns tók þátt í mótmælum gegn ríkisstjórninni á Austurvelli í gær. Kastað var eggjum og tómtum í Alþingishúsið, auk þess sem fáni verslunarinnar Bónus blakti þar við hún. Langfjölmennustu mótmæli vegna efnahagsástandsins, sem farið hafa fram á Austurvelli, voru í gær en þau hafa verið haldin á hverjum laugardegi undanfarnar vikur. Mótmælin byrjuðu rólega en smám saman fæðist hiti í leikinn. Lögreglan átti á köflum í mesta basli með að hafa hemil á mótmælendum sem hrópuðu ókvæðisorð að ríkisstjórninni.

Athygli vakti þegar ungur maður klífraði upp á þak Alþingis og flaggaði þar fána verslunarinnar Bónuss. Náði hann að flýja undan lögreglunni en annar maður um tvítugt sem var viðriðinn málið var aftur á móti handsamaður og fluttur á lögreglustöðina. Enginn annar var handtekinn í mótmælunum.

DV 10.11.2008, úrdráttur um mótmælin: Mótmælin munu magnast. Bónusfáninn á þinghúsinu. „Hugmyndin var sú að sýna hverjir stjórna landinu í rauninni,“ segir hinn rúmlega tvítugur fánamaður sem dró Bónusfánann að húni á alþingishúsinu á laugardaginn en hann vill ekki koma fram undir nafni (Haukur Hilmarsson, innskot GJP). Ástæðuna segir hann vera þá að hann sé aðeins einn mótmælendi af þúsundum og vilji ekki persónugera sig umfram aðra mótmælendur. Með uppátæki sínu virðist hann hafa þjappað mótmælendum enn frekar saman og hann segir ekkert þekkja það fólk sem aðstoðaði hann á flóttanum af þaki þinghússins. Hann komst undan á frækilegan hátt þrátt fyrir nokkurn viðbúnað lögreglunnar. Félagi hans, sem hélt við stigann sem fánamaðurinn klifraði upp, var hins vegnar ekki svo heppinn. Honum var haldið fram eftir degi af lögreglunni.

Talið er að um fjögur til sex þúsund mótmælendur hafi komið á Austurvöll á laugardaginn til þess að sýna andúð sína á ríkjandi stjórnvöldum. Í fyrstu var um hefðbundinn mótmælafund að ræða þar sem meðal annars Hörður Torfason hélt tölu. Mótmælin mögnuðust þó fljótt upp þegar mótmælendur sýndu andúð sína á stjórnvöldum með því að henda eggjum og tómötum í alþingishúsið. Lögreglan stóð hjá og fylgdist aðgerðalaus með. Fljótlega náðu mótmælin þó hámarki þegar fánamaðurinn klifraði upp á þinghúsið og flaggaði Bónusfánanum í mótmælaskyni. Með því vildi hann undirstrika að ríkisstjórnin væri undir hælnum á auðmönnum.

Jafnvel þótt lögreglumenn hafi ekki verið mjög sýnilegir á Austurvelli á laugardag hafði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu svokallaðan ósýnilegan viðbúnað. Samkvæmt heimildum DV ákváðu lögregluþyrirvöld að hafa minni sýnilega löggæslu á laugardag, heldur en var við mótmæli vörubílstjóra við Rauðavatn í vor, af ótta við að upp úr myndi sjóða. Hinsvegar var fjöldi lögreglumanna ýmist á bakvakt eða samankominn á lögreglustöðinni við Hlemm, tilbúnir til þess að vera kallaðir út með litlum fyrirvara að Austurvelli ef til átaka kæmi á milli lögreglumanna og mótmælenda.

„Það sem við vonuðumst til að myndi gerast var að fólk áttaði sig á því að það gæti haft áhrif á umhverfið í kringum sig. Það að skipta um fána í eina mínútu er ekki stór varanleg breyting en sýnir engu að síður að hlutirnir eru ekki óhreyfanlegir,“ segir fánamaðurinn en hann aðhyllist sjálfur kenningar stjórnleysingja. Sjálfur var fánamaðurinn með stúkusæti, þar er að segja, fastur uppi á þaki, þegar upp úr sauð á milli mótmælenda og lögreglu á bak við alþingishúsið og segir sjónarspilið hafa verið magnað. Samstaða mótmælenda hafi verið mikil. Í fyrstu heyrði hann mótmælendur hrópa slagorð, síðan þéttist hópurinn í kringum lögregluna og gerði henni erfitt fyrir.

Að sögn fánamannsins er hann ánægður með að almenningur hafi tekið stöðu gegn ríkisvaldinu á laugardaginn. Hann segir það mestu máli skipta að almenningur sýni hverjir það eru sem raunverulega ráða landinu.

Úr Morgunblaðinu 10.11.2008: Margmenni við mótmæli á Austurvelli. Fjölmennasti mótmælafundurinn til þessa. Alþingishúsið grýtt eggjum.

Um þrjú þúsund manns á mótmælafundi á Austurvelli á laugardag, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. Þó hefur komið fram á bloggsíðum að mun fleira hafi tekið þátt. Yfirskrift fundarins var Breiðfylking gegn ástandinu og Hörður Torfason tónlistarmaður stjórnaði umræðum. Mótmælafundir hafa verið haldnir vikulega frá 11. október og hefur mótmælendum fjölgað stig af stigi með hverju skiptinu. Fundurinn á laugardag, sem var sá langsamlega fjölmennasti til þessa, stóð yfir í tæpa klukkustund og fór friðsamlega fram. Góður rómur var gerður að máli ræðumanna og mikil fagnaðarlæti brutust út þegar Ragnheiður Gestsdóttir vék í máli sínu að fjárhagsaðstoð Færeyinga.

Að fundinum loknum tók hins vegar að hitna í kolunum. Hópur manna safnaðist saman fyrir framan Alþingishúsið og ungir og aldnir grýttu það með eggjum, tótmötum og jógúrt. Lögreglan, sem var heldur fámenn á Austurvelli, mátti hafa sig alla við að hafa stjórn á ástandinu. Einn mótmælandi sá sig knúinn til að sýna hug sinn í verki. Hann lagði stiga að Alþingishúsinu í garðinum við innganginn að pöllunum, hljóp upp á þak og dró þar fána Bónus-verslunarkerðjunar að húni. Er lögreglan hugðist fjarlægja fánann og manninn safnaðist mikill fjöldi manna saman í portinu og var þar aðsúgur gerður að lögreglu. Engin átök brutust út en hann var færður í fangageymslur.

Hörður Torfason, skipuleggjandi mótmælafundanna, sagði fundinn á laugardag hafa gengið vel og farið friðsamlega fram. Hann lagði mikla áherslu á að það sem á eftir fór hafi ekki verið í neinum tengslum við mótmælafundinn og til þess fallið að grafa undan málstaðnum.

Viðtal við Daníel Sigurbjörnsson í Morgunblaðinu 10.11.2008: „Ástandið var mun alvarlegra í portinu en fjölmiðlar hafa sagt frá. Lögreglumenn voru þar í hættu; Þeir kallaðir öllum illum nöfnum og margsinnis hótað lífláti,“ segir Daníel Sigurbjörnsson. Hann lagði leið sína á mótmælin til að taka þar myndir fyrir einkasafn sitt. „Ég fór inn í portið þegar maðurinn birtist uppi á þaki með Bónusfánann. Þegar einn lögreglumaðurinn ætlaði upp stigann gerði maður í portin sig líklegan til að kippa honum aftur niður og það hefði valdið stórslysi. Mér tókst einhvern veginn að hindra manninn og var kallaður öllum illum nöfnum fyrir vikið og grýttur með eggjum, jógúrt og tótmötum. Ástandið var mun alvarlegra en menn gera sér grein fyrir. Mér fannst öryggi mínu ógnað þrátt fyrir að hafa aðeins ætlað að taka þarna nokkrar myndir fyrir sjálfan mig.“

Viðtal við Ingvar Þórisson í Morgunblaðinu 10.11.2008: Ingvar Á Þórisson kvikmyndagerðarmaður var viðstaddur mótmælin. „Sá sem strengdi upp Bónus-fánanum uppskar mikið lof fyrir og í kjölfarið safnaðist fólk saman inni í portinu þar sem stiginn var. Þar voru aðeins þrír lögreglumenn. Maður heyrði seinna meir að það voru einhverjir tuddar þarna tilbúnir í slagsmál við lögregluna en ég held nú að það hafi verið lítil hætta á því að þau yrðu. Ég tel að það sé langt í að hér sjóði eitthvað upp úr,“ segir Ingvar. Hann telur lögregluna hafa brugðist vel við mótmælunum. „Ég var þarna fremst og fannst lögreglan bregðast hárrétt við. Þeir voru ekki með neinar brynsveitir og létu ekki æsa sig upp í neitt.“ Ingvar telur mikilvægt að svona mótmæli fari fram en þau verða að vera friðsamleg. „Eitthvað verður að gera. Það þarf fyrst og fremst að skipta um menn í brúnni.“

Viðtal við Geir Jón Þórisson í Morgunblaðinu 10.11.2008: Lítið mátti út af bregða á mótmælunum. Leitað var eftir viðbrögðum hjá Stefáni Eiríkssyni, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, í kjölfar mótmælanna á laugardag en hann vildi lítið tjá sig um málið. Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn sagði í samtali við mbl.is á laugardag að lítið hefði mátt út af bregða á mótmælunum ef ekki „ætti allt að sjóða upp úr í miðborginni.“

Austurvöllur – Alþingi, 15. nóvember 2008

Lökenúmer: 007-2008-082406

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: SE-LH01, HJ-7711, FSB-9312, EB-7306.

Vettvangsstjórn: GJP-7607, ÁPS-7415. Stjórn aðgerðasveita: ARM-8737, KHP-9804.

Flokkur 1: AS-9803, GJG-0110, PAE-0129, JBS-0427, ESE-0428, HSP-0604, GBS-0626, BI-0702. **Flokkur 2:** ÞJS-8110, SJ-9814, HPK-0117, GRS-0122, HH-0323, JÁ-0407, RSP-0508, GST-0606. **Flokkur 3:** UMÁ-0103, JG-0222, ÓGS-0247, LBP-0248, HBS-0422, HH-0436, MIE-0623, ÁS-0632. **Flokkur 4 (Suðurnes):** MMM-9513, DP-0119, HH-8624, AMJ-0716, VÁ-0614, KFG-8718, VE-0223, HE-0509. **UMFD:** HPG-9801, ÁB-8218, IPS-8510, SG-0227, RS-7713, EBS-9122, PRG-0116, BP-0221. **Lögregluskólinn.** Stjómendur: AB-8014 og ÓEg-8108. Lögreglunemar: AH-0750, AM-0709, AG-8764, BK-0761, BEJ-0769, GAH-0784, HG-0773, HGJ-0782, KÖK-0768, MJS-0780, SPS-0762, ES-0770, FHH-0758, HPH-0763, IMH-0749. Sérsvait RLS: SÆÁ-9407, JÖG-0531

Skipulag:

Aðgerðarstjórn var staðsett hjá FMR í Skógarhlíð. Þar var fylgst með eftirlitsmyndavélum og skilaboðum komið á vettvang. Ákveðið var að móttaka handtekinna yrði á tveimur stöðum: Suðurgata/Kirkjustræti og Vonarstræti/Templarasund. Slökkviliðið SHS var með tvo menn innandyra í Alþingi og tvo menn sem fylgdu skyndihjálparmönnum sérsvaitar. Slökkvi- og sjúkrabifreiðar verða kallaðar til að verða til staðar og ef þurfa þætti yrði aðkoma þeirra frá Suðurgötu um Kirkjustræti á móti umferð. Umferðardeild var með eftirlit með Stjórnarráðinu, Seðlabankanum og stjórnarráðsbyggingum í miðborginni og Kvosinni. Lokanir settar upp kl. 13:30 á Lækjargötu/Skólalabru, Vonarstræti/Templarasund og Kirkjustræti. Sérsvait RLS var með fjóra menn í gashóp og tvo skyndihjálparmenn og auk þess voru fjórir menn á tveimur bílum tiltækir til aðstoðar í miðborginni.

Þarna var í fyrsta skiptið notast við fyrirfram ákveðið skipulag sem síðan var stuðst við í þeim mótmælum sem á eftir fóru. ÁPS, ARM og fleiri höfðu farið í skoðunarferð um Alþingishúsið í fylgd brunavarða og starfsmanna Alþingis. Lagt hafði verið mat á ýmis öryggisatriði þinghússins og eldhættu sem kynni að skapast við ákveðin skilyrði. Þá var aðkoma slökkviliðs ákveðin og skyldi bifreiðum þess ekið um Hringbraut, síðan Suðurgötu og á móti umferð inn Kirkjustræti. Talið var að með þeim hætti yrði auðveldara að loka fyrir umferð inn Skólalabru og greiða þannig fyrir aðkomu slökkvi- og sjúkrabíla. Sömuleiðis var

ákveðið svæði fyrir söfnunarstað handtekinna og söfnunarsvæði slasaðra yrði í jaðri þess svæðis þar sem mestur mannfjöldi yrði. Skipulagið var í samræmi við SÁBF-kerfið sem unnið er eftir við stærri slys og viðburði.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðirnar hófust kl. 13:00 og þeim lauk kl. 18:00. Samtals komu 66 lögreglumenn að verkefninu auk nokkurra frá sérsveit. Heildartímafjöldi var samtals 330.

Atvikalýsing

Boðuð höfðu verið mótmæli á Austurvelli og stóð Hörður Torfason, tónlistamaður fyrir þeim. Búið var við nokkuð hörðum aðgerðum af hendi nokkurra mótmælenda. Helst voru það anarkistar og 50 til 100 manna hópur sem þeim fylgdi. Var ákveðið að fá óeinkennisklædda skólanema Lögregluskólans til að vera innan um mótmælendur til að sjá hvort eitthvað væri í aðsigi sem kallaði á aðgerðir lögreglu. Sást m.a. til ungs manns á Austurvelli sem var að ná í grjót og setja í vasa sína. Talið var að við upphaf mótmælafundar, sem hófst kl. 14:00, hefðu verið saman komnir um 5.000 manns. Þá sást til sjö manna með hulin andlit þar sem þeir voru að reyna að losa bekki í Alþingisgarðinum. Upp úr því byrjaði fljótlega eggjakast á Alþingishúsið. Nokkur fjöldi fólks var kominn fyrir framan Alþingi og var m.a. kveiktur eldur, sem GJP og ÁPS gátu slökkt, án frekari aðkomu annarra. Um kl. 16:30 fór mjög að þynnast í mótmælendahópnum og var þá þegar byrjað að leysa upp mannskap lögreglu og létta á öllum viðbúnaði. Um kl. 16:40 sjá lögreglumenn að búið er að kasta eggjum á suðurhlið Seðlabankans. Einnig var búið að stilla upp tveimur mótmælaspjöldum við aðalinnganginn. Öryggisverði bankans tilkynnt um þetta.

Frá mótmælunum við Alþingishúsið er það að segja að mjög mikið var kastað af matvælum í húsið, s.s. eggjum og ávöxtum, ásamt ýmsu fleiru og voru hreinsunarmenn kallaðir á staðinn til að þrifa húsið. Lögreglumenn töldu að unglingar hefðu farið í versluna 10-11 við Austurstræti og keypt þar matvælin til að henda í Alþingishúsið.

Þá er gaman að geta þess að í miðjum mótmælunum fóru karlar og konur að bera blómarósir í GJP og ÁP þar sem þeir stóðu fyrir framan, eða til hliðar við Alþingi. Litu þeir svo á, að með þessu vildi eitthvað af mótmælendunum sýna velvilja sinn í garð lögreglunnar. Stóðu þeir eftir með fjöldann allan af rósum, sem gladdi þá mjög.

Hvernig til tókst

Miðað við hversu ástandið var eldfimt og margir að mótmæla tókst nokkuð vel að halda í horfinu. Lögreglan gætti þess að ganga ekki of hart fram og sá til þess að enginn kæmist inn í Alþingishúsið, en gat engan veginn komið í veg fyrir að matvælum væri kastað í húsið. Ekki var talin ástæða til, eða réttlætanlegt, að fara út í handtökur, en reynt að tala við þá sem mest höfðu sig í frammi án mikils árangurs. Þetta stóð ekki lengi yfir og enginn slasaðist. Þegar þessu var lokið var haldinn fundur með þeim lögreglumönnum sem komu að verkefninu og farið yfir aðgerðirnar og bent var á nokkur atriði sem rétt væri að hafa í huga næst þegar mótmælt yrði á Austurvelli.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Umsögn [REDACTED]: „Boðað hafi verið til mótmælafundar á Austurvelli (laugardagsfundirnir) og var þessi nokkuð fjölmennur, á fimmta þúsund samkvæmt dagbók. Þarna var farið að hitna í kolunum og farið að bera á bogarlegri óhlýðni sem aðallega fólst í því að kasta matvælum í Alþingishúsið og þá sérstaklega eggjum. Eitt sem stendur þó upp úr er þegar ég sá til konu um fertugsaldurinn sem lét ungan pilt um 10 ára aldur taka þátt í matvælakasti. Konan var með vínber sem hún afhendi þeim unga og kastaði hann þeim í átt að húsinu eins og ekkert væri sjálfsgaðara.

Austurvöllur - Alþingi – Lögreglustöðin, 22. nóvember 2008

Lökenúmer: 007-2008-084503

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: SE-LH01, HJ-7711, EB-7306.

Vettvangsstjórn: GJP-7607, ÁPS-7415. Sveitastjórnendur: ARM-8737, KHP-9804.

Flokkur 1: PJS-8110, SJ-9804, GRS-0122, HH-0323, BÓ-0405, RSP-0508, GST-0606 og ÓGS-0247. **Flokkur 2:** BB-8826, ÞRJH-9927, GR-0106, GHM-0107, SG-0227, LAP-0605, SS-0608, ÁS-0632. **Flokkur 3:** UMÁ-0103, IMI-0234, RHG-0215, LBP-0248, HH-0436, RG-0603, MIE-0623, MJ-0712. **UMFD:** RS-7713, EBS-9122, ÞRG-0116, SHH-9912, HG-0429, BV-8603, LS-9931, JGP-9709. **Lögregluskólinn:** GÁ-8908, BA-0309, AH-0750, AM-0779, DÖD-0781, ES-0770, HPH-0763, HGJ-0782, HPS-0775, ÓJJ-0760, IMH-0749. **Sérsveit, gashópur:** JMA-8616, LJK-0414, GP-0512, ÁRG-0520, HME-9703, JPE-0416. Aðrir lögreglumenn: KIK-8508, HGG-0438, GSIS-7315, ÁEÓ-8819

Skipulag:

Yfirstjórn aðgerða var í höndum aðgerðarstjórnar eins og við undanfarin mótmæli. Þar var fylgst með úr eftirlitsmyndavélum og skilaboðum komið til vettvangsstjóra. Ákveðið var að aðgerðahóparnir yrðu staðsettir í Vonarstræti við Suðurgötu og eins á Túngötu og í Þingholtunum í námunda við MR. Umferðardeild lokaði Skólabrú við Lækjargötu, Vonarstræti við Templarasund og Vonarstræti við Tjarnargötu. Þeir voru einnig með eftirlit við stjórnarbyggingar í miðborginni. KIK var á myndavélum Alþingis og GÁ og BA leiddu hóp skólanema. Ákveðið að GJP og ÁPS, ásamt fáum lögreglumönnum, yrðu sýnilegir fyrir framan Alþingishúsið. Ekki yrði gripið til fleiri lögreglumanna nema ástandið versnaði og þá samkvæmt ákvörðun sveitastjórnenda og vettvangsstjóra. Reynt yrði í lengstu lög að sýna ekki allan mannskap lögreglu til að skapa ekki neina ógn við mótmælendur.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir lögreglu hófust kl. 13:00 og verkefninu lauk kl. 20:00. Samtals komu 57 lögreglumenn að verkefninu og heildartímafjöldi var 399.

Atvikalýsing

Allt fór nú rólega af stað. Fáir voru mættir á mótmælafundinn á Austurvelli sem hófst kl. 14:00. [REDACTED] stýrði fundinum. Þarna sást til nokkurra manna við Kaffi París með svarta flaggstöng og einhverjir huldu andlit sín og tók síðan að safnast saman nokkur hópur fólks í kringum þessa aðila. Talið að þetta fólk væri í öðrum tilgangi en venjulegir mótmælendur og því ákveðið að fylgjast vel með fólkinu. Ekki voru komnir nema um 500 manns á Austurvöll þegar um 41 mínúta var liðinn af fundinum. Um kl. 15:00 var talið að um 1.000 manns væri á staðnum. Ástandið var mjög gott á þessum tímapunkti og benti ekkert til þess að lögreglan þyrfti að hafa afskipti af fólkinu.

Skömmu síðar fréttist af ungum manni sem kastaði eggi í bifreið dómsmálaráðherra, en ekki náðist til hans. Um kl. 15:07 sást til nokkurra manna vera að munda skilti við Alþingishúsið sem þeir síðan hengdu utan á svalir á norður hlið hússins. Þá tóku lögreglumenn eftir því að verið var að dreifa miðum þar sem fólk var hvatt til að safnast saman fyrir framan lögreglustöðina við Hverfisgötu til að mótmæla því [REDACTED] sæti þar í fangageymslu. Einnig heyrðu menn af þessu í fréttum Bylgjunnar.

Það skal tekið fram að nokkrum dögum áður hafði lögreglan fengið beiðni um handtöku á [REDACTED] frá Fangelsismálastofnun vegna sektar sem hann fékk fyrir mótmæli á Kárahnjúkum, en átti ekkert skilt við flöggun hans á Bónusfánanum á Alþingishúsið þann 8. nóvember 2008. Höfðu þeir sem hvöttu til mótmæla við lögreglustöðina haldið því fram að [REDACTED] sæti í varðhaldi lögreglunnar vegna þeirrar aðgerðar. [REDACTED] hafði verið handtekin deginum áður eftir að sást til hans í Alþingi og vissu lögreglumenn af handtökuskipuninni og handtöku því [REDACTED]. Áður en [REDACTED] var handtekinn og vistaður hafði JKP, aðalvarðstjóri, símasamband við Fangelsismálastofnun sem staðfesti að hann væri eftirlýstur fyrir innheimtustofnun sekta- og sakarkostnaðar. Var þess óskað að [REDACTED] yrði vistaður á Hverfisgötu til þess að byrja með, á meðan kannað yrði með önnur úrræði innan fangelsiskerfisins.

Kl. 15:16 sást hvar kona fór upp stiga sem reistur var við stytta Jóns Sigurðssonar og klæddi hún styttuna í bleikan kjól. Talið var að þarna hafi [REDACTED], ekki vitað um frekari deili á henni, verið að verki. Ákveðið að lögreglan aðhefðist ekkert. Upp frá þessu fór nokkuð að hitna í fólki. Kastað var í Alþingishúsið og ein rúða brotin við gamla inngang hússins. Eins bárust fréttir af því að ein rúða hafi verið brotin á Stjórnarráðinu. Um kl. 15:45 fór fólk að tínast í burtu og því ákveðið að senda einn aðgerðarflokk á lögreglustöðina til að vera þar til taks ef mótmælendur færu að mæta þangað. Þegar mótmælafundi var að ljúka á Austurvelli um kl. 16:00 hvatti [REDACTED] mannfjöldann til að fara að lögreglustöðinni við Hverfisgötu og halda áfram mótmælum þar vegna handtöku á [REDACTED]. Kl. 16:06 ákvað aðgerðarstjórn að umferðarlokanir yrðu teknar upp og um líkt leyti sást til nokkurra barna vera að kasta eggjum á Alþingishúsið og var talið að þarna væru mjög ung börn á ferð, eða í kringum 10 ára aldurinn. Þau hlupu í burtu og hreinsun hófst á Alþingishúsinu.

Það var um kl. 16:35 að hópur fólks, líklega um 600 til 700 manns þegar mest var, safnaðist saman fyrir framan lögreglustöðina við Hverfisgötu, Hverfisgötu megin. Hrópaði

fólkið: „Haukur út, Haukur út.“ Fór hópur fólks í að sparka í hurðir við innganginn að stöðinni næst Snorrabraut, Hverfisgötu megin. Náði síðan fólk að brjóta sér leið inn í anddyrið að innri hurð. Eins var kastað ýmsu lauslegu í stöðina og við það brotnuðu sex rúður og hurðar skemmdust mjög illa. Kallaður var út viðbótar mannskapur og mættu um 10 lögreglumenn sem voru á frívakt. Allir þeir lögreglumenn sem áður voru við störf á Austurvelli voru nú komnir á lögreglustöðina.

Ákveðið var að reyna að leysa málin með lempni með því að ARM, ásamt nokkrum öðrum lögreglumönnum, færu út til fólksins. Þeir fóru út í port lögreglustöðvarinnar og gengu upp með vesturhliðinni, Snorrabrautar megin, því ekki var hægt að komast út um aðaldyr. Var ARM með gjallarhorn og aðvaraði fólk og hvatti það til að hætta aðgerðum, annars yrði lögreglan að grípa til frekari aðgerða. Fólk hlustaði ekkert á tilmæli hans og skemmdi gjallarhornið. Hélt það áfram við að reyna að brjóta innri dyrnar og gaf GJP þá skipun til lögreglumanna, sem voru innan við dyrnar, að beita piparúða. Lögreglumenn sem sinntu því kölluðu nokkrum sinnum að gasi yrði beitt með því að hrópa hátt „gas, gas, forðið ykkur“, en ekkert var á það hlustað. Var því sprautað piparúða úr handbrúsum, MK-9, og við það hörfaði fólk.

Þegar þarna var komið tóku lögreglumenn eftir því að einn mótmælendanna var Álfheiður Ingadóttir, alþingismaður og þarna var einnig sonur hennar, Ingi Kristján Sigmarsson. Nokkru síðar kom eiginmaður hennar, Sigurmar K. Albertsson, lögmaður, og óskaði eftir því að fá að greiða skuld Hauks Hilmarssonar, kr. 200.000, og fá hann þannig lausan svo ró kæmist á mannskapinn. Þetta var auðsótt mál því ástæða handtöku Hauks og vera hans í fangageymslunni var vegna þess að hann hafði ekki greitt áðurnefnda sekt, vegna mótmæla hans við Kárahnjúka, og afplánaði því vararefsingu.

Þegar Haukur kom út af lögreglustöðinni færðist að mestu ró yfir mannskapinn og hélt fólk því fram að með mótmælum sínum hefði lögreglan orðið að sleppa Hauki, en það var ekki rétt. Greiðsla sektarinnar, sem Hauki var gerð með dómi, varð til þess að honum var sleppt. Mótmælunum lauk um kl. 18:10.

Einn lögreglumaður, [REDACTED], slasaðist á hné í átökum við mótmælendur fyrir framan lögreglustöðina. Sérstök skýrsla var skráð á það mál nr. 007-2008-085531.

Þessi mótmæli við lögreglustöðina eru þau alvarlegustu sem þar hafa orðið frá því að lögreglan tók þá stöð í notkun. Það var ákvörðun stjórnenda lögreglu að ekki yrði gripið til harðari aðgerða en nauðsyn bæri til, en ljóst var að ekki var lengur við unað, þegar fólk tók að brjóta rúður á framhlið stöðvarinnar og síðan tvennar dyr.

Hvernig til tókst

Mótmælin á Austurvelli og við Alþingishúsið gengu nokkuð vel fyrir sig eða með svipuðum og hætti og undanfarna laugardaga. Lögreglan þurfti ekki að grípa til neinna aðgerða. Þegar mótmælafundi á Austurvelli var lokið tóku við ein hörðustu mótmæli sem lögreglan hefur þurft að glíma við, á og við lögreglustöðina við Hverfisgötu

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Umsögn [REDACTED]: „Ég minnst þess að floknum mínum var stillt upp nálægt anddyri lögreglustöðvarinnar. Þorvaldur, flokkstjóri, úthlutaði Ragnari Svani stórum piparúðabrúsa, en þesskonar valbeitingartækjum hafði aðeins nýlega borist lögreglumönnum utan sérsveitar til notkunnar. Þorvaldur sagði Ragnari að nota piparúðan aðeins og eingöngu ef hann fengi skipun þess efnis.

Mér og Baldri gert að standa varðstöðu frammi í forstofunni innan af anddyri lögreglustöðvarinnar, en aðrir lögreglumenn voru staddir inni á gangi og klæddu sig í óeirðarbúnað sinn. Á meðan við stöndum þarna tveir saman sjáum við hvar mannfjöldi ryður sér inn um útidyrahurðina og fyllist anddyrið fljótt af fólki. Þarna voru inn komnir þekktir mótmælendur, fjölmiðlafólk og aðrir.

Stuttu síðar fóru þeir sem inn í anddyrið voru komnir að berja á innri hurð anddyrisins, en hún var það eina sem stóð á milli okkar Baldurs og mannfjöldans. Ég hugsaði með mér að litlar líkur væru á því að þessi hurð myndi bresta. Tók ég þá eftir að einn forsprakki hópsins, ungur maður, grannur og ljóshærður, sótti stærðarinnar trédrumb og fór í félagi við aðra að berja honum í hurðina. Sá ég þá, mér til skelfingar, að hurðin fór að gefa eftir og við Baldur stóðum þarna einir á móti mannhafinu. Við fleygðum okkur umsvifalaust á hurðina og reyndum eftir bestu getu að halda henni lokaðri. Eftir nokkrar atlögur mótmælenda hrökk hurðin loks úr læsingunni og opnaðist rifa milli hurðar og hurðarstafs.

Var það okkur til blessunar að Ragnar var þá kominn inn í forstofuna og gat hann úðað piparúða, úr nýúthlutaða brúsanum sínum, út um rifuna um leið og læsingin gaf eftir. Uppúr þessu tókst okkur, í félagi við aðra lögreglumenn sem þá voru komnir inn í forstofuna, að tæma anddyrið og loka útidyrahurðinni aftur. Stuttu síðar fór ég ásamt floknum mínum og öðrum lögreglumönnum úr aðgerðahópnum fram fyrir lögreglustöðina og stilltum okkur upp framan við útidyrahurðina. Við stóðum þar varðstöðu þar til að mótmælin leystust upp. Á meðan á þessari varðstöðu okkar stóð fengum við að þola munnlegar svívirðingar auk þess sem fleygt var í okkur eggjum og öðru sem til var fundið.“

Umsögn [REDACTED]: „Þennan dag, 22.01.2008, voru aðgerðir lögreglu með svipuðu sniði og venjulega þ.e. að fáir lögreglumenn sem voru við störf á Austurvelli og svo aðgerðasveit sem var í varnarbúningum vorum í „felum“ eins og það var yfirleitt orðað í þeim hópi sem störfuðu í aðgerðasveitinni. Aðgerðasveitarmenn voru í nágrenni við Kvosina eins og venja var yfirleitt. Mótmæli voru á Austurvelli og Hörður Torfason, tónlistarmaður, stjórnaði þeim eins og mörgum öðrum þetta haust, ekki verður svo fjallað nánar um það hér. Lögreglumenn í aðgerðasveitinni höfðu ekki mikla trú á því að eitthvað myndi gerast þennan dag enda hafði þetta verið biðtími í ökutækjunum eins og oft áður en samt sem áður var það rætt á milli okkar að óvenjulegur hiti væri í hópi mótmælenda og þeir gerðu margt sem þeir hefðu ekki sýnt áður af sér í fyrri mótmælum. Hörður Torfason hvatti m.a. mótmælendur til að fara að lögreglustöðinni við Hverfisgötu og halda mótmælum sínum áfram þar en [REDACTED] (mótmælandi) var þar í fangageymslu

vegna afplánunar vararefsingar, einnig hafði verið dreift miðum af einstaklingum til mótmælenda á Austurvelli um að mæta fyrir utan lögreglustöðina.

Um klukkan 16:00 þennan dag var fyrsti aðgerðasveitarhópurinn sendur frá Austurvelli og á lögreglustöðina við Hverfisgötu en hinir vour látnir bíða í Kvosinni ef eitthvað myndi gerast á Austurvelli. Í kjölfarið hófust þrif á Austurvelli en mótmælendur höfðu kastað ýmsum hlutum í alþingishúsið m.a matvælum og öðru sorpi sem mótmælendur höfðu skilið eftir sig. Þegar þrif hófust þá fóru fleiri mótmælendur að fara af Austurvelli og lögreglan dró einnig úr mannafla sínum þar og þeir héldu jafnóðum á lögreglustöðina á Hverfisgötu.

Áður en hinum formlegu mótmælum lauk á Austurvelli fóru að koma skilaboð í gegnum fjarskiptakerfi lögreglunnar um að fólk væri farið að safnast fyrir framan lögreglustöðina við Hverfisgötu. Fyrstu aðgerðasveitarmennirnir rétt náðu inn á lögreglustöðina áður en fólk fór að berja á dyrnar en yfirmaður þar hafði ákveðið að læsa aðaldyrum lögreglustöðvarinnar til að hindra að fólk safnaðist saman innandyra í anddyri lögreglustöðvarinnar enda mjög erfitt að verja lögreglustöðina þegar fólk væri komið inn í anddyrið.

Fjarskipti mátti heyra reglulega um að beðið væri um meiri mannafla að lögreglustöðinni við Hverfisgötu en hann var ekki tiltækur enda var meginþorri mannaflans á Austurvelli. Mannafli sem var á Austurvelli fór að flytja sig að lögreglustöðinni jafnóðum og hann fékk skipanir um að fara að Austurvelli.

Skyndilega kom neyðarkallið frá lögreglumönnum sem staddir voru á lögreglustöðinni við Hverfisgötu, beðið var um mannafla þar sem fólk væri að brjótast inn á lögreglustöðina og lögreglumenn væru að verða undir þ.e. að þeir réðu ekki lengur við ástandið sem þar hafði skapast.

Lögreglumenn sem voru í mínum hópi rak hljóðan og spennan magnaðist upp en það var löng leið að fara enda vorum við á leiðinni frá Austurvelli og að lögreglustöðinni á ómerktri lögreglubifreið. Reiðin fór að koma fram hjá lögreglumönnunum á leiðinni, hvering gat fólk dirfst að ráðast á lögreglustöðina og spurningar komu eflaust fram í huganum hvernig aðkoman yrði. Neyðaróp bárust aftur frá lögreglumönnunum sem voru á lögreglustöðinni við Hverfisgötu og í kjölfarið komu skipanir um að þeir hópar sem kæmu að lögreglustöðinni yrðu í fullum búnaði þ.e. með hjálm og skildi meðferðis. Mikill æsingur var í mínum hópi enda voru félagarnir í neyð enda þegar svo er þá er lagt mikið á sig að vera sem fljótastur á vettvang. Þegar komið var í port lögreglustöðvarinnar þá tókum við búnaðinn saman og hlupum inn í stigahúsið sem staðsett er fyrir miðju lögreglustöðvarinnar og inn á ganginn. Þar var varnarbúnaðurinn settur upp og hópurinn varð klár fyrir næstu skipanir. Það vakti athygli okkar sem á ganginum voru að gamalt lögreglubifhjól af Harley Davidson gerð var komið inn á ganginn og lögreglumenn sem komu á móti okkur sögðu að allt væri brotið frammi. Maður trúði því ekki að það hafi gerst að fólk væri að brjóta rúður lögreglustöðvarinnar en þegar fram var komið sá maður hverskyns var, það var allt brotið, rúður í stigahúsinu sem sneru að Hlemmi, hurðir skemmdar og piparlyktin var í loftinu og sviði byrjaði að myndast þó lítill væri. Allir voru að

gera eitthvað og þegar við komum fórum við að taka við af þeim sem voru án varnarbúnaðar enda hafði verið kastað inn grjóti og spýtum inn í húsið. Nokkur ringulreið var hjá lögreglu enda hafði mikið hættuástand skapast enda m.a viðkvæmir einstaklingar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar sem staðsett er á efstu hæð hússins. Einnig voru allir inngangar lögreglustöðvinnar óvarðir að einum undanskildum og svo vissum við að þær rúður sem að Hlemmi sneru héldu engu og ef fólk kæmist þar inn sem og annars staðar myndum við líklega ekki ráða við neitt miðað við þann mannafla sem við vorum með enda ekki mikill.

Því næst var farið í aðgerðir að koma fólki frá lögreglustöðinni en hópur aðgerðarsveitarmanna fóru eftir vesturhlið hússins og gengu fyrir hornið að suðurhlið þess en þar mætti hópurinn andspyrnu og átöku urðu. Gjallarhornið hljómaði frekar lítilvægt enda var hávaðinn miklu meiri frá mannfjöldanum og í einhverjum tilfellum frá bíflautum strætisvagna (SVR) sem óku í og kringum mannfjöldann. Eftir nokkra stund þá náði lögregla að komast að tröppum hússins enda hafði hún ætlað sér það og þeir lögreglumenn sem voru fyrir innan var fyrirskipað að koma út og standa með hópum á tröppum hússins.

Þar hélt mannfjöldinn áfram að hrópa og hreyta ónotum í lögreglumenn sem stóðu fremst á tröppunum.

Þegar við stóðum á tröppunum lögreglustöðvarinnar fórum við að fréttu það að maður væri kominn inn í húsið í þeim tilgangi að greiða þá skuld sem [REDACTED] þyrfti að reiða fram til að losna úr fangageymslu lögreglustöðvarinnar. Ef sektin yrði greidd þá yrðu engar eftirstöðvar að þeirri vararefsingu sem [REDACTED] ætti eftir útistandandi.

Við stóðum enn á tröppunum og ekkert gerðist þrátt fyrir þann þrýsting sem mótmælendur lögðu fram fyrir framan lögreglustöðina og okkur var gert að bíða og sína stillingu sem var mjög erfitt enda hafði verið ráðist á húsið sem við dvöldum í vegna atvinnu okkar.

[REDACTED] er á leiðinni út hljómaði allt í einu í talstöðinni. Við vissum að hann myndi að öllum líkindum koma úr vestri að mannfjöldanum og við bjuggum okkur undir það vesta enda var talið að [REDACTED] stjórnaði aðgerðum róttækra mótmælenda og við vissum að þeir væru í hópi þess mannfjölda sem var fyrir framan okkur. En þá gerðist það að mannfjöldinn fór að draga sig í burtu af vettvangi og við vorum einnig kallaðir inn á lögreglustöðina og látnir halda okkur til hlés.

Vonbrigðin leyndu sér ekki í andlitum sumra lögreglumanna og aðrir létu það í ljós með orðum. Við höfðum tapað og sá mannfjöldi með óæskilegri hegðun sinni hafði unnið. Vígvöllurinn sem var lögreglustöðin var skemmdur og þegar lögreglumenn litu yfir hann þá kom reiðin fram og spurningar komu fram sem e.t.v. var ekki hægt að svara.

Ljóst var að einn lögreglumaður hafði slasast í aðgerðum þessum og hann kominn á slysadeild og var þar með e.t.v. með mótmælendum sem leituðu aðstoðar á slysadeild vegna piparúðans.

Við vorum síðan kallaðir inn á viðrunarfund þar tjáðu sig einhverjir með orðum meðan aðrir héldu sig til hlés. Yfirmennirnir hrófuðu okkur fyrir vel unnin störf en mörgum fannst það til lítills enda höfðum við ekki gert neitt nema að láta vaða yfir okkur.

Daganna á eftir varð reiðin áberandi a.m.k. hjá sumum en aðrir sögðu ekki neitt. Þeir sem tjáðu sig voru hissa á því kjarkleysi að geta ekki tekið ákvarðanir um að leysa þann mannfjölda sem var fyrir utan lögreglustöðina upp t.d. með tárágasi og eða öðrum vopnum sem lögreglan hafði yfir að ráða. Orðspor lögreglunnar hafði laskast þar sem hún var ekki þátttakandi í þeirri atburðarás sem hafði farið í gang nokkrum vikum áður, hlutleysi hennar var algjört þótt e.t.v. einhverjir einstaklingar ættu erfitt eins og aðrir þjóðfélagsþegnar.

Aðgerðir lögreglu höfðu sýnt að hún myndi ekki gera neitt og ekki beita tárágasi a.m.k. miðað við það sem hafði gerst á lögreglustöðinni en menn vissu ekki hina réttu ástæðu en hún átti hinsvegar eftir að koma í ljós síðar.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla.

Fréttablaðið 23.11.2008: Lögreglan beitti piparúða í átökum við mótmælendur við Hverfisgötu í Reykjavík seinnipartinn í gær. Mótmælendur réðust inn í lögreglustöðina. „Ég vildi ekki að gott fólk myndi slasa sig við að bjarga einhverjum titlingi. heldur frekar að þessi kraftur yrði notaður í að knésetja þessa ríkisstjórn. Koma á algjörri og almennri og tafarlausri byltingu,“ sagði Haukur Hilmarsson mótmælandi sem í gær var látinn laus úr haldi lögreglu.

Hátt í fimm hundruð manns mótmæltu handtöku Hauks, fyrir utan lögreglustöðina við Hverfisgötu. Mikil reiði var meðal mótmælenda sem reyndu að brjóta sér leið inn til að frelsa Hauk. Fjöldi lögreglumanna, gráir fyrir járnnum, sló skjaldborg um innganginn. Lögreglan beitti piparúða í átökum við mótmælendur. Haukur var handtekinn eftir vísindaferð í Alþingi á föstudagskvöld þar sem hann var eftirlýstur vegna vangoldinnar sektar við innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi. Haukur var sektaður um tvö hundruð þúsund krónur fyrir aðild að mótmælum við álverið á Reyðarfirði árið 2006. Fyrir hálfum mánuði flaggaði Haukur Bónusfánanum á Alþingishúsinu þegar mótmælin á Austurvelli stóðu sem hæst. Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, hafnar því að handtaka Hauks tengist mótmælunum á Austurvelli í gær.

Viðtal við Stefán Eiríksson í Fréttablaðinu 23.11.2008: „Hann var handtekinn út af því að hann var eftirlýstur hjá Innheimtumiðstöð sekta og sakarkomaðar á Blönduósi,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu um handtöku á Hauki Hilmarssyni í fyrradag. „Innheimtumiðstöðin annast fullnustu á sektardómum og slíku. Nú og ef menn sinna ekki þeim kvaðningum sem þeir fá þaðan þá eru þeir skráðir eftirlýstir hjá lögreglu og eru síðan handteknir hvar sem til þeirra næst.“

Haukur hlaut dóm fyrir mótmæli við álverið á Reyðarfirði árið 2006. Að sögn Stefáns nam sektin um 200 þúsund krónum og greiddi lögmaður hans hana í gær og var þá Hauki

sleppt í framhaldinu. „Það er þannig með þenna mann líkt og aðra að ef hann greiðir sekt, sem er aðalrefsingin, þá þarf hann ekki að afplána vararefsinguna.“ Hann segir handtökuna ekki tengjast útifundinum í gær. „Hefðum við eitthvað haft um þetta að segja hefðum við líklega ákveðið að kæla þetta en það er bara þannig að við verðum að bregðast við gagnvart hverjum og einum eins og lög gera ráð fyrir, eitt verður yfir alla að ganga. Það væri líka undarlegt að kippa einum mótmælenda úr umferð til að reyna að koma í veg önnur mótmæli, það sjá það allir að það væri ekki líklegt til árangurs.“

Grein í Fréttablaðinu 23.11.2008: Út með Hauk – inn með Geir. Fimmhundrað manns söfnuðust frammi fyrir lögreglustöðinni í Reykjavík í gær og kröfðust þess að Haukur Hilmarsson yrði látinn laus. Móðir Hauks, [REDACTED] talaði frammi fyrir hópnum og var mikið niðri fyrir. Í samtali við blaðamann Fréttablaðsins lýsti hún sögu sonar síns sem hún segir friðsaman aktivista, sem ekki eigi heima í fangelsi. „Hann hefur staðið í ýmsum mótmælum, meðal annars fyrir umhverfisvernd og gegn stóriðjustefnunni. Hann tilheyrir mörgum grasrótahreyfingum. En hann hefur alltaf mótmælt friðsamlega og er aldrei með ofbeldi.“ [REDACTED] var ánægð með stuðninginn sem mótmælendur veittu syni hennar. „Fólk er að verða reitt sýnist mér,“ sagði hún. „Mér líður illa yfir hvernig lýðræðinu í okkar landi er fyrir komið. Það er hræðilegt að rödd alþýðunnar skuli vera barin niður. En mér finnst frábært að sjá þau viðbrögð sem þetta vekur. Það er greinilegt að fólk er búið að fá nóg af þessu rugli.“ Haukur var látinn laus um sexleitið. Þá var móðir hans á slysadeild ásamt öðrum sem fengu á sig piparúða lögreglunnar.

Viðtal við [REDACTED] í Fréttablaðinu 23.11.2008: „Mig sviður í augun,“ segir [REDACTED], sem fékk piparúða lögreglunnar beint í andlitið. Honum þótti handtaka Hauks svipleg og var því meðal mótmælenda við lögreglustöðina í gær. „Okkur á að vera frjálst að mótmæla og okkur á vera frjálst að segja skoðun okkar. Með því að taka þennan mann sýndi lögreglan það að við erum ekki frjáls. En fólk á ekki að detta það í hug að við sættum okkur við að mótmælendur séu handteknir.“

Viðtal við [REDACTED] í Fréttablaðinu 23.11.2008: Þingmaður Vinstri grænna var við mótmælin við lögreglustöðina í gær. Segir lögreglu ganga of langt. „Þetta var hópur af ungu reiðu fólk og það má vel vera það, ég skil það mjög vel,“ sagði Álfheiður Ingadóttir þegar hún var að koma af mótmælum við lögreglustöðina við Hlemm í gær, þar sem handtöku Hauks Hilmarssonar var mótmælt. Hún hringdi á sjúkrahúsi og hlúði að mótmælendum sem höfðu fengið á sig piparúða sem lögreglan spreypaði til að koma mótmælendum út af lögreglustöðinni. Aðspurð hvort henni þætti mótmælendur haf gengið of langt sagði hún, „mér finnst lögreglan hafa gengið of langt. Það er algjörlega ólíðandi að fólk sé kippt úr umferð fyrir að mótmæla eins og gert var í tilfalli þessa unga manns. Ég skil því vel reiði fólksins, þetta eru félagar hans sem ofbýður þessar aðfarir. Það að handtaka manninn með þessum hætti daginn fyrir útifund er eins og hefndaraðgerð, það er líka ögrun og slík vinnubrögð eru aðeins til þess fallin að ýta undir reiði fólks.“

Viðtal við [REDACTED] í Fréttablaðinu 24.11.2008: Sextán ára stúlka sem tók þátt í mótmælunum við lögreglustöðina. Blindaðist af piparúðanum. Sextán ára stúlka fór á slysadeild í fyrradag eftir að hafa fengið piparúða í andlitið í mótmælum við

lögreglustöðina í Reykjavík. „Við vorum þarna báðar til að mótmæla handtöku Hauks,“ segir Anna Helgadóttir, móðir Jóhönnu Þóreyjar Þórarinsdóttur. „Við vorum búnar að taka þátt í friðsömum mótmælum á Austurvelli og vissum ekki betur en að þetta ættu líka að vera friðsöm mótmæli.“

Að sögn Önnu dróst Jóhanna inn í anddyri lögreglustöðvarinnar með hópnum. Engin leið var fyrir hana að komast aftur út vegna troðnings. Hún fékk úðann beint í andlitið og veltist út með hópnum, beint í fangið á móður sinni, sem fór með hana rակleidis á slysadeildina. Anna segir hana hafa verið sárþjáða. Lögreglan brást við mótmælunum á rangan hátt, að mati Önnu. „Fólk missti hreinlega þolinmæðina þarna. Lögreglan var búin að hafa heilan klukkutíma til að tala við hópinn. En það var eins og verið væri að mótmæla frammi fyrir mannlausu húsi.“

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn segir að lögreglumaður hafi talað frammi fyrir fólkinu með gjallarhorni. Engin leið hafi verið að ræða við það, sökum þess hve mikill æsingur var í mannskapnum. Anna segir ekki hafa orðið vör við lögreglumann.

Grein í Morgunblaðinu 24.11.2008: Reyndu að frelsa mann úr varðhaldi. 500 manns mótmæltu handtöku á aðgerðasinna fyrir utan lögreglustöðina við Hverfisgötu. Lauk með brotnum rúðum, húsbroti, piparúða og stimpingum. Mannleg mistök voru undanfari.

Mistök hjá innheimtumiðstöð sekta- og sakarkostnaðar og óvarleg vinnubrögð lögreglu voru undanfari þess að gert var áhlaup á lögreglustöðina á Hverfisgötu á laugardag. Annars vegar fékk Haukur Hilmarsson aðgerðasinni enga boðun í afplánun, vegna mannlegra mistaka hjá innheimtumiðstöðinni. Það kom fram í fréttatilkynningu þaðan í gær. Boðun á að senda skv. 71.gr. laga um fullnustu refsinga. Hún var ekki send.

Það skýrir að hluta til hörð viðbrögð aðstandenda Hauks. Þeim sýndist ákvörðun lögreglu vera geðþóttaákvörðun. Í öðru lagi tók lögreglan ekki mið af stemmingu í samfélaginu, þegar hún handtók þekktan mótmælanda daginn fyrir skipulögð mótmæli. Sú ákvörðun hefur vakið hörð viðbrögð og margir sagt hana hafa annarlegan tilgang. Hörður Torfason mótmælandi segir m.a. setja stórt spurningarmerki við þessa handtöku.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, neitar því ekki að handtakan hafi verið illa tímasett. „Ég get alveg tekið undir að þetta hefði mátt vera með öðrum hætti. Hins vegar var þessi maður ekki undir neinu sérstöku eftirliti hjá okkur. Þess vegna fór bara með hann eins og alla aðra sem eru eftirlýstir. Þetta fór ekki í neina sérmeðferð upp á mitt borð eða annarra embættismanna.“ segir Stefán. Hann segir fráleit að handtakan hafi verið gerð til að kæfa niður mótmæli.

Um fimmhundrað manns fóru að lögreglustöðinni eftir fundinn á Austurvelli og kröfðust þess að Haukur yrði látinn laus. Eftir um klukkustundarlöng mótmæli magnaðist reiðin svo tekið var til við að grýta húsið og brjóta upp útidyrnar. Þrjár rúður brotnuðu og komst fólkið að innri hurð anddyrisins. Þar tóku 15-20 lögreglumenn á móti, klæddir hlífðarbúnaði fyrir óeirðir. Þeir sprautuðu piparúða yfir hópinn, ruddu anddyrið og stóðu svo vörð fyrir utan.

Nokkrir leituðu sér læknishjálpar í framhaldinu, vegna piparúðans. Á sama tíma greiddi ónefndur aðili sekt Hauks, sem var tilefni fangelsisvistarinnar, svo honum var hleypt út.

Hörður Torfason skipuleggjandi útifundanna á Austurvelli, fordæmir allt ofbeldi. Hins vegar segir hann að þetta hefði ekki þurft að gerast. Lögreglan hafi í engu svarað mótmælendum og enginn komið út til að skýra málin. Eva Hauksdóttir, móðir Hauks, sem leiddi mótmælin, segir engan einn hafa hvatt til húsbrottsins. Smátt og smátt hafi æsingurinn magnast upp. Hún hafi ekki átt frumkvæðið að því, en ef reiði fólks í þessu samfélagi sé hunsuð grípi það einfaldlega til ráða af þessu tagi.

Alþingi - Stjórnarráð – Háskólabíó, 24. nóvember 2008

Lökenúmer: 007-2008-085036 og 007-2008-085009

Lögreglumenn við störf:

Sveitarstjórnendur: ARM-8737 og KHP-9804. Lögreglumenn aðgerðasveita: **Flokkur 1:** ÞJS-8110, SJ-9814, GRS-0122, HH-0323, BÓ-0405, JÁ-0407, SS-0608, MIE-0623. **Flokkur 2:** AS-9803, GHS-9411, IMI-0234, JPE-0416, BÁ-0514, ÁS-0528, RG-0603, MJ-0712. Aðrir lögreglumenn: PHJ-0746, ÞP-9707, LRG-0747, BÖG-0432

Skipulag:

Ekki var reiknað með stórum mótmælum og áttu lögreglumenn einungis að vera til taks og grípa inn í ef á þyrfti að halda. Fara skyldi eftirlitsferðir framhjá Alþingi og Stjórnarráði fram á kvöld og síðan við Háskólabíó, en þangað kæmu ráðherrar og þingmenn til opins borgaralegs fundar.

Tímalengd aðgerða:

Verkefnið hófst kl. 16:00 og því lauk kl. 23:00. Samtals tóku 23 lögreglumenn þátt í verkefninu og fóru í það 161 tími.

Atvikalýsing

Fundur var boðaður á Ingólfstorgi kl. 16:30. Talið var að um 1.000 manns hafi verið á torginu þegar mest var. Borin var upp tillaga um vantraust á ríkisstjórnina og Alþingi og fóru nokkrir á þingpalla, en allt gekk vel fyrir sig. Ræður fluttar, allt gekk vel og öllu lokið um kl. 17:30. Þá var haldinn fundur í Háskólabíói um kl. 20:00 sem stóð til kl. 22:00. Nokkuð margt fólk, en allt gekk vel fyrir sig eins og áður segir.

Hvernig til tókst

Ekkert markvert og þurfti lögreglan ekki að skipta sér að mótmælendum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Austurvöllur, 29. nóvember 2008

Lökenúmer: 007-2008-086037

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: SE-LH01, HJ-7711, EB-7306, FSB-9312

Vettvangsstjórn: GJP-7607, ÁPS-7415. Sveitastjórnendur: ARM-8737, KHP-9804. Lögreglumenn í aðgerðarhópum: **Flokkur 1:** GJG-0110, PAE-0129, LBP-0248, JBS-0427, ESE-0428, HSP-0604, GBS-0626, BI-0702. **Flokkur 2:** PRJH-9927, SÖS-0126, GR-0106, GHM-0107, HPK-0117, FB-9907, SBA-0602, KPS-0728. **Flokkur 3:** PJS-8110, SJ-9814, GRS-0122, HH-0323, BÓ-0405, ÁJ-0407, GST-0606, BFG-0734. **Flokkur 4:** AS-9803, JG-9116, SG-0227, HBS-0422, AÖS-0529, SS-0608, AFH-0631, ÁS-0632. **UMFD:** RGS-7713, BV-8603, LS-9931, JGP-9709, SHH-9912, BHP-0221, HÁ-9508. Aðrir lögreglumenn: JKP-9506, KIK-8508, HS-6905, ÁÖP-0333, GHG-0505. Sérsvait RLS, gashópur: JM-8616, LJK-0414, GP-0512, ÁRG-0520 og HME-9703, JP-0412, APE-9819, PK-8905.

Skipulag:

Byrjað var á að fara yfir verkefnið með lögreglumönnum í upplestrarsal og skipulagið útskýrt og mælt fyrir um hvernig standa bæri að aðgerðum. Verkefninu var stjórnað af aðgerðarstjórn sem var í sambandi við vettvangsstjórn og sveitarstjórnendur. Umferðardeild lokaði helstum akstursleiðum að Austurvelli fram yfir mótmælafund. Aðgerðaflokkarnir áttu að vera dreifðir um miðborgina og hvergi sýnilegir nema kallað yrði til þeirra. Á vettvangi voru vettvangsstjórar og tveir til þrír aðrir menn. Ákveðið var að vera með eins fáa lögreglumenn sýnilega og hægt var. Slökkviliðið var gert klárt þannig að sjúkrabifreiðar voru klárar nálægt vettvangi og eins með menn inni í Alþingishúsi. Á meðan mótmæli og aðgerðir yrðu í gangi á Austurvelli skyldi umferðardeild vera með eftirlit við helstu stjórnarbyggingar og Seðlabanka. Áfram það fyrirkomulag að lögreglan reyni í lengstu lög að grípa ekki inn í aðstæður nema að vettvangsstjórn og aðgerðarstjórn kalli eftir slíku.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:00 og þeim lauk kl. 16:00. Fjöldi lögreglumann sem komu að verkefninu voru 60 menn. Heildartímafjöldi var 180.

Atvikalýsing

Boðað var til mótmælafundar á Austurvelli kl. 14:00 af Herði Torfasyni, tónlistarmanni. Talið að um 4.000 til 5.000 manns hafi verið á mótmælafundinum þegar mest var. Framan af gekk allt vel fyrir sig. Tvær konur settu upp borð á Austurvelli og á spjaldi stóð hvort fólk vildi segja upp bankaráði Seðlabankans og ráðherrum. Þetta var gert af svo kallaðri neyðarstjórn kvenna. Tveir menn sáuust kveikja í flugeldum á bak við Alþingishúsið. Þegar mótmælafundur var lokið tóku nokkrir sig til að kasta eggjum á Alþingishúsið og þurfti að kalla út menn til að þrifa húsið.

Hvernig til tókst

Almennt séð tókst nokkuð vel til miðað við fjölda fólks og töluverðs titrings og reiði sem gætti á meðal þess. Áfram var haldið að kasta eggjum í Alþingishúsið og virtist það vera orðið hefðbundið þegar fólk safnaðist saman þar fyrir framan.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Stjórnarráðið og Seðlabanki, 1. desember 2008

Lökenúmer: 007-2008-086385

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: SE-LH01, HJ-7711, EB-7306, FSB-9312.

Vettvangsstjórn: GFP-7607, ÁPS-7415, ÓGE-6606, ÁV-7505, ÁS-8213. Sveitastjórnendur: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** GJG-0110, ÞAE-0129, LBP-0248, JBS-0427, ESE-0428, HSP-0604, GBS-0626, BI-0702. **Flokkur 2:** ÞRJH-9927, SÖS-0126, GR-0106, GHM-0107, HPK-0117, FB-9907, SBA-0602, KPS-0728. **Flokkur 3:** ÞJS-8110, GRS-0122, JG-0222, HH-0323, BÓ-0405, ÁJ-0407, GST-0606, BFG-0734. **Flokkur 4:** SJ-9814, IPS-8510, SG-0227, HBS-0422, AÖS-0529, SS-0608, JG-9116, ÁS-0632. **Umf:** BV-8603, JGP-9709, SSH-9912, LS-9931, RHG-0215, LA-0605, ÁF-8812, MS-9017, RGS-7713, EBS-9122, HÁ-9506, BP-0221. Aðrir lögreglumenn: HS-6905, IB-9022, GHG-0505, GPJ-8822, PRG-0116, KIK-8508. **Sérsvait:** 5 lögreglumenn, gas. Þá voru um 15 lögreglumenn af vaktinni í og við vettvanga og um 10 rannsóknarlögreglumenn komu til aðstoðar við Seðlabanka þegar líða tók á atburði.

Skipulag:

Það sem lá fyrir var að um þrjá skilda atburði yrði um að ræða þennan dag. Þurfti að hafa mikinn mannskap í viðbragðsstöðu nálægt vettvöngum og fleiri tilbúna á aðalstöð. Ákveðið var að aðgerðahópar yrðu fjórir og reynt yrði að sýna þá sem allra minnst. Aðgerðarstjórn var í Skógarhlíð þar sem hún myndi hafa yfirsýn yfir atburði og gefa reglulega upplýsingar um ástandið. Vettvangsstjórnar voru tiltækir á vettvöngum og fleirum bætt við ef á þyrfti að halda. Öryggisvörðum í Stjórnarráði og Seðlabanka var gert viðvart og eins Strætó BS tilkynnt að tafir gætu orðið fyrir strætisvagna.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 11:30 og þeim lauk kl. 18:00. Samtals fjöldi lögreglumanna 67 og heildartímafjöldi því um 435,5. Inni í þessum tímum eru ekki þeir sem komu af vaktinni og frá rannsóknardeild.

Atvikalýsing

Tveimur dögum fyrr hafði Eva Hauksdóttir, listamaður og verslunarkona, samband við GJP og óskaði eftir að hann yrði milligöngumaður um að hún fengi að hitta Davíð Oddsson, seðlabankastjóra. Eva rak verslun á Vesturgötu sem seldi „galdra vörur“ og var hún oft kölluð galdranomin vegna þess, en hún er móðir Hauks Hilmarssonar, sem flaggaði Bónusfánanum á Alþingishúsinu þann 8. nóvember sl. Eva sagðist treysta GJP einum til að ná sambandi við Davíð og láta engan vita af ósk hennar því það gæti komið sér illa fyrir hana þar sem hún sagðist vera eins og „móðir“ mótmælanna að undanfögnu. GJP lofaði að kanna þetta. Ræddi hann við Davíð Oddsson og sagði hann það meira en velkomið að taka á móti henni á skrifstofu sinni. Bar GJP þessi skilaboð til Evu Hauksdóttur. Hún sagði að þann 1. desember myndi hún ásamt fleirum vera með gjörning við Stjórnarráðið um hádegisbilið og síðan fara á fund Davíðs Oddssonar.

Það var um kl. 13:32 sem Eva Hauksdóttir mætti fyrir framan Stjórnarráðið, ásamt um átta manns. Var GJP á staðnum ásamt tveimur til þremur lögreglumönnum. Hélt fólkið á fánum, annarsvegar svörtum og hinsvegar rauðum. Eva Hauksdóttir boðaði að hún ætli að vera með „Vargastefnu“ og fór hún með allskonar þulur og særingar. Kastaði hún ásamt fleirum kjötstykki á grasblettinn fyrir framan Stjórnarráðið og eins á Stjórnarráðið. Þegar þarna var komið hafði eitthvað bæst við af fólki og fréttamönnum. Stóð þetta yfir í um hálf klukkustund. Fór þá hópurinn að þessu loknu í átt að Seðlabankanum í fylgd okkar lögreglumanna. Var búið að vara starfsfólk Seðlabanka við því að von væri á mótmælendum við bankann og eins að Davíð Oddsson myndi hitta einn þeirra. Fór GJP með Evu Hauksdóttur að afgreiðsluborði bankans og óskaði eftir því að Davíð Oddsson yrði látinn vita af komu hennar á hans fund. Nokkur hópur mótmælenda hafði komið á eftir okkur inn í anddyri bankas og fór að láta ófriðlega. GJP tilkynnti til aðgerðasveita að ef fólk léti ekki af þessari hegðan yrði að vísa því út með valdi. Nokkrir lögreglumenn komu á vettvang og vísuðu fólkinu út. Í framhaldinu fór Eva ein til fundar við Davíð og eftir þó nokkra stund kom hún til baka. GJP ræddi þá við hana og sagði hún að Davíð væri mjög viðræðugóður maður og hefðu þau átt gott spjall saman. GJP kom á óvart hversu vel hún

talaði um Davíð eftir fundinn, en að því loknu tók hún brúðu, sem átti að líkjast Davíð Oddssyni og var með gjörning sem gekk út á það að hún væri að bera hann út úr bankanum.

Á meðan þetta var allt að gerast við Seðlabankanum fór mótmælaganga af stað frá Hlemmi, sem Sturla Jónsson, vörubifreiðastjóri, stóð fyrir og hafði verið boðað til hennar nokkrum dögum áður. Var þetta ekki fjölmenn ganga og tafðist brottför hennar þar sem beðið var eftir fleirum. Hópurinn fór síðan af stað um kl. 14:05 og ætlaði að ganga að Seðlabankanum. Þegar gangan nálgadist miðborgina töldu lögreglumenn 27 manns í göngunni. Um líkt leyti voru þeir sem höfðu farið inn í anddyri bankans farnir þaðan út. Þegar gangan var komin niður undir Lækjagötu voru um 50 til 60 manns í göngunni. Lögreglumenn voru sendir að Stjórnarráðinu og eins á Arnarhólinn, en þar hafði safnast saman hópur fólks. Talið var að um 1.000 manns hafi verið þar þegar mest var. Einhver fundarhöld áttu sér stað við stytta Ingólfs Arnarssonar og búið var að setja mynd af Davíð Oddssyni yfir andlit Ingólfs. Það var um kl. 15:54 að fólk fór að streyma frá styttni og nærliggjandi umhverfi hennar að Seðlabankanum og þar inn í anddyrið. Ákveðið að fara með einn aðgerðahóp inn í bankann með því að fara í gegnum bílageymslu hans og koma þannig að fólkinu að framanverðu í anddyrinu. Annar hópur lögreglumanna í aðgerðahóp var hafður í Ingólfsstræti við Seðlabankann, viðbúnaður í lágmarki. Þegar þarna var komið voru mótmælendur farnir að kasta eggjum inn í Seðlabankann. Lögreglumenn sem voru við Stjórnarráðið voru því kallaðir á vettvang, en lögreglumenn í umferðardeild sáu um að fylgjast áfram með Stjórnarráðinu.

Ástandið í og við Seðlabankann var þarna orðið mjög eldfimt og lítið mátti út af bregða. Það var um kl. 16:07 að ARM sagðist ætla að gefa skipun um að anddyri bankans yrði rýmt og fleiri aðgerðahópar kæmu inn í bankann. Þá var haft samband við Slökkvilið höfuðborgarsvæðis (SHS) og þeir beðnir um að vera með menn tilbúna nálægt vettvangi. Þá voru sérsveitarmenn hafðir til taks tilbúnir með gas ef rýma þyrfti með miklum þunga. Einhverjir fóru upp á þak bankans. Það var kl. 16:10 sem ARM gaf skipun með gjallarhorni til fólksins að það færi út úr bankanum. Þá voru fleiri lögreglumenn kallaðir á vettvang frá aðalstöðinni við Hverfisgötu. Einhver hreyfing varð á fólkinu í anddyrinu á leið út, en það reyndust sára fáir. ARM hélt áfram að gefa fólkinu skipun um að yfirgefa bankann. Það var kl. 16:17 að ARM, eftir að hafa gefið marg ítrekaðar skipanir um að fólk yfirgæfi bankann, gaf enn og aftur skipun um að fólkið færi úr að öðrum kosi yrði piparúða beitt. Þess þó gætt að of margir lögreglumenn yrðu ekki sýnilegir mótmælendum svo ekki skapaðist verra ástand og þess í stað reynt að skapa okkur rými til að koma fólkinu út án átaka.

GJP fór inn í anddyrið og að glerhurðinni sem skilur að anddyri og afgreiðslu bankans, en lítið þyrfti til að hún gæfi eftir, svo mikill var þrýstingur fólksins á hana. Reyndi GJP að ræða við fólkið og fá það út með góðu og var því ekki illa tekið. Fólkið talaði um að það vildi fara út með einhverri reysn og helst ekki fyrr en eftir einhvern tíma. GJP gaf fyrirmæli um að ekki yrði beitt neinni hörku við að koma fólkinu út. ARM gaf aðgerarhópum skipun í samræmi við það. Var ákveðið að lögreglumenn sem voru utan við bankann, næst aðalinngangi, færðu sig frá. Kl. 16:44 var ARM inni í afgreiðslu bankans, ásamt hópi lögreglumanna úr aðgerðahópnum. Aðaldyr bankans voru því næst stilltar þannig að þær

opnuðust einungis fyrir þeim sem voru á leið út, en ekki inn. Auk þess var hópur lögreglumanna framan við dyr bankans sem gætti þess að þeir sem út fóru færu ekki inn aftur þegar dyrnar voru opnaðar. Með þessu tókst að fækka nokkuð í hópnum í anddyrinu, en samt voru um 100 manns þar inni sem ekki vildu fara út. Var fólkinu gert ljóst að það myndi ekki hitta neinn af bankastjórum bankans og ekkert yrði við það rætt og því til lítils að hanga þarna lengur. ARM náði síðan samkomulagi við þá sem mest höfðu sig í frammi í anddyrinu að ef hann bakkaði með sína lögreglumenn myndu þau yfirgefa anddyrið. Gekk þetta eftir og um kl. 17:08 voru allir famir þaðan út, án þess að til átaka kæmi.

Ákveðið var að aðgerðaflokkur færi að Stjórnarráðinu ef fólkíð myndi halda þangað, en láta lítið á sér bera. Um kl. 17:22 var ástandið í bankanum orðið gott. Þó nokkur sóðaskapur var eftir fólkíð. Hlera, sem er fyrir útidyrnum, var síðan lokað. Ákveðið eftirleiðis, ef búast mætti við mótmælum við bankann, að loka þessum hlera strax svo enginn kæmist inn í bankann þar sem mjög erfitt er fyrir lögreglu að athafna sig þarna.

Fólk tók síðan að streyma úr miðborginni og ekki kom til frekari mótmæla þennan dag.

Hvernig til tókst

Þrátt fyrir afar erfiðar aðstæður, sérstaklega við Seðlabankann, má segja að einstaklega vel hafi tekist til að ná tökum á mótmælendum, án þess að piparúða eða öðrum búnaði lögreglu hafi verið beitt. Reyndi virkilega á þolinmæði lögreglumanna sem sýndu mikinn styrk í erfiðum aðstæðum. Ljóst var að mikill þirringur og reiði var í fólkinu og því mátti búast við enn harðari samskiptum við mótmælendur. Skipulag lögreglunnar gekk algjörlega upp og allir unnu sem einn maður með góðum árangri.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Umsögn [REDACTED]: „Ég var að mig minnir framan af í lögreglubifreið til taks ef á aðstoð þyrfti að halda. Svo kom að fólkíð náði að opna hurð inn í anddyri Seðlabankans. Mitt hlutverk var þá að varna því að fleiri kæmust inn skv. ákvörðun stjórnenda um að ekki ætti að bætast í fjöldan sem fyrir var. Ég man eftir að fólkíð sat á gólfi bankans en nokkrir reyndu að komast inn en tóku því ekki illa þegar þeim var meinað það. Nokkrir fóru út til að tala í síma en komust þá ekki aftur inn þeim til undrunar. Mikið var sönglað inni og því myndaðist hávaði þar. Úr varð að samkomulag var gert við mótmælendur um að lögreglumenn sem voru inni í bankanum drógu sig í hlé og þá yfirgáfu mótmælendur bankan. Ekki skynjaði ég mikla heift í mótmælendum þarna heldur virtist mér þeir ætla að sína staðfestu sína í mótmælum og að þeir væru ósáttir.“

Umsögn [REDACTED]: „Þennan dag vorum við nokkrir staddir í bílageymslu Seðlabankans þar sem nokkrir mótmælendur höfðu safnast saman. Það kom ekki til neinna aðgerða en það þurfti aðeins að ýta við mannskapnum þannig að Davíð Oddson og fleiri starfsmenn kæmust til og frá vinnu.“

Það bætti svo í fjöldan þegar líða fór á og úr varð að minn flokkur var kallaður upp til að verja anddyri Seðlabankans. Það fór þannig að fólk streymdi inn í anddyrið þar sem

aðeins glerhurð skildi okkur að frá mótmælendum. Ég man að ég velti því fyrir mér hvað fólk ætlaði að áorka með því að ryðjast inn í Seðlabankann.

Þegar ég kom upp og sá fjöldan sem hafði safnast saman í anddyrinu sá ég fyrir að nú myndi allt fara til fjandans. Við settum upp hjálma hið snarasta, en fram til þessa höfðum verið í fullum galla óeirðargalla án hjálma.

Nú ætla ég að leyfa mér að rýna til gagns. Þegar hér er komið við sögu höfðum við tekið okkur stöðu u.þ.b. tveimur metrum frá svignandi glerhurðinni með þennan fjölda fólks fyrir framan okkur. Arnar Marteins (ARM), stjórnandi á vettvangi, óskaði eftir leyfi til að nota piparúða gegn mótmælendum til þess að rýma andyrið og afstýra frekari hættu. En mótmælendur lögðu hart að glerhurðinni og virtist sem hún ætlaði að gefa sig. ARM fékk þau svör frá aðgerðastjórn, sem staðsett var í Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar í Skógarhlíð, að nota ekki gas nema í ýtrustu neyð. Tekið skal fram að aðgerðastjórn hafði ekki aðgang að öryggismyndavélum líkt og á Austurvelli. Var hún því verr búinn en áður til þess að taka upplýsta ákvörðun um aðgerðir á vettvangi. Þótti mér það skjóta skökku við að ARM sem sveitarstjóri óeirðarflokkanna á staðnum hefði það ekki í hendi sér að gefa skipum um valdbeitingu við hæfi.

Mér fannst með ólíkindum að þarna skuli ekki hafa slegið í brýnu þar sem umrædd glerhurð gat gefið sig hvenær sem er. Þá er meiri hætta af gleri en öðru föstu efni sem skýrir sig sjálft.

Þegar Geir Jón Þórisson (GJP) gekk svo inn í anddyrið til málamiðlana jukust áhyggjur mínar. Taldi ég víst að nú myndi kom til aðgerða og valdbeitinga til að ná GJP úr mannfjöldanum. En mér fannst mótmælendur vera tilbúnir til að ganga eins og langt og þeim sýndist.

GJP virtist hafa náð einhverjum tengslum við fólk þannig ekki kom til átaka. Þó leyfi ég mér að segja að okkur leyst ekkert á þá ákvörðun GJP að koma sér í þá aðstöðu að standa einn hinu megin við glerið meðal fólks sem þessa daganna virtist ekki bera nokkra virðingu fyrir lögum og reglum samfélagsins. Má spyrja sig hvort GJP hafi verið með almættið alfarið á sínu bandi.

Eitt er víst að adrenalínbirgðirnar sem höfðu byggst upp fram að þessu fengu ekki að "njóta sín."

Þá var þetta einn af eftirminnilegustu dögum þessa vetrar fyrir utan 20-22 jan þar sem við stóðum í ströngu á Austurvelli.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Úr Morgunblaðinu 2.12.2008: Hrópuðu „Davíð burt“. Rúmlega hundrað manns réðust inn í anddyri Seðlabankans eftir útifund á Arnarhóli. Kröfðust þess að fá að ræða við Davíð Oddsson. Mótmælendur varaðir við að lögreglan gæti beitt tágasi.

„Nú förum við í Seðlabankann og tölum við Davíð,“ hrópaði einn fundargesta á Þjóðfundinum sem haldinn var við Arnarhól síðdegis í gær. Í kjölfarið réðust yfir hundrað manns inn í anddyri Seðlabankans. Barið var á glugga í fremra anddyri, nokkrum eggjum kastað og málningu skvett. Krafiðist rólkið þess að fá að ræða við Davíð Oddsson seðlabankastjóra og ósk hópsins var skýr. „Davíð burt,“ var hrópað. Mótmælendum var hleypt inn í innra anddyrið að glerhurð sem hópur óeirðarlögreglumanna stóð bak við. Úti fyrir biðu fleiri lögreglumenn og sjúkrabílar voru til taks.

„Við vildum Davíð burt. Mjög einföld krafa og það er ekkert hlustað á þessa kröfu. 90% þjóðarinnar vildu hann burt,“ sagði Guðjón Heiðar Valgarðsson, einn mótmælenda, í samtali við mbl.is. Mótmælendur voru oftast en einu sinni varaðir við því að lögreglan gæti beitt táragsi. Settist fólk þá ýmist á gólfið eða lyfti upp höndum til að sýna að það væri óvopnað. Upp úr klukkan fimm var svo lokað á að fólk kæmist inn í bankann og innan dyra sömdu mótmælendur við lögreglu. Legði hún niður vopn myndu mótmælendur fara. Er fallist var á þá kröfu leystust mótmælin upp. „Lifi fólkið. Við komum aftur,“ hrópuðu einhverjir úr hópi mótmælenda við komuna út úr bankanum og einn brá sér upp á þak Seðlabankans. „Við stóðum föst á okkar máli. Þetta voru friðsamleg mótmæli og lögreglan féllst á okkar tillögu,“ sagði ein stúlka í hópnum er hún yfirgaf anddyrið.

Úr Fréttablaðinu 2.12.2008: Hitti Davíð og henti líkneski af honum út. Hundruð mótmælenda söfnuðust í anddyri Seðlabankans í gær og kröfðust afsagnar Davíðs Oddssonar. Skömmu áður hafði Eva Hauksdóttir fengið að hitta seðlabankastjórana þrjá og borið Davíð út með táknrænum hætti.

Hundruð mótmælenda söfnuðust saman í anddyri Seðlabankans eftir mótmælafund fyrir utan Stjórnarráðið síðdegis í gær og kröfðust þess að Davíð segði af sér. Mótmælendur sungu samanstöðusöngva og kölluðu Davíð Burt! Davíð burt!.

Mótmælendur dvöldu í Seðlabankanum í nær tvær stundir. Lögreglan hótaði að beita gasi en ekki kom til þess. Tugir lögreglumanna röðuðu sér upp fyrir innan innstu glerhurðina í Seðlabankanum og stóðu þar í þéttri fylkingu með lögregluhjálma á höfði og plastbrynjur en smám saman slankaði á varnarbrynju lögreglumanna.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík, vildi ekki gefa upp hversu margir lögreglumennirnir hefðu verið, hvaða vopn lögreglan hafi verið með eða hvaða gas hafi átt að nota. „Mótmælendur voru varaðir við að ef mótmælin gengju lengra og menn myndu ryðjast inn þá gætu þeir átt von á gasi. Það var búið að undirbúa það.“ Eftir hátt í tveggja tíma mótmæli komu mótmælendur með þá sáttatillögu að ef lögreglan færi þá myndu mótmælendur fara líka. Lögreglan mætti skilja þrjá menn eftir til að fylgjast með að mótmælendur færu. Lögreglan yfirgaf samstundis anddyrið. Mótmælendur yfirgáfu bygginguna eftir að hafa fagnað sigri.

Áður en mótmælendur komu í Seðlabankann hafði Eva Hauksdóttir, sem titlar sig norn, flut Vargastefnu fyrir utan Stjórnarráðið. Eva hitti Geir Jón fyrir utan Seðlabankann og bað hann að hjálpa sér að ná tali af seðlabankastjóra. Þau hittu seðlabankastjórana þrjá og Eva skoraði á Davíð að segja af sér. Hún segir að hann telji sig ekki bera neina ábyrgð á

því hvernig komið er og hann ætli ekki að víkja. Eva bar Davíð með táknrænum hætti út úr Seðlabankanum. „Ég var með brúðu í líki Davíðs og henti henni út úr bankanum. Það hefur táknrænt gildi. Hann mun fara,“ sagði Eva Hauksdóttir.

Austurvöllur, 6. desember 2008

Lökenúmer: 007-2008-087761

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: SE-LH01, EB-7306, FSB-9312.

Vettvangsstjórn: GJP-7607, ÁPS-7415, ÓGE-6606. Sveitastjórnendur: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** GJG-0110, PAE-0129, LBP-0248, JBS-0427, ESE-0428, HSP-0604, GBS-0626, BI-0702. **Flokkur 2:** UMÁ-0103, GHS-9411, JG-9116, IMI-0234, HBS-0422, RG-0603, MJ-0712, HH-0436. **Flokkur 3:** AS-9803, PRJH-9927, BB-9934, SÖS-0126, GR-0106, GHM-0107, HK-0117, FB-9907. **UMFD:** HPG-9801, ÁB-8218, IPS-8510, KA-0203, SG-0227, BV-8603, JGP-9709, SSH-9912, LA-0605, HG-0429. Aðrir lögreglumenn: HS-6905, GHG-0505, GPJ-8822, LH-0132.

Skipulag:

Ákveðið að aðgerðarstjórn yrði í Skógarhlíð og að hún myndi fylgjast með myndavélum í miðborginni og vélum sem tilheyra Alþingi og gæfi vettvangsstjórn upplýsingar. Vettvangsstjórnar skiptu með sér stöðum við Austurvöll, GJP og ÁPS verði fyrir framan Alþingi og fylgist með framhlið og Austurvelli en ÓGE fylgist með bakhlið Alþingis og Alþingisgarðinum. Leifur Halldórsson verði inni í Alþingi og fylgist með myndavélum þar. Ákveðið að þrjú lögreglumenn verði með ÓGE en fimm lögreglumenn með GJP og ÁPS önnur löggæsla verði helst ekki sýnileg. Einn aðgerðahópur verði staðsettur í ómerktri bifreið við Landakotstún og annar hópur bak við MR. Umferðardeild loki Skólaláru við Lækjargötu og Vonarstræti við Templarasund. Þrjú óeinkenndir rannsóknarlögreglumenn verði á ferðinni um svæðið. Sérsvéit manni bíl með tilheyrandi búnaði. SHS verði með tvo menn í þinghúsinu. Skipun dagsins, eins og alla aðra daga, að gera allt til að leysa verkefnið án átaka og að allir haldi ró sinni. Fyrirmæli um aðgerðir koma frá aðgerðarstjórn í samráði við vettvangsstjórn.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir lögreglu hófust kl. 13:00 og þeim lauk kl. 17:00. Að verkefninu komu 46 lögreglumenn og heildartímafjöldi var um 184.

Atvikalýsing

Hefðbundinn mótmælafundur var boðaður af Herði Torfasyni á Austurvelli kl. 14:00. Austurvöllur var mjög blautur eftir úrkomu næturinnar og fátt fólk mætti til að byrja með, en talið að þegar mest var hafi um 200 til 300 manns mætt á staðinn. Fylgst var með

ákveðnum einstaklingum sem höfðu haft sig mest í frammi við Seðlabankann þann 1. desember sl., m.a þeim [REDACTED] og [REDACTED]. Um kl. 15:08 sást til tveggja piltá klifra upp á svalir fyrir ofan aðalinngang Alþingishússins (gamli inngangurinn) og setja þar upp skilti sem á stóð „Elskaðu landið þitt“ og tilvísun í netslóð. Við athugun reyndist um að ræða auglýsingu á sönglagi sem finna má á netinu. Fóru þeir við svo búið niður aftur, en skildu skiltið eftir. Ekki þótti ástæða til að aðhafast neitt frekar. Um þetta leyti voru komnir um 1.000 gestir á Austurvöll, en fundi lauk kl. 15:31. Nokkrar eftirlegukindur voru þá á Austurvelli og var fylgst með þeim til að aðgæta hvort nokkur tæki upp á einhverjum leiðindum. Siggi „pönk“ hafði verið með súpupott á Austurvelli og var á leið í burtu ásamt restinni af fólkinu. Kl. 16:02 tilkynnti GJP að kalla mætti alla lögreglumenn inn á stöðina.

Óeinkennir lögreglumenn fengu afhenta dreifimiða á Austurvelli, þar sem fólk var hvatt til að mæta á Arnarhól kl. 07:00 n.k. mánudag og grípa til aðgerða. Eftirfarandi texti var á þessum dreifimiðum: „TÍMI FYRIR AÐGERÐIR! Það er brýnt og þarft að koma saman, hlusta á ræður og ræða andóf okkar. Það er nokkurs konar „fyrsta stig“ í baráttu okkar fyrir breytingum. En nú er komið nóg af því. Flest allt sem segja þarf hefur verið sagt, við vitum öll hversu mikið óréttlæti hefur viðgengist og hversu mikið óréttlæti á að beita okkur í framtíðinni ef stjórnvöld og aðrir ráðamenn verða ekki stoppaðir. Nú er kominn tími fyrir „annað stigið“ í baráttu okkar. Nú er kominn tími fyrir aðgerðir. Hópur fólks ætlar að hittast mánudagsmorgun kl. 07 á Arnarhóli og raunverulega framkvæma þær ágætu hugmyndir sem fram hafa komið um hvernig megi ná fram réttlætinu. Ekki láta þig vanta, vertu með í aðgerðum gegn yfirvaldinu, vertu með í Byltingunni!“

Hvernig til tókst

Allt gekk friðsamlega fyrir sig þó nokkur hiti væri í fólki, en ekkert það gerðist sem kallaði á afskipti lögreglu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á frekari umfjöllun

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Engin sérstök fjölmiðlaumræða eftir þessi mótmæli.

Arnarhóll - Seðlabanki og Alþingishúsið, 8. desember 2008

Lökenúmer: 007-2008-088068 og 007-2008-088226

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: HJ-7711 og EB-7306.

Vettvangsstjórn: GJP-7607 og stjórnendur aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804 **Flokkur 1:** PJS-8110, GHM-0107, HH-0323, ÁJ-0407. **Flokkur 2:** SJ-9814, GRS-0122, BÓ-0405, GST-0606.

Lögreglumenn sem komu að innrásinni í Alþingishúsið: SB-0517, APS-7415, GHG-0505, IB-9022, ESE-0428, GKS-8524, JGS-9932, LH-0132, SSH-0738, DBR-8607, BE-8214, GPT-0232, ER-0250, PRJH-9927, AMF-0418, EV-0329, JG-9116, ÁÖG-0333, HR-0312, KÆK-0204, MG-0205, ÁS-8213, JVA-0709, SMA-9829. Vakthafandi lögreglumenn voru fengnir til viðbótar í verkefnið allt eftir þörfum á hverjum tíma. Ekki tilgreindur ákveðinn fjöldi.

Skipulag:

Boðuð höfðu verið mótmæli á Arnarhóli og við Seðlabanka. Fylgst var með bloggi og netskrifum til að átta sig á hversu margir myndu melda sig í mótmælin og nokkuð mið tekið af því þegar undirbúningur lögreglu fór fram. Ekki var búist við miklum fjölda mótmælenda, en þó nauðsynlegt að hafa ákveðinn hóp lögreglumanna til taks. Aðgerðarstjórn var virkjuð í Skógarhlíð, en hún fylgdist með eftirlitsmyndavélum í miðborginni og miðlaði upplýsingum til útivinnandi.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir fyrri atburðar hófust kl. 06:00 og lauk kl. 10:00. Fjöldi lögreglumanna sem beint komu að verkefninu voru 12 menn og heildartímafjöldi samtals 156. Seinni atburðurinn hófst kl. 15:01 og stóð til kl. 19:00. Að því verkefni komu 24 menn og heildartímafjöldi um 95.

Atvikalýsing

Lögreglan undirbjó sig fyrir mótmælin á Arnarhóli, sem boðuð höfðu verið með dreifimiðum, þann 6. desember sl. Eins hafði einhver hópur gefið það í skyn í „netheimum“ að það ætlaði að mæta í mótmælin. Lögreglan hafði tvo hálfu flokka í viðbragðsstöðu. Ekki var búist við neinum átökum. Fólk tók að safnast saman á Arnarhóli um kl. 06:58 og fljótlega voru komnir um 25 til 30 manns á svæðið. Fólk var töluvert á hreyfingu, en ekkert sérstakt í gangi. Allt virtist ætla að fara fram með friðsömum hætti. Það var síðan um kl. 10:00 sem sérstök löggæsla vegna þessa atburðar var leyst upp.

Seinni atburðurinn varð í Alþingishúsinu, þegar hópur fólks ruddi sér leið inn í húsið og á áheyrendapallana. Enginn undanfari var að þessum atburði heldur bærust neyðarboð frá Alþingi. Lögreglan brást mjög fljótt við, ásamt öryggisvörðum Alþingis, lögreglumanni sem að staðaldri er þar staðsettur og tveimur lögreglumönnum sérsveitar, sem þar voru við gæslustörf. Þessi atburður gerðist kl. 15:01 og var allt tiltækt lögreglulið sent á vettvang. Því var nokkuð fjölmennt lið lögreglu komið á staðinn skömmu eftir að atburðir gerðust. Samkvæmt frásögn starfsfólks Alþingis hafði fólk rutt sér leið inn í húsið um bakhurð, gengt Dómkirkjunni, þar sem gestum er leyft að koma sem vilja fara á áheyrendapalla þingsins. Fólk sem ruddist inn hafði ýtt við og slasað starfsmann þingsins og augljóst var að einhverjir ætluðu inn í þingsalinn. Þar var fyrir áðurnefndur lögreglumaður, sem

daglega sinnir öryggisgæslu í þinginu. Hann náði með harðfylgi sínu að koma í veg fyrir að nokkur kæmist inn í þingsalinn. Hann naut aðstoðar starfsmanna þingsins og áðurnefndra sérsveitarmanna. Þegar fyrstu lögreglumenn komu á vettvang voru stigagangar frá bakhurðinni fullir af fólki og töluverður æsingur.

Kl. 15:24 var tilkynnt að fyrstu þrjú mótmælendur sem handteknir voru yrðu fluttir á aðalstöðina við Hverfisgötu. Alls voru handteknir átta mótmælendur sem voru þau [REDACTED]

[REDACTED]. Mál þessara handteknu einstaklinga var afgreitt á lögreglustöðinni við Hverfisgötu með því að rannsóknarlögreglumenn tóku af þeim framburðarskýrslur. Formleg kæra barst síðan frá Alþingi þar sem þetta fólk var kært fyrir húsbrot og fyrir að hafa truflað starfsfrið Alþingis.

GJP tilkynnti að ósk hafi borist frá þingforseta að hefja skyldi brottflutning á fólki úr þinghúsinu. GJP tilkynnti að ARM væri á leiðinni á vettvang og myndi hann taka við stjórn aðgerða. Kl. 15:55 tilkynnti ARM að allir mótmælendur væru komnir út úr þinghúsinu.

Eftir að ró komst á í Alþingi tóku nokkrir mótmælendur, sem ekki höfðu verið handteknir, að leggja leið sína á lögreglustöðina við Hverfisgötu og létu ófriðlega. Ákvað SE lögreglustjóri að bjóða þeim inn í fundarsal á stöðinni og ræða þar við fólkið og gefa því tækifæri á að koma með sínar athugasemdir. Samtals var um að ræða 23 mótmælendur. Lögreglan útskýrði aðkomu sína og hvers vegna gripið var til handtöku á þeim sem ekki hlýddu fyrirmælum lögreglu um að yfirgefa staðinn. Á vettvangi var sú skipun gefin út, að þeir sem strax yfirgæfu vettvang yrðu ekki handteknir og líkur á að mál þeirra hefðu ekki frekari eftirmála. Þeir sem ekki færu að fyrirmælum lögreglu um að yfirgefa vettvang yrðu handteknir. Við það var staðið eftir töluvert þóf á vettvangi.

Tveir lögreglumenn urðu fyrir skakkaföllum í þessum átökum. [REDACTED] beit lögreglumann AÖS-0529 í vinstri hendi og sparkaði síðan ítrekað í lögreglumann ÁS-0632 áður en hann var handtekinn. Einnig reyndi hann að slá lögreglumann HBS-0422. Þá var stálpotti með vökva í kastað í lögreglubifreið

Hvernig til tókst

Fyrri atburðurinn á Arnarhóli og við Seðlabankann gekk mjög vel fyrir sig og því kom ekki til neinna afskipta lögreglu. Seinni atburðurinn kom mjög á óvart og ljóst að lögreglan varð að taka mjög ákveðið á því sem gerðist inni í Alþingishúsinu. Hópur mótmælenda hafði ruðst þar inn og ætlaði sér að stöðva þingfund í þingsal. Hópurinn gerði afgerandi tilraun til þess, en með harðfylgi lögreglu og starfsmanna þingsins, var hægt að afstýra því. Ljóst var að margir þingmenn voru mjög óttaslegnir yfir atburði þessum og óttuðust hreinlega það versta. Það er ljóst að litlu mátti muna að illa færi, en fumlau og ákveðin framganga lögreglu kom í veg fyrir það. Málið fékk síðan mikla umfjöllun og varð að dómsmáli. Það skal tekið fram að Kristinn Pedersen, varðstjóri, sinnir öryggisgæslu á vegum LRH í Alþingi og við innrásina slasaðist hann og þurfti að leyta á slysadeild.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Árni Þór Sigmundsson, aðstoðaryfirlögrelupjónn tók eftirfarandi viðtal við [REDACTED], sem starfar daglega í Alþingi:

[REDACTED] var við störf sín í þinghúsinu þann 8. desember um klukkan 15. Hann hafði sinnt hefðbundnum störfum áður en fyrirhugaður þingfundur hófst. [REDACTED] heyrði í talstöð þegar öryggisvörður þingsins benti á að hópur manna væri að safnast saman við innganginn frá Templarasundi þaðan sem gengið er inn í húsið og á þingpallana. Hann ásamt tveimur starfsmönnum þingsins fór þegar á staðinn og þá hafði hópur fólks ruðst inn í húsið og var að reyna að komast upp á pallana.

[REDACTED] sagðist hafa hindrað fólkið í að komast upp á þingpallana ásamt þeim sem með honum voru og þegar þetta gerðist hafði bæði hann og aðrir þingverðir verið búnir að þrýsta á neyðarhnapp og koma boðum til lögreglunnar. Í hönd fóru um það bil 15 mínútur þar sem [REDACTED] og félagar vörðust í stiga þinghússins og gerðu það sem þau gátu til þess að hindra fólkið í að komast upp á þingpallana eins og það ætlaði sér. Hann var með hefðbundinn búnað lögreglumanna bæði kylfu og piparúða og kvaðst hafa hótað að beita þessum tólum léti fólkið ekki af áformum sínum. Ekki hafi þó komið til þess að hann hafi notað þennan búnað.

[REDACTED] sagðist bæði hafa orðið fyrir höggum og spörkum á meðan á þessu stóð, auk þess sem honum hafi verið hótad öllu illu ef hann hleypti fólkinu ekki upp á þingpallana. Í átökunum fingurbrotnaði hann á þumal fingri hægri handar auk þess sem hann kenndi eymsla í hné og hálsi. [REDACTED] fór í aðgerð í upphafi ársins 2012 þar sem reynt var að lagfæra á honum fingurinn.

Þegar lögreglan kom á vettvang þurftu fyrstu lögreglumennirnir að fara í gegnum þinghúsið til þess að komast upp á þingpallana en um sama leyti hafði einum mótmælendanna tekist að komast framhjá [REDACTED] og þingvörðunum uppá pallana. [REDACTED] fór á eftir honum og dró hann til baka án þess að maðurinn veitti teljandi mótspymu. Honum tókst þó að vekja á sér athygli með hrópum og köllum áður en hann var dreginn á brott.

Lögreglumenn fjarlægðu í framhaldinu mótmælendur úr þinghúsinu og telur [REDACTED] að atburðarásin í heild hafi varað í um það bil einn og hálfan tíma þar til lögreglan náði tökum á ástandinu. [REDACTED] taldi að um þrjú tugir manna hafi ruðst inn í þinghúsið þótt ekki hafi þeir allir haft sig mikið í frammi.

[REDACTED] sagði að fatnaður hans hafi verið skemmdur, tölur slitnar á skyrtunni hans og talstöð sem hann bar hafi verið sambandslaus þar sem míkrofónn sem tengdur var við hana hafi verið slitinn úr sambandi.

Mikil mildi var að ekki hlutust frekari meiðsl í þessum atgangi en raun varð á.

██████████

“Ég hef, í stuttu máli, verið beðinn að greina frá upplifun minni er varðar mál lögreglu nr. 007-2008- 88226. Þetta gerðist þann 08.12.2008. en þá ruddist hópur fólks inn á Alþingi Íslendinga og olli þar töluverðum usla.

Þennan dag í byrjun desembermánaðar var ég við störf í gömlu ofbeldisbrotadeild LRH, R-3, við Hverfisgötu í Reykjavík. Það var vel liðið á daginn þegar óljós tilkynning barst að hópur manna hefði ruðst inn í Alþingishúsið og óskað væri eftir skjótri aðstoð lögreglu.

Þegar vorum við nokkrir rannsóknarlögreglumenn úr R-3 sendir á vettvang og fengum upplýsingar á leiðinni um stöðu mála en fyrstu upplýsingar voru að einhverjir tugir manna væru innadyra og til mikilla vandræða. Einnig að til einhverra átaka hefði komið inni í þinghúsinu við starfsmenn Alþingis og lögreglu.

Á leiðinni varð okkur því ljóst að málið væri alvarlegt og óljóst um framvindu þess. Þegar við komum á vettvang var þar þegar fjöldi lögreglumanna mættur á staðinn og lögreglan búin að ná tökum á ástandinu. Í kjölfarið hófst brottfluningur mótmælenda úr þinghúsinum og gekk það greiðlega en nokkurn tíma tók að koma á ró á vettvangi.

Þegar frekari upplýsingar um gang málsins tóku að berast kom m.a. í ljós að lögreglumenn og starfsmenn Alþingis höfðu slasast í átökum við mótmælendur. Málið vakti mikla athygli á Íslandi og jafnvel víðar og var síðar rekið fyrir dómstólum.

Ég upplifði það nokkuð sterkt eftir þetta mál að mótmælin, sem höfðu þó verið nokkuð öflug fram að þessu, voru að færast á nýtt stig. Mótmælendur virtust ekki ætla að láta sér hin hefðbundnu mótmæli duga heldur virtust reiðubúnir að ganga fram með meira offorsi og óvenjulegri hætti en áður hafði þekkst.

Ég skynjaði að viðbrögð lögreglu, eftir þetta tvík, voru með svipuðum hætti og undirbúningur miðaðist við að búast mætti við „skærum“ frá mótmælendum sem væru óhefðbundnar og öfgafyllri en þekkst hafði á Íslandi í langan tíma og sú varð síðar raunin.

Einnig skynjaði ég vel hjá lögreglumönnum að búast mætti við að til frekari og harðari átaka gæti komið við mótmælendur og það var staða sem hugnaðist lögreglumönnum illa. Við vorum hins vegar mjög vel undirbúnir og minnisstæt hve allar aðgerðir lögreglu voru vel undirbúnar og öfgalausar. Í raun er það með ólíkindum að í allri orrahríðinni síðla árs 2008 og í upphafi árs 2009 skyldi enginn, hvorki borgarinn né lögreglumenn, slasast alvarlega.”

Umsögn ██████████: „Hér eru nokkur atriði sem sitja eftir hjá mér eftir mótmælin í kjölfar kreppunnar. Þegar ég mætti á fyrsta degi við Alþingishúsið og hitti þar fyrir lögreglumenn sem voru að verja Alþingi þá fann ég fyrir miklu stolti að tilheyra þessum hópi manna. Það var mikið sem gekk á en menn voru að standast álagið með ótrúlegri hætti. Að standa fyrir framan Alþingishúsið í 12 – 16 tíma og láta grýta sig með grjóti, flugeldum og öðrum

viðbjóði var skráttin lífsreynsla, en aldrei kom upp í hausinn á manni að maður ætti að vera að gera eitthvað annað en að sinna skyldum sínum. Maður gerði það sem manni var sagt að gera og gerði það þar sem maður tilheyrði góðum hópi manna sem var með góðan „fyrirliða“. Á tíma fannst manni þetta vera eitthvað óraunverulegt að standa fyrir framan Alþingi og láta grýta sig af „venjulegu fólki“ en áfram stóð maður skyldu sína án þess að efast.

Þegar maður fékk hvíld eftir langa stöðu fyrir utan Alþingishúsið þar sem maður hafði verið grýttur með öllu því sem kastað var að okkur, gekk maður stoltur inn í Alþingisbygginguna. Þar sem maður var orðinn þreyttur í skrokknum eftir langa „baráttu“ fyrir utan Alþingishúsið voru sjúkraliðar inni í húsinu sem gáfu okkur verkjalyf og bólgueyðandi og þáði maður það með þökkum og hélt „baráttunni“ áfram. Þegar maður var í hvíldinni komu Alþingismenn úr næstum öllum flokkum og þökkuðu fyrir og sögðu okkur að fara varlega. Þó var viðmót hjá einum stjórnsmálaflokknum mjög skrítið. Man ég sérstaklega eftir því þar sem lá á gólfinu (þar sem fjölmiðlar taka viðtöl) til að hvíla á mér mjóbakið þar sem alþingismaður kom gangandi niður stigan (úr mótuneyti Alþingis) og horfði yfir hópinn sem var í hvíld. Útlit okkar var ekki glæsilegt eftir allt það sem búið var að ganga á fyrir utan en þessi alþingismaður (VG) strunsaði framhjá okkur án þess að yrða á okkur, var eins og við værum eitthvað fyrir honum. Var þetta mjög skrítið tilfinning þar sem flestir Alþingismenn höfðu rætt við okkur og jafnvel staðið í umræddum stiga og kallað yfir hópinn og þakkað okkur kærlega fyrir en það gerði Forseti Alþingis.

Það skrítna er að þótt maður hafi staðið í vinnu í ca. 20 klukkutíma þurfti að skipa mönnum að fara heim í hvíld þar maður taldi sig eiga að vera þar sem maður var. En eftir 2.5 tíma svefn var maður mættur aftur „ferskur“ í næstu lotu og var hún í svipuðum dúr en endaði þó með því að notað var táragas á Austurvöll. Þegar sú ákvörðun var tekin held ég að hópurninn hafi þjappast enn meira saman þar sem menn vissi að æðstu menn lögreglunnar voru tilbúnir að heimila þessa valdbeitingu sem allir gerðu sér grein fyrir að var mjög stór og mikil ákvörðun.

Strax eftir mótmælin fann maður fyrir hvað stemningin innan lögreglunnar var góð, menn stolti yfir því sem öll lögreglan hafði afrekað undir mjög mikilli pressu. Menn sáu hversu vel þjálfaðir við erum á öllum stigum lögreglunnar og hvað við lögreglumenn þolum mikið áreiti og álag í langan tíma án þess að bugast eða missa sig.

Þessa punkta skrifar stoltur lögreglumaður sem stóð vaktina í mótmælunum.“

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Úr Morgunblaðinu frá 9.12.2008: Átök í Alþingishúsinu. Þingvörðum var rutt úr vegi þegar hópur fólks vildi komast á þingpalla. Þingvörður og tveir lögreglumenn slasaðir.

Þingfundur hófst í gær eins og hver annar fundur. Siv Friðleifsdóttir steig í pontu í þeim tilgangi að beina fyrirspurn til fjármálaráðherra en komst ekki langt því ofan af þingpöllum mátti heyra hrópað: „Drullið ykkur út!“ karl og kona voru fjarlægð af pöllum en héldu

áfram að hrópa, m.a. að ríkisstjórnin ætti að víkja. Forseti Alþingis hugðist halda áfram en þegar í ljós kom að á milli 20 og 30 manns voru í stigaganginum sem liggur upp að þingpöllum var hlé gert á fundi. Þingvörðum hafði verið rutt úr vegi og hópurrinn neitaði að yfirgefa stiganganginn.

Mótmælendur héldu því hins vegar fram að þeir hefðu eingöngu ætlað að fara upp á þingpalla til að hlýða á umræður en verið varnað inngöngu. Lögreglu dreif að úr öllum áttum á bæði merktum og ómerktum bílum og lögregluborði var strengdur í kringum inngang áhorfenda að þinghúsinu. hróp voru gerð að lögreglu og hún m.a. sökuð um fasisma. Eftir um klukkustund var búið að rýma húsið og að sögn Stefáns Eiríkssonar, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, voru sjö mótmælendanna handteknir vegna gruns um ofbeldi og fluttir til skýrslutöku. Mótmælendurnir huldu andlit sitt.

Einn þingvörður þurfti að leita á slysavörðstofu eftir að hafa verið hrint á ofn þegar ruðst var upp stiganginn og tveir lögreglumenn þurftu aðhlyningu þar sem þeir höfðu verið bitnir í hendur og bak. „Þarna var líka fólk sem gerði ekkert annað en að fara inn í þinghúsið,“ útskýrir Stefán og bætir við að það hafi fengið að fara frjálst ferða sinna.

Þingmönnum og starfsfólki Alþingis var mjög brugðið en samkvæmt heimildum Morgunblaðsins á þetta tilvik sér enga hliðstæðu. Þótt komið hafi til óeirða fyrir utan þinghúsið hefur aldrei verið ruðst inn í það með þessum hætti. Þingfundir var þó haldið áfram en óundirbúnaðar fyrirspurnir teknar út af dagskrá.

Viðtal við Sturlu Böðvarsson, þingforseta, í Morgunblaðinu 9.12.2008: Atvikið í Alþingishúsinu í gær mun að líkindum leiða til hertrar öryggisvörslu. Sturla Böðvarsson, forseti þingsins, bendir á að hingað til hafi gefist vel að grípa ekki til mikilla öryggisaðgerða gangvart þeim sem vilja fylgjast með þingfundum. „Þetta er þjóðþing okkar Íslendinga og það að 20-30 manna hópur skipuleggi aðför að þinghúsinu er mjög alvarlegt,“ segir Sturla og tekur fram að lögregla og starfsfólk hafi brugðist fagmannlega við. Starfsfólki þingsins sé hins vegar ekki ætlað að standa í handalögmálum.

Úr Fréttablaðinu frá 9.12.2008: Hópi mótmælenda var meinaður aðgangur að þingpöllum á Alþingi í gær. Sjö handteknir eftir ryskingar.

Sjö voru handteknir í Alþingishúsinu eftir að um þrjátíu mótmælendum var meinaður aðgangur að þingpöllum á þingfundum í gær. Tveir menn komust framhjá þingvörðum út á pallana og stöðvaðist starfsemi þingsins þegar þeir hófu hróp og köll á borð við „drullið ykkur út“ og „þetta hús gegnir ekki hlutverki sínu lengur.“ Til ryskinga kom í stiga og anddyri þinghússins þegar vísa átti hópnum á dyr.

Einn karlmaður er grunaður um að hafa birtið tvo lögreglumenn og sparkað í þann þriðja. Hinum sem handteknir voru var gefið að sök að hafa ekki hlýtt tilmælum lögreglu. Einnig meiddist þingvörður þegar honum var skellt utan í ofn í þinghúsinu, að sögn Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra. Einn mótmælenda sagði aðgerðir lögreglunnar hafa verið harkalegar. Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, segist líta atvikið mjög alvarlegum augum.

Úr Fréttablaðinu frá 9.12.2008: Segja lögregluna hafa gengið of langt. Eftir uppákomuna í þinginu á fjórða tímanum í gær héldu milli tíu og tuttugu manns úr hópi mótmælenda að Lögreglustöðinni á hverfisgötu til að mótmæla þeim handtökum sem gerðar voru í þinghúsinu. Á lögreglustöðinni var slegið upp fundi þar sem Stefán Eiríksson lögreglustjóri og Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn fóru yfir málin með mótmælendum og svöruðu spurningum. Fjölmíðlafólki var meinaður aðgangur að fundinum að beiðni mótmælenda, samkvæmt Stefáni Eiríkssyni.

Mótmælendur sem blaðamaður ræddi við eftir fundinn á lögreglustöðinni, sem ekki vildu koma fram undir nafni, sögðu lögreglumenn hafa beitt óhóflegu valdi þegar kom til ryskinganna í þinghúsinu. Sögðu þeir að meðal annars hefði verið sparkað í liggjandi fólk og að móðir á fertugsaldri hefði verið dregin á hárinu niður stigann í þinginu. Auk þess hefðu mótmælendur verið kallaðir nöfnum eins og pakk og lýður jafnvel áður en til nokkurra ryskinga hafi komið.

Stefán Eiríksson segir að á fundinum hafi komið fram einhverjar kvartanir um að lögreglumenn hefðu gengið of hart fram í aðgerðum sínum. „Við bentum fólkinu á að ef einhverjar grunsemdir væru uppi um harkalegar aðgerðir af hálfu lögreglunnar ætti að kæra til ríkissaksóknara. En eftir því sem ég hef heyrt eru engar vísbendingar um að lögreglumenn hafi gengið of harkalega fram þarna,“ segir Stefán Eiríksson.

Tjarnargata, Ráðherrabústaður, 9. desember 2008

Lökenúmer: 007-2008-088367

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjóm: ARM-8737, KHP-9804. Aðrir lögreglumenn sem komu að verkefni: PRG-0116, JS-0635, SS-0608, JSM-8111, ÍÍG-9704, GHG-0505, IBE-0434, OÓ-7813, ÁS-0632, SSH-0738, DBR-8607, JÖG-0531, EBS-9122, FB-9907, GPT-0232, SBA-0602, PPH-7313, HMG-0438, BHP-0221, GHM-0107, EEB-0208, JL-9505, ÁS-0528, HES-0441, JVA-0709, HÁ-9508

Skipulag:

Sérsveitarmenn, staðsettir við Tjarnargötu óska eftir aðstoð þar sem mótmælendur væru komnir á staðinn og væru nokkrir grímuklæddir. Höfðu engin boð eða tilkynning borist um meint mótmæli en brugðist var strax við og mannskapur kallaður til í verkefnið auk þeirra sem þegar voru á vaktinni.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 09:00 og þeim lauk kl. 13:00. Samtals voru um 28 lögreglumenn skráðir í verkefnið. Heildartímafjöldi var 112.

Atvikalýsing

Þegar ráðherrar í ríkisstjórn Íslands hugðust halda fund í Ráðherrabústaðnum mættu þeim nokkur hópur mótmælenda, talið vera um 20 manns. Reyndist hann nokkuð aðgangsharður og reyndi að hindra för ráðherra inn í húsið. Nokkuð vel gekk að ná til lögreglumanna, sem þegar voru á lögreglustöðinni eða á leið i vinnu. Reyndu lögreglumenn að ræða við fólkið og fá það ofan af því að hindra aðkomu að húsnæðinu og þeim tilkynnt að ef ekki yrði farið að þeim fyrirmælum yrði viðkomandi handtekinn. Nokkur hiti var í fólki en flesta náðist að róa niður en tvo aðila þurfti að handtaka. Handteknir voru:

[REDACTED]. Höfðu þeir ekki farið að fyrirmælum lögreglu og voru mál þeirra afgreidd í samræmi við það á lögreglustöðinni.

Lögreglumenn náðu að sjá til þess að ráðherrar kæmust að og frá Ráðherrabústaðnum og um kl. 11:00 lauk fundi þeirra en mótmælendur fóru ekki af vettvangi fyrr um kl. 13:00.

Hvernig til tókst

Allt gekk nokkuð vel fyrir sig þrátt fyrir óvænta uppákomu. Lögreglumenn náðu að leysa verkefnið mjög vel þrátt fyrir töluverða aðgangshörku mótmælenda.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Austurvöllur , 13. desember 2008

Lökenúmer: 007-2008-089580

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: HJ-7711, EB-7306, FSB-9312.

Vettvangsstjórn: GJP-7607, ÓGE-6606. Stjórnendur aðgerðahópa: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** PJS-8110, SJ-9814, GRS-0122, KÆK-0204, HH-0323, BÓ-0405, ESE-0428, GST-0606. **Flokkur 2:** BB-8826, ÞRJH-9927, FB-9907, GR-0106, ÁÖG-0333, BÁ-0514, ÁS-0632, HSP-0604. Aðrir lögreglumenn: LH-0132, RGS-7713, ÓHK-8740, BL-7801, GHG-0505, GPJ-8822, ÞRG-0116, SG-0227, KA-0203, HPG-9801, EBS-9122, IPS-8510, ÁB-8218, BHP-0221, HÁ-9508. Þá voru 4 lögreglumenn sérsveitar tilbúnir við vettvang.

Skipulag:

Um var að ræða hefðbundinn mótmælafund Harðar Torfasonar á Austurvelli, en að þessu sinni voru mótmælin skipulögð sem þögnul mótmæli þannig að þátttakendur stæðu í 17 mínútna þögn og horfðu á Alþingishúsið. Skipulagið var því með sama hætti og við undanfarin mótmæli á Austurvelli. Aðgerðarstjórn var staðsett í Skógarhlíð og þaðan veittar upplýsingar fyrir þá sem voru á vettvangi. Ákveðið var að óeirðarlögreglumenn yrðu ekki sýnilegir, nema ef kallað yrði eftir liðsauka. GJP og ÓGE voru sýnilegir á vettvangi.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:00 og þeim lauk kl. 16:00. Samtals voru um 42 lögreglumenn skráðir í verkefnið. Heildartímafjöldi var 126.

Atvikalýsing

Mótmælafundurinn fór rólega af stað og fáir mættir til að byrja með. Lögreglumenn tóku eftir því að [REDACTED], þekktur mótmælandi í hópi Anarkista, var að krassa, eða líma eitthvað, á vegg sem umluku brunarústir á gatnamótum Austurstrætis og Lækjargötu. Á þessa vegg höfðu verið settar myndir af börnum, en [REDACTED] hafði skrifað yfir þær myndir „seld kr. 11.182.590“. Borginni tilkynnt um þetta og þeirra að ákveða hvort myndirnar, sem höfðu verið eyðilagðar, yrðu teknar niður. Á mótmælafundinum var um 1.000 manns þegar mest var. Lögreglumaður á eftirlitsmyndavél sá að verið var að troða spjöldum í tunnu framan við þinghúsið. Kveikt var í rusli á gangstétt við vesturhorn þinghússins. Eldurinn var í tunnu og GJP mat það svo að engin hætta stafaði af þessu. Um 100 manns voru eftir á staðnum þegar mótmælafundinum lauk, en allt frekar rólegt. Lögreglumenn fundu dreifimiða sem á stóð: „Það er komið nóg... af ræðuhöldum og þögn. Síðustu tvo áratugi höfum við þagað yfir spillingunni. Síðustu 9 vikur höfum við hlustað á ræður á Austurvelli, en nú virðist sem þögnin sé snúin aftur. Ekkert hefur breyst. Það er kominn tími til að láta hönd fylgja huga. Næsta þriðjudagsmorgun, þann 16. desember, fer fram ríkisstjórnarfundur í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Þar hyggst ríkisstjórnin halda áfram að plana svokallaðar „björgunaraðgerðir“ sínar. Við höfum nú þegar fengið smjörþefinn af því hvers konar „björgunaraðgerðir“ það eru. Hittumst við lönnó kl. 08:45 og höldum þaðan að ráðherrabústaðnum og komum í veg fyrir að þessi ríkisstjórn fái að starfa lengur. Mætum öll – ung sem eldri, með grímur eða grímulaus, hvort sem við viljum beita líkama okkar til að hindra ríkisstjórnina að störfum eða bara standa með og styðja. Markmið okkar er að ríkisstjórnin fari frá svo hægt... að byggja upp réttlátt samfélag. Sjáumst!“

Hvernig til tókst

Þetta gekk allt mjög vel fyrir sig og þurfti lögreglan ekki að sýna sinn fulla styrk.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Stjórnarráðið, 15. desember 2008

Lökenúmer: 007-2008-090085

Lögreglumenn við störf:

Stjórnendur aðgerða: ARM-8737, KHP-9804. Aðgerðahóp skipt upp í tvo hópa. **Hópur 1:** AS-8716, JBS-0427, ÁS-0528, AÖS-0529. **Hópur 2:** AS-9803, ESE-0428, HSP-0604, GBS-0626, BI-0702.

Skipulag:

Ekki var reiknað með fjölmönnum mótmælum og því ákveðið að hafa ekki marga lögreglumenn í verkefninu. Ákveðið að fylgjast með og grípa inn í ef á þyrfti að halda.

Tímalengd aðgerða:

Verkefnið hófst kl. 16:00 og stóð til kl. 18:00. Samtals voru 11 lögreglumenn í verkefninu og heildartímafjöldi var 22.

Atvikalýsing

Talið að um 30 til 40 manns hafi safnast saman fyrir framan Stjórnarráðið. Einhverjir voru farnir að kasta snjóboltum í húsið og glugga þess, með einhverju inn í. Ekki var þó annað að sjá, en um venjulega snjóbolta væri að ræða og engar skemmdir sjáanlegar á húsinu. Að öðru leyti var allt rólegt.

Hvernig til tókst

Gekk allt vel fyrir sig og lögreglan þurfti engin afskipti að hafa.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Ráðherrabústaðurinn, 16. desember 2008

Lökenúmer: 007-2008-090168

Lögreglumenn við störf:

Stjórnendur aðgerða: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, PRG-0116, BHP-0221, LBP-0248, AS-0528, AÖS-0529, SS-0608, AS-0632. **Flokkur 2:** PJS-8110, SJ-9814, GRS-0122, HH-0323, BÓ-0405, HH-0436, RG-0603, GST-0606. Aðrir lögreglumenn: LAP-0605, SSH-9912, BV-8603, JGP-9709, LS-9931. Þá komu lögreglumenn úr rannsóknardeildum og af vaktinni um 20-25 lögreglumenn.

Skipulag:

Viðbúnaður var aukinn þar sem búið var að gefa til kynna að hugsanlega yrðu mótmæli við ráðherrabústaðinn þegar ríkisstjórnin fundaði þar. Hlutverk lögreglu var að sjá til þess að ráðherrar kæmu til fundarins og því þyrfti að loka ákveðnu svæði í kringum fundarstaðinn.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 08:00 og stóðu til kl. 13:30. Fjöldi lögreglumanna sem skráðir voru í verkefnið voru 30 lögreglumenn. Heildartímafjöldi var 176,5.

Atvikalýsing

Það var um kl. 09:00 sem hópur fólks fór að mæta fyrir framan ráðherrabústaðinn og ætlaði að loka Tjarnargötunni til norðurs. Ákveðið að kalla til fleiri lögreglumenn og voru þeir flestir fengnir úr rannsóknardeildum. Ljóst var að mikil reiði og hiti var í fólkinu og það ætlaði að koma í veg fyrir að ráðherrar kæmust til fundar í ráðherrabústaðnum. Kallað var í ráðherrabílstjórnanna í gegnum talstöð, en í hverjum ráðherrabíl er Tetra talstöð, svo þeir geti verið í sambandi við lögregluna ef á þarf að halda. Þeim var beint með sína ráðherra á Suðurgötuna og myndu lögreglumenn fylgja þeim þaðan og til fundarins. Þetta var talið mun öruggara, en að þeir kæmu til fundarins með því að fara Tjarnargötuna. Talið var að um 100 mótmælendur hafi verið á staðnum þegar mest var. Þegar allir ráðherrar voru komnir á staðinn gekk ARM í það að ræða við mótmælendur um að yfirgefa staðinn. Var gert samkomulag á milli ARM og Evu Hauksdóttur, sem var í forsvari fyrir mótmælendum, að þau mættu ganga norður Tjarnargötu, framhjá ráðherrabústaðnum, og síðan færu þau sína leið. Þetta gekk allt eftir. Það var mat stjórnenda að betra hafi verið að fá lok í mótmælin með þessu samkomulagi, en lenda í átökum við fólkið. Talið var að mótmælendur myndu í beinu framhaldi fara að Alþingishúsinu, en svo varð ekki heldur fór fólk í smá hópum um miðborgina og hvarf síðan.

Hvernig til tókst

Lögreglan þurfti að beita sér nokkuð svo ráðherrar kæmst á fundarstað og þurfti að taka á nokkrum mótmælendum, en ekki alvarlega. Ljóst var að það stefndi í töluverð átök og því þurfti að fjölga lögreglumönnum. Það reyndist góð ákvörðun því mótmælendur sáu þá að þeir kæmst ekki í gegnum lokanir lögreglu. Með vísan til þessa tóks aðgerðin nokkuð vel og enginn var handtekinn.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki talin ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Úr Fréttablaðinu frá 17.12.2008: Raðherrar fara á fund bakdyramegin. Margir ráðherrar ríkisstjórnarinnar máttu klöngrast frá Suðurgötu og í gegnum garð ráðherrabústaðarins í gær til að forðast mótmælendur sem voru fleir en á síðara ríkisstjórnarfundi. Til átaka kom en þau leystust með samningum.

Bústaðurinn var nærri umkringur mótmælendum og ráðherrarnir brugðu á það ráð, samkvæmt tilmælum lögreglu, að láta aka sér í næstu götu fyrir ofan, Suðurgötu. Þaðan klöngruðust stjórnvöld niður hlíðina í snjónum og í gegnum garð ráðherrabústaðarins. Umhverfisráðherra gekk þó Tjarnargötuna og mátti þola ókvæðisorð. Mótmælendur, sem voru um 100 talsins þegar mest var, öskruðu að ríkisstjórninni að hún væri vanhæf og ópin heyrðust allt niður í Vonarstræti. Lögreglumenn voru um allar trissur, minnst 50 talsins.

Þegar ráðherrar höfðu gengið í hús og fundur staðið í nokkurn tíma fækkaði í hópi mótmælenda og voru um 60 eftir. Stúlka ein gerði sér þá lítið fyrir og braust í gegnum gulan lögregluborða og áleiðs niður Tjarnargötuna. Hún vildi fara heim til sín sagði hún, lögreglan gæti ekki komið í veg fyrir það. En það gerði lögreglan víst og bar þá fleiri að, stúlkunni til aðstoðar. Hópurinn krafðist þess að fá að ganga niður Tjarnargötu og kom til átaka þegar hann reyndi loks að ganga í gegnum fylkingu lögreglumanna. En lögreglan stöðvaði framgönguna og virtist gæta þess að fólk meiddist ekki. Að lokum var samið um að mótmælendur fengju að ganga framhjá bústaðnum og í burtu. Enginn var handtekinn. „hér verður áramótabrenna,“ hrópaði mótmælandi að lokum, um leið og hann steytti hnefa að bústaðnum og gekk á braut.

Austurvöllur – Bankar - Hótel 101 Reykjavík, 17. desember 2008

Lökenúmer: 007-2008-090399 og 007-2008-090510

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: HJ-7711, EB-7306, FSB-9312.

Stjórnendur aðgerðahópa: GJP-7607, ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** UMÁ-0103, LBP-0248, HH-0436, MIE-0623, GHS-9411, JBS-0427, HSP-0604, GBS-0626. **Flokkur 2:** PJS-8110, IPS-8510, GRS-0122, BHP-0221, SG-0227, HH-0323, BÓ-0405, GST-0606. **Flokkur 3:** SJ-9814, IMI-0234, BB-9934, BÁ-0514, ÁS-0528, AÖS-0529, SS-0608, ÁS-0632. Aðrir lögreglumenn sem komu að verkefninu: BV-8603, 4 menn frá sérsveit.

Skipulag:

Aðgerðarhópunum var skipt upp í flokka og þeir settir í ómerktar bifreiðar. Þeir áttu að vera á ferðinni á og við þá staði þar sem búast mætti við mótmælum. Boðað hafði verið, með nokkrum fyrirvara, að til stæði að mótmæla í og við helstu banka á höfuðborgarsvæðinu og ættu mótmælin að byrja kl. 09:00. Fyrir þessum mótmælum stóð Eva Hauksdóttir í Nomabúðinni við Vesturgötu 12 og Liv Crus. Ákveðið að GJP yrði á aðalstöðinni og fylgdist með aðgerðum þáðan. Óeinkenndir rannsóknarlögreglumenn yrðu á ferðinni og myndu afla upplýsinga um hvar búast mætti við mótmælum á hverjum tíma. Aðgerðarstjórn myndi fylgjast vel með og miðla upplýsingum til útivinnandi lögreglumanna.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 08:00 og stóðu til kl. 12:00. Fjöldi lögreglumanna sem komu að verkefninu voru 40 og heildartímafjöldi 160.

Atvikalýsing

Boðað hafði verið til svokallaðra bankamótmæla þennan dag með því að fólk mætti á Austurvöll kl. 09:00. Lögreglan gerði ráðstafanir til þess að fylgjast með á hverjum stað og grípa inn í ef á þyrfti að halda. GJP hafði samband við alla öryggistjóra bankanna til að undirbúa þá fyrir þessi mótmæli. Strax kl. 09:17 var hópur mótmælenda kominn inn í skrifstofur Landsbankana í gamla Landssímahúsinu við Kirkjustræti og öryggisverðir óskuðu eftir aðstoð lögreglu við að fjarlægja fólk þáðan út. Talið var að um 30 manns væri þangað komin og flestir komnir á 3. hæðina. Lögreglan fór á staðinn og tók stuttan tíma til að fá fólk þáðan út. Hópurinn hélt þá í Landsbankann við Austurstræti og þar upp á 2. hæð og var talið að hópurinn væri nú um 50 manns, mest ungt fólk. Lögreglan fór á staðinn, en ákveðið að fara rólega í hlutina því illa gæti farið ef fólk yrði fjarlæggt með valdi. Lögreglan fékk tilkynningu um að [REDACTED], starfsmaður í hugbúnaðardeild Nýja

Landsbankans við Thorvaldsenstræti/Kirkjustræti, hafi meiðst þegar mótmælendur fór þar inn skömmu áður. Hann var sagður blár og marinn eftir að mótmælendur höfðu ruðst inn á skrifstofu þar sem hann var við vinnu. Honum ráðlagt að fara á slysadeild og fá áverkavottorð og koma síðar á lögreglustöð og leggja fram kæru. Ekki talið að hann hafi fylgt málinu eftir.

Mótmælendur fóru að tynast út úr bankanum um kl. 09:35. Lögreglumenn töldu að uppistaða mótmælenda hafi verið sá hópur sem hafði sig mest í frammi þegar ruðst var inn í þinghúsið þann 8. desember sl. Hópurinn var kominn út úr bankanum um kl. 10:00 og hélt áfram för sinni austur Laugaveg að Landsbankanum við Laugaveg 77. ARM taldi að þangað væru komnir um 30 til 50 manns, ásamt fjölmiðlafólki, sem hefði fylgt mótmælendum eftir. Þegar hópurinn var kominn inn í bankann skipti hann sér upp í smærri hópa. Einn hópurinn fór á skrifstofurnar uppi á hæðum á meðan hinn hélt sér í afgreiðslusal. Skömmu síðar yfirgáfu allir mótmælendur bankann og fóru inn í kaffihús/verslun Hljómalindar við Laugaveg, sem sagt er að sé samkomustaður Anarkista. Vitað var að nokkur hópur þekktra mótmælenda hafði haldið þarna til og skipulagt aðgerðir. Lögreglumenn fréttu að til stæði að fara í Glitnisbanka við Kirkjusand morguninn eftir. Rétt að geta þess að flestir mótmælendanna báru grímur í mótmælunum í bönkunum. Aðgerðum lauk um kl. 11:00 en átta lögreglumenn voru til taks á tveimur lögreglubílum og fylgdust með fram eftir degi.

Kl. 13:00 hringdi hóteltjóri Hótels 101 við Hverfisgötu 10 og sagði hóp mótmælenda vera komna inn á hótelið. Þeir væru að leita að [REDACTED] og neita að fara út. ARM fór á staðinn ásamt fimm öðrum lögreglumönnum. Eftir viðræður ARM við mótmælendur féllust þeir á að yfirgefa hótelið. Fyrir utan hótelið voru nokkrir mótmælendur sem veittust að [REDACTED] þegar hann kom þaðan út og börðu m.a. bifreið hans, auk þess sem þeir reyndu að hefta för hans. Lögreglumenn náðu að stugga mótmælendum frá svo hann kæmist í burtu. Sá sem lamdi í bifreiðina [REDACTED]. Ekki vitað til að [REDACTED] hafi kært hann fyrir verknaðinn.

Hvernig til tókst

Allt tókst þetta stóratákalaust. Lögreglumenn lögðu sig fram um að leysa upp mótmælin með lempni með ítrekuðum viðræðum við mótmælendur og hafði það tilætlaðan árangur.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki talið nauðsynlegt.

Fjármálaeftirlitið og Glitnisbanki, 18. desember 2008

Lökenúmer: 007-2008-090749

Lögreglumenn við störf:

Stjórn aðgerða og aðgerðahópa: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, JBS-0427, ESE-0428, HSP-0604, BB-8826, IMI-0234, RG-0603, GBS-0626. **Flokkur 2:** UMÁ-0103, GHS-9411, LBP-0248, MIE-0623, HH-0436, ÁÖG-0333, LAP-0605, GRS-0122. Aðrir lögreglumenn sem aðkomu komu frá rannsóknardeildum: SP-9313, KS-8712, SMA-9829, JS-0635, MS-9017, GÁ-8908, PB-8224, HBS-7508, RPR-9726, DBR-8607, EGJ-9929, GKS-8524, GD-8008, AGA-0142, HP-9008.

Skipulag:

Búið var að gera ráð fyrir að mótmæli myndu halda áfram við banka þennan dag. Því voru til taks tveir flokkar úr aðgerðasveit og síðan yrðu rannsóknarlögreglumenn til taks og í þá kallað eftir atvikum. Fylgst yrði með hvar mótmælendur kæmu saman og þeim fylgt eftir og ekki gripið inn í nema ástæður skapi slíkt og myndi ARM gefa fyrirmæli um hvert stig aðgerða.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 09:00 og þeim lauk kl. 16:00. Fjöldi lögreglumanna var um 33 og heildartímafjöldi 231.

Atvikalýsing

Það var um kl. 09:55 sem ARM lét vita að hann væri tilbúinn ásamt nokkrum lögreglumönnum við Fjármálaeftirlitið við Suðurlandsbraut. Þeir myndu halda sér til hlés og ekki skipta sér af nema tilefni gæfi til. Fljótlega voru komnir um 30 manns við Glæsibæ og væru að leggja af stað að Fjármálaeftirlitinu. Það var um kl. 10:36 að öryggisfulltrúi frá Securitas, sem var að störfum hjá Fjármálaeftirlitnu, tilkynnti að grjóti hafi verið kastað í rúðu í húsinu. Lögreglumaður á vettvangi tilkynnti að rúða væri brotin við útidyr. Aðgerðaflokkar voru komnir á staðinn en héldu sig til hlés þar til óskað yrði eftir þeim. Haft var samband við SHS og óskað eftir að tveir sjúkrabílar yrðu í grenndinni. Haft var samband við starfsmann Fjármálaeftirlitsins til að hleypa lögreglumönnum inn í húsnæðið, annars staðar en um aðalinngang. Lögreglumenn ræddu við öryggisverðina Stefán Laurence Stefánsson og Ísleif Pálsson og sögðust þeir hafa mætt til vinnu um kl. 10:00. Þeir hefðu mætt þremur aðilum, einum kvenmanni og tveimur körlum. Stúlkan hefði verið með grjót í hendi og barið með því á rúðu við hurð við aðaldyr húsnæðisins. Hefði hún þá hætt að berja og annar karlmanna tekið við. Hefðu við þetta brotnað nokkrar rúður. Þeir þekktu ekki skemmdarvargana. Rætt var við stúlku, sem stóð í hópi mótmælenda, sem passaði við lýsingu öryggisvarðanna. Stúlkan kvaðst heita [REDACTED]. GJG-0110, lögreglumaður, ræddi við

██████ og viðurkenndi hún að hafa verið í anddyri Fjármálaeftirlitsins, en hún hefði ekki verið með stein heldur aðeins barið með hnefa.

Mótmælunum lauk um kl. 10:51 og sást á eftir hópnum þar sem hann gekk að Glitnisbanka við Suðurlandsbraut. Talið var að 10 til 20 mótmælendur hafi verið þarna komnir, en lítið varð úr þessu og öllu lauk mjög fljótlega.

Hvernig til tókst

Nokkuð vel tókst til og þurfti lögreglan ekki að beita sér af neinu afli til að leysa upp mótmælin til að koma í veg fyrir meira tjón. Nokkrar rúður voru þó brotnar í Fjármálaeftirlitinu, en ekki tókst að sanna hver eða hverjir voru þar að verki og því enginn handtekinn.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki tilefni til frekari umfjöllunar.

Austurvöllur, 20. desember 2008

Lökenúmer: 007-2008-091182

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: SE-LH01, HJ-7711.

Vettvangsstjórn: GJP-7607, ÓGE-6606. Stjórn aðgerðasveita: ARM-8737 KHP-9804. **Flokkur 1:** PJS-8110, SJ-9814, GHS-9411, IMI-0234, LBP-0248, ESE-0428, HH-0436, RG-0603. **Flokkur 2:** AS-9803, UMÁ-0103, PAE-0129, ÁÖG-0333, LAP-0605, SS-0608, GBS-0626, BI-0702. **Umf:** ÓHK-8740, HPG-9801, ÁB-8218, IPS-8510, SG-0227, RGS-7713, EBS-9122, HÁ-9508, PRG-0116, BP-0221. Aðrir lögreglumenn: HS-6905, GHG-0505, GPJ-8822. Sérsvait með 3 menn.

Skipulag:

Ákveðið að löggæsla á Austurvelli yrði eins lítt sýnileg og mögulegt væri. GJP við annan mann yrðu á röltinu fyrir framan Alþingishúsið en aðgerðaflokkar til taks í nágrenninu. Aðgerðarstjórn myndi fylgjast með í eftirlitsmyndavélum og gefa upplýsingar. Umferðardeild myndi loka helstum akstursleiðum að Austurvelli.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 14:00 og þeim lauk kl. 16:00. Fjöldi lögreglumanna var 38 og heildartímafjöldi 76.

Atvikalýsing

Hörður Torfason skipulagði mótmæli á Austurvelli og hófst fundur um kl. 15:00. Þá voru mættir um 200 til 300 mótmælendur og allt mjög rólegt. Örfáir mótmælendur tóku upp á því að kasta snjóboltum í Alþingishúsið, en rúður brotnuðu ekki. Skipulögðum fundarhöldum lauk um kl. 15:17 og voru þá komnir um 400 manns á svæðið. Eftir urðu á Austurvelli um 150 til 200 manns. Þarna sást til manns í drapplituðum frakka, með brúna húfu, koma fyrir banönum á tröppum þinghússins. Aðrir sem þarna voru stilltu sér upp, eða héldu á skiltum. Um kl. 15:30 voru örfáir enn við þinghúsið og sást þar í [REDACTED], mótmælanda, en allt mjög rólegt. Þegar þarna var komið var byrjað að flytja aðgerðahópa á lögreglustöðina og í framhaldi af því voru lokanir teknar upp. Allir farnir um kl. 16:00.

Hvernig til tókst

Allt tókst mjög vel og lögreglan þurfti ekki að taka á neinu. Mjög róleg mótmæli.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Austurvöllur, 27. desember 2008

Lökenúmer: 007-2008-092317

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: HJ-7711, EB-7306.

Vettvangsstjórn: ÓGE-6606, GPG-9314. Stjórn aðgerðasveita: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** FB-9907, GR-0106, GHM-0107, LBP-0248, SÖS-0126, SBA-0602, BFG-0734, KPS-0728. **Flokkur 2:** BB-8826, IPS-8510, KÆK-0204, SG-0227, RG-0603, ÓJ-0633, AÖS-0529. **Umf:** RGS-7713, EBS-9122, HÁ-9508, PRG-0116, BHP-0221, BV-8603, LS-9931, JGP-9709, LAP-0605. Aðrir lögreglumenn: HS-6905, BL-7801, GHG-0505, KIK-8508. Sérsvait með 6 menn.

Skipulag:

Ákveðið að aðgerðarstjórn í Skógarhlíð myndi fylgjast með í eftirlitsmyndavélum og veita upplýsingar og að lögreglumaður yrði á eftirlitsmyndavélum Alþingis. Jafnframt ákveðið að ÓGE ásamt lögreglumanni yrði við Alþingishúsið en aðgerðaflokkar í nágrenninu. Umferðarlokanir voru settar upp. Óeinkenndir lögreglumenn voru á ferðinni á Austurvelli.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 14:00 og þeim lauk kl. 16:00. Fjöldi lögreglumanna var 40 og heildartímafjöldi 80.

Atvikalýsing

Hefðbundinn útifundur var boðaður á Austurvelli af Herði Torfasyni. Settur var upp sviðsbíll við gamla Landssímahúsið, eins og hefðbundið hafði verið við mótmæli laugardagana þar á undan. Talið að um 100 til 150 manns hafi verið á Austurvelli í upphafi fundar, en um 400 manns þegar mest var. Fólk var mun rólegra en við fyrri mótmæli. Flestir mótmælendurnir sem komið höfðu á fyrri mótmælafundi voru ekki sýnilegir og ekki sást til aðgerðasinna í þetta skiptið. Það skal tekið fram að lögreglan fékk upplýsingar um að rorasprengja hafi fundist í Alþingisgarðinum deginum áður og var henni komið til sérsveitar. Sérsveit sá um að taka sprengjuna og fjarlægja hana.

Hvernig til tókst

Allt fór vel fram og ekkert sérstakt til tíðinda.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Stjórnarráðið - Austurvöllur - Hótel Borg, 31. desember 2008

Lökenúmer: 007-2008-093087

Lögreglumenn við störf:

Stjórnendur aðgerða: ARM-8737, KHP-9804. Lögreglumenn aðgerðahópa: ÞJS-8110, GST-0606, SS-0608, GBS-0626, AS-9803, SS-0126, ÞRJH-9927, FB-9907, ÁS-0528, BI-0702, BFG-0734, GS-0122, SS-9814, KPS-0728, IPS-8510, BHP-0221, GJG-0110, KÆK-0204, AS-8716, ESE-0428, JBS-0427, IMI-0234, RÞG-0603, SBA-0602, MJ-0712, SG-0227, LBP-0248. Aðrir lögreglumenn: SB-0517, LK-9521, JSM-8111, GHM-0505, SPS-0415, IB-9022, JSS-0723, ÓJ-0633, SPÓ-0406, EGG-9315, HHA-0705, OÓ-7813, BSS-

8306, ÞP-9707, EBS-9122, SP-0627, RGS-7713, LRG-0747, KIK-8508, ÁP-9101, EV-0329, ÆPE-6609, SM-8835, SSJ-8833, GD-8008, PG-9012, AH-0741, ÁF-8812, ÞK-7821, HP-9008, HÁ-9508, HS-6905, ÞJ-8618

Skipulag:

Búist var við einhverjum mótmælum við Stjórnarráðið og eins á Austurvelli vegna beinnar útsendingar Stöðvar 2 á þættinum Kryddsíldin, frá Hótel Borg. Ekki var búist við fjölmönnum mótmælum, en skipulagið þó gert þannig að nokkur hópur lögreglumanna yrði tilbúinn til að takast á við mótmælin. Aðgerðarstjórn var ekki sett í gang í Skógarhlíð, heldur átti að leysa málin á vettvangi.

Í ljósi þess að áramótin voru að fara í hönd var reynt að hafa viðbúnaðinn sem minnstan samkvæmt skipulagi, enda næg verkefni í vændum. ÁPS, ARM og KHP höfðu farið að Hótel Borg um morguninn í þeim tilgangi að kynna sér húsakost og vænlegar aðkomuleiðir lögreglu ef til þess kæmi að lögreglan þyrfti að hafa afskipti af mótmælendum. Fengnir voru lykjar að bakdyrum hótelsins og járnhlíði sem lokar af port á bak við hótelið og Lækjargötu. Þá voru þáttastjórnendur Stöðvar 2 upplýstir um hvernig staðið yrði að aðgerðum lögreglu og hvernig þeir ættu að bera sig að, ef til þess kæmi að þeir þyrftu aðstoð.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 13:00 og stóðu til kl. 16:30. Fjöldi lögreglumanna var 63 og heildartímafjöldi 220,5.

Atvikalýsing

Mótmælin byrjuðu með því að nokkrir tugir manna söfnuðust fyrir framan Stjórnarráðið og voru margir með blys. Staldráði hópurinn þarna stutt við og hélt síðan á Austurvöll og var kominn þangað um kl. 13:45. Krakkahópur hélt í áttina að Hótel Borg og munu þau hafa kastað einhverjum hlutum inn um glugga, en fóru síðan til baka inn á Austurvöllinn. Aftur tók hópur sig til úr hópi mótmælenda að færa sig nær hótelinu og var fólkið með hróp og köll og reyndi þannig að trufla sjónvarpsútsendinguna. Margir þessara aðila voru með blys. Talið að um 150 manns hafi komið að hótelinu og byrjað að kasta eggjum í það. Starfsmenn hótelsins höfðu samband og sögðust hafa áhyggjur af því að rúður gætu brotnað. Þá var óskað eftir aðstoð þeirra lögreglumanna sem voru lausir í grennd við miðborgina, en mjög fáir lögreglumenn voru komnir að hótelinu þegar þarna var komið.

Um kl. 14:00 var ástandið ekki orðið það slæmt að lögreglumenn, sem voru á staðnum, töldu að þetta myndi verða í lagi. Mikill hiti færðist í mótmælendum og auðséð að stefna þyrfti fleiri lögreglumönnum á vettvang. Fólk fór að þrengja sér nær hótelinu og einhverjir tóku upp á því að fara upp á þak hótelsins við sundið sunnan þess og eins voru menn að þrengja sér inn í hótelið. Ákveðið að loka fyrir umferð um Skólalabru frá Lækjargötu og sá umferðardeildin um það. Síðan var ákveðið að reyna að koma fólkinu, sem var komið í sundið sunnan við hótelið, þaðan út og í Pósthússtrætið. Lögreglumenn voru þarna enn of fáir og því kallaði ARM eftir frekari aðstoð. Á lögreglustöðinni við Hverfisgötu var byrjað að

hringja út menn og eins að ná til allra þeirra sem enn voru á stöðinni, en flestir voru komnir heim þar sem liðið var á gamlársdag.

Kl. 14:04 óskaði ARM eftir sjúkrabifreið á staðinn því reikna mætti með því að grípa þyrfti til að þess úrræðis að gasa fólkið þar sem það vildi ekki yfirgefa staðinn með góðu. ARM óskaði eftir að fá gjallarhorn svo hann gæti komið skilaboðum til fólksins. Þegar hann var kominn með það í hendur fyrirskipaði hann fólkinu ítrekað að yfirgefa sunnið og færa sig annars yrði gripið til gassins. Fólkið hlýddi þessu ekki og því augljóst að grípa þyrfti til aðgerða. Ljóst var á þessum tímapunkti að kalla þyrfti til alls þess mannskaps lögreglu sem tiltækur væri og gekk það mjög vel fyrir sig. Einhverjir mótmælendur voru á þessum tíma byrjaðir að ryðja sér leið inn í upptökusalinn og starfsmenn hótelsins gripu til þess ráðs að reyna að halda aftur af fólkinu, en varð lítið ágengt.

Skammt innan við dyrnar, þar sem mannfjöldinn ruddist inn í húsið um húsasundið, var kveikt í dósunum, sem gáfu frá sér mikinn og þykkann reyk. Töldu margir sem þarna voru, bæði mótmælendur og aðrir, að lögreglan hafi sprengt táragas. Þarna reyndist vera um að ræða dósir með saltpéturs- og sykurblöndu. Þegar kveikt er í svona blöndu myndast mikill og þykkur reykur. Einnig hafði verið kveikt í einu eða tveimur blysum sem mikinn reyk lagði af.

Það var kl. 14:11 sem einhverjum tókst að slíta í sundur kapla, sem lágu frá upptökuherbergi í upptökubifreið, sem stóð fyrir framan hótelið. Útsending rofnaði og mikil átök urðu við að verja upptökusalinn í framhaldinu, en þar voru forystumenn stjórnmalaflokkanna saman komnir, nema Geir H. Haarde, forsætisráðherra, en von var á honum á staðinn eftir að útsending var hafin. Haft var samband við bílstjóra forsætisráðherra og hann upplýstur um stöðuna og bent á að koma ekki á staðinn fyrr en ástand væri orðið tryggt. Skömmu eftir rof útsendingar voru forystumenn stjórnmalaflokkanna, sem þar voru í viðtali, aðstoðaðir við að yfirgefa hótelið og gekk það vel fyrir sig.

Kl. 14:29 lét ARM vita að lögreglan hafi beitt piparúða og hafi rutt fólki úr anddyri hótelsins. Gjallarhornið, sem ARM hafði notað, hafði skemmst í átökunum og óskaði hann eftir öðru gjallarhorni á staðinn. Í ljós kom að nokkrir mótmælendur og lögreglumenn höfðu orðið fyrir piparúðanum og því óskað eftir að sjúkrabifreiðar á staðnum tækju við fólkinu. Einn lögreglumaður, [REDACTED], hafði orðið fyrir því að fá stein í andlitið með þeim afleiðingum að hann kinnbeinsbrotnaði og var því fluttur á slysadeild.

Um kl. 14:52 var tilkynnt að um 200 manns væru enn fyrir framan hótelið. Á næsta klukkutíma fækkaði verulega í hópnum, en töluverður hiti var í fólki og það til alls líklegt. Fjöldi lögreglumanna var orðinn það mikill þegar þarna var komið að þeir náðu að hafa stjórn á aðstæðum. Um kl. 15:32 var tilkynnt að allir mótmælendur væru farnir og þá fyrst hægt að losa um nokkra lögreglumenn og hleypa þeim heim aftur.

Þrír mótmælendur voru handteknir og færðir á lögreglustöðina við Hverfisgötu þar sem Einar Laxnes, lögfræðingur embættisins, tók þá fyrir og gerði þeim lögreglustjórásátt. Eftirtaldir voru handteknir: [REDACTED]

[REDACTED]. Töluverðar skemmdir urðu á tækjabúnaði Stöðvar 2 sem notaður var við upptöku á Kryddsíldinni. Töldu starfsmenn Sagafilm, sem á búnaðinn, að tjónið væri um kr. 700.000 til 800.000. Var tjónið mest vegna skemmda á köplum sem lágu frá upptökustað yfir í upptökubifreið.

Hvernig til tókst

Ljóst var að þarna urðu mikil átök og mátti lögreglan hafa sig alla við til að koma í veg fyrir meira tjón eða slys. Ekki var búist við svona mikilli hörku af hendi mótmælenda, en við því var brugðist með markvissum hætti, m.a. með því að kalla út fjölda lögreglumanna til viðbótar sem tókst einstaklega vel. Allir tilbúnir og voru fljótir á vettvang. Lögreglumenn voru nokkuð lúnir og sárir eftir þennan atburð og eins gerðu menn sér ljóst að mun meiri harka væri að færast í mótmælendur og við öllu mætti búast í framhaldinu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Umsögn [REDACTED]: „Þarna var ég ásamt flokknum mínum í stórri lögreglubifreið. Ég man að [REDACTED] var flokkstjóri og [REDACTED] var með mér í flokki. Ég minnst þess að mjög lítil viðbúnaður var vegna þessara mótmæla. Er eins og mig minni að við höfum verið eini flokkurinn frá aðgerðasveitinni þennan morguninn. Við vorum klæddir í hefðbundin einkennisbúning lögreglu en höfðum meðferðis hjálma og skildi ef til átaka kæmi.

Eftir að við höfðum ekið eftirlitsferðir og fylgst með mótmælendum þó nokkra stund barst okkur neyðarkall frá Hótel Borg. Hópur mótmælenda hafði þá ruðst inn í húsið og voru starfsmenn hótelsins að reyna halda aftur af þeim.

Flokkurinn minn fór þá umsvifalaust inn í hótelið ásamt fleiri lögreglumönnum sem voru á vakt og höfðu verið staddir í nágrenninu. Okkur tókst að komast inn á hótelið og á móti straumi mótmælenda sem var á leið inn í bygginguna. Við lögreglumennirnir stöðvuðum för þeirra í anddyri sem snýr að portinu sunnan við hótelið, en þá höfðu starfsmenn hótelsins þegar lent í átökum við ágenga mótmælendur. Við stilltum okkur upp í varðstöðu við millihurð og var anddyrið fullt af fólki, þ.á m. þekktir mótmælendur, fjölmiðlafólk og fleiri. Lögregla gaf fólkinu skipun um að rýma húsið, en því var ekki hlýtt og tóku mótmælendur m.a. upp á því að setjast niður svo lögreglu væri erfiðara um vik að fjarlægja þá út úr húsinu. Einnig brugðu mótmælendur á það ráð að fara að rífa í rafmagnskappla frá fjölmiðlum sem leiddir höfðu verið í gengum anddyrið.

Eftir þó nokkrar árangurslausar sáttumleitanir stjórnanda á vettvangi við mótmælendur, og eftir að hæfilegur fjöldi lögreglumanna var kominn á vettvang var hafist handa við að ryðja mótmælendur og öðrum út úr húsinu. Þó nokkur átök áttu sér stað við þessa rýmingu þar sem mótmælendur fóru í engu að skipunum lögreglu, og þurftu lögreglumenn í sumum tilfellum að bera mótmælendur út úr húsinu. Mér er sérstaklega minnisstætt að við rýminguna þurfti ég að ýta við, og nánast fleygja til, fjölmiðlamanni sem ekki fór að skipunum okkar að rýma anddyrið.

Eftir að okkur hafði tekist að rýma anddyrið stóðum við varðstöðu þó nokkar stund í portinu sunnan við hótelið. Á meðan við stóðum þar og vörnuðum mótmælendum inngöngu aftur inn í húsið jusu mótmælendur yfir okkur svívirðingum, fleygðu í okkur grjóti og öðru sem til var fundið. Á meðan á þessu stóð streymdu að fleiri lögreglumenn og loks þegar hæfilegur fjöldi var kominn á vettvang hófumst við handa við að rýma portið. Eftir að portið hafði verið rýmt fór að þynnast úr fjölda mótmælenda og leystust mótmælin upp stuttu síðar.“

Umsögn [REDACTED]: „Ég var í bíl á Austurvelli að fylgjast með fólki þegar Kryddsíldin var að byrja. Í fyrstu var slangur af fólki fyrir utan hótelið. Þarna var nokkuð af einstaklingum sem við þekktum og höfðum strax áhyggjur af veru þeirra þarna á staðnum.

Við sáum þegar farið var að klifra yfir grindverkið sem lokaði sundinu inn á milli hótelsins og næsta húss sunnan við hótelið. Eftir að þeir fyrstu höfðu fari yfir grindverkið var það opnað og fólk flæddi inn í sundið að hurð sem lá inn í bókaherbergi sem var næst bar hótelsins og salar þess sem upptaka Kryddsíldarinnar fór fram.

Ég var á þessum tímapunkti kallaður ásamt félögum mínum til aðstoðar inni á hótelið. Áttum við að koma inn frá bakhlið úr sundinu austan við hótelið. Þegar við komum inn var fólkið komið í bókaherbergið og við tókum okkur stöðu í hurðinni milli barsins og bókaherbergisins. Þessi staða stóð nokkurn tíma á milli okkar og fólksins. Um bókaherbergið höfðu kaplar frá upptökubíl fyrir utan verið lagðir inn að upptökuvélum inni í sal hótelsins. Fljótlega fór hluti fólksins að reyna að toga kaplana út og við að toga á móti til að koma í veg fyrir að vélarnar yrðu togaðar um koll.

Ljóst var að grípa þurfti til róttækra aðgerða þar sem aðstæður voru þannig að við myndum missa stöðu okkar og hætta á að fólkið kæmist inn í salinn þar sem formenn stjórnmalaflokkanna sátu ásamt því að gestir voru á hótelinu.

Þrátt fyrir að við hefðum ekki varambúnað né gasgrímur var ákveðið að beita piparúða til að koma fólki út úr bókaherberginu og a.m.k út í sundið fyrir utan. Þegar ákveðið var að beita piparúðanum vorum við komnir í átök við menn sem komist höfðu í gegnum raðir lögreglu og inn á barinn. Þegar piparúðanum var beitt hörfaði fólkið út úr bókaherberginu og út í sundið. Við lögreglumennirnir urðum að fara á eftir fólkinu út í gegnum bókaherbergið til að tryggja okkur stöðu. Þar kom sér vel að lögreglumenn höfðu fengið æfingu í að vinna án varnar með piparúða og við vissum hver áhrif þess yrðu á okkur er við fórum í gegnum bókaherbergið.

Fólkinu hafði, meðan þessu fór fram, tekist að rjúfa samband frá upptökuvélum í sal að upptökubíl með því að skemma kaplana. Var því ljóst orðið að ekki yrði frekari útsendingu á þættinum Kryddsíld að ræða og myndi verkefnið okkar nú vera að koma formönnum stjórnmalaflokkanna úr hótelinu og á brott ásamt því að verja hótelið.

Við þurftum að nota meira af piparúða til að ýta fólkinu á undan okkur út úr sundinu. Að lokum náðum við að mynda línu við horn hússins sem var sunnan við hótelið. Þeirri stöðu náðum við að halda til loka. Þarna vantaði okkur sárlega búnað okkar til að verjast

grjótkasti og öðru sem fólki datt í hug að kasta að okkur. Það sem bjargið stöðu okkar (nema [REDACTED] sem fékk stein í kinn og brotnaði við það) var það að með okkur voru lögreglumenn klæddir hlífðarfatnaði bifhjólamanna. Þeir stóðu fremstir og vörðu okkur hina.

Mitt mat á þessum atburðum er að þarna vorum við í mjög erfiðri og hættulegri aðstöðu, bæði hvað varðar okkur og það fólk sem var inni á hótelinu. Þarna var fyrst beitt piparúða innandyra og var ekki vitað hvemig það myndi dreifast um húsið. Þetta skapaði nokkur óþægindi fyrir það fólk sem var næst bókaherberginu og barnum. Þurftu nokkrir að fá aðstoð sjúkraflutningamanna við að hreinsa augu. Í sundinu vorum við lögreglumenn innilokaðir og áttum ekki greiða leið út úr því. Urðum við að þrauka þarna og spurning hvort ekki hefði átt að senda þarna fram lögreglumenn í óeirðargalla strax og þeir komu á staðinn. Með þá reynslu sem aðgerðasveitin og stjórnendur hennar eru með í dag held ég að við hefðum ekki hikað við að beita strax og við gátum tímanlega mönnum fremst í óeirðargöllum okkur sjálfum til varnar.“

Umsögn [REDACTED]: Á gamlársgangi 2008 var ég í makindum heima hjá mér að undirbúa áramótin. Ég var með annað augað á Kryddsíldinni sem sýnd var í beinni útsendingu á Stöð 2. Ég hafði tekið eftir því að mikil læti voru þar fyrir utan og allt við það að sjóða uppúr. Ég hafði því á orði við konuna mína að það kæmi kannski til þess að ég yrði kallaður út. Það kom mér því ekki sérstaklega á óvart þegar síminn hringdi og ég sá að það var verið að hringja úr vinnunni.

Samtalið var stutt og hnitmiðað og einhvern veginn á þessa leið: „Sæll, getur þú komið strax niðureftir? Það er allt orðið vitlaust í bænum.“ „Já, ég kem strax.“ Ég hætti strax með það sem ég var að gera, ók beinustu leið niður á Hverfisgötu og gaf mig fram við varðstjóra. Fyrirmælin voru einföld; búast búningi óeirðalögreglumanns og fara niður í bæ eins fljótt og ég gæti.

Ég fór og sótti búninginn minn og klæddi mig í hann eins fljótt og ég gat, ekki var laust við að ég væri stressaður og sennilega hef ég verið lengur að klæða mig fyrir vikið. Fáeinir lögreglumenn voru á þönum við að aka lögreglumönnum niður í bæ. Ég settist aftan í líttla merкта Ford Focus lögreglubifreið ásamt öðrum fullbúnum lögreglumanni í óeirðabúningi. Það var ekkert auðvelt að koma okkur tveimur fyrir þarna í aftursætinu en með smá lagni og vilja tókst það. Okkur var ekið á forgangi niður á Lækjartorg og vorum settir þar út. Við hittum þar fyrir aðra lögreglumenn og gengum eftir Lækjargötunni. Nokkrum lögreglubifreiðum var lagt þar rétt norðan við Skólalú ásamt einu lögreglubifhjóli sem lagt var skammt frá. Við tveir fengum það verkefni að gæta tækjanna.

Við sýndum engin viðbrögð við mótmælendum, hvorki þegar verið var að svívirða okkur, henda einhverju í okkur né rökræða pólitík. Einn ljósmyndari fékk þó smávægileg viðbrögð. Þegar hann var að reyna að mynda varnarbúnað minn nokkra sentimetra frá mér. Hann sá að gasgrímutaskan var merkt og ætlaði sér að ná mynd af textanum. Þá setti ég hendina fyrir töskuna þannig að honum tækist ekki ætlunarverkið. Ég hafði ekki hugsað mér að leyfa mönnum að fá óþarfa upplýsingar um minn varnarbúnað. Viðbrögð

ljósmyndarans létu ekki á sér standa, svívirðingar, bæði frá honum og nærstöddum vegfarendum. Meðal annars kom þetta gullkom: „Skammast þú þín fyrir búnaðinn þinn?“ Hann hafði þó séð að taskan var merkt USA og olli það miklum fögnuði hjá litlum hópi sem virtist líta á það sem staðfestingu á póítískri stöðu lögreglunnar.

Eins og fyrr sagði var lögreglubífhjólí lagt þarna skammt frá. Skyndilega varð ég þess var að hópur var að safnast saman í kringum hjólið og var eitthvað verið að eiga við það, ég stuggaði við fólkinu og það lét sér segjast. Búið var að maka hjólið út í kryddsíld, líklega í tilefni af því að verið var að senda Kryddsíld út í beinni útsendingu. Ekki var að sjá að átt hafi verið við hjólið að öðru leyti.

Ekki lenti ég þó í neinum ryskingum þarna eða handtökum eins og gat gerst hvenær sem var. Mér fannst fólk frekar fjandsamlegt gagnvart okkur, var með ýmiss konar skot og svívirðingar og var ég því ávallt á varðbergi. Sumir reyndu að ögra okkur t.d. með því að koma alveg upp að okkur og vera með ógnandi tilburði, einhverjir fleygðu í okkur rusli og örðru smálegu. Flestir gáfust þó fljótt upp þar sem þeir fengu engin viðbrögð en létu skoðun sína óspart í ljós yfir því að hafa ekki fengið nein viðbrögð. Þetta er staða sem erfitt er að vinna með í mótmælum almennt, því að það er sama hvað við gerum eða gerum ekki; segjum eða segjum ekki. Alltaf finna einhverjir mótmælendur því allt til foráttu og láta okkur heyra það.

Í þeim mótmælum sem höfðu verið fram að þessu hafði ég skynjað andúð mótmælenda gagnvart lögreglu, þessi mótmæli voru engin undantekning. Þetta átti þó eftir að breytast að einhverju leyti síðar en það er önnur saga. Mér sýndist ekki skipta neinu máli á þessum tíma hvaða stétt fólk virtist tilheyra eða hvaða þjóðfélagshópi. Mér fannst t.d. heldur öfugsnúið að fólk á Range Rover væri stöðva bílinn sinn við hlið lögreglumanna til þess að láta okkur heyra það en þannig var það nú samt. Almennt fannst mér fólk þarna vera andsnúið lögreglu, hvort sem um var að ræða góðkunningja lögreglunnar, vel klætt fólk um sextugt (eða jafnvel áttætt) og allt þar á milli. Mér finnst „almenningur“ hafa komist ansi létt frá sinni ábyrgð í mótmælunum, framkomunni gagnvart lögreglu, skemmdarverkunum, og ofbeldinu. Hluti mótmælenda á þessum tíma var vissulega góðkunningjar lögreglunnar og ungt róttækt fólk. Stór hluti var þó „venjulegir“ borgarar sem dags daglega myndi ekki taka þátt í skemmdarverkum, ofbeldi eða svívirða lögreglumenn við skyldustörf. Þetta er þó það sem ég horfði ítrekað á „venjulega“ fólkið gera og sat undir orðaflaumi þessa fólks og fékk að heyra allt um skoðanir þess á lögreglunni. Mér virðist söguskýringin ætla að verða sú að þeir sem komu illa fram í mótmælunum og gengu of langt hafi bara verið lítill hópur góðkunningja lögreglunnar. Ekkert er fjær sanni í mínum huga.”

Umsögn [REDACTED]: „Ég veit ekki hvernig þetta á að vera uppbyggt og hugsað til baka virðist þessir dagar renna svolítið saman. Málsnúmerin sem ég fékk send hjálpuðu ekki mikið og ég gat ekki flett dagbókinni í einu málinu, virðist vera lokað.

Ég var alla þessa daga frá byrjun til enda... bakið minnir mig á það reglulega enn í dag.

Ef ég tek þetta saman í huganum er það fyrst Kryddsíldin.

Þrjú dagar í helvíti við alþingishúsið. Árás á lögreglustöðina og undarlegur gjörningur með bálkesti við Þjóðleikhúsið.

I.

Ég veit ekki hvað ég hef fram að færa í þetta en mikil upplifun mín af reiði almennings var á Kryddsíldardaginn við Hótel Borg. Ég var á vakt og kallaður til aðstoðar þar sem æstur múgur var að ráðast inn í húsið. Þá var búið að brenna sundur kaplana. Einhverjir lögreglumenn voru þá komnir á vettvang.

Allt tiltækt lögreglulið kom á vettvang úr allri borginni handfylli lögreglumanna hélt fólki frá hurð í porti við sunnan við húsið. Ég hafði farið niður í tækjarými og fyllt fangið af stórum kylfum, ók með þær á vettvang og afhenti aðvífandi lögreglumönnum og konum.

Er við stóðum við hurðina virtist hópurinn fara ört vaxandi af fólki enda útvarp og sjónvarp óþreytandi í að miðla upplausnarástandinu til almennings. Þetta voru ýmisst forvitnir einstaklingar sem vildu upplifa ástandið og svo fólk sem sannanlega vildi taka þátt í áflogum við okkur. Einhvert þurfti reiðin að beinast.

Fljótlega fylltist allt sunnið af fólki sem hótaði okkur beint. Allt í einu ærðist hópurinn þegar reynt var að hemja einstaklinga sem börðu í lögreglumann og reynt var að færa hann frá. Ég sá allt í einu lögreglukonu, () hverfa inn í mannhafið en henni hafði verið kippt inn í hópinn af mönnum sem tóku í kylfuna hennar sem var föst um ulniðinn á henni. Hún drógst með stéttinni og ég hljóp á eftir og greið í fót hennar og reyndi að draga hana til baka, en þá sjálfur kominn tvö skref frá línu okkar og fannst ég berskjaldaður gegn þessum æsta hóp. Kylfan losnaði sem betur fer en hana sáum við ekki frekar. Ég man skelfingarsvipinn á lögreglukonunni þegar við komumst aftur inn fyrir línu lögreglumannanna sem þó voru ekki margir.

Allt gerðist mjög fljótt á þessu tímabili og þarna sá ég notkun á piparúða sem aldrei fyrr enda það eina sem hélt fólki frá því að vaða í gegnum okkur.

Loks náðist að koma fólki út á götu, út úr sundinu og þar stóðum við langa stund brot frá öllum deildum, almennu, sérsveit og umferðardeild í mótörhjólabúningunum með fólk fyrir framan okkur bölvandi yfir yfirgangi okkar.

Síðan náðist að loka þarna jámhliði sem hélt fólkinu í skefjum.

Síðar komu aðrir lögreglumenn, mæta á vaktaskipti eða kallaðir til, man ég ekki.

() var að mæta ásamt fleirri mönnum og kom gangandi til okkar frá Lækjargötu. Ég leit aftur fram að fólkinu og sá útundan mér hvar steinn kom fljúgandi og öskraði aðvörunarorð til manna, leit til hliðar en þá aðeins til að sjá að steinninn hafnaði í andliti hans og féll við það. () hlaut skaða af.

Undarlegir tímar og tilgangslaust ofbeldi til okkar.“

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Úr Fréttablaðinu frá 2.1.2009: Útsending Kryddsíldar rofin. Kryddsíld Stöðvar 2 var heldur endaslepp á gamlársgang. Mótmælendur skemmdu tæki og tól, flugust á við lögreglu og hótélstarfsmenn og fengu að lokum að kenna á piparúða.

Mótmælendur stöðvuðu útsendingu Kryddsíldar Stöðvar 2 á Hótel Borg á gamlársgang. Þeir ollu skemmdum á tækjabúnaði fyrir milljónir, að sögn forsvarsmanna Stöðvar 2, og lögreglumáður kinnbeinsbrotnaði þegar hann fékk grjót í andlitið.

Geir H. Haarde komst aldrei í þáttinn til Sigmundar Ernis Rúnarssonar vegna mótmælanna, og hinir flokksformennirnir þurftu að láta sér lynda að tala saman undir miklum kúð frá reiðum fjöldanum sem barði húsið utan, hrópaði slagorð og reyndi að ryðjast inn á hótelið. Eftir að mótmælendur höfðu náð sínu fram og brennt í sundur útsendingarkapla greip lögreglan til sinna ráða og hrakti þá í burtu með piparúða að vopni. Fjöldi mótmælenda þurfti á aðhlyningu að halda á eftir hjá sjúkraliðum.

Arna Schram, formaður Balaðmannafélags Íslands, segir mótmælendur hafa gengið of langt að þessu sinni. „Ég hef auðvitað ekkert á móti mótmælum en mér finnst ganga einum of langt að rjúfa útsendingu fyrir öðrum sem hafa áhuga á að fylgjast með og fá svör við einhverjum spurningum,“ segir Arna. „Ef fólki finnst einhverjar umræður leiðinlegar eða óþarfar eða hvaða skoðun sem fólki hefur á þeim þá er auðveldast að slökkva bara á sjónvarpinu.“

Austurvöllur, 3. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-000502

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: HJ-7711, EB-7306.

Vettvangsstjórn: ÁPS-7415, ÓGE-6606. Stjórnendur aðgerðasveita: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** GJG-0110, PAE-0129, LBP-0248, JBS-0427, ESE-0428, HSP-0604, GBS-0626, BI-0702. **Flokkur 2:** AS-9803, IMI-0234, BSS-8306, ÁÖG-0333, AÖS-0529, RG-0603, SS-0608, ÁS-0632. **Flokkur 3:** AS-8716, JG-9116, ÁP-9101, EBS-9122, KÆK-0204, BHP-0221, HBS-0422. **Umf:** ÓHK-8740, BV-8603LAP-0605, BHP-0221, LS-9931, JGP-9709, SSH-9912, ÁB-8218, IPS-8510, HPG-9801, KA-0203, SG-0227. Aðrir lögreglumenn: LH-0132. HS-6905 tveir með honum óeinkenndir. Sérsvait 6 menn

Skipulag:

Þennan dag var boðað til 14. fundarins á Austurvelli á vegum „Radda fólksins“ sem Hörður Torfason, söngvaskáld, fór fyrir. Ákveðið var að hafa hefðbundinn viðbúnað í Skógarhlíð. Þar yrði aðgerðarstjórn staðsett sem myndi sinna eftirliti í eftirlitsmyndavélum, koma upplýsingum á framfæri og gefa fyrirmæli. ÁPS og ÓGE voru sýnilegir á vettvangi,

en aðgerðarhópar til taks. Lögreglumaður var hafður á myndavélum Alþingis. SHS var með þrjá til fjóra menn í þinghúsinu til taks.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 14:00 og stóðu til k. 17:00. Fjöldi lögreglumanna var 51 og heildartímafjöldi 153.

Atvikalýsing

Rétt fyrir kl. 15:00 voru komnir ríflega 100 manns. Reiðhjóli hafði verið stillt upp við dyr Alþingis og á spjaldi á hnakknum var áritun: „Danskan kóng.“ ÁPS ræddi við eiganda hjólsins, en hann hafði spurt hvort hann mætti hafa hjólið þarna og voru ekki gerðar athugasemdir við það. Um kl. 15:00 voru komnir um 500 manns og voru ræðumenn þau Einar Már Guðmundsson, Halldóra Guðrún Ísleifsdóttir og átta ára stúlka, [REDACTED] Þegar mest var á fundinum var talið að um 1.000 til 1.500 manns hafi mætt. Aðgerðasinnar sáust ekki í mótmælunum. Allt var friðsamlegt og augljóst að fólk var mætt til að hlusta á ræðumenn. Um kl. 15:30 voru komnir um 2.000 manns á Austurvöll. Um kl. 16:05, þegar mótmælafundi var lokið og flestir farnir, sást að kveikt hafði verið í saltþétri og sykri við vesturvegg þjónustuskála Alþingis. Nokkur reykur hafði myndast við þetta, en engar skemmdir.

Hvernig til tókst

Allt gekk mjög vel fyrir sig og þurfti lögreglan ekki að hafa nein afskipti.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Landsbankinn í Austurstræti, 7. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-001260

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn staðsett á Hverfisgötu: EB-7306, FSB-9312

Vettvangsstjórn og stjórnendur aðgerða: ÁPS-7415, ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** GJG-0110, PAE-0129, ÁÖG-0333, JBS-0427, ESE-0428, AÖS-0529, HSP-0604, GBS-0626. **Flokkur 2:** AS-9803, GHS-9411, PRG-0116, BHP-0221, LBP-0248, HH-0436, RG-0603, MIE-0623. **Flokkur 3:** AS-8716, JG-9116, ÁP-9101, EBS-9122, BÁ-0514, ÁS-0528, SS-0608, ÁS-0632. **Flokkur 4:** PRJH-9927, SÖS-0126, GR-0106, GHM-0107, SBA-0602,

KPS-0728, HG-0429, LAP-0605. **Flokkur 5 (gasflokkur frá sérsveit:** ÁPÁ-8912, JMJ-8616, AE-9717, EJ-0307, LJK-0414, GP-0512, SÁR-0521, ÓÖÓ-0322. **Umf:** GS-8019, ÁF-8812, ÓHK-8740, ÁB-8218, IPS-8510, HPG-9801, KA-0203, SG-0227, MS-9017. Aðrir lögglumenn: KS-8712, SP-9313, GPT-0232, JGS-0635, HES-0441, SMA-9829, JÓÓ-0121, LH-0132

Skipulag:

Boðuð höfðu verið mótmæli í Landsbanka í Austurstræti og búist við töluverðum fjölda mótmælenda. Mikill þrýstingur hafi verið í samfélaginu gagnvart bankanum og því ákveðið að hafa mikinn viðbúnað lögreglu vegna þessa. Aðgerðahópar yrðu settir inn í bankann, en ekki hafðir sýnilegir, heldur myndu þeir grípa inn í ef allt færi úr böndum. Eins voru aðgerðahópar tilbúnir utandyra. Gasflokkur frá sérsveit var staðsettur í og við bankann. Þá setti umferðardeild upp umferðalokanir, en trygg aðkomuleið var fyrir viðbragðsaðila. SHS var með einn mann inni í bankanum. Í samskiptum við mótmælendur var allt reynt til að leysa málin með lempni.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 11:30 og þeim lauk kl. 15:00. Fjöldi lögreglumanna var 62 og heildartímafjöldi 217.

Atvikalýsing

Boðuð mótmæli í Landsbankanum við Austurstræti kölluðu á töluverðan viðbúnað lögreglu þar sem búist við miklum róstum í og við bankann vegna mikillar heiftar gegn bankanum vegna hrunsins. Rétt um kl. 13:00 voru komnir um 10 manns við bankann og voru flestir með klúta fyrir andlitum. Fjölmiðlafólk var komið á staðinn. Við brunahana utan við bankann hafði verið settur upp kassi sem á var ritað: „Hvítþvottastöðin“ og við kassann var sturtuhaus. Fljótlega bættist í hóp mótmælenda og var talið að um 40 til 50 mótmælendur hafi verið á staðnum þegar mest var. Einhverjir mótmælenda tóku upp á því að sparka fótbolta á milli sín inni í bankanum, en eldri kona, viðskiptavinur, tók hann af þeim. Nokkur hávaði var í mótmælendum og starfsemi bankans stöðvaðist í stutta stund, en ekkert annað gerðist. Engin átök urðu og enginn var handtekinn. Smátt og smátt leystist hópurinn upp og hélt sína leið.

Hvernig til tókst

Miðað við það sem búist var við má segja að allt hafi tekist mjög vel. Lögreglan þurfti ekki að sýna allan sinn styrk og náði að leysa verkefnið með lempni og stöðugum viðræðum við mótmælendur.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Bandaríska sendiráðið, 8. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-001503

Lögglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í stjórnunarrými á Hverfisgötu: ÁPS-7415.

Vettvangsstjórn og stjórnendur aðgerðasveita: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-8716, AS-9803, IPS-8510, JG-9116, PAE-0129, SG-0227, ESE-0428, HSP-0604, LAP-0605, GBS-0626. **Flokkur 2:** PRJH-9927, SÖS-0126, FB-9907, GR-0106, GHR0107, HPK-0117, SBA-0602, BFG-0734. **Flokkur 3 (sérsveit):** ÁPÁ-8912, JMJ-8616, AE-9717, LJK-0414, GP-0512, SÁR-0521, ÓÖ-0322. **Umf:** ÓHK-8740, ÁB-8218, HPG-9801, KA-0203, RGS-7713, EBS-9122, HÁ-9508, PRG-0116, BP-0221.

Skipulag:

Boðuð voru mótmæli við sendiráðið og því var hafður nokkur viðbúnaður. Stjórn aðgerða fór fram á lögglustöðinni við Hverfisgötu. Lögglumenn voru hafðir nokkuð sýnilegir á vettvangi því nálægð mótmælenda við sendiráðið er mikil, þröng gata, og því má búast við töluverðu ónæði. Talið rétt að vera með þrjá aðgerðahópa, enda ekki vitað hversu margir mótmælendur myndu mæta.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 16:00 og þeim lauk kl. 18:30. Fjöldi lögglumanna var 37 og heildartímafjöldi var 92,5.

Atvikalýsing

Mótmælendur byrjuðu að koma á staðinn um kl. 16:30 og um kl. 17:00 voru komnir um 200 manns. Stöðugt fjölgaði í hópnum og um 15 mínútum síðar voru komnir um 400 manns, en allt fremur rólegt. Mótmælendur óskuðu eftir að fá að afhenda sendiherra yfirlýsingu frá þeim og var það samþykkt af hálfu sendiráðsins. Sú afhending gekk vel fyrir sig. Stór hluti mótmælenda fór af vettvangi við svo búið, en nokkrir voru eftir. Það voru þeir sem mest höfðu sig í frammi og voru með grímur, eða huldu andlit sín með öðrum hætti. Þegar þarna var komið voru um 200 manns enn eftir á vettvangi, en fór stöðugt fækkandi. Rétt fyrir kl. 18:00 voru allir farnir.

Hvernig til tókst

Allt gekk fremur vel fyrir sig og ekkert það gerðist sem kallaði á viðbúnað lögglu umfram eðlilegt þegar mótmælendur hópast saman.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Utanríkisráðuneytið, 9. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-001693

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn á Hverfisgötu: ÁPS-7415.

Vettvangsstjórn og stjórnendur aðgerðasveita: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** UMÁ-0103, JG-9116, LBP-0248, HH-0436, AÖS-0529, SS-0608, MIE-0623, ÁS-0632. **Flokkur 2:** PRJH-9927, FB-9907, ESE-0428, HSP-0604, GHR-0107, GBS-0626, SBA-0602, BFG-0734. **Flokkur 3 (sérsvait og LRH):** ÁPÁ-8912, JMJ-8616, AE-9717, LJK-0414, GP-0512, SÁR-0521, ÁP-9101, ÁÖG-0333. **Umf:** ÓHK-8740, ÁB-8218, HPG-9801, KA-0203, SG-0227, RGS-7713, EBS-9122, HÁ-9508, PRG-0116, BHP-0221.

Skipulag:

Boðuð höfðu verið mótmæli við utanríkisráðuneytið og talið að töluverður hópur mótmælenda myndi mæta þar og því var hafður talsverður viðbúnaður af hálfu lögreglu.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 15:30 og þeim lauk kl. 17:00. Fjöldi lögreglumanna var 37 og heildartímafjöldi 74.

Atvikalýsing

Mjög fátt fólk mætti á staðinn. Það sást til þriggja aðila með eitthvað í poka, en þeir aðhöfðust ekkert. Þeir fóru sem mættu fóru fljótt af staðnum og héldu upp á Háteigsveg.

Hvernig til tókst

Allt gekk einstaklega vel fyrir sig og ekkert kom uppá enda örfáir mótmælendur sem mættu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Austurvöllur, 11. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-002018

Lögreglumenn við störf:

Vettvangsstjórn: GJP-7607, ÁPS-7415. Stjórn aðgerðasveita: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** SJ-9814, PRJH-9927, GR-0106, GRS-0122, JG-0222, HH-0323, BÓ-0405, GST-0606. **Flokkur 2:** PJS-8110, JG-9116, EBS-9122, PRG-0116, BHP-0221, ÁÖG-0333, AÖS-0529, SS-0608. **Umf:** BV-8603, LS-9931, JGP-9709, SSH-9912, RHG-0215, HG-0429, LAP-0605, RGS-7713, HÁ-9508. Aðrir lögreglumenn: KIK-8508. Sérsvait: 3 menn.

Skipulag:

Búist var við hefðbundnum útifundi á vegum „Radda fólksins“ kl. 14:00. Ákveðið að sýnileg löggæsla yrði með minnsta móti, en aðgerðahópar tilbúnir í nágrenninu. Aðgerðarstjórn yrði í Skógarhlíð og lögreglumaður á eftirlitsmyndavélum Alþingis. Þessir aðilar myndu fylgjast með og gefa upplýsingar til útivinnandi. Hefðbundnar umferðarlokanir voru settar þannig að Kirkjustrætið yrði lokað fyrir umferð akandi.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:00 og stóð til kl. 17:00. Fjöldi lögreglumanna var 34 og heildartímafjöldi var 136.

Atvikalýsing

Mótmælendur fóru að koma á Austurvöll um kl. 14:00, en fundurinn sjálfur hófst ekki fyrr en um kl. 15:00. Þegar mest var voru um 3.000 til 4.000 manns á fundinum, sem fór afar vel fram. Þó sást til fimm grímuklæddra manna, en þeir höfðu sig ekkert í frammi. Eftir að fundi lauk á Austurvelli fóru margir af mótmælendum í lönó þar sem Ísland-Palestína kom saman til að ræða sín mál. Fullt var út úr dyrum. Samkoman fór vel fram.

Hvernig til tókst

Allt gekk mjög vel fyrir sig og þurfti lögreglan ekki að hafa nein afskipti af mótmælendum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

**Stjórnarráðið - Landspítali - Seðlabanki - Utanríkisráðuneytið,
12. janúar 2009**

Lökenúmer: 007-2009-002150, 007-2009-002305 og 007-2009-00240

Lögglumenn við störf:

Stjórnendur aðgerðasveita og verkefna: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, RG-0603, BSS-8306, JG-9116, SS-0608, ÁS-0632, AÖS-0529, IMI-0234, BÁ-0514, GHS-9411, LBP-0248, MIE-0623.

Skipulag:

Ekkert lá fyrir um mótmæli og því var mannskapur kallaður strax til þegar tilkynnt var um mótmæli við Stjórnarráðið. Lögreglan brást skjótt við og var síðan í viðbragðsstöðu allan daginn og fylgdist með hvar mótmælendur myndu bera niður.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir skiptust í nokkur tímabil yfir daginn. Frá kl. 08:30 til 10:35, frá kl. 12:10 til kl. 13:00 og frá kl. 15:00 til kl. 17:00. Samtals var fjöldi lögreglumanna 14 og heildartímafjöldi sem fór í þessar aðgerðir allar og eftirlit allan daginn var 154.

Atvikalýsing

Boð komu um að mótmælendur væru komnir við Stjórnarráðið og talið að það væri um 30 manns. Hópurinn var að mótmæla ástandinu í GAZA. Rauðum matarlit hafði verið skvett á Stjórnarráðið, auk þess sem blys voru tendruð og „kínverjum“ hent í Stjórnarráðið. Bolli, ráðuneytisstjóri, óskaði eftir lögreglu. Þegar lögreglan kom á staðinn var hópurinn að ganga þaðan frá og hélt að Alþingishúsinu þar sem hann stoppaði stutt við, eða um eina klukkustund. Ekkert frekar gerðist.

Kl. 12:10 komu um 10 manns gangandi frá Hallgrímskirkju og hélt sem leið lá inn á skrifstofur Landspítalans við Eiríksgötu og stoppuðu þar stutt við. Fóru þaðan niður á Hverfisgötu og inn í hús nr. 105. Kl. 12:42 hélt hópurinn áfram leið sinni vestur Hverfisgötu og fór inn í Seðlabankann. Þar stoppaði hópurinn stutt við og hver hélt sína leið. Allt var yfirstaðið kl. 13:00.

Mótmælendur höfðu hist við Hallgrímskirkju til að halda þaðan á skrifstofur Landspítalans og síðan í Seðlabankann. Tilgangur mótmælanna var að mótmæla því að starfsmenn þessara stofnana höfðu eitthvað „rætt“ við mótmælendur við Hótel Borg þann 31.12.2008. Um 10 manns fóru á þessa staði og afhentu mótmælalbréf og lásu upp yfirlýsingu.

Kl. 15:00 var tilkynnt um að 10 mótmælendur væru komnir í anddyri utanríkisráðuneytisins og vildu fá að ræða við ráðherra. Um kl. 16:30 fór hópurinn og ekkert markvert gerðist.

Hvernig til tókst

Lögreglan fylgdi eftir mótmælendum í þessum þremur aðgerðum þeirra. Ekkert markvert gerðist og þurfti lögreglan ekki að hafa nein afskipti af mótmælendum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki ástæða til.

Alþingishúsið, 13. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-12345

Lögreglumenn við störf:

Stjórnandi aðgerða: ARM-8737, KHP-9804. Aðgerðasveitarlögreglumenn og aðrir sem komu að verki: ÍÍG-9704, HP-9705, ESE-0428, JSS-0723, SPÓ-0406, JBS-0427, EBS-9122, BHB-9519, PAE-0129, PÁJ-8829, HSP-0604, BHP-0221, DBK-0240, GJG-0110, KÆK-0204, KJS-9515, BI-0702, SÆÁ-9407, GBS-0626.

Skipulag:

Óskað var eftir lögreglu á staðinn þar sem mótmælendur höfðu mætt án þess að fyrirfram hafi verið um það vitað. Verklagið framkvæmt eins og í fyrri mótmælum, það er að lögreglumenn væru til taks og tækju á ástandinu í hvert skipti eins og tilefni gæfi til, en alltaf að gæta þess að ganga ekki lengra en nauðsyn bæri til.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 09:00 og stóðu til 11:30. Fjöldi lögreglumanna var 21 og heildartímafjöldinn 63.

Atvikalýsing

Tilkynnt frá Alþingi að hópur mótmælenda væri þar kominn og hefði hindrað inngöngu um aðaldyr og við inngang þar sem ráðherrabílstjórar koma að þinghúsinu. Var skilaboðum komið strax til ráðherrabílstjóra hvernig staðan væri og að lögreglan væri á leið á vettvang. Fljótt kom í ljós að mótmælendur voru við alla innganga inn í Alþingishúsið og ætlaðu þannig að koma í veg fyrir að nokkur kæmist þar inn. Talið að þarna hafi verið komnir um 30 til 40 manns. Skilaboðum komið til ráðherrabílstjóra að koma að aðalinngangi Oddfellowhússins. Ítrekuð voru skilaboðin til ráðherrabílstjóranna, því einhverjir þeirra fóru ekki að fyrir mælum lögreglu um aðkomu. Nokkrir alþingismenn

komust inn í þinghúsið með því að fara í gegnum Alþingisgarðinn og um kl. 09:44 voru allir komnir inn í þinghúsið sem þangað áttu erindi.

Ekki var talin þörf á fleiri lögreglumönnum á vettvang, en þó var ákveðið að nokkrir rannsóknarlögreglumenn yrðu tiltækir á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Tveir mótmælendur náðu að skemma tvær eftirlitsmyndavélar á þinghúsinu og voru þeir handteknir. Það voru [REDACTED] og [REDACTED], sem í framhaldinu voru kærð fyrir skemmdarverk. Lögreglan þurfti að hafa viðbúnað þegar ráðherrar yfirgáfu þinghúsið um kl. 10:44. Ráðherrarnir komust allir klakklaust frá þinghúsinu, nema hvar [REDACTED], náði að veitast að Geir H. Haarde, forsætisráðherra en það reyndist ekki alvarlegt. [REDACTED] náði einnig að kasta egg í bifreið Björns Bjarnasonar, dómsmálaráðherra. Öllu var lokið um kl. 11:30.

Hvernig til tókst

Það má segja að nokkuð vel hafi tekist til þar sem enginn undirbúningur var hjá lögreglu fyrir þessi mótmæli vegna þess hversu skjótt þau báru að. Lögreglumenn voru kallaðir til með engum fyrirvara og tókst það mjög vel. Náði lögreglan að koma í veg fyrir róstur og leiðindi með aðgerðum sínum og allt fór vel að lokum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Bessastaðir, 15. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-12345

Lögreglumenn við störf:

Stjómendur: ARM-8737, KHP-9804. Fjöldi annarra lögreglumanna 11 talsins.

Skipulag:

Boðuð voru mótmæli á Bessastöðum þennan dag og því haft samband við forsetaskrifstofuna til að undirbúa aðkomu þeirra og lögreglu vegna þessara mótmæla. Skilaboð komu um að forsetinn vildi ekki lögreglu á staðinn, heldur ætli hann að taka á móti fólkinu. Við þessum óskum var orðið og lögreglan hélt sér til hlés.

Tímalengd aðgerða:

Þetta stóð stutt yfir, eða í um eina klukkustund. Fjöldi lögreglumanna voru 13 talsins og heildartímafjöldi 26 og þá undirbúningur meðtalinn.

Atvikalýsing

Forsetinn bauð mótmælendum, sem ekki voru margir, inn á Bessastaði, en nokkrir þeirra voru grímuklæddir. Bauð forsetinn þeim upp á kakó og allt var friðsælt og þurfti lögreglan því ekki að hafa nein afskipti af mótmælendum.

Hvernig til tókst

Tókst mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf.

Glitnir, Kirkjusandi, 16. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-003087

Lögreglumenn við störf:

Stjóm vettvangs- og aðgerasveita: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** UMÁ-0103, PRG-0116, HH-0436, ÁÖG-0333, AE-9717, LJK-0414, GP-0512, SR-0521. **Flokkur 2:** GHS-9411, LBP-0248, BÁ-0514, ÁS-0528, AÖS-0529, SS-0608, MIE-0623, ÁS-0632.

Skipulag:

Tilkynnt var um mótmæli við bankann og aðgerðasveitir settar strax í gang og sendar á vettvang. Skipulag aðgerða var með hefðbundnum hætti.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:00 og lauk kl. 14:09. Fjöldi lögreglumanna var 18 og heildartímafjöldi um 20.

Atvikalýsing

Boð komu frá Glitnisbanka um að þar væru komnir mótmælendur. Lögregla brást skjótt við og var kominn fljótt á vettvang. Talið var að um 20 mótmælendur hafi komið á staðinn og voru þeir á leið út þegar lögregla kom að. Fljótlega komu þeir aftur og héldu sig í anddyri bankans. Nokkur hiti var í fólkinu. Skömmu síðar fór fólknið af staðnum, án nokkurra átaka.

Hvernig til tókst

Gekk vel að leysa úr aðstæðum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki ástæða til.

Austurvöllur, 17. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-003254 og 007-2009-003589

Lögreglumenn við störf:

Vettvangsstjórn: ÁPS-7415. Stjórnendur aðgerðasveita: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** ÞJS-8110, SJ-9814, BÓ-0405, GST-0606, AS-9803, UMÁ-0103, PRG-0116, ÁÖG-0333. **Umf:** ÓHK-8740, KA-0203, EBS-9122, RGS-7713, BHP-0221, HÁ-9508.

Skipulag:

Um var að ræða hefðbundið skipulag miðað við hefðbundinn mótmælafund á vegum „radda fólksins“ sem Hörður Torfason stjórnaði.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:00 og þeim lauk kl. 16:00. Fjöldi lögreglumanna var 17 og heildartímafjöldi 51.

Atvikalýsing

Skömmu áður en fundurinn hófst hafði [REDACTED] samband við lögregluna og sagðist hafa það staðfest að það yrðu átök á Austurvelli og var þeim boðum komið til ÁPS. Þá hringdi [REDACTED], og tilkynnti að hann hefði fregnir af því að Ástþór Magnússon ætli að vera með „mótmælafund“ á Austurvelli á sama tíma og annar fundur væri skipulagður þar. [REDACTED] sagðist hafa þær upplýsingar að Ástþór ætli að aka bifreið inn á Austurvöll og staðsetja hana við hliðina á hinum fundarpallinum. Skömmu síðar hringdi Ástþór Magnússon, sími [REDACTED], og ræddi við Gunnar Hilmarsson, aðalvarðstjóra. Hann sagðist ekki vera sáttur við að þurfa að færa bifreiðina af vettvangi. Ekki virtist Ástþór vilja, eða geta skilið, að hann þyrfti að færa bifreiðina af vettvangi þrátt fyrir góðar skýringar aðalvarðstjóra. Tilkynnt til lögreglumanna að vera á varðbergi gagnvart Ástþóri sem lét að því liggja að hann ætlaði að hleypa upp fundinum.

Umferðarlokanir voru settar upp kl. 13:00 vegna mótmælafundarins, mun fyrir en venja hafði verið, vegna hótana Ástþórs Magnússonar um að hleypa upp fundinum. Ástþóri var gert að fjarlægja bifreiðina af vettvangi og að lokum féllst Ástþór á það.

Hvernig til tókst

Allt gekk vel upp þrátt fyrir uppákomuna með Ástþór og engin átök urðu. Lögreglan náði að leysa málin mjög vel og allt fór með friði.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki ástæða til.

Dómsmálaráðuneytið, 19. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-003700

Lögreglumenn við störf:

Lögreglumenn á vettvangi: PRG-0116, ÁÖG-0333, UMÁ-0103, HH-0436. Öryggisgæsla sérsveit: EM-0128 og EJ-0307.

Skipulag:

Brugðist var við óvæntum mótmælum. Leyst á hefðbundinn hátt.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 17:08 og þeim lauk kl. 18:00. Samtals var fjöldi lögreglumanna fjórir og heildartímafjöldi 5.

Atvikalýsing

Um kl. 17:08 sáu lögreglumenn á eftirlitsferð að um 10 manns voru komnir til að mótmæla mannráðningum hjá Landhelgisgæslunni við dómsmálaráðuneytið. Egill, öryggisvörður, sagði að fólk hafi barið á glugga og einhverjir væru komnir inn í anddyrið, en þeir fóru fljótt út aftur. Flestir mótmælendur voru með hulin andlit. Þegar mótmælendur voru farnir, um kl. 17:45, ræddu lögreglumenn við öryggisvörð og aðstoðarmann dómsmálaráðherra. Þeim bent á að loka gluggum þegar mótmælendur kæmu á staðinn, enda reyndu einhverjir þeirra að fara inn um þá.

Hvernig til tókst

Allt gekk vel fyrir sig og þurfti engan liðsauka frá lögreglu til að klára verkefnið.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 20. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-003857 og 007-2009-003862

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: SE-LH01, HJ-7711, EB-7306.

Vettvangsstjórn og stjórn aðgerðasveita: KHP-9804, UMÁ-0103. **Flokkur 1:** GHS-9411, IMI-0234, IPS-8510, BSS-8306, LBP-0248, SG-0227, JPE-0416, MIE-0623. **Flokkur 2:** SJ-0103, PRG-0116, KÆK-0204, BHP-0221,, ÁÖG-0333, HBS-0422, HH-0436, RG-0603. **Flokkur 3:** PJS-8110, BB-0112, ÁP-9101, JG-0222, HH-0323, ÁJ-0407, GST-0606, ÓJ-0633. **Flokkur 4:** AS-9803, EBS-9122, JG-9116, BÁ-0514, AÖS-0529, ÁS-0528, SS-0608, ÁS-0632. **Flokkur 5 (sérsvait, gasmenn):** ÁSÁ-8912, JMJ-8618, AE-9717, LJK-0414, GP-0512, ÁRG-0520, SÁR-0521, ÓÖÓ-0322. Aðrir lögreglumenn sem komu að verkefninu: JBS-0427, ESE-0428, GJG-0110, AS-8716, GBS-0626, HSP-0604, PAE-0129, PAJ-8829, BI-0702, SPÓ-0406, SE-8211, BRS-9811, KEE-9827, GSE-0624, KK-0628, SB-0425, JBB-0726, RÖS-9716, GIR-0327, PPG-9115, ÁE-0617, FIJ-8522, ERR-0319, MJ-0712, GH-9306, BÓ-0405, ÓMA-0634, HGK-0724, PHJ-0746, SMJ-0701, VS-0719, DLM-0238, LMA-0737, SJ-9814, GRS-0122, RSP-0508, SS-8106, PK-7821, ÆPE-6609, PG-9012, EJ-0611, JFV-0743, PP-9707, BÓ-0216, EGG-9315, HHA-0705, BÖG-0432, LRG-0747, PRJH-9927, HPK-0117, GHM-0107, JVA-0709, IBE-0434, BFG-0734, JL-9505, FB-9907, SÖS-0126, SBA-0602, KPS-0728, PG-9314, GR-0106, ER-0250, AMF-0418, HP-9008, IB-9022, GD-8008, TFS-9608, SM-8835, PB-8224, HBS-7508, GH-8520, ÆPP-0332, KS-8813, EV-0329, HJ-9805, SIE-9808, EBR-0206, JGS-9932, HBS-0422, LK-9521, GP-8102, PGP-0111, GHG-0505, GPJ-8822, DBR-8608, HS-6905, GBÁ-8831, EGG-9929, KIK-8508, ÁH-0140, HS-8634, JGJ-8212, HRB-9722, BHB-9519, HR-8314, PI-0302, PEE-7412, HBG-8913, RJ-9109, BS-8914, EAK-9206, VO-9828, GG-7907, KS-8712, MS-9017, JÓÓ-0121, JGS-0635, SP-9313, HES-0441, SMA-9829, GPT-0232, LH-0132, PRG-0116, LAP-0605, RHG-0215, HG-0429, BE-8214, SKÓ-8915, HS-7615, BK-0761, MJS-0780, BM-0731, GPS-0732, HGJ-0782, ES-0770, GHS-9825, JS-0725, DÖD-0781, EDG-0767, PB-0748, AH-0750, IÝJ-0766, KÖK-0768, HPS-0775, VÖÁ-0778, HPH-0763, PIS-0804, KSE-0805, PMS-0807, DIP-0808, KÓG-0813, PÓ-0815, JHS-0301, HGG-0438, BMÓ-0536, APG-0803, HÓ-7109, SE-7612, ÓPS-8105, KF-8302, IÁ-8412, SFG-9013, HP-9705. **Aðgerðaflokkur frá Suðurnesjum:** MMM-9513, HH-8624, SAL-0401, NH-0334, VE-0223, AMJ-0716, AMH-0735. Öryggisgæsla með ráðherrum frá sérsvait: SFG-9013 og HP-9705.

Skipulag:

Skipulagið gekk út á að vera með fimm aðgerðaflokka í aðgerðinni. Ákveðið að flokkur 1 verði framan við Alþingi, flokkar 2 og 3 verði inni í þinghúsinu og flokkar 4 og 5 verði í nágrenninu. LH-0132 var á eftirlitsmyndavélum Alþingis og aðgerðarstjórn fylgdist með öðrum eftirlitsmyndavélum og gaf upplýsingar og tók stjórnunarlegar ákvarðanir. SHS var með þrjá menn inni í þinghúsinu. Lína var strengd með plastborðum með Kirkjustræti og Templarasundi. Allt var gert til að leysa verkefnið án átaka, en þess gætt að mótmælendur kæmst ekki inn í þinghúsið.

Það skal tekið fram að nokkru fyrr hafði verið tekin ákvörðun um að yfirlögregluþjónn almennrar löggæslu, ásamt aðstoðaryfirlögregluþjónum þeirrar deildar, yrðu á hefðbundnum ársfundi sínum að Glymi í Hvalfirði þennan dag og fram að hádegi næsta dag. Sú spurning var borin upp við SE, lögreglustjóra, hvort ekki væri rétt að hætta við þennan fund vegna þingsetningarinnar og væntanlegra mótmæla. Ákvörðun hans var að halda þennan fund, enda nægur fjöldi stjórnenda til staðar hjá LRH til að stjórna aðgerðum.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust fyrst kl. 09:00 með því að senda fimm lögreglumenn að Alþingi. Allt rólegt og ekki þótti ástæða til að hafa lögreglumenn þar lengur. Síðan hófust mótmæli kl. 11:00 sem stóðu sleitulaust til kl. 05:00. Samtals var fjöldi lögreglumanna 211 og heildartímafjöldi um það bil 2.350.

Atvikalýsing

Kl. 11:00 var sett á viðbúnaðarstig þar sem þingsetning átti að fara fram kl. 13:00. Umferðardeild var búin að koma upp lokunum í miðborginni. Mótmælafundur hafði verið boðaður við Alþingishúsið af „röddum fólksins“ sem Hörður Torfason stýrði. Fljótlega var kominn nokkur stór hópur mótmælenda, eða um 300 manns, sem byrjaði á því að slíta niður lokunarborða lögreglu. Óskað var eftir fleiri lögreglumönnum til taks og voru þá gerðir klárir átta menn frá rannsóknardeildum. Aðgerðarstjórn gaf KHP fyrirmæli um að aðhafast ekkert að svo komnu máli þó fólk væri komið inn fyrir línu lögreglunnar við þinghúsið, en verja innganga. Þingmenn tóku að streyma inn í þinghúsið og gekk það ágætlega.

Kl. 13:14 var tilkynnt að átta rannsóknarlögreglumenn væru tilbúnir til að mæta á staðinn. Um þetta leyti voru ókomnir um 10 til 15 þingmenn. Kl. 13:18 tóku lögreglumenn eftir því að mótmælendur fóru vestur fyrir þjónustuskála þinghússins og inn í Alþingisgarðinn. Talið að um 50 manns væru komnir um þetta leyti. Lögreglumenn voru sendir í garðinn til að koma mótmælendum frá gluggum skálans. Kl. 13:26 var rúða á bakhlið þinghússins brotin, eftir grjótkast, en ekki vitað hver var þar að verki. Rannsóknardeildir héldu áfram að senda sína menn á staðinn og nú voru sendir 11 rannsóknarlögreglumenn til viðbótar. Þeir fóru beint í Alþingisgarðinn, enda orðinn mikill þrýstingur mótmælenda á glerskálann. Óttuðust menn að þar gætu rúður brotnað, en þær eru mjög stórar. Þegar þarna var komið

voru aðgerðaflokkarnir, sem voru inni í þinghúsinu, kallaðir út. Flokkur 5 myndaði línu með skjöldum. Allir lögreglumenn í aðgerðahópum voru klæddir í sinn hefðbundna búnað, með hjálma, stórar kylfur og skyldi.

Kl. 13:36 var kallað í gasmenn sérsveitar um að þeir yrðu tilbúnir í aðgerðir ef á þyrfti að halda. Aðgerðarstjórn gaf leyfi til kylfunotkunar á mótmælendum ef ekki yrði farið að fyrirmælum lögreglunnar. Sjúkraflutningamenn og bráðaliðar SHS látnir vita að verið væri að undirbúa notkun á piparúða og þeir beðnir um að vera tilbúnir að taka á móti fólki sem fengi á sig piparúða. Kl. 13:39 var ástandið gott framan við Alþingishúsið, en mikið róstur og átök bak við þinghúsið og því megin þungi lögreglumanna sendur þangað. Sérsveitin var tilbúin með viðbótarmenn, átta sérsveitarmenn ef á þyrfti að halda. Kl.13:40 byrjuðu einhverjir mótmælendum að henda reykbombum að lögreglumönnum. Á þessum tímapunkti voru lögreglumenn staðsettir allt í kringum Alþingishúsið og gættu þess að rúður yrðu ekki brotnar.

Þegar þarna var komið var komin nokkur hreyfing á mótmælendum og leit út fyrir að mestur æsingurinn væri í rénum. Sturla Jónsson, vörubifreiðastjóri, var mættur á staðinn með gaskút á bakinu, sem tengdist stórum flautum og gaf þetta frá sér mikinn hávaða. Þetta varð til þess að KHP óskaði eftir að keyptir yrðu eyrnatappar fyrir lögreglumenn. Hávaðinn, bæði frá flautum Sturlu og öskrum fólksins, var orðinn mjög íþyngjandi og þirrandi fyrir lögreglumenn.

Farið var í að handtaka þá einstaklinga sem veittust hvað harðast að lögreglumönnum, höfðu sig mest í frammi og hlýddu ekki fyrirmælum lögreglunnar. Þeim handteknu var safnað saman í suðaustur horni glerskálans, garðs megin, þar sem skálinn tengist gamla þinghúsinu. Kl. 13:59 var boðum komið til starfsmanna Alþingis um að þeir bæðu þingmenn um að liggja ekki í gluggum þinghússins því það æsti mjög upp mótmælendum þegar þeir sáu þingmenn innandyra. Lögreglumenn tóku eftir því að Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna, var í einum glugga skálans, með síma í hendi og bendandi. Var auðséð að hún var í sambandi við einhvern/einhverja mótmælendum, sem kom skilaboðum áleiðis. Þetta varð til þess að nokkur hópur mótmælenda fór á hreyfingu og streymdi með meiri þunga bak við Alþingi og reyndi að brjóta rúður í þjónustuskála þingsins. Vakti þetta mikla undrun lögreglumanna. Það skal tekið fram að Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar og Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, og fleiri þingmen, ræddu við GJP, daginn eftir, eða þann 21. janúar 2009. Þeir sögðust hafa orðið vitni af því þegar Álfheiður var að ræða við mótmælendum í síma þar sem hún var stödd inni í þinghúsinu. Voru þeir alveg gáttaðir á þessum inngripum hennar við mótmælendum og bentu GJP á að hér gæti verið um lögbrot að ræða. Þessum skilaboðum var komið til SE, lögreglustjóra, en í samráði við hann var ákveðið að gera ekkert frekar með þetta, enda stefna lögreglunnar að komast í gegnum þessa mótmælaöldu með eins mikilli lempni og hægt væri. Ljóst var að inngrip lögreglu gæti æst fólk enn meira upp sem gæti bara skapað meiri vandræði og hörku, en það vildi lögreglan með öllum tiltækum ráðum komast hjá.

Kl. 14:02 var búið að handtaka níu mótmælendur, en ekki var hægt að flytja þá á brott strax vegna þrýstings og æsings mótmælenda. Lögreglumenn voru stöðugt að ýta mótmælendum frá gluggum þinghússins og skálans til að koma í veg fyrir að rúður brotnuðu. Skilaboð komu frá aðgerðarstjórn um að setja þyrfti fleiri lögreglumenn í sundið vestan við skálann því þar væri fólk að safnast saman.

Kl. 14:13 þurfti enn að styrkja löggæsluna bak við þinghúsið. Viðbótar sérsveitarmenn mættu á staðinn og voru sendir þangað. Ekki var möguleiki á að koma handteknum aðilum frá þinghúsinu, heldur þurfti að reyna að koma þeim þangað inn ef mögulegt væri. Mikill æsingur var í mótmælendum, sem gerðu ítrekaðar tilraunir til að frelsa hina handteknu. Lögreglan átti því fullt í fangi með að halda aftur af æstum múgnum.

Kl. 14:33 var óskað eftir því að þingverðir opnuðu inn í skálann, garðs megin, svo lögreglan gæti náð í fleiri skyldi, en þau svör fengust að ekki væri hægt að opna neinar dyr. Heimild var veitt af aðgerðarstjórn að lögreglumenn mættu nota reyksprengjur svo hægt yrði að koma hinum handteknu burt frá þinghúsinu. SHS var kominn með fjórar sjúkrabifreiðar í nánd við þinghúsið. SHS tilkynnti að þeir væru að flytja pilt frá staðnum á slysadeild sem hefði slasast eitthvað, en ekki vitað hvað olli.

Kl. 14:38 óskaði KHP eftir heimild til að gefa út fyrirmæli þess efnis að allir sem hlýdu andlit sín yrði það óheimilt, en ekki kom svar frá aðgerðarstjórn við þessari bón. Eva Hauksdóttir hafði samband við fjarskiptamiðstöð lögreglu (FMR) og var með þau skilaboð að ef þingfundur hætti strax yrði mótmælum hætt.

Kl. 14:50 var komið með viðbótar piparúða fyrir lögreglumenn og á þeim tíma var gert fundarhlé í Alþingi. Kveikt var á blysum í Alþingisgarðinum og auðséð að meiri hiti var að færast í átökin. Kallað var eftir fleiri hjálmum fyrir lögreglumenn frá Hverfisgötunni og var orðið við því. Voru nú teknir fram afar gamlir hjálmur, hvítir að lit, sem lögreglan hafði ekki notað lengi og voru útrunnir á notkunartíma. Talið betra en ekki neitt. Lögreglumenn höfðu afskipti af pari sem var með ungan dreng, 11 ára gamlan, í hópi mótmælenda og voru hræddir um að hann yrði fyrir hnjaski, enda átökin orðin slík. Endaði þetta með því að lögreglumenn tóku piltinn frá foreldrum sínum og fóru með hann til hliðar og síðan var hann fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Kl. 15:15 tilkynnti KHP að engin leið væri með þá handteknu út úr Alþingisgarðinum heldur yrði að fara með þá inn í þinghúsið og niður í bílakjallarann. Þarna var um greiða leið að ræða, en þingverðir höfðu neitað að hleypa lögreglunni þessa leið. SE, lögreglustjóri, talaði við yfirmann öryggismála Alþingis og bað um að þessi leið inn í þinghúsið yrði opnuð fyrir lögreglu. Hann lofaði að kanna þetta.

Kl. 15:21 var enn ítrekað að þingmenn væru ekki í gluggum Alþingis, enda æsti það mótmælendur upp. Þessi skilaboð voru móttækin eins og þau fyrri af öryggisvörðum þingsins. Kl. 15:24 fékkst heimild til að fara með þá handteknu inn í þinghúsið, eða 20 manns, og þaðan í bílakjallarann. Nú var farið að kasta ýmsu í lögreglumenn, s.s. matvælum, glerflöskum, súrmjólk og ýmsu öðru handbæru. Þá var óskað eftir að þingverðir kæmu með vatnsfötu og tuskur svo lögreglumenn gætu þrifið glerin framan á hjálmunum.

Kl. 15:53 var ástandið framan við Alþingishúsið í mjög góðu lagi, en flest allir mótmælendurnir voru þá komnir á bak við þinghúsið og farnir að hindra að nokkurt ökutæki kæmist upp úr bílakjallaranum. Enn var verið að kanna hvort hægt yrði að flytja hina handteknu úr bílakjallara þinghússins og á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Kl. 16:24 sagði KHP að einn mótmælandi, stúlka, hafi gengið fram hjá hópi lögreglumanna og sagt að „Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, hafi sagt að hinir handteknu væru í bílageymslunni“. Steingrímur hafði komið tvær ferðir niður í bílageymsluna, innandyra úr þinghúsinu, eftir að hinir handteknu voru fluttir þangað. Lögreglumenn sögðu einnig frá því að áður nefndur Steingrímur hafi komið í glerskálann í þjónustubyggingunni við Alþingishúsið, séð þar hóp lögreglumanna og sagt í reiði hvort búið væri að gera Alþingi að lögreglustöð.

GJP ræddi við Guðlaug, yfirmann öryggismála þingsins, og spurði hann hvort hann hafi vitað af þessu. Hann sagðist hafa orðið vitni að þessu og benti á að skálinn væri þjónustubygging við Alþingi og því ekki þingmanna að ákveða hver eða hverjir væru þar staðsettir. Hann var auðheyranlega ósáttur við þessa athugasemd Steingríms, enda unnu öryggisverðir og þingverðir Alþingis mjög náið með lögreglunni og sáu til þess að þjónusta þá með næringu, s.s. kaffi og meðlæti.

Lögreglumenn sáu að töluverður fjöldi mótmælenda var nú kominn í rennuna sem liggur frá útkeyrslu bílakjallarans og að Templarasundi. Var augljóst að þá leið væri ekki hægt að nota til að koma hinum handteknu í burt. Var því brugðið á það ráð að fara með þá handteknu í gegnum eina af skrifstofubyggingum Alþingis við Kirkjustræti.

Rétt er að geta þess að yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónar almennrar löggæslu, sem staddir voru á fundi fyrir utan borgina, voru í stöðugu sambandi við stjórnendur aðgerða og var það ákvörðum þeirra að ekki væri ástæða til að fá yfirmennina til Reykjavíkur vegna aðgerðanna því allt væri í góðum tókum og gengi vel.

Kl. 16:31 fengust þær upplýsingar frá Höskuldi hjá SHS að þeir hafði skoðað þá 20 einstaklinga sem voru handteknir og geymdir í bílakjallara og sagði að allt væri í lagi með þá. Lögreglumenn tóku eftir því að búið var að hleypa úr dekkjum bifreiða sem þeir höfðu til umráða og voru ekki merktar sem lögreglubifreiðar. Enn var verið að vinna í því að koma hinum handteknu úr bílageymslunni, en um 15 mótmælendur staðsettu sig í akstursleiðinni frá bílageymslunni. Lögreglumenn heyrðu að mótmælendur voru að ræða um að fara á lögreglustöðina við Hverfisgötu og frelsa hina handteknu.

Kl. 17:31 tilkynnti KHP að það þyrfi að verja lögreglubílanum með þá handteknu þegar farið yrði með þá á brott úr bílageymslunni og lögreglumenn þyrftu að vera með piparúða og kylfur. Enn var send beiðni inn í þinghúsið að alþingismenn væru ekki í gluggum hússins, sem aðeins æsti upp mótmælendur. Kl. 17:48 var ákveðið að fara þyrfti í að flytja hina handteknu, sem nú voru orðnir 22, frá Alþingishúsinu á lögreglustöðina við Hverfisgötu.

Þegar þarna var komið höfðu KHP og fleiri stjórnendur aðgerða, í nokkurn tíma, velt því fyrir sér, miðað við aðstæður, hvemig best væri að koma hinum handteknu á brott frá Alþingi. Svo virtist sem mótmælendur hefðu ætíð vinteskju um áætlanir lögreglunnar. Í

hvert skipti sem kallað var í talstöð varðandi mögulegar útgönguleiðir færðu mótmælendur sig til og fylktu sér á þann stað þar sem lögreglumenn ætluðu að taka hina handteknu út. Samskipti lögreglumanna utan við Alþingi voru í gegnum hlustun, sem var beint í eyra lögreglumanns, en lögreglumenn innan húss (Alþingishúsið) hlustuðu oft með opinni talstöð (háatalari á) þannig að fólk þar inni gat mögulega hlustað á samskiptin.

Eftir endurteknar tilraunir með samskiptum um talstöðvakerfi lögreglu mátu lögreglumenn þessa boðleið vonlausa, þar sem mótmælendur virtust hafa upplýsingar um samskipti lögreglumanna í gegnum talstöðvakerfið. KHP ákvað að kalla til fundar stjórnendur aðgerðaflokka, ökumenn á stórum ökutækjum lögreglunnar, auk þeirra sem fóru fyrir gæslu á hinum handteknu. Ákveðið var hvernig staðið yrði að brottflutningi hinna handteknu, án notkunnar á talstöðvum. Stórum ökutækjum skyldi ekið í einum hóp niður Túngötu og þegar ökutækin yrðu við Hjálpræðisherinn myndi KHP kalla í gegnum fjarskipti, á þá sem voru við gæslu handtekinna, að koma út úr Kristjánshúsi, við Kirkjustræti, með hina handteknu og flytja þá með hraði yfir í ökutækin. Um leið og það kvisaðist út meðal mótmælenda dreif að mikinn fjölda manna. Því voru notaðir aðgerðaflokkar til að ryðja mótmælendum frá ökutækjunum, enda reyndu mótmælendur að hamla för ökutækjanna, sem fluttu hina handteknu af vettvangi. KHP gaf lögreglumönnum fyrirmæli um að nota kylfur og piparúða ef þörf krefði, þar sem lögregla þyrfti nauðsynlega að koma hinum handteknu á brott. Það tókst loks eftir að áðurnefndar ráðstarfanir voru gerðar.

Eftirtaldir voru handteknir:

[REDACTED]

Þetta fólk var kært fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar, og fyrir ofbeldi gegn opinberum starfsmanni.

Eftir þetta var reynt að færa til baka eitthvað af aðgerðahópum lögreglunnar og sjá hvort ástandið róaðist ekki. Fljótlega kom í ljós að einhver hópur ætlaði að hanga lengur við þinghúsið. Einn mótmælandi náði að brjóta rúðu í skálanum og var hann handtekinn.

Kl. 18:48 fóru þingmenn og ráðherrar að tynast á brott úr þinghúsinu. Á meðan lögreglumenn aðstoðuðu við það voru þeir grýttir og því ákvað KHP að mynda línu með lögreglumönnum við Skálann með fullum þunga. Í þann mund var kveiktur eldur í bálkesti á gangstéttinni við Skálann. Þá sást til mótmælenda vera að bera að vörubretti og ýmislegt drasl til að setja á bálköst sem farið var að hlaða fyrir framan þinghúsið. SHS sendi dælubíl í áttina. Fljótlega töldu SHS menn ekki ástæðu til að senda dælubíl á

staðinn þar sem engin hættu væri á ferðum. Kl. 19:26 tilkynnti KHP að olíumálningu hafi verið kastað í Skálann og í lögreglumenn. Áfram héldu mótmælendur að bera eldivið að og sáust þeir koma frá Aðalstræti. Á þessum tímapunkti var ákveðið að hleypa engum lögreglumanni heim, heldur yrðu allir tilbúnir fyrir frekari átök.

Kl. 19:32 taldi lögreglumaður á eftirlitsmyndavél þingsins að um 200 manns væru á vettvangi. KHP tilkynnti að hópur lögreglumanna ætlaði að ýta fólkinu frá húsinu og slökkva eldinn, sem kveiktur var við þinghúsið, og nota til þess slökkvitæki frá SHS. Áfram héldu mótmælendur að bera eldmat í bálköstinn og komu þeir nú eftir Kirkjustræti. Augljóst var að mótmælendur virtust geta náð í mikinn eldivið úr næsta nágrenni og voru lögreglumenn settir í að kanna það betur og reyna að koma í veg fyrir að mótmælendur gætu haldið þessu áfram. Lögreglumenn sáu að vörubretti voru sótt inn í port við Skólalabru og töldu að íbúi opnaði hlið til að auðvelda þetta. Lögreglumenn stöðvuðu þetta og eins fóru lögreglumenn með töluvert af vörubrettum í Sorpu.

Kl. 20:35 óskaði KHP eftir meiri mannafla þar sem mótmælendum fjölgaði enn. Viðbótar lögreglumenn voru sendir frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Kl. 20:47 var tilkynnt að búið væri að afgreiða alla þá handteknu og mál þeirra afgreidd með skýrslutöku eða sátt og allir því lausir að því loknu. Enn sáu lögreglumenn hvar mótmælendur báru eldmat að þinghúsinu, en við því var brugðist. Aðgerðarstjórn fór í að hringja í alla þá staði þar sem mótmælendur voru að ná í eldmat, en það gekk misvel.

Kl. 21:10 taldi KHP að um 500 til 1.000 manns væru komnir á staðinn. Þá var haft samband við Sigríði Björk Guðjónsdóttur, lögreglustjóra Suðurnesja og Skúla Jónsson, aðstoðaryfirlögryplujón sama embættis, um að þau skaffi einn aðgerðaflokk. Gengið var strax í að kalla út menn og þeir sendir eins fljótt og auðið var. Þeim var ætlað að leysa af þá lögreglumenn sem lengst höfðu staðið vaktina. Töluvert þreyta var komin í mannskapinn, enda löng og ströng aðgerð búin að vera í gangi allan daginn. Kl. 21:35 talaði FSB við yfirlögryplujóninn á Akureyri til að kanna hvort þeir væru tilbúnir að senda 10 manna aðgerðaflokk til Reykjavíkur. Frekara samband yrði haft við þá ef nauðsyn bæri til. Eins talaði FSB við yfirlögryplujóninn á Selfossi og bað um sömu aðstoð og því svarað að þeir yrðu fljótlega tilbúnir að senda menn frá sér.

Kl. 21:48 stöðvuðu lögreglumenn hóp mótmælenda sem enn var að bera eldmat að þinghúsinu til að reyna að viðhalda logandi bálkesti. Því var ítrekað að lögreglubifreiðar á eftirlitsferð um miðborgina hefðu eftirlit með þessu og gripu inn í ef með þyrfti.

Kl. 22:30 tilkynnti Óskar Halldórsson, aðalvarðstjóri á Suðurnesjum, að einn aðgerðahópur væri á leiðinni frá þeim til Reykjavíkur. Kl. 23:04 var búið að kveikja eld í Óslóartrénu, en slökkviliðsmenn töldu ekki ástæðu til að slökkva í því.

Áfram var reynt að skipta út lögreglumönnum sem voru búnir að vera á vaktinni frá því snemma dags. Kl. 23:07 tilkynnti KHP að heyrst hafi að einhver/einhverjir væru á leiðinni með eldsprengrur (Molotov) og voru lögreglumenn varaðir við. Áfram var reynt að stöðva þá sem voru að bera timbur og annan eldmat á Austurvöll. Kl. 23:53 sást hvar mótmælendur klipptu á víra sem héldu Óslóartrénu og brutu það niður og settu á eldinn.

Haft var samband við borgarstarfsmenn um að þeir fjarlægðu jólatréð á Ingólfstorgi svo það yrði ekki eldinum að bráð og fóru þeir í að taka það niður.

Kl. 01:28 áætlaði KHP að um 150 manns væri enn á Austurvelli. Mótmælendur tóku nokkra bekki sem voru á Austurvelli og settu á bálið, en komið var í veg fyrir að þeir næðu í bekkina við gamla Landssímahúsið. Kl. 01:45 tilkynnti KHP að hann ætli að senda aðgerðaflokka á Austurvöll til að slökkva í bálkestinum, aðstæður hafi nú fyrst skapast til þess, þar sem mikið hafði fækkað í hópi mótmælenda. Gekk vel að slökkva eldinn, en þó var annar kveiktur við stytta Jóns Sigurðssonar. Slökkviliðið kom á staðinn og slökkti þann eld sem eftir var á Austurvelli og var þeim fylgt eftir af tveimur aðgerðaflokkum. Nú var frekar að færast ró yfir mannskapinn sem samt reyndi að kveikja smá elda á Austurvelli, en þeir slökktir jafnóðum. Um kl. 02:51 var tekin ákvörðun um að tveir aðgerðaflokkar yrðu í línu framan við þinghúsið, en hinir þrír færu um svæðið og vísuðu fólki burt. Einhver afskipti þurfti að hafa af fjórum mótmælendum sem þráuðust við að fara. Kl. 02:55 tilkynnti KHP að taka skyldi upp allar umferðarlokanir og stefnt yrði að því að leysa upp flesta aðgerðaflokka, nema þann sem kom frá Suðurnesjum, hann yrði einn áfram eftir þörfum. Kl. 05:00 var allri löggæslu hætt við Alþingi og Suðurnesjamenn fóru til síns heima.

Tveir lögreglumenn, [REDACTED] og [REDACTED], meiddust við átökin við Alþingi. [REDACTED] kenndi sér eymsla í hægri handlegg, eftir að hafa verið sleginn með heimatilbúinni fánastöng og [REDACTED] kenndi sér eymsla í vinstri hendi, eftir að hafa fengið á hana högg.

Hvernig til tókst

Það var ljóst að þetta var eitt stærsta verkefni lögreglunnar frá því að mótmælin hófust. Það reyndi afskaplega mikið á stjórnendur aðgerða sem stóðu sig einstaklega vel. Mikinn mannskap þurfti úr öllum deildum lögreglunnar hjá LRH, sérsveit og lögreglu Suðurnesja. Lögreglumenn stóðu langar vaktir, undir miklu álagi, og þurftu að hafa mikið fyrir því að koma í veg fyrir slys og mikið eignatjón á þjónustuskála og þinghúsi. Þá reyndist erfitt að koma handteknum mönnum frá vettvangi og kallaði það á mikla vinnu lögreglu. Mótmælendur voru óvenju herskáir, miklu herskári en áður, og því þurfti að beita piparúða, og í einstaka tilfellum kyfum, svo lögreglan gæti haldið aftur af þeim sem verst létu. Því verður ekki annað séð en að einstaklega vel hafi tekist til miðað við tilefnið og eins hversu lengi það stóð yfir. Á þessum degi var Alþingi að koma fyrst saman eftir jólafrí. Augljóst var, að miklu meiri harka var í athöfnun margra mótmælenda þennan dag, en áður hafði sést, ef frá eru talin mótmælin á gamlársgangi við Hótel Borg sem voru nokkuð hörð. Fjöldi mótmælenda var þó miklu minni við Hótel Borg. Umrædd mótmæli við Alþingishúsið voru þau erfiðustu fyrir lögregluna frá því að mótmæli hófust eftir bankahrunið.

Þegar hér var komið við sögu var orðið ljóst að lögreglan hafði ekki úthald til þess að takast á við svona fjölmenn mótmæli dag eftir dag. Lögreglumenn voru orðnir örþreyttir og ástandið versnaði stöðugt. Farið var í að leita leiða til þess að geta tekist betur á við mótmælin ef þau myndu halda áfram að versna og kæmu til með að standa mikið lengur. GJP og ÁPS áttu fund með Jóni F. Bjartmarz, yfirlögregluþjóni RLS og Guðmundi Ómari

Þráinssyni, aðstoðaryfirlögregluþjóni RLS, þar sem farið var yfir stöðuna. Meðal annars voru kannaðir möguleikar á því að fá til landsins sérútbúnaðar lögreglubifreiðar frá Danmörku. Bifreiðarnar voru taldar geta komið að góðum notum, bæði við að flytja lögreglumenn á staði og einnig hægt að mynda með þeim skjöld framan við Alþingishúsið. Bifreiðarnar voru sagðar tiltækar til flutnings með skipi, en ekki þótti ástæða af hálfu dómsmálaráðuneytisins að þiggja þær þegar til kom.

Lýsing úr lögregluskýrslu þegar [REDACTED] var handtekinn: SG-0227 segir svo frá að hann hafi, ásamt tveimur lögreglumönnum úr aðgerðaflokk 1, verið staddur á Austurvelli þegar þeir fengu fyrirmæli um að fara á meðal fólksins og leysa upp þann hóp sem eftir var og fá fólkið til að yfirgefa vettvang. Þetta var um kl. 03:51. SG-0227 var staddur ásamt fleiri lögreglumönnum á Kirkjustræti við Thorvaldsenstræti að ræða við hóp fólks. [REDACTED] var í þessum hópi og höfðu lögreglumenn ekki átt í orðastað við hann fyrir handtökuna. Tvær stúlkur komu hægra megin við SG-0227 og voru ósáttar við fyrirmæli lögreglunnar og ýttu þær við lögreglumönnum. Lögreglumenn ýttu þeim til baka og féll önnur stúlkan. Þá stukku nokkrir úr hópnum og fóru að ýta við lögreglumönnum og þeim var ýtt til baka. Þá sló [REDACTED] bylmingshögg með krepptum hnefa beint á glerið á hjálm SG-0227 og þaðan á hálsinn og vinstri handlegg. Var úðað piparúða á [REDACTED] og hann síðan handtekinn. Hjálmur lögreglumansins kom í veg fyrir meiðsli. Þetta er dæmigerð lýsing á framkomu mótmælenda í garð lögreglu þegar þeim voru gefin fyrirmæli um að fara af vettvangi.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Umsöng [REDACTED] „Ég var heima þegar mér barst hringing um að koma strax niður á stöð vegna mótmæla við Alþingi. Ég fór rakteitt niðreftir og voru lögreglumenn þá að mynda línu og reyna að fá fólk út úr Alþingisgarðinum en nokkrir aðilar höfðu verið handteknir þar. Mikill fjöldi fólks var í garðinum og náðum við að mynda línu sem var austur-vestur um garðinn miðjan. Handteknir aðilar voru við húsið og almenningur hinumegin línunnar. Í talsvert langan tíma náðum við einungis að halda í horfinu en ekki vinna svæði eða ná að koma fólki út úr garðinum vegna fjöldans sem þar var. Ekki var beitt valdi og á meðan stóð fólkið og horfði á handtekna aðila fyrir innan. Margir voru æstir og óánægðir með störf lögreglunnar. Fólk kom alveg að okkur og lét fúkyrðaflaum rigna yfir okkur. Að mér virtist var fólkið reitt okkur fyrir að hafa handtekið aðilana. Ég man vel eftir þeim sem að mér komu og heltu sér yfir mig. Einnig man ég vel eftir þeim sem komu að okkur og skvettu á okkur súrmjólk. Síðar var ákveðið þegar við vorum orðnir fleiri að rýma garðinn og gekk það val. Ekki þurfti að beita valdi en þó var gengið ákveðið til verksins. Ég man eftir nokkrum piltum sem ákváðu að snúa á okkur með því að setjast niður en við fórum yfir þá og þá voru þeir einir eftir fyrir innan blínuna og þá leiddir í burtu af lögreglumönnum sem þar voru.

Mér fannst margir vera æstir og reiðir en þá aðalega vegna þess að aðilar hefðu verið handteknir.“

Umsögn [REDACTED]: „Fjórir lögreglumenn voru látnir mæta þennan morgun og ég [REDACTED] var einn af þeim. Tilgangur okkar var að fylgjast með tilteknu svæði á Austurvelli enda voru mótmæli boðuð þennan dag á Austurvelli og svo var þingsetning fyrirhuguð einnig. Fyrstu aðgerðum var lokið fyrir klukkan 11:00 en þá var verið að afmarka svæðið betur af hálfu lögreglu, en borgarstarfsmenn Reykjavíkurborgar önnuðust verkið að mestu leyti.

Á sama tíma var sett í gang aukið viðbúnaðarstig vegna þingsetningarinnar, mér var síðan falið að taka við ákveðnu stjórnunarhlutverki en Arnar Rúnar Marteinson, aðalvarðstjóri, var á fundi ásamt fleirum stjórnendum embættisins á Glymi í Hvalfirði. Kristján Helgi Práinsson, varðstjóri, gekk þá í hlutverk Arnars en ég átti að leysa hlutverk Kristjáns. Ég fékk mjög litlar upplýsingar um hver áætlun lögreglu væri í þessari aðgerð og ég var ekki upplýstur um þær áætlanir við mismunandi hættustigum sem gætu skapast á Austurvelli. Þær upplýsingar sem lágu uppi voru hvaða mannaflí yrði til takst, hvaða lokanir yrðu á vettvangi og staðsetningu á girðingum sem voru settar upp til að halda mannfólki frá alþingishúsinu. Halda átti u.þ.b. sömu áætlunum þ.e. að halda aðgerðasveitinni afsíðis eins og hægt væri. En þó áttu tveir flokkar að vera í bifreiðageymslu þinghússins, tveir flokkar í nágrenni við þinghúsið og einn flokkur að vera við þinghúsið sjálft, einnig voru tveir sjúkraflutningsmenn frá slökkviliði höfuðborgarsvæðinu inni í þinghúsinu, en þeir höfðu tvöfalt hlutverk þ.e. að annast þá sem myndu slasast og ef að eldur brytist út í þinghúsinu sjálfu þá áttu þeir að annast fyrstu viðbrögð við honum.

Einkennisklæddir lögreglumenn án aukins varnarbúnaðar áttu að gæta að girðingum sem og bakgarði þinghússins við Kirkjustræti. Mikill fjöldi fólks tók að streyma að Austurvelli og strax varð ljóst að þessi mótmæli myndu ná þeirri stærðargráðu sem lögreglan hafði ekki séð áður í þeim mótmælum sem höfðu gengið vikurnar á undan. Því var brugðist strax við með þeim að kalla út frekari mannskap.

Laust fyrir klukkan 13:00 þá fór fólk að slíta niður þær lokanir sem settir höfðu verið upp að hálfu lögreglu og fólk fór að streyma inn fyrir lokanir. Fyrirmæli til okkar voru að aðhafast ekkert að sinni en það var þó haldið áfram að kalla til frekari mannskap á vettvang. Einnig voru alþingmenn enn að koma að húsinu.

Laust fyrir 13:20 varð ákveðin stefnubreyting en þá fór ákveðinn hópur fólks að koma inn í alþingisgarðinn og það hóf að berja á glugganna baktíl. Brugðist var við með því að senda einkennisklædda lögreglumenn öðrum lögreglumönnum sem voru þar fyrir til aðstoðar.

Skyndilega breytast mótmæli fólksins með þeim hætti að það fer að berja á rúður og kasta grjóti. Í fjarskiptum koma köll frá lögreglumönnum um að þeir þurfi frekari aðstoð og við sem inni vorum varð ljóst að mótmælin væru eflaust að taka á sig nýja mynd sem við höfðum ekki séð áður.

Áður en farið var með flokkana út þá var reynt að fjölga einkennisklæddum mönnum inn í garðinn en það bar ekki árangur. Klukkan 13:30 var farið með flokkana út úr Alþingishúsinu og allir þeir flokkar sem tiltækir voru við vettvanginn voru kallaðir að.

Þegar þeir tveir flokkar sem ég var í var sendur út í garðinn þá komust við ekki meðfram skálanum heldur þurftum við að fara inn í garðinn sjálfann og koma svo inn í hornið þar sem lögreglumennirnir sjálfir voru. Þegar þangað var komið varð okkur ljóst að það var heppnin ein að lögreglumennirnir þar voru ekki slasaðir en þeir réðu ekki við neitt og svo voru þeir alltof faliðaðir. Átök urðu í horninu en við náðum að koma fólkinu frá glerhúsinu sem skilur að Alþingishúsið og glerskálann sjálfann en menn óttuðust að glerið myndi gefa sig. En við náðum ekki að koma fólkinu langt frá aðeins nokkra metra aðeins að fyrsta staunum á steingirðingunni. Þá var sá mannafla sem ég var með uppurinn og þreyttur. Þá óskaði ég eftir frekari mannafla á staðinn enda orðið ljóst að rýma þyrfti svæðið og það myndi líka taka langan tíma. Einnig varð mér ljóst að við myndum ekki ná árangri nema að beita frekari aðgerðum s.s. með vopnum.

Hafist var handa við að fá aukin mannafla inn í garðinn þ.e. með auknum varnarbúnaði og með piparúða. Sem betur fer var sá mannfjöldi sem var fyrir framan alþingishúsið Kirkjustrætismegin nokkuð rólegur þó hann væri e.t.v. að berja það að utan. Sú aðgerð sem lagt var upp með í fyrstu var að rýma sundið sem liggur meðfram glerskálanum enda fólst ótti okkar í því að rúður þar myndu gefa sig undan ágangi mótmælenda. Hávaðinn á svæðinu jókst og jókst þegar líða tók á og við áttum í erfiðleikum með að heyra í hvor öðrum þegar við vorum að reyna að gera áætlanir um að rýma bakgarðinn. Þegar sá fjöldi lögreglumanna var kominn til okkar þá var farið í að rýma það sund sem við ætluðum okkur í fyrstu. Mikill fjöldi fólks var í sundinu, það stóð ofan á girðingunni að ónefndu því fólki sem í bakgarðinum sjálfum var. Það fólk reyndi að komast að okkar að aftanverðu en það tókst ekki. Lögreglumenn sem í hominu voru komust hvergi og ef eitthvað annað hafði gerst þá hefðum við ekki getað komist til aðstoðar.

Þegar nægur mannafla var kominn bakatil var hafist handa við að beita úðavopnum til að koma mannfjöldanum frá tveir til þrír menn önnuðust aðgerð eftir skipunum mínum. Þeim var skipað m.a. að úða á það fólk sem stóð ofan á girðingunni að innanverðu. En þar var kominn saman ásamt fleirum óbreyttum borgurum mikill fjöldi blaðamanna bæði frá ljósvakamiðlunum, blöðunum sem og öðrum áhugaljósmyndurum. Ég gaf einum lögreglumanni sem var með úðavopn um að beina sér sérstaklega að því fólki sem var uppi á girðingunni. Lögreglumaður þessi hikaði enda m.a. fjölmiðlamenn á girðingunni en fyrirmæli mín voru ítrekuð en með þessu náðum við að koma fólkinu frá girðingunni að innanverðu sem og að rýma sundið að horni girðingarinnar sem afmarkar garðinn og að horni glerskálans. Nokkrir voru handteknir í aðgerðinni og þeim var komið fyrir í horninu þar sem lögreglumennirnir komu fyrst að. Þeir sem urðu fyrir piparúðanum gátu leitað sér aðstoðar hjá sjúkraflutningmönnum sem voru kallaðir að áður en aðgerðin hófst.

Því næst hófst rýming á alþingisgarðinn sjálfum og þar voru nokkir handteknir. Þar var farið að grýta lögreglu umtalsvert en þá komu upp ný vandamál sem fólust því að við gátum ekki komið þeim handteknum frá okkur með neinum hætti. Þá hófst vinna við að verja hina handteknu sem og þá lögreglumenn sem voru með okkur án varnarbúnaðar. Gerð var krafa um að glerskálinn yrði opnaður svo við kæmum hinum handteknu inn en því var hafnað af einhverju ástæðum en hann var þó opnaður síðar en ekki er ljóst hvaða straumhvörf urðu til þess að það var gert.

Meðan á þingfundi stóð vorum við allan tíman í bakgarðinum og reglulega gerðist múgurinn ágengur við lögreglu, okkur fannst sem að hann yrði æstari eftir því sem þingmenn héngu á gluggum þinghússins en þeir áttu erfitt með að hlýða fyrir mælum lögreglu um að halda sig frá gluggum a.m.k. sumir hverjir. Matvæli, gler og grjót gengu yfir lögreglumennina og kveikt var á blysum en að lokum tókst okkur að rýma garðinn. Ný vandamál tóku við þ.e. þeir handteknu sem voru í bílakjallara hússins, hvað gátum við gert við þá, við komust hvergi með þá í burtu, allar leiðir voru lokaðar. Einhverjir þingmenn höfðu komið niður í bílakjallarann og rætt við mótmælendur þvert á vilja lögreglu og að sögn lögreglumanna höfðu einhverjir tjáð sig um aðfarir lögreglu. Þegar ég kom í bílakjallarann þá voru hinir handteknir ekki rétt settir upp miðað við þá þjálfun sem aðgerðasveitarmenn höfðu hlotið enda voru þeir lögreglumenn sem þar voru ekki í aðgerðasveitinni, það voru einfaldlega of margir lögreglumenn að gæta hinna handteknu, þennan mannskap þurfi annarsstaðar.

Að lokum voru hinir handteknu fluttir út um ákveðna flóttaleið en komið var út um dyr að Kirkjustræti en lögreglubifreiðunum var lagt þar sem aksturstepna er til austurs. Þegar fyrstu handteknu einstaklingarnir komu út þá komu upplýsingar í gengum fjaraskiptakerfi að mótmælendur væru á leiðinni til okkar og þá kom skipun um að nota kylfur. Ég var einn að þeim sem hafði fengið það hlutverk að verja hina handteknu og þegar fyrstu einstaklingarnir úr hópi mótmælenda komu fyrir hornið þá tók hið óbærilega við þ.e. að ég þurfti að nota kylfu í fyrsta skipti á starfsferlinum. Þessi einstaklingur fékk tvo til þrjú högg og þá hörfaði hann, mér fannst í fyrstu að ég hafi beitt ofbeldi gagnvart þessum manni en þá komu skipanir um að verja bílalestina og við áttum að koma henni sem fyrst af vettvangi, við þurftum að ýta fólki frá og berja með kylfum, mér sjálfum leið ömurlega en mér varð fljótlega ljóst að þetta var hlutverk sem mér hafði verið falið að gera og e.t.v. valið. Eftir þessa aðgerð þá fórum við að fá það á tilfinninguna að mótmælendur vissu hvað við værum að gera enda höfðu þeir fylgt okkur eftir í aðgerðum okkar. Rétt fyrir kvöldmat voru hinir handteknu komnir inn á Hverfisgötu og í fangageymslu.

Þingmenn og ráðherrar fóru út úr þinghúsinu og ákveðnir hópar lögreglumanna voru látnir yfirgefa Austurvöll þ.e. þeir sem voru án varambúnaðar. Minn hluti sem aðstoðarsveitarstjóra hafi brugðist að mínu áliti, Kristján Helgi Þráinsson hafði að mestu ef ekki öllu leyti stjórnað aðgerðunum einn. Mitt hlutverk þróaðist yfir í þá átt að vera frekar flokksstjóri. Ég vissi heldur ekki hvaða plön voru í gangi á milli Kristjáns og aðgerðarstjórnar lögreglunnar en hún var staðsett annarsstaðar. Aðrir stjórnendur komu að bæði frá LRH og RLS og tóku yfir án þess að ég væri losaður undan starfsskildum sem mér hafði verið falið í upphafi dagsins. Ég var orðin utangátta og tók þá ákvörðun eiginlega að best væri fyrir mig að vera með aðgerðahópnum úti enda hafði ég svo sem verið með honum allan daginn með einum eða öðrum hætti.

Preytan og máttleysið var farið að segja til sín enda höfðum við verið svo til án matar og drykkjar allan daginn. Mótmælin fóru upp á nýjar hæðir, þau fóru að breytast í skríslæti. Lögreglan var grýtt með grjóti, málningu, heimatilbúnum sprengjum, matvælum eða öllu því sem hægt var að kasta með einum eða öðrum hætti. Rúður voru brotnar í þinghúsinu og eldar voru kveiktir á Austurvelli, það fjölgaði í hópnum og þeir lögreglumenn sem voru

sendir í burtu voru beðnir um að halda kyrru fyrir á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Enn fjölgaði í hópi mótmælenda, þegar líða tók á kvöldið og við áttuðum okkur á því að löng nótt væri framundan.

Við voru stanslaust grýttir eða ýtt við okkur þó á mismunandi stöðum í línunni, álagið var gríðarlegt, en reynt var að koma lögreglumönnum í mat inni í þinghúsinu en það gekk hægt. Endurkast var frá vegg alþingishússins og við vorum farnir að finna til óþæginda á bakhluta líkamans vegna grjótkasts og svo má ekki gleyma þeim sprengjum sem sprangu í kringum okkur, en oft var þrýstingur frá þeim. Svona gekk þetta allt kvöldið. Eldar voru kveiktir og við reyndum að slökkva þá en það gekk ekki þar sem þeir voru kveiktir jafnóðum og við höfðum lokið okkur af.

Preytan í manskapnum var farin að segja til sín en lítið hafði verið um mat og drykki þ.e. vatn. Óþolinmæði var komin fram í hópum um hve aðgerðarleysi lögreglu var algjört og ekki batnaði það þegar upplýsingar komu til okkar að þeir yfirmenn lögreglunnar sem voru á fundi á Glymi í Hvalfirði myndu ekki koma í bæinn, en ítrekað kom fram hjá mönnum hvernig þeim hefði dottið í hug að halda fund utanbæjar á þessum degi í hópi þeirra sem voru utandyra. Áttum við að þola þetta endalaust að látið yrði vaða yfir okkur án aðgerða. En það runnu fljót á okkur tvær grímur þegar við vorum beðnir um að spara piparúðann og nota hann ekki nema við fengjum skipun um að nota hann, eina undantekningin var að nota mætti hann í neyðarvörn. Átti ekki að gera neitt?

EKKI batnaði ástandið í hópum þegar lögreglumenn fóru að sjá einstaklinga sem handteknir voru í mótmælunum fyrr um daginn og allt að klukkustund áður. Sumir lögreglumenn misstu sig alveg, fáránleikinn var algjör, áttu lögreglumenn að þola það að það fólk sem handtekið hafði verið kæmi úthvílt til að berja á okkur aftur, þurftu menn virkilega að flýta sér svona mikið við að losa fólk úr fangageymslunum áður en mótmælunum lauk en það var óljóst svo sem hve lengi þau myndu standa. Fáránleikinn var orðinn algjör að mörgum fannst, ekki var laust við að maður tæki undir með félögum sínum en skipunum þurfti maður að hlýða og ekkert annað var í stöðunni heldur en að standa sig.

Meðan á þessu stóð komu upplýsingar um að einstaklingar væru með bensínsprengjur á svæðinu. Mér sjálfum fannst það óhugsandi hvað myndi gerast hjá okkur ef við fengum bensínsprengjur á okkur enda höfðum við enga þjálfun fengið til að bregðast við, mínar hugsanir fóru í fyrstu a.m.k. að engin lausn væri á því ef bensínsprengja myndi koma, ljóst var að menn myndu slasast mikið ef bensínsprengjur myndu lenda á okkur lögreglumönnum. Engum bensínsprengjum var þó kastað átt til okkar þetta kvöld sem betur fer.

Aðrir aðgerðarsveitarnir komu til okkar þegar leið á kvöldið og þá gátum við farið að hvíla þá menn sem höfðu staðið hve lengst úti.

En þessi átök héldu fram á nótt og fáir voru handteknir þegar leið fram á kvöldið og nóttina.

Um klukkan 04:00 21.01.2011 þá voru allir komnir inn í hús á Hverfisgötunni og ég fékk þær upplýsingar að taka þyrfti daginn snemma þ.e. um klukkan 08:00. Ég sjálfur var orðinn mjög þreyttur, öskur, sprengjuregn og trommusláttur hljómuðu í höfði mínu með taktföstum hætti eftir að ég var búinn að tryggja að allir væru farnir heim sem voru í aðgerðinni lengst af væru farnir af lögreglustöðinni tók ég þá ákvörðun um að ná mér í teppi og leggjast á júðódýnu í líkamsræktaraðstöðu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu. Ég vissi að ef ég færi heim þá fengi ég klukkutíma minni hvíld en ef ég færi þarna niður. Sveittur, blautur og svitabrunninn lagðist maður niður og sofnaði. Tæpum fjórum tímum síðar vaknaði maður með slátt í höfðinu og manni fast í ljósrofinu að maður væri enn á Austurvelli en fljótt áttaði maður sig á því að mjög langur dagur væri framundan.

Ekki er hægt að ljúka þessu nema að skrifa lítilsháttar um síðari daginn en þau mótmæli voru með svipuðum hætti og fyrri dagurinn en hinsvegar voru miklar breytingar á okkar mannskap. Álagið var farið að segja til sín og perringur út í stjórnendur fyrir að leysa ekki upp mótmælin með markvissum hætti með vopnum þ.e. tágasi.

Þegar líða tók á kvöldið fór okkur að gruna að eitthvað væri að hjá lögreglu en við vissum ekki hvað það væri. Skyndilega fór það fólk sem var á Austurvelli upp á Hverfisgötu en þar héldu mótmælin áfram enda var Samfylkingin að funda um áframhaldandi líf ríkisstjórnarinnar.

Við sem höfðum verið allan daginn úti fengum kærkomna hvíld gátum nærst og lagst niður enda var maður orðinn sár undan þeim hlífum sem við bárum sem og undan svita.

Yfirmenn okkar tóku þá ákvörðun um að fækka í mannaflanum og senda menn heim. Ég man að ég spurði yfirmanninn hvort það væri réttlætanlegt enda alls óljóst hvað myndi gerast þegar líði á nóttina varðandi þann múg sem var á Hverfisgötunni.

Yfirmaðurinn stóð við sitt og við sem vorum búnir að vera lengst yfirgáfum svæðið og fórum heim.

En þá gerðist það sem maður var að bíða eftir að tágasi yrði beitt en ég sjálfur var í þeim hópi sem hafði verið sendur heim og fékk ekki að upplifa það sem á eftir kom.

En hinsvegar fékk ég að upplifa það líf sem var á göngum lögreglustöðvarinnar daginn eftir, hvílik samheldni en líka mátti sjá andlit sem áttu erfitt þrátt fyrir að þeir vildu ekki viðurkenna það. En ég hafði séð þetta áður fjórtán árum áður og þekkti þá hegðun sem ég var að horfa á. Ég óskaði eftir því við ákveðna stjórnendur að eitthvað yrði gert til að hjálpa þessum mönnum sem áttu erfitt eða að öðrum kosti myndu þeir hverfa frá okkur. Sjálfur gat ég ekkert gert enda var maður að reyna að ná fyrra þreki og taka til í höfðinu á sjálfum mér. Nokkrir dagar liðu en það var lítið gert, einn fundur hafði þó verið boðaður og hann var í Grensáskirkju, ég sótti hann ekki sjálfur enda fannst mér ekki viðeigandi að blanda saman trúarbrögðum við lögreglustarfið. Samheldnin hélt þó að mestu leyti í nokkrar vikur en svo hvarf hún. Annar fundur var haldinn síðar á Hótel Loftleiðum og þar kom aðgerðarsveitin saman og fór yfir stöðu mála og er það vel.“

Umsögn [REDACTED]: „Verkefni mitt þennan dag, sem var fyrri dagur óeirðanna við Alþingishúsið, var að stýra flokki manna innan mannfjöldastjórnunarhóps. Ekki man ég nákvæmlega hverjir voru með mér í þessum flokk en við höfum líklegast verið 8-9 saman. Vitað var þegar við mættum til vinnu að mótmæli yrðu við Alþingi þar sem þingsetning var.

Við vorum staðsettir við upphaf vaktar í bílaleigubifreið á bifreiðarstæði við Landakotskirkju. Við vorum þannig staðsettir að við sáum ekki inn á Austurvöll og vorum því illa upplýstir um ástandið þar í upphafi. Fljótlega fórum við að heyra samskipti milli manna sem staddir voru við þinghúsið í gegnum fjarskipti. Heyra mátti mikinn hávað í bakgrunni þeirra samskipta og fór maður þá að gera sér grein fyrir að þetta væri meira enn það sem við höfðum séð á hinum venjubundnu laugardagsmótmælum sem þá voru búin að vera nánast reglulega frá október 2008.

Þegar leið á daginn kom beiðni frá stjórnendum við Alþingi um meiri mannskap þar sem mikill fjöldi fólks var komið inni Alþingisgarðinn og var farið að berja á glugga og grýta þinghúsið. Við héldum þegar að þinghúsinu og komum að því frá Templarasundi þar sem við fórum út úr bifreiðinni og ákvað ég sem stjórnandi þessa hóps og miðað við þær upplýsingar sem höfðu borist í gegnum fjarskipti að láta mína menn taka óeirðarskildi með sér inn í garðinn. Tel ég nokkuð víst að þetta hafi verið fyrsti flokkurinn sem notaði skildi á vettvangi við þinghúsið.

Mikill hiti var í mótmælendum inni í garðinum og var öllu lauslegu látið rigna yfir lögreglumenn og þinghúsið. Var þar bæði um grjót, mold og plöntur að ræða. Fljótlega fór að bera á matvælum, eggjum, skyri og mjólk sem dæmi.

Þegar lögregla hafði náð að mynda línu inni í garðinum var hafist hafist handa við að koma mótmælendum frá húsinu og helst út úr garðinum. Þegar ljóst var að fyrirmælum lögreglu yrði ekki hlýtt var farið að beita varnarúða og hafði það tilætlaðan árangur. Mótmælendur byrjuðu að hörfa en ekki án þess að veita mikla mótspyrnu og varða að lokum að handtaka nokkra.

Þegar tekist hafði að koma mótmælendum aðeins frá húsinu var komin upp hálfgerð pattstaða þar sem lögreglumenn voru nánast innikróaðir í garðinum milli gamla þinghússins og glerskálans með hina handteknu mótmælendur.

Heyra mátti af samskiptum stjórnenda á vettvangi og í stjórnstöð í Skógarhlíð að erfilega gekk að fá starfsmenn Alþingis til að samþykkja að hinir handteknu væru fluttir í gegnum þinghúsið og niður í kjallara þaðan sem auðveldara hefði verið að flytja þá á brott.

Að lokum kom heimild til að færa hina handteknu niður í kjallarann. Það sem vakti þó furðu mína og féлага minna var að það virtist sem mótmælendur vissu alltaf um leið og lögreglan aðhafðist eitthvað eins og þessi flutningur á hinum handteknu niður í kjallara, því um leið var mikill fjöldi þeirra komin við innkeyrsluhurð að bílageymslu Alþingis. Það þýddi að ekki mundi vera gerlegt að flytja hina handteknu þaðan.

Að lokum var ákveðið að flytja hina handteknu yfir í tengibyggingu við þinghúsið við Kirkjustræti og koma þeim þaðan í lögreglubifreiðar. Þegar þetta var ákveðið voru

fyrirmæli um að verja lögreglubifreiðarnar ekki gefnar í gegnum fjarskipti heldur með því að sveitastjórinn gaf flokkstjórunum fyrirmæli beint sem við flokkstjórnir kynntum fyrir lögreglumönnum. Þegar kom að flutningnum kom það mótmælendum í opna skjöldu og náðum við með harðfylgni að verja lögreglubifreiðarnar þar sem þær óku á brott austur Kirkjustræti.

Eftir að hinir handteknu voru fluttir á brott héldu mótmæli áfram fyrir framan Alþingishúsið. Mikið hafði fjölgað í röðum lögreglumanna og virtist manni sem allir sem vettlingi gátu valdið (eða réttara sagt hjálm á höfuð troðið) vera komnir á vettvang. Lögreglumenn mynduðu samfeldan varnarvegg fyrir framan þinghúsið en við höfðum ekki mikið svigrúm þar sem við vorum nánast komnir með bakið upp við húsið.

Fram eftir degi og fram á kvöld rigndi yfir okkur allskyns drasli, grjóti, matvöru, málningu og glerflöskum. Ég var staddur með minn flokk austan megin við gamla aðalinngang þinghússins. Fram eftir kvöldi heyrði maður ekkert nema öskrin og sönglið (vanhæf ríkisstjórn) auk brothljóða fyrir aftan mann þar sem annað hvort glerflöskur splundruðust á steinveggjum Alþingis eða rúður í húsinu gáfu sig.

Reyndu stjórnendur lögreglu á vettvangi eftir fremsta megni að koma lögreglumönnum í hvíld. Við höfðum aðstöðu inni í þinghúsinu (glerskálanum) þar sem menn gátu tekið af sér hjálminn og fengið eitthvað að borða. Þá notuðu menn tækifærið og tóku heyrnartólin sem voru við talstöðvar þeirra úr eyranu til að fá hvíld fyrir eyra, Þegar það var gert var mögulegt fyrir aðra en lögreglu að hlusta á samskipti okkar. Stöðugur straumur þingmanna og starfsmanna Alþingis var þar sem við höfðum aðstöðu.

Nokkuð augljóst var í mínum huga að við vorum mis velkomnir þarna og mátti skipta því nokkuð eftir flokkum hverjir það voru sem mislíkaði vera okkar lögreglumanna þarna. Þótti mér það persónulega leiðinlegt viðmót þar sem ekki var það val okkar að vera þarna heldur skylda. Skylda okkar við að verja Alþingi og uppfylla það drengskaparheit sem við lögreglumenn höfum allir svarið.

Þegar líða fór á kvöldið fóru mótmælendur að kveikja elda út á Austurvelli. Urðu ýmsir munir þá eldi að bráð t.d. garðbökkir og að lokum blessað Óslóarjólátréð. Þar sem slökkvilið treysti sér ekki til að fara inn á meðal mótmælenda fóru lögreglumenn í flokkum fram og slöktu þessa elda jafnóðum með handslökkvitækjum. Svona gekk þetta fram og aftur fram á nótt, eldar kveiktir og við slöktum. Upp úr tvö um nóttina var farið að fækka mikið í röðum mótmælenda og um kl. þrjú var Austurvöllur að verða mannalaus.

Eftir stóðu hópur lögreglumanna, þreytir andlega og líkamlega. Auk þess að mínu mati hálf ringlaðir og brugðið á þeirri heift sem hafði brotist þarna fram hjá almennum mótmælendum og fyrst og fremst bitnaði á okkur, einstaklingum sem vorum þarna til að gera skyldu okkar við land og þjóð.

Þegar ég kom heim um morguninn og fór að sofa sönglaði í höfðinu á mér trommusláttur og slagorð eins og vanhæf ríkisstjórn aftur og aftur þar til ég loks sofnaði.

Konan mín sem ég hafði búið með í 8 ár þegar þessi atburður átti sér stað sagði að það hefði ekki verið þægilegt að horfa á þessi ólæti í beinni útsendingu í sjónvarpinu, vitandi af mér á staðnum.

Næstu dagar áttu eftir að bera í skauti sér heiftugri mótmæli og mun harðari enn lögregla hér á landi á að venjast.“

Umsöfn [REDACTED], var við öryggisgæslustörf inni í Alþingi:

Greinargerð vegna samskipta undirritaðs við Álfheiði Ingadóttur, alþingismanns vinstri grænna á alþingi.

„Þann 20.01 var undirritaður ásamt Hinrik Pálssyni, lögreglumanni [REDACTED] við öryggisgæslu í Alþingi Íslendinga við Austurvöll. Tilgangur öryggisgæslunnar var að gæta Geirs Haarde, forsætisráðherra Íslands, en hann var við þingfund í húsinu. Undirritaður er meðlimur í sérsveit ríkislögreglustjórans og Hinrik einnig, og er það hlutverk sveitarinnar að gæta öryggis ráðherra samkvæmt fyrirmælum ríkislögreglustjóra.

Á þessum tíma var mikill fjöldi fólks utan við Alþingi í mótmælum og hafði fólksfjöldinn safnast saman inni í þinggarðinum að sunnanverðu og var fjöldinn að lemja á glugga hússins með pottum og pönnum og fleiru slíku og hafði rúða brotnað í húsinu vegna þessa. Talsverður fjöldi lögreglumanna var á staðnum og voru þeir að reyna að halda fjöldanum í burtu frá gluggum hússins.

Á þessum tíma höfðu mótmælin staðið yfir í nokkra klukkutíma. Talsvert bar á því að þingmenn og fréttamenn og aðrir, væru í gluggum Alþingishússins og stæðu í glerbyggingu sem er á milli gamla hússins og nýju glerbyggingarinnar þar sem mótuneyti Alþingis er, til þess að fylgjast með mótmælunum. Beiðni hafði borist frá stjórnanda lögreglunnar á staðnum, fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og öðrum lögreglumönnum sem voru að vinna á staðnum, að fólk innandyra léti ekki sjá sig í gluggum eða glerbyggingu hússins þar sem að það virtist æsa mótmælendur enn frekar upp. Lögreglan hafði verulegar áhyggjur af þessu og voru þingverðir beðnir um að biðja fólk innandyra að fara eftir þessum fyrirmælum lögreglu. Ítrekað fóru þingverðir um húsið og sögðu fólki þar innandyra að vera ekki í gluggunum.

Undirritaður var á mótuneytishæðinni eða annari hæð Alþingis og stóð skammt frá glerhýsinu sem er á milli nýja hússins og gamla hússins þar sem þingsalurinn er. Ég sá þar þingmann sem ég þekkti sem Álfheiði Ingadóttur en hún stóð í glerhýsinu og horfði niður á mótmælendur og lögreglu sunnan við húsið. Álfheiður var að tala í gsm síma og þar sem ég stóð skammt frá henni, heyrði ég að hún ræddi hve henni fyndist lögreglan standa illa að öllum málum þarna við mótmælendur og að illa væri farið með fólk sem búið væri að handtaka. Ég sá síðan að Álfheiður veifaði til einhvers í mannfjöldanum og virtist sem hún væri að hvetja fólk, mótmælendur, áfram með handahreyfingum þarna í glerhýsinu.

Eftir að hún hafði hætt að tala í símann, gekk ég til hennar og bað hana um að koma aðeins frá glerhýsinu. Álfheiður brást mjög illa við þessari bön minni og óskaði eftir því að

vita hver ég væri. Ég kynnti henni það og sagðist vera lögreglumaður. Hún kynnti mér þá að mér kæmi ekkert við hvernig hún hagaði sinni vinnu í þessu húsið, hún væri alþingismaður og þetta væri hennar vinnustaður og lögreglunni kæmi ekkert við hvað hún væri að gera. Álfheiður talað mjög hátt þannig að þetta var farið að vekja athygli fólks þarna á ganginum og inni í mötuneytinu. Ég sagðist hafa fylgst með henni þar sem hún stóð í glerhýsinu og kvaðst hafa séð hvernig hún hagaði sér. Hún varð enn æstari við þetta og hrópaði upp að „leynilögreglan“ hefði verið að fylgjast með sér. Ég gekk þá í burtu frá Álfheiði en hún elti mig í áttina að mötuneytinu og hafði hátt með alskonar upphrópunum. Álfheiður kallaði þá á Kolbrúnu Halldórsdóttur sem var að koma út úr mötuneytinu og hélt áfram að hrópa um að verið væri að fylgjast með sér í vinnunni og annað slíkt. Ég ákvað þá að fara niður stigann í burtu frá Álfheiði og sneri við í áttina að stiganum. Álfheiður elti mig í áttina að stiganum. Hinrik Pálsson, lögreglumaður, var þarna kominn að okkur en hann hafði heyrt lætin inn í mötuneytið þar sem hann var að fá sér kaffibolla.

Þegar ég var komin að stiganum niður á fyrstu hæð, kallaði Álfheiður á Steingrím J. Sigfússon, formann vinstri grænna, sem þarna kom að, og hrópaði að honum að „þessi maður“ og benti á mig, hefði verið að fylgjast með sér í húsinu. Ég sagði þá við Álfheiði þar sem ég var komin hálfa leið niður stigann, að hún þyrfti að róa sig aðeins niður. Þetta ítrekaði ég við hana þar sem hún hélt áfram að hrópa í áttina að mér. Ég gekk síðan niður stigann og heyrði þá að hún kallaði á eftir mér „já farðu bara lífvarðartitturinn þinn sem eltir ráðherraræfil alla daga“.

Eftir þessi samskipti við Álfheiði Ingadóttur fór ég og ræddi við yfirþingvörð Alþingis og skýrði honum frá þessu. Það skal tekið fram að talsvert af fólki, bæði þingmenn og aðrir starfsmenn urðu vitni af þessum samskiptum. Flestir ráðherrabílstjórar voru þarna inni í mötuneytinu og heyrðu þessi samskipti.“

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Úr Fréttablaðinu frá 21. 01.2009: Umsátur um Alþingi. Þúsundir mótmæltu við þinghúsið í gær þegar þing kom saman á ný. Lögreglan beitti piparúða og sakaði mótmælendur um að kasta steinum. Á móti var lögregla sökuð um harðræði. Mótmælin hófust á hádegi og áttu að standa í nótt.

Þúsundir komu saman við Alþingishúsið þegar þing var sett í gæt. Fólkið krafðist kosninga og þess að ríkisstjórnin færi frá. Fólk barði potta og pönnur og hrópaði að þingheimi. „Við, borgarar þessa lands, erum að sýna tilfinningar okkar gagnvart yfirvöldum sem láta eins og við séum ekki til,“ sagði Hörður Torfason sem er forsvarsmaður Radda fólksins, um miðjan dag í gær. Lögreglan úðaði piparúða yfir hóp mótmælenda í garði þinghússins. Mótmælendur hafa sakað lögreglu um að beita óþarfa harðræði. Nokkrir voru handteknir en var að sögn lögreglu, sleppt í gærkvöld.

„Lögreglan beitir alltaf þeim úrræðum sem nauðsynlegar eru, en grípur ekki til íþyngjandi aðgerða nema það sé algjörlega bráðnauðsynlegt og önnur úrræði duga ekki. Það er sú grundvallarregla sem við förum eftir,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri

höfuðborgarsvæðisins. Stefán segir mótmælendur hafa kastað steinum og ýmsu að þinghúsinu. Því hafi þurft að verja húsið. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir kröfur mótmælenda vera einfaldar og sanngjarnar. Ríkisstjórnin verði að gera það upp við sig hvort hún verði við þeim. „Hafa menn einhverja betri leið til að koma til móts við þjóðina en að boða til kosninga?“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, segir mótmælin hafa verið á ystu mörkum. „Við höfum séð ákveðin mótmæli með skýr skilaboð undanfarna laugardaga og maður skilur þau mótmæli. En þegar menn eru farnir að brjóta rúður og kasta steinum í þinghúsið, hvaða tilgangi þjónar það?“ Stjórnarandstaðan jós ríkisstjórnina skömmum á þingi, en Sturla Böðvarsson, þingforseti varð ekki við kröfum Vinstri grænna um að slíta fundi vegna mótmælanna. Sturla sagðist ekki stöðva starf þingsins, „vegna þess að uppvöðsluseggir láta öllum illum látum.“

Eftir því sem leið á kvöldið efdust mótmælin að nýju og fólk streymdi að þinghúsinu. Bál var kveikt og fólk bar bretti og skrifborðsstóla á eldinn. Mótmælin stóðu enn þegar Fréttablaðið fór í prentun og höfðu þá staðið í tíu klukkutíma. Nokkrir leituðu á slysadeild, bæði vegna piparúða sem hafði farið í augu og áverka vegna høgga og pústra. „Fólk hljóp heim til að fá sér að borða og kom svo aftur. Þetta heldur áfram,“ sagði Hörður Torfason á ellefta tímanum í gærkvöldi. „Mér sýnist fólk jafnvel ætla að hafa vaktaskipti til að halda eldinum gangandi í nótt.“

Úr Fréttablaðinu frá 21.01.2009: Eldar kveiktir á Austurvelli. Þúsundir mótmæltu við Alþingi í gær. Mótmælendur kröfðust afsagnar ríkisstjórnarinnar og nýrra kosninga. Lögregla beitti kylfum og piparúða. Fólk dreif að er líða fór á kvöld. Eldar kveiktir og rúður brotnar.

kl. 13:00 Trommusláttur, lúðrablastur og sungið fyrir utan Alþingishúsið. Margir með bros á vör og fólki er heitt í hamsi. „Vanhæf ríkisstjórn,“ er sungið af fólkinu. Gamlar konur og grímuklæddir unglingar berja í potta sína. Mikið af „venjulegu fólki“.

kl. 13:20 Lögreglan hefur horfið frá varðstöðu við austurinnangang alþingisgarðsins og skyndilega hleypur hópur fólks frá Austurvelli og inn í garðinn. Fólk ber í glerveggi nýbyggingar Alþingis.

kl. 13:25 Alþingismenn ganga eftir glerganginum og er þú að á þá úr garðinum; á stjórnarandstöðu jafnt sem stjórn. Óeirðarbúnir lögreglumenn ryðjast gegnum mannhafið.

kl. 13:35 Tilkynnt með gjallarhorni að mótmælendur skuli yfirgefa gang sem er girtur af vestast í garðinum. Tilmælin eru höfð að engu og lögreglan myndar múr til að ýta við fólkinu. Slagsmál. Mótmælendur ögra lögreglu með formælingum og kasta snjóboltum.

kl. 13:50 Lögreglu hefur lítið orðið ágengt. „Allir bakki, þetta er síðasta viðvörðun. Það verður gas, gas, gas, gas,“ kallar lögreglumaður í gjallarhorn. Rétt fyrir klukkan 14 er sprautað yfir mótmælendur og gangurinn ruddur.

kl. 14:30 Nú skal allur garðurinn einnig ruddur.

kl. 15:00 Pattstaða, en lögreglan vinnur á. Piparúða er óspart beitt, með hléum.

Kl. 15:25 Fleiri lögreglumenn ber að og maður blóðgast á höfði eftir kylfuhögg.

kl. 15:45 Lögreglumenn málaðir hvítir með skyri. Þeir hafa mjakast örfáa metra áfram.

kl. 16:30 Fólkið skapað að fara út um suðvesturendann, en óhlýðnum hrint í götuna.

kl. 15:45 Þeim fáu sem eftir eru í garðinum er ýtt í suðvesturhorn hans. Sumir klífra yfir grjóttveggina til að flýja.

kl. 17:00 Síðustu mótmælendurnir komnir út úr garðinum nema þeir sem eru í handjárnnum. Um 300 manns fyrir utan og enn öskrað af fullum krafti.

kl. 18:30 Nú munu flestir ráðherranna hafa yfirgefið húsið, eftir jarðgöngum yfir í Blöndalshús, þar sem skrifstofur forseta Alþingis eru. Rúða í aðaldyrum Alþingishússins brotin og stuttu síðar er kveikt bál fyrir utan aðalinngang.

kl. 19:30 Farið er að bætast í hópinn og um klukkan 21 eru hátt í tvö þúsund manns fyrir utan Alþingishúsið. Mikið af fjölskyldufólki kemur með börn sín og heilu pallettunum bætt á eldinn.

Alþingi – Stjórnarráðið, 21. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-004097

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð:HJ-7711, EB-7306, FSB-9312

Vettvangsstjórn: GJP-7607, ÁPS-7415, ÓGE-6606. Stjórn aðgerðasveita: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AE-9717,GHS-9411. ARG-0520, SÁR-0333, GP-0512, LBP-0248, MIE-0623. **Flokkur 2: Frá Selfossi:** SK-8810, EK-8705, HG-0773, EJ-0769, HPÆ-0629, GSG-0601, BMV-0739, MPS-0513, IG-0118, ÁRE-0439. **Flokkur 3:** ÞJS-8110, UMÁ-0103, PBH-9927, HH-0323, HH-0436, GHM-0107, BÓ-0405, **Flokkur 4:** GPG-9314, SS-8110, GH-9306, HR-8314, Aðrir lögreglumenn: JBS-0427, ESE-0428, GJG-0110, AS-8716, GBS-0626, HSP-0604, PAE-0129, PAJ-8829, SPÓ-0406, SE-8211, BRS-9811, KEE-9827, GSE-0624, KK-0628, SB-0425, JBB-0726, RÖS-9716, GIR-0327, PPG-9115, ÁE-0617, FIJ-8522, ERE-0319, MJ-0712, HPT-0621, BB-0112, GST-0606, ÓMA-0634, HGK-0724, PHJ-0746, SMJ-0701, VS-0719, DLM-0238, LMA-0737, SJ-9814, GRS-0122, RSP-0508, IMI-0234, BSS-8306, JPE-0416, RG-0603, PK-7821, ÆPE-6609, PG-9012, EJ-0611, JFV-0743, PP-9707, EGG-9315, HHA-0705, BÖG-0432, LRG-0747, JKP-9506, SSJ-8833, AH-0741, PRJH-9927, HPK-0117, JVA-0709, IBE-0434, BFG-0734, JL-9505, FB-9907, SÖS-0126, SBA-0602, KPS-0728, GR-0106, JG-9116, BÁ-0514, ÁS-0528, SS-0608, ÁS-0632, ER-0250, AMF-0418, HP-9008, IB-9022, GD-8008, TFS-9608, SM-8835, PB-8224, HBS-7508, AA-8906, KÆK-0204, JG-0222,GH-8520, ÆPP-0332, KS-8813, EV-

0329, HJ-9805, SIE-9808, ERR-0206, JGS-9932, HBS-0422, SB-0517, KSV-8804, BÓM-8521, ÁÖG-0333, AÖS-0529, LK-8521, GP-8102, PGP-0111, GHG-0505, GPJ-8822, DG-0219, DBR-8607, HS-6905, GBÁ-8831, KIK-8508, EGJ-9929, ÁP-9101, ÓJ-0633, AS-9803, ÁH-0140, HS-8634, JGJ-8212, HBB-9722, BHB-9519, BE-7414, EÁ-8219, BG-7614, HSH-0526, GS-8208, PI-0302, PEE-7412, HRG-8913, KS-8712, MS-9017, JÓÓ-0121, JGS-0635, SP-9313, HES-0441, SMA-9829, GPT-0232, LH-0132, AGA-0142, IPS-8510, SG-0227, PRG-0116, BHP-0221, EBS-9122, LAP-0605, RHG-0215, HG-0429, BE-8214, SKÓ-8915, HS-7615, JÓÓ-0525, RJ-9109, BS-8914, EAK-9206, VO-9828, GG-7907, BK-0761, MJS-0780, BM-0731, GPS-0732, HGJ-0782, ES-0770, GHS-9825, JS-0725, DÖD-0781, EDG-0767, GÁG-0783, MPG-0776, PB-0748, AH-0750, IYJ-0766, KÖK-0768, HPS-0775, VÖÁ-0778, HPH-0763, SRE-0214, PIS-0804, KSE-0805, PMS-0807, DIP-0808, KÓG-0813, PÓ-0815, GG-8722, ÓPS-8105, HÓ-7109, APG-0803, BMÓ-0536. Öryggisgæsla með ráðherrum frá sérsveit: KJS-9515 og HP-9705. **Aðgerðaflokkur frá Suðurnesjum (14:30-23:30):** SRR-9518, JPK-9925, KFG-8718, GP-0503, HE-0509, BMS-0727, JH-0316, JHS-0301, BS-0321. **Aðgerðaflokkur frá Suðurnesjum (21:00-07:30):** MMM-9513, HH-8624, SAL-0401, NH-0334, VE-0223, VÁ-0614, AMJ-0716, GE-0710.

Skipulag:

Aðgerðarstjórn var staðsett í Skógarhlíð og hafði yfirumsjón með aðgerðum, fylgdist með myndavélum og aflaði og miðlaði upplýsingum til vettvangsstjórnarmanna. Var ljóst að búast mætti við öflugum mótmælum í ljósi þess sem gerðist deginum áður og voru menn því við öllu búnir. Áfram skyldi haldið með þá stefnu að reyna í lengstu lög að komast hjá handtökum, nema í þeim tilvikum þar sem um mjög alvarleg mál væru að ræða, en reyna frekar að halda fólkinu niðri og koma í veg fyrir ofbeldi og eignaspjöll. Ljóst að verja þyrfti Alþingishúsið og Stjórnarráðið, það voru helstu snertifletirnir.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 13:00 og þeim lauk ekki fyrr en kl. 03:00. Fjöldi lögreglumanna var um 236 og heildartímafjöldinn um 2.650.

Atvikalýsing

Snemma morguns, eða um kl. 08:00, voru yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónar almennrar löggæslu komnir til Reykjavíkur og fóru strax yfir atburði gærdagsins og næturinnar með þeim yfirmönnum sem stóðu vaktina. Ákveðið að þeir færu flestir að Alþingishúsinu til að undirbúa löggæsluna fyrir daginn.

Strax kl. 13:00 voru lögreglumenn komnir að Alþingishúsinu til að vera viðbúnir þegar og ef mótmælendur mættu á svæðið. Strax voru komnir um 40 til 50 manns berjandi á rúður þingsins. Umferðarlokanir voru settar á Kirkjustræti við Pósthússtræti. Upplýsingar fengust frá Dómkirkjunni um að þar myndi hefjast jarðaför kl. 15:00 og óskað eftir aðstoð við að það mætti ganga eftir. Kl. 13:34 var talið að um 200 manns væri komnir við þinghúsið og stuttu síðar var sá hópur kominn í 500 manns. Lögreglan fékk upplýsingar um að verið

væri að hlaða vörubrettum, húsgögnum og fleiru í Kolasundi við Héraðsdóm og lögreglumenn sendir í að stöðva það.

Kl. 14:12 var tilkynnt að Sturla Jónsson, vörubifreiðasstjóri, væri mættur við Stjórnarráðið, við annan mann, með lúðra. Um þetta leyti lét GJP þær fréttir berast til mótmælenda að jarðarför yrði í Dómkirkjunni kl. 15:00 og það um að tekið yrði tillit til þessa. Fljótlega ákváðu mótmælendur að yfirgefa staðinn og halda sem leið lá að Stjórnarráðinu. Starfsfólk Stjórnarráðsins var látið vita af þessu. Þegar mótmælendur komu að Stjórnarráðinu byrjuðu þeir strax á að berja rúður hússins. Kl. 14:19 var ráðist að bifreið Geirs H. Haarde, forsætisráðherra, þar sem hún var staðsett austan við Stjórnarráðið. ARM og KHP, sem voru á staðnum og sáu hvað var að gerast, kölluðu eftir skjótri aðstoð og var allt tiltækt lögreglulið sent á staðinn. Var atgangur mótmælenda svo mikill að lögreglumenn urðu að taka upp kylfur og fara í viðbragðsstöðu. Ástandið var þarna mjög eldfimt og endaði með því að lögreglumenn urðu að beita afli svo forsætisráðherra og bifreið hans kæmust í burtu. Ljóst var á þessum tímamarki að mótmæli dagsins ættu eftir að harðna og því farið í að ræsa út fleiri lögreglumenn, m.a. frá Suðurnesjum. Kl. 14:47 tilkynnti SHS að þeir væru tilbúnir með bíl með litlum slökkvitækjum, slöngur og stúta til slökkvistarfa, með stuttum fyrirvara. Kl. 14:58 var fyrsta rúðan brotin í Stjórnarráðinu. Um kl. 15:00 var þess farið á leit við starfsfólk Stjórnarráðsins að það yfirgæfi húsið og það beðið um að fara út að austanverðu, einn og einn í einu.

Kl. 15:02 komu skilaboð um að forsætisráðherra væri að mæta í Valhöll og væri sérsveitin þar til taks, en þangað var kominn hópur mótmælenda. Áfram voru brotnar rúður í Stjórnarráðinu og reynt að finna geranda/gerendur með því að fylgjast með eftirlitsmyndavélum, en ekki vari farið í handtökur að sinni. Þar sem lögreglumenn voru að verja Stjórnarráðið fengu þeir í sig gler og annað sem mótmælendur hófu að kasta í þá.

Kl. 15:14 fóru mótmælendur frá Stjórnarráðinu og héldu að Alþingishúsinu. Ákveðið var að allir lögreglumenn, utan við einn aðgerðaflokk, færi að Alþingi. Jarðarförin var enn í gangi í Dómkirkjunni og virtu mótmælendur óskir um að halda sig til hlés á meðan hún stóð yfir. Þegar henni var lokið fór mótmælendum að fjölga og flestir þeirra fóru að þjónustuskála Alþingis að vestanverðu og færðu sig síðan suður fyrir skálann. ARM óskaði eftir því að öllum inngöngum í Alþingisgarðinn yrðu lokaðir og myndu tveir aðgerðaflokkar sjá um það. Kl. 15:34 óskaði lögreglan eftir því að vesturhurð skálans yrði opnuð fyrir lögreglumenn svo þeir kæmust á snyrtingu og varð strax orðið við því. Enn og aftur sýndu starfsmenn Alþingis einstaka hjálpsemi og lipurð og gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að aðstoða lögregluna. Ekki vantaði upp á kaffihressinguna. Ákveðið var þegar þarna var komið að halda Alþingisgarðinum hreinum, þannig að mótmælendur kæmust ekki í nálægð við skálann og þinghúsið að sunnanverðu. Kl. 15:38 barst tilkynning um að Sturla Jónsson, vörubifreiðastjóri, væri á leið yfir Arnarhól og líklega lægi leiðin að Seðlabankanum. Þegar þetta fréttist var haft samband við Seðlabankann og þeir beðnir um að loka hleranum við aðalinnganginn. Sturla Jónsson var sá eini sem mætti á staðinn.

Kl. 15:47 bárust fréttir af því að unglingar væru að sækja sér grjót úr uppgreftri húss gegnt Happraætti Háskóla Íslands við Tjarnargötu, en þar var verið að grafa upp fornminjar.

Þegar þetta var skoðað kom í ljós, að mikið magn af grjóti, sem tilheyrði fornminjum húss eða húsa sem þarna stóðu allt frá landnámi, hafði verið fjarlæggt og var það staðfest af því fólki sem vann að þessum uppgreftri. Var því búist við að lögreglan ætti eftir að verða fyrir töluverðu grjótkasti af hendi mótmælenda. Rétt er að geta þess að mikið tjón varð á fornminjunum eftir að grjótið var tekið og reyndu þeir sem að greftrinum stóðu að leita að þessu grjóti næstu daga.

Kl. 15:53 var annar aðgerðaflokkur frá Suðurnesjum kominn á staðinn. Nokkur hreyfing var á mótmælendum aftan og framan við þinghúsið og fylgdu lögreglumenn þeim eftir. Haldið var áfram að kasta í þinghúsið og var sprunga komin í rúðu vestan við aðalinngang þinghússins. Nú fóru mótmælendur að þrýsta mjög á línu lögreglumanna sem mynduð var framan við þinghúsið og fóru að kasta grjóti og flöskum í lögreglumenn. Lögreglan fékk fréttir af því að talsvert væri af lausu grjóti við Þjóðleikhúsið og var þá haft samband við starfsmenn borgarinnar og þess óskað að grjótið yrði tekið.

Nokkuð var um að mótmælendur kveiktu í handblysum og því fengið vatn til að slökkva í þeim. [REDACTED], einn af mótmælendum, kom til ARM og bauðst til að kalla í gjallarhorn lögreglunnar og fá mótmælendur til að hætta að kasta „kínverjum“ í lögreglumenn. Þetta féll í góðan jarðveg og klöppuðu mótmælendur. Áfram var hreyfing á mótmælendum og nokkur hópur fór suður fyrir húsið og lögreglumenn á eftir þeim, en hópurinn sneri við og fór fram fyrir húsið aftur.

Kl. 17:25 fékk lögreglan upplýsingar frá mótmælenda að maður með bakpoka væri með flösku í pokanum og tusku. Menn óttuðust að þarna gæti verið um að ræða molotov. Þá var tilkynnt að búíð væri að brjóta fjórar til fimm rúður í ómerktum lögreglubíl, sem stóð við Herkastalann, en í bílnum voru lögregluhúfur sem voru teknar. Kl. 17:31 sáu lögreglumenn að eldur hafði verið kveiktur á Austurvelli. Mótmælendur báru í hann eldmat, en ARM fékk handslökkvitæki og náði að slökkva eldinn. Kl. 17:42 tilkynnti ÓGE-6606 að verið væri að safna í brennu milli stytta Jóns Sigurðssonar og veitingastaðarins Nasa. Vettvangsstjóri fékk upplýsingar um að slökkviliðið væri tilbúið ef á þyrfti að halda. Búið var að kveikja eld á tveimur stöðum á Austurvelli og var gengið í að slökkva og gekk það vel.

Kl. 17:59 var tilkynnt að maður stæði við stytta Jóns Sigurðssonar og skyti kúlum úr litboltabyssu á þinghúsið, en ekki náðist til mannsins. Fram kemur í bókun að kl. 18:17 hafði ekki verið hægt að bóka alla þá elda sem kveiktir höfðu verið undanfarnar 20 mínútur. Á þessum tíma loguðu eldar á tveimur stöðum á Austurvelli og var erfitt að eiga við slökkvistarf. Lögreglumenn urðu stöðugt fyrir grjótkasti við þinghúsið. Voru gasmönnum þá gefin fyrirmæli um að gera sig klára. Kl. 18:53 var tilkynnt um fólk, sem væri að tína saman grjót í húsagörðum, og í sama mund var tilkynnt frá lögreglumönnum að farið væri að henda stóru grjóti í lögreglumenn við þinghúsið. Aðgerðarstjórn veitti heimild til nota á piparúða ef á þyrfti að halda. Grjóthnullungum rigndi yfir lögreglumenn sem stóðu í línu fyrir framan þinghúsið. Grjótkastið jókst og steinar orðnir stærri. Tvær rúður brotnuðu til viðbótar í þinghúsinu. Unglingar, 10 til 12 saman, reyndu að sækja meira grjót í fornminjagröftinn á horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu, en lögreglumenn komu

í veg fyrir það. Kl. 19:27 voru gasmenn sérsveitar tilbúnir til aðgerða ef óskað yrði. Kl. 19:45 var tilkynnt að lögreglumaður hafi slasast á fæti.

Kl. 19:52 tóku mótmælendur stefnuna úr miðborginni og talið var að það væri á leiðinni að Þjóðleikhúskjallaranum, en þar ætlaði Samfylkingin að halda fund. Kl. 19:55 kom árásarboð frá Stjórnarráðinu og sást í myndavélum hvar mótmælendur streymdu þar fram hjá, en ekki sást að neinir stöldrúðu þar við. Kl. 20:02 var tilkynnt að búið væri að kveikja talsvert bál við Þjóðleikhúskjallarann. Á meðan mótmælendur voru við Þjóðleikhúsið voru starfsmenn Reykjavíkurborgar fengnir til að hreinsa allt drasl af Austurvelli. Var nú talið að mótmælum við Alþingishúsið væri hér með lokið og umferðarlokanir teknar upp. Töluverður mannsöfnuður var kominn á Hverfisgötuna fyrir framan Þjóðleikhúsið og Þjóðmenningarhúsið. Var töluverður órói í fólki, en lögreglan þurfti ekki að beita neinu afli þarna. Kl. 20:21 sendi SHS slökkvifreið að Þjóðleikhúsinu, þar sem töluverður eldur var í bálkesti. Þá barst tilkynning um að talsvert af hleðslugrjóti væri við Traðarkotssund og voru lögreglumenn sendir til að vakta það. Þá barst tilkynning um að lögreglan á Suðurnesjum væri að senda annan aðgerðaflokk til aðstoðar, en sá flokkur sem áður hafði verið sendur þaðan ætti að halda heim á leið. Kl. 21:36 var tilkynnt um að mótmælendur væru að brjóta niður bekki á Arnarhóli til að setja á bálköstinn.

Kl. 21:42 voru gerðar ráðstafanir til þess að hafa tiltæka þrjá aðgerðahópa, auk fleiri lögreglumanna við Alþingi daginn eftir, þar sem þingfundur á að hefjast kl. 10:30. Í samtali við Guðlaug Ágústsson, yfirmann öryggismála þingsins, hafði hann talið 17 rúður skemmdar, eða brotnar, eftir mótmæli dagsins. Þá lágu fyrir upplýsingar frá ARM um að enginn hafi verið handtekinn vegna mótmæla dagsins og piparúði ekki verið notaður. Þá hafi lögreglumenn dregið upp kylfur, en ekki notað þær og ekki vitað til þess að neinn mótmælandi hafi meiðst, en einn lögreglumaður meiddist.

Kl. 23:18 var tilkynnt um að mótmælendur væru farnir af Hverfisgötunni og flestir væru á leiðinni í miðborgina og stuttu síðar var stór hópur mótmælenda kominn fyrir framan Alþingi. Mikill æsingur var í mótmælendum við vesturhlið þjónustuskála Alþingis. Lentu lögreglumenn fljótt í töluverðum vandræðum því á þá var ráðist og voru sumir mótmælenda með hnúajárn sem þeir beittu. Kallað var eftir fleiri lögreglumönnum og þurfti að beita piparúða, en þó ekki í miklu mæli. Sjúkrabíll var fenginn til að vera við Dómkirkjuna. Kl. 23:52 urðu þrír sérsveitarmenn fyrir minniháttar meiðslum þegar þeir voru að beita piparúðanum á æstustu mótmælendum. Einn þeirra fékk grjót í upphandlegg, annar fékk grjót í hálsinn og sá þriðji fékk grjót í fótlegg. Stöðugar viðvaranir voru gefnar til mótmælenda um að gasi yrði beitt ef þeir létu ekki af þessu grjótkasti. Kl. 00:02 tilkynntu ARM og KHP að piparúðalaust væri á svæðinu. Því var óskað eftir að mega beita óeirðartáragasi sérsveitar og aðgerðarstjórn gaf leyfi til þess. Var þarna orðið ljóst að ef táragasi yrði ekki beitt yrði mikil hættu á að lögreglumenn yrðu undir mótmælendaskrílnum, sem mest hafði sig í frammi, og sýndist ekki ætla að fara að neinum fyrirmælum lögreglu. Skipun var gefin af ARM og KHP um að allir lögreglumenn settu upp gasgrímur. Kl. 00:27 fóru gasmenn sérsveitar út á Austurvöll og sprengdu táragassprengjur sem dreifði nokkuð mótmælendahópnum. Samt komu nokkur hópur aftur til baka og aftur var táragassprengju beint að fólkinu. Atgangur mótmælenda hélt áfram

og var ráðist að lögreglumönnum sem stóðu í línu fyrir framan Alþingishúsið. Brotin var rúða og eins var stórri gangstéttarhelli hent í höfuð lögreglumans [REDACTED], sem við það fékk þungt höfuðhögg. Hann var lengi að ná sér eftir þetta og var frá vinnu í nokkum tíma. Þá slasaðist einnig [REDACTED] þegar hann fékk grjót í hægri öxl og slasaðist nokkuð. Báðir þessir menn voru fluttir á slysadeild strax.

Kl. 01:16 barst tilkynning um að byrjað væri að brjóta rúður í Stjórnarráðinu, en á sama tíma var búið að hreinsa Austurvöll af öllum mótmælendum. Þurfti nú skjóta aðstoð við Stjórnarráðið og voru flestir þeir lögreglumenn sem voru við störf við Alþingi sendir á vettvang. Borgarstarfsmenn hreinsuðu drasl og annað á Austurvelli. Tilkynnt var að búið væri að kveikja eld í sorpíláti framan við Stjórnarráðið. Kl. 01:30 til 02:00, þegar atgangur mótmælenda var sem mestur, kastandi grjóti og öðru á lögreglumenn og stjórnarráðið, gerðist það að nokkrir úr hópi mótmælenda tóku sig út úr hópnum og mynduðu línu fyrir framan lögreglumennina. Þeir hvöttu félagá sína að hætta að grýta lögregluna, þar sem hún væru ekki í neinu stríði við mótmælendur, heldur að verja eigur ríkisins. Við þetta hætti algjörlega öllu grjótkasti og algjör viðsnúningur varð í öllu atferli mótmælenda eftir þetta. Þetta vakti mikla undrun og eins ánægju lögreglumanna. Kl. 02:10 voru enn um 100 manns við Stjórnarráðið, en kveikt hafði verið bál á stéttinni fyrir framan húsið. Hópurinn var þá orðinn tiltölulega rólegur. Kl. 02:44 voru enn um 30 til 40 manns í Lækjargötunni, gengt Stjórnarráðinu, en ástandið friðsamlegt. Skömmu síðar komu borgarstarfsmenn og hreinsuðu upp leifar af eldsmat við Stjórnarráðið. Kl. 03:00 var öllum aðgerðum lögreglu lokið og friðsamlegt orðið í miðborginni.

Eftir atgang næturinnar kom í ljós að í heildina höfðu sjö lögreglumenn slasast yfir daginn, kvöldið og nóttina. Þetta voru lögreglumenn sem slösuðust, fyrir utan þá tvo sem áður hefur verið greint frá: [REDACTED] fékk stein/hellu í vinstri fótlegg og meiddist á hné. [REDACTED] fékk gangstéttarhelli í hægri hendi og kenndi sér eymsla. [REDACTED] kenndi sér eymsla í hægri hendi og hægri ökkla eftir grjót sem hent var í hann. [REDACTED] fann til eymsla í vinstri hendi eftir að hafa fengið í hana grjót og einnig vinstri fæti við ökkla eftir grjótkast. [REDACTED] fékk steinhellu í hægri upphandlegg og var skoðaður á slysadeild og kom í ljós mar og bólgur og eymsli í olnbogafestingum. Lögreglumennirnir létu allir skoða sig á slysadeild, en sem betur fór náðu þeir sér allir að fullu eftir mislangan tíma. Litlu mátti muna að ekki yrðu alvarlegri slys á lögreglumönnum, en sá hlífðarbúnaður sem þeir voru í og góðir hjálmar, komu í veg fyrir það.

Hvernig til tókst

Nú var annar dagurinn liðinn eftir hörðustu mótmæli sem lögreglan hafði staðið frammi fyrir. Framganga lögreglumanna var í samræmi við það mikla ofbeldi sem beitt var af hálfu mótmælenda. Ljóst var að ekki máttu færri lögreglumenn koma að þessum mótmælum og á tímabili var lögreglan við það að verða undir, svo mikill var atgangurinn. Lögreglan þurfti að grípa til tágassprengja gegn mótmælendum, sem ekki hafði gerst síðan í mars 1949. Áður en til þess kom reyndi lögreglan allt sem hún gat til að halda niðri æstum múgnum, en hann lét sér ekki segjast fyrr en eftir þessar tágassprengingar. Var það mat stjórnenda á vettvangi og í aðgerðarstjórn að ekki væri um neitt annað ræða til að

koma í veg fyrir harðari átök og slys. Ljóst var að lögreglan reyndi í lengstu lög að leysa verkefnið með eins mikilli lempni og mögulegt var, og ekki gripið til hæðsta stigs varna fyrr en allt var um þrotið, sem hafði tilætluð áhrif.

Skipulag lögreglunnar og framganga gekk mjög vel, en trúlega voru of fáir lögreglumenn í verkefninu vegna mikillar þreytu sem var farin að gera vart við sig, enda stöðurnar langar.

Sá stórmerki atburður gerðist hins vegar, að stór hópur mótmælenda við Stjórnarráðið, tók sig út úr hópnum og mynduðu varnarlínu fyrir framan lögreglulínuna og stöðvuðu þannig grjótkastið. Þetta kom öllum á óvart og má segja að hér hafi átt sér stað heimsatburður þar sem ekki er vitað þess að neitt erlent lögreglulið hafi upplifað neitt þessu líkt, í tengslum við mótmæli af þessum toga.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Umsögn [REDACTED]: Var einn af stjórnendum aðgerðasveita við Alþingi vegna mótmæla sem stóðu þar yfir og segir svo í skýrslu sinni eftir atburðinn: „Mynduðu aðgerðarhópar línu (lögreglumenn öxl í öxl þétt saman) framan við glerskálann við Alþingi. Þannig náðum við að mynda varnarlínu milli Alþingis og mótmælenda en mikill fjöldi mótmælenda var á vettvangi. Veittust þeir ítrekað að okkur og gerðu þannig aðsúg að Alþingi. Vorum við klæddir í viðeigandi óeirðarbúnaði, brynjur með hjálma og skyldi. KHP stóð fyrir aftan varnarlínu lögreglumanna til að geta stýrt línunni. Þegar fór að líða á kvöldið fór að bera meira á því að mótmælendur grýttu okkur með grjóti, litlum gangstéttarhellum, glerflöskum og öðru tilfallandi. Um kl. 00:57 sá ég hvar lítill gangstéttarhella kom skyndilega fljúgandi frá mótmælendum og lenti á hjálmi lögreglumanns [REDACTED] en þá stóð hann í varnarlínu beint fyrir framan mig. Lögreglumaðurinn sá greinilega aldrei gangstéttarhelluna, riðaði við höggið og féll í fang mitt. Ég ásamt öðrum lögreglumanni, sem bara var með hjálm en ekki í hlífðargalla, fórum með slasaða lögreglumanninn inn í Alþingi þar sem sjúkraflutningsmenn tóku við honum. Á meðan við vorum að koma hinum slasaða í skjól var grjóthnullungi kastað í hægri öxl lögreglumannsins, sem var með mér við að koma hinum slasaða í var, og var hann aumur eftir. Þá vorum við staddir við vesturhlið Alþingis. Fékk hann einnig aðhlynningu hjá sjúkraflutningamönnum en stór kúla myndaðist á öxlinni við höggið.

Þegar við vorum rétt búnir að koma slasaða lögreglumanninum [REDACTED] í hendur sjúkraflutningamanna missti hann meðvitund, en hann fékk viðhlýtandi umönnun ásamt hinum sem slasaðist. Þeir voru síðan báðir fluttir með sjúkrabifreið á slysadeild til frekari aðhlynningar og skoðunar. Engin vitni voru að finna á vettvangi að þessum grófu árásum.

Umsögn [REDACTED]: Hann mætti snemma þennan dag að Alþingishúsinu til að kanna aðstæður eftir nóttina. Hitti hann nokkra alþingismenn til að ræða við þá um atburði síðasta dags. Tjáði hann nokkrum þeirra að lögreglumenn hefðu kvartað alvarlega yfir framkomu þingmanna og nefndu aðallega Álfheiði Ingadóttur og Steingrím J. Sigfússon, þingmenn VG, að þau hefðu með athöfnum sínum æst upp mótmælendur s.s. með hvatningu líklega í gegnum GSM síma, handahreyfingu o.fl. Hefði þetta auðsjáanlega haft áhrif á einhvern hóp mótmælenda þannig að hann færði sig til frá framhlið þingsins og að

bakhlið og mest að þjónustubyggingu (glerskála) þingsins. Kom þá fram að þingmenn sem hann ræddi við virtust kannast vel við þetta og meðal annars orðið vitni að þessu. Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sagðist vita vel af þessu og liti hann þetta mjög alvarlegum augum og ekki spurning að lögreglan kærdi þá eða þann sem hefði staðið að þessu. GJP ræddi við Atla Gíslason, þingmann VG og bað hann um að taka upp á fundi þingflokks VG að þingmenn gættu þess að hafa ekki áhrif á mótmælendur, því það gæti haft alvarlegar afleiðingar s.s. að lögreglumenn færu frá vettvangi, en það hafði komið til tals þeirra á meðal. Eins ræddi GJP við Ögmund Jónasson, þingmann VG en hann hafði skráð á heimasíðu sinni umfjöllun um mótmælin og hefðu lögreglumenn orðið reiðir við þann lestur og heyrðist áskorun um að ganga úr BSRB, en Ögmundur var formaður BSRB. Ögmundur tók þessa gagnrýni nærri sér, allavega upplifun GJP, og vildi alls ekki verða valdur þess að togstreita kæmi upp á milli hans og lögreglunnar. Hefði hann verið að lýsa upplifun sinni. GJP heyrði á einhverjum starfsmönnum þingsins að þeim væri kunnugt um umræður á milli þingmanna að Álfheiður Ingadóttir hefði verið í tengslum við einhvern/einhverja af mótmælendum utan við Alþingi. Hitti GJP marga þingmenn sem ræddu um þetta atvik og voru undrandi og hneykslaðir. Þá er rétt að geta þess að Kjartan Ólafsson, þingmaður, sagðist hafa orðið vitni að samskiptum Álfheiðar Ingadóttur við mótmælendur. Lét GJP þau orð falla við þá að hann vonaðist til að svona kæmi ekki fyrir aftur, því ástandið utan við Alþingi væri búið að vera mjög eldfimt og ekki væri vitað hvernig endaði.

Umsögn [REDACTED]: „Varðar upplifun mína vegna máls 007-2009-4097. Þennan dag hafði ég komið frá útlöndum og lent í Keflavík klukkan 05:30 um morguninn. Ég hafði verið staddur erlendis í rúma viku og ekki fylgst með fréttum héðan að heiman allan þann tíma.

Þennan dag sem ég kom sagði ég við eiginkonuna að ég ætlaði að mæta í vinnuna og koma heim á hádegi og leggja mig þar sem ég hafði þá verið vakandi í um það bil sólarhring. Ég mætti í vinnuna um klukkan 07:30 og byrjaði á því að lesa mbl.is og sá þá hvers kyns var hér á klakanum.

Strax þarna um morguninn vorum við í rannsóknardeild 3 settir í viðbragðsstöðu og áttum að vera klárir að fara að Alþingishúsinu ef kallið kæmi. Um klukkan 14:00 vorum við sendir niður á Alþingi. Það sem þar fór fram síðan þennan dag er í nokkurri móðu. Ég ásamt félögum mínum vorum sendir fram og til baka að sinna þeim verkefnum sem sinna þurfti. Skipulag lögreglu var að mínu mati nokkuð gott og bærust upplýsingar milli manna ágætlega. Þó að undirritaður hafi reyndar ekki verið með talstöð þar sem hún var ekki til. Við héldum okkur tveir til þrjár saman og gættum þess að boð kæmust örugglega á milli. Mestur tími minn þennan dag fór í að standa bak við þinghúsið og ganga úr skugga að enginn færi inn í alþingisgarðinn eða upp að húsinu að aftanverðu.

Dagurinn leið og mikið áreiti var. Því miður rennur dagurinn mikið saman og ekki man ég einstaka atburði. Þarna var ég við Alþingi fram á kvöld eða þar til ég var sendur heim um klukkan 23:00, en þá var ég búinn að vaka í um það bil 40 klukkustundir og stóð vart undir sjálfum mér. Ég yfirgaf staðinn áður en að táragsi var skotið á mótmælendur.“

Umsögn [REDACTED]: „Á þessum tíma vann ég sem aðalvarðstjóri og var því ekki flokkstjóri í aðgerðarhópi eins og ég var vanur, einnig tilheyrði ég ekki neinu sérstöku skipulagi innan aðgerðarsveitar en sökum þjálfunar minnar innan aðgerðarhópsins þá féll ég inn í þau aðkallandi verkefni sem upp komu og þá ýmist sem stjórnandi flokks, flokka eða einfaldlega einn af lögreglumönnum í varnarlínunni.

Ég tók þátt í að reyna að slökkva þá elda sem kveiktir voru á Austurvelli. Þá mynduðum við plóg með mig fremstan og þrjá til fjóra menn á sitt hvorum vængnum. Amar Marteins eða Kristján Helgi voru svo inni í plógnum með slökkvitæki og svona ruddum við okkur leið í gegnum mannþröngina og vörðum svo þann sem slökkvitækinu stjórnaði. Þessi ráðagerð virkaði í nokkur skipti en svo fór mannfjöldinn að taka meira á móti okkur og aðgerðin kostaði meiri og meiri slagsmál. Fljótlega hættum við þessum slökkvi aðgerðum og þá aðallega vegna þess að ef að við slökktum einn eld þá kviknuðu tveir í staðinn.

Reynt var frekar að hindra mótmælendur í að bera inn á völlinn eldsmat og gekk það stundum vel en fjöldinn var svo mikill að það stríð tapaðist einnig.

Ég tók svo þátt í varnarlínunni við Alþingi og Stjórnarráð og verð að segja að þjálfun mannanna í línunni var aðdáunarverð, þolinmæðin var endalaus og aginn mikill. Mikið var reynt á þolrifin á mönnum en þeir stóðu sem fastast og létu ekki haggast og biðu eftir fyrir mælum, eftir langa og nánast endalause bið þá komu kannski fyrir mæli um að taka eitt skref áfram eða afturábak.

Ég man eftir því að ég ásamt þremur öðrum gengum inn í mannhafið og reyndum við að koma aftan að fremstu mönnum en þar stóðu margir unglingar og köstuðu kínverjum og eggjum í lögreglulínuna. Í þessari aðgerð tókst okkur að taka nokkra kínverja og egg af unglingum. Ég tók einn æstasta unglingin með mér en hann hafði kastað kínverja og dró ég hann að austurhlið Alþingis með þá ætlun að taka hann inn í Alþingisgarðinn og ræða við hann. Ég komst ekki svo langt því skyndilega vorum við umkringdir af hundruðum manna sem frelsuðu drenginn og urðum við að hörfa aftur fyrir varnarlínu lögreglu.

Ég var grýttur með matvælum, grjóti, glerflöskum, kínverjum og mannaskít. Þjálfun mín og búnaður gerðu það að verkum að ég slasaðist ekki er grjótið buldi á skyldi mínum eða hjálmi. Þetta gerðist bæði við Alþingi og við Stjórnarráðið.

Ég mun aldrei gleyma lokahrinunni við vesturhlið Alþingis þar sem ég stóð í varnarlínunni og þúsundir manna gerðu aðsúg að okkur að því er virtist. Smá víglína myndaðist rétt fyrir framan okkar varnarlínu og var það bil ekki lengra en sem næði armlengd með kylfu. Ekki var þó slegið til fólks heldur var kylfan höfð í hárrí viðbragðsstöðu eða á bak við skyldi og beðið fyrir mæla.

Nokkrir vitskertir unglingar og menn voru í því að ögra lögreglulínunni og reyna að espa upp lögreglumenn og einnig þá sem fyrir aftan þá stóðu. Þessir vitskertu aðilar virtust vera spíttaðir því í augnráði þeirra mátti sjá ákveðna sturlun og var ætlun þeirra að reyna að koma lögreglunni úr jafnvægi svo hópslagsmál hæfust og það yrði aldrei slagur sem lögreglan myndi vinna, fjöldinn var svo mikill.

Er við stóðum í línunni voru sérsveitarmenn á bak við okkur og héldu þeir á stórum mace brúsum til þess að fæla þessa vitskertu frá varnarlínunni. Óspart var þessi varnarúði notaður en virkaði ekki lengi á menn, þeir bara komu aftur og voru þá búnir að verja andlit sitt með klútum.

Seint um kvöldið kom svo skipunin um að setja upp grímur. Þetta atriði hafði verið æft töluvert á æfingum aðgerðarsveitarinnar og gekk vel þarna. Fljótlega breyttist áferð varnarlínunnar er allir í henni voru orðnir klæddir gasgrímum. Gasið virkaði gríðarlega vel og forðaði fólk sér á hlaupum í allar áttir. Nokkrir voru þó viðbúnir og tóku á móti framrás lögreglumannanna. Ég verð að segja það að þarna notaði ég kylfu í fyrsta skiptið á ferlinum sem lögreglumaður, ég lamdi nokkra sem ógnuðu mér og hlíddu ekki fyrir mælum og ég sá aðra lögreglumenn gera það sama. Enn og aftur kom þjálfun aðgerðarsveitarinnar að góðum notum því ég vissi hvað ég mætti slá. Ég passaði að slá ekki fast en samt ákveðið og hafði það gríðarleg áhrif. Fólk bjóst ekki við þessari hörku og forðaði sér. Það er ekki ofsögnum sagt að gasið virkaði vel og náðum við tilætluðum árangri á Austurvelli og við Alþingishúsið.

Ég fékk það verkefni að stjórna aðgerðum lögreglu við Þjóðleikhúsið en fyrr um kvöldið fréttu mótmælendur af því að Samfylkingin værir með fund í Þjóðleikhúskjallaranum. Við þær fréttir þá stormuðu þúsundir manna að Þjóðleikhúsinu til þess að reyna að hafa áhrif á Samfylkingarmenn. Þurftum við að byrja á því að fara inn með töluverðan mannskap og hreinsa út þá höfðu ruðst inn. Þessi aðgerð gekk vel og náðum við flestum út. Tryggðum við svo dyrnar á tveimur stöðum svo ekki kæmist fólk inn.

Fljótlega var búið að kveikja stærðarinnar bál á Hverfisgötunni fyrir framan leikhúsið og var engin leið að reyna að stöðva það. Ég reyndi einungis að hindra fólk í því að komast inn í húsið og einnig unnum við í því að tæma bílastæðishús á Hverfisgötunni en þar voru komnir mótmælendur upp um allar hæðir. Á tímabili voru 3 til fjórir flokkar óeirðarlögreglumanna að vinna í námundan við Þjóðleikhúsið.

Ógleymanleg atburðarrás og er ég stoltur að hafa tekið þátt í aðgerðum lögreglu þennan dag og nótt.“

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Kemur fram þann 22. janúar 2009.

Austurvöllur – Alþingi, 22. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-004204

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlið: HJ-7711, EG-7306.

Vettvangsstjórn: GJP-7607, ÁPS-7415, ÓGE-6606. Stjórnendur aðgerðasveita: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, PRJH-9927, FB-9907, SÖS-0126, GHM-0107, SBA-0602, LAP-0605, BÓ-0216, ÁP-9101. **Flokkur 2:** PJS-8110, UMÁ-0103, HH-0323, ÁÖG-0333, BÓ-0405, ÁJ-0407, HBS-0422, HH-0436, GST-0606. **Flokkur 3: Aðgerðaflokkur frá Suðurnesjum (08:30-24:00):** SRR-9518, JPK-9925, KFG-8718, GP-0503, HE-0509, BMS-0727, JH-0316, JHS-0301, BS-0321. **Flokkur 4:** SK-8810, EK-8705, HG-0773, EJ-0769, HPÆ-0629, GSG-0601, BMV-0739, MPS-0513, IG-0118, ÁRE-0439. **Flokkur 5:** 8 menn frá sérsveit RLS. Aðrir lögreglumenn: JBS-0427, ESE-0428, GJG-0110, AS-8716, GBS-0626, HSP-0604, PAE-0129, PÁJ-8829, BI-0702, SPÓ-0406, GHS-9411, LBP-0248, MIE-0623, SE-8211, BRS-9811, KEE-9827, GSE-0624, KK-0628, SB-0425, JBB-0726, RÖS-9716, GIR-0327, PPG-9115, ÁE-0617, FIJ-8522, ERR-0319, MJ-0712, GH-9306, BB-0112, ÓMA-0634, HGK-0724, PHJ-0746, SMJ-0701, VS-0719, DLM-0238, LMA-0737, SJ-9814, GRS-0122, RSP-0508, SS-8106, IMI-0234, BSS-8306, JPE-0416, RG-0603, PK-7821, ÆPE-6609, PG-9012, EJ-0611, JFV-0743, PP-9707, EGG-9315, HHA-0705, BÖG-0432, LRG-0747, AH-0741, HPK-0117, JVA-0709, IBE-0434, BFG-0734, JL-9505, FB-9907, KPS-0728, GPG-9314, GR-0106, JG-9116, BÁ-0514, ÁS-0528, ER-0250, AMF-0418, HP-9008, IB-9022, GD-8008, TFS-9608, SM-8835, PB-8224, HBS-7508, AA-8906, KÆK-0204, JG-0222, GH-8520, ÆPP-0332, KS-8813, EV-0329, HJ-9805, SIE-9808, ERR-0206, JGS-9932, SB-0517, KSV-8804, BÓM-8521, PS-8717, AÖS-0529, LK-9521, GP-8102, PGP-0111, GHG-0505, GPJ-8822, DG-0219, DBR-8607, HS-6905, GBÁ-8831, EGJ-9929, KIK-8508, ÓJ-0633, ÁH-0140, HS-8634, JGJ-8212, HBB-9722, BHB-9519, BE-7415, HR-8314, PI-0302, PEE-7412, HRG-8913, KS-8712, MS-9017, JÓÓ-0121, JGS-0635, SP-9313, HES-0441, SMA-9829, GPT-0232, LH-0132, AGA-0142, IPS-8510, SG-0227, PRG-0116, BHP-0221, EBS-9122, RHG-0215, HG-0429, BE-8214, SKÓ-8915, HS-7615, JÓÓ-0525, Frá RLS: RÓ-9404, GVR-0618. Öryggisgæsla með ráðherrum frá sérsveit: AD-9205 og HP-9705.

Skipulag:

Skipulag dagsins miðaðist við að þingfundur hæfist kl. 10:30. Aðgerðarstjórn yrði í Skógarhlíð og þar yrði fylgst með eftirlitsmyndavélum og upplýsingum miðlað til lögreglumanna á vettvangi. Vettvangsstjóri, ásamt stjórnendum aðgerðasveita, færi fyrir vinnunni á vettvangi. Þá yrðu fimm aðgerðaflokkar og eins margir lögreglumenn og mögulegt væri frá öllum deildum embættisins. Þá voru gerðar ráðstafanir til móttöku handtekinna á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Hefðbundið skipulag var í gangi, sem þó tók mið af átökum dagana á undan. Reynt var að sýna ekki allan styrk lögreglu, heldur bæta í eftir þörfum, allt eftir mati stjórnenda hverju sinni.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðirnar hófust kl. 10:00 og þeim lauk kl. 01:30. Fjöldi lögreglumanna var um 188 og heildarfjöldi tíma var um 2.000.

Atvikalýsing:

Mótmælendur tóku að mæta við Alþingi fljótlega eftir að þingfundur hófst. Voru því nokkrir lögreglumenn, ásamt GJP, hafðir þar til eftirlits og ræddu við fólkið. Umferðarlokanir voru settar upp á Lækjargötu/Skólalbrú og Vonarstræti/Templarasund. Kannað var hvort athafnir yrðu í Dómkirkjunni þennan dag, en svo reyndist ekki vera. Lögreglumenn tóku eftir talsverðu magni af grjóti við veitingastaðinn Nasa og var haft samband við starfsmenn Reykjavíkurborgar um að þetta yrði fjarlæggt og eins að þeir færu um svæðið og næsta nágrenni og tækju allt lauslegt í burtu. Ekki voru komnir fleiri en 50 manns og börðu flestir saman dósum og pottum og framkölluðu hávaða. Kl. 13:08 köstuðu einhverjir mótmælendur reykbombum að lögreglumönnum og drasli í þinghúsið. Reykbomburnar voru með orange lituðum reyk. Kl. 13:45 átti þingfundur að hefjast að nýju og voru þá komnir um 150 mótmælendur við þinghúsið og Austurvöll. Tilkynnt að Sturla Jónsson, vörubifreiðastjóri, væri kominn við þinghúsið og væri með stóra flautu sem gæfi frá sér mikinn hávaða. Lögreglan myndaði línu fyrir framan þinghúsið og skipun var gefin um að hleypa engum mótmælenda þar inn fyrir. Nokkrir lögreglumenn voru settir inn í þinghúsið og yrðu þar til taks ásamt sjúkraflutningsmönnum sem væru tilbúnir að aðstoða ef einhver slasaðist.

ARM tilkynnti að unnið væri við grjóthleðslu við Landsbankann í Kirkjustræti (gamla símstöðvarhúsið) og gæti það verið hættulegt. Haft var samband við öryggisfulltrúa bankans og óskað eftir að grjótið yrði tekið. ÓGE sagðist vera búinn að ræða við stjórnanda verksins og ætluðu þeir að tryggja öryggið. Þá tilkynnti ARM að frést hafi af hópi skólakrakka sem væru á leið að þinginu. Kl. 14:54 tilkynnti ARM að flokkur 6 verði búinn til af lögreglumönnum af C-vakt sem væru að ljúka skylduvakt og D-vakt sem væri að koma á skylduvakt. Þá var tekin ákvörðun um að loka gönguleið vestan við þjónustubyggingu þingsins og Oddfellowhússins. Kl. 14:59 var sett upp hvíldaraðstaða fyrir lögreglumenn á lögreglustöðinni við Hverfisgötu og hugað að svipaðri aðstöðu í Alþingishúsinu líka. Almannavarnadeild RLS útvegaði handhæg rúm sem komið var fyrir í setustofu á Hverfisgötu og í þinghúsinu. Tilkynnt að mikilvægt væri að stjórnendur hefðu þetta í huga þegar hvíla þyrfti mannskap sem staðið hefði lengi í eldlínunni. Þetta gert þar sem talsverðar líkur voru á að ekki yrði mögulegt að senda lögreglumenn heim vegna þess ástands sem hafði skapast.

Kl. 15:29 var tilkynnt að í tjaldi á bak við Jómfrúna væri drengur með einhverskonar skottertu og fóru lögreglumenn á staðinn til að kanna það. Tilkynnt að teknir hafi verið af drengnum „kínverjar“ og ólöglegt neftóbak. Kl. 15:43 hafði ÁPS samband við LSR (Lögregluskólinn) og óskaði eftir að fá lánaðan hjá þeim búnað og piparúða ef til væri. GÁ, kennari við LSR, hafði samband og sagði að teknar hafi verið til 46 gasgrímur, 18 hjálmar og 80 piparúðabrusar, sem væri útrunnið á tíma. Þetta var þegið með þökkum og sótt til þeirra. Kl. 16:04 var tilkynnt að fréttir hafi borist um að nemendur úr Borgarholtsskóla væri á leið í miðborgina með strætó og líklega klifjuð eggjum o.fl. Sendir voru 10 lögreglumenn til að reyna að ná vagninum þegar hann kæmi í miðborgina.

Kl. 16:20 var þingfundur lokið, en þá reyndu mótmælendur að komast inn í bílageymsluna við Alþingishúsið. Sendir voru lögreglumenn til að taka á því. ÓGE lét lögreglumenn úr forvarnardeild hafa samband við ÍTR til að kanna hvort þeir gætu komið á svæðið þar sem mikið af unglingum væri við þinghúsið. Gætu þau hugsanlega þekkt börnin og gert einhverjar ráðstafanir. Talið var að stór hópur barna hafi komið úr Kópavogi og því var haft samband við ÍTK, starfsmanninn Kell. Eitthvað af starfsfólki ÍTR og ÍTK ætlaði að mæta á staðinn og kanna með börnin.

Kl. 17:51 var farið að skjóta úr litboltabyssum að lögreglu. Kom í ljós að þessum litboltakúlum var ekki skotið úr þar til gerðum byssum heldur kastað í lögregluna. Lagt var hald á eitthvað magn, sem reyndist við frekari skoðun, vera kúlublys. Kl. 18:21 tók aðgerðarstjórn ákvörðun um að fækka lögreglumönnum og fóru 29 rannsóknarlögreglumenn heim. Þá var tekinn stöðufundur hjá aðgerðarstjórn í Skógarhlíð og fram kom að nú væri allt að verða rólegt á Austurvelli og við Alþingi og því í undirbúningi að senda fleiri menn heim á næstu klukkutímum, ef aðstæður leyfðu. Þá var undirbúningur hafinn fyrir næsta dag.

Kl. 19:00 sást í eftirlitsmyndavélum að fjöldi mótmælenda væri sá sami og verið hafði síðustu klukkutímana. Áfram var haldið að leyfa lögreglumönnum, sem voru búnir að vera á vaktinni frá því snemma morguns, að fara heim enda stefndi allt í að þessu væri að ljúka. Kl. 20:32 fékk lögreglan tilkynningu um að maður að nafni Arnar, s. [REDACTED], hefði heyrt á tali tveggja manna í Húsasmiðjunni í Grafarvogi í dag, að búið væri að smíða og verið að prófa einshverskonar eldvörpu, með plexigler varnaskyldi, í Breiðholtshverfi. Til staðs að nota þessa eldvörpu gegn lögreglu við mótmæli á Austurvelli, en ekki vitað hvenær. Arnar lét þess getið að annar þessara manna væri einhver Guðmundur líklega 25 til 27 ára og að hann þekkti þessa eldvörpusmiði. Talið að Trausti, verslunarstjóri í Húsasmiðju Grafarvogs, myndi vita hver þessi Guðmundur væri. Lögreglumönnum var gert að hafa þetta í huga.

Kl. 20:39 tók fólki að fjölga framan við þinghúsið og var þangað nokkuð stríður straumur. Í Kirkjustræti, á móts við Dómkirkjuna, var upptökubifreið RUV, og fréttamaður, að ræða um, svo heyrðist, að fólk væri að streyma í miðborgina. Fannst lögreglumönnum sem í þessu fælist nokkur hvatning, en það var upplifun þeirra sem á hlýddu. Kl. 21:42 hafði Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Selfossi, samband og sagðist vera búinn að gera ráðstafanir til að senda mannskap frá sér daginn eftir, föstudag, ef á þyrfti að halda.

Lögreglumaður (AE-9717) úr sérsveit kom þeirri hugmynd á framfæri við ARM að þar sem ástandið væri nokkuð rólegt, hvort ekki væri óhætt að draga lögreglumenn til hliðar, sem væru framan við þinghúsið og sjá hvað það myndi leiða af sér. Þeir verði fljótir til baka ef þetta gangi ekki upp. ARM leyst vel á þessa hugmynd og ræddi við mann sem hann kannaðist við á meðal mótmælenda. Um var að ræða Hermann Valsson sem hafði verið áberandi í mótmælum frá því um haustið og var hann með orange-borða (rauð-gulan) um handlegg. ARM spurði Hermann hvort hann og hans menn treystu sér til að leysa óeirðalögreglumennina af hólmi sem stóðu framan við Alþingi. Hermann þótti mikið til þessarar hugmyndar koma og bað um 15 mínútna frest til að hrinda þessu í framkvæmd á

skipulagðan hátt. Það skal tekið fram að á þessum tímapunkti höfðu nokkrir mótmælenda með orange-borða um handlegg tekið sér stöðu með lögreglumönnum en flestir (með orange-borða) voru á víð og dreif meðal mótmælenda. U.þ.b. 15 mínútum síðar lét Hermann ARM vita að hann og hans menn væru tilbúnir að taka við varðstöðunni framan við Alþingi. ARM gaf þá óeirðaflokkunum fyrirmæli um að fara inn í Alþingishúsið og fólkið með orange-borðana stillti sér upp í staðinn. Þessi aðgerð vakti mikla athygli og fannst mótmælendum með orange-borðana mikið til koma að vera sýnt þetta traust og fannst það vera að leggja sitt að mörkum í að ljúka þessum ofbeldisfullu mótmælum sem höfðu staðið yfir í nánast þrjá sólarhringa. Auk þess tók þetta fólk hlutverk sitt mjög alvarlega og kom nánast í veg fyrir að Alþingishúsið væri grýtt. Þegar fólkið með orange-borðana sá að einhver gerði sig líklegan til að kasta í Alþingishúsið kom það aðvífandi og stöðvaði kastið. Ef óeirðlögreglumaður hefði gert sama hlutinn á þessum tíma hefði það skapað mikla ólgu meðal mótmælenda, en það gerðist ekki þegar fólkið með orange-borðana greip inní.

Fyrr um daginn hafði Hörður Torfason, tónlistarmaður og skipuleggjandi mótmæla á Austurvelli undanfarna laugardaga, sagst hafa verið í sambandi við fólk sem komið hafi að mótmælum frá Garðabæ og Kópavogi. Sú hugmynd hafi komið upp að þessi hópur hefði forystu um að taka upp orange-litaða borða til að gefa þau skilaboð að mótmælendur vildu ekki ofbeldi og myndu sjálf taka á þeim sem ætluðu að ráðast gegn lögreglu. Þetta voru afar ánægjulegar fréttir og ljóst að þetta framtak hafði mikil áhrif á þá sem ætluðu að halda uppteknum hætti með að grýta lögregluna.

Kl. 22:02 tilkynnti ARM að lögreglumenn í óeirðarbúnaði væru farnir til hliðar við Alþingishúsið og í þeirra stað verði settir nokkrir lögreglumenn í hefðbundnum einkennisfatnaði. Þetta virtist virka vel á mótmælendur og þeim þannig sýnt traust. Þá var lögreglumönnum tilkynnt að þiggja ekki drykkjarföng eða aðrar veitingar frá mótmælendum, en þeir voru að bjóða upp á slíkt á Austurvelli. Talið var nauðsynlegt að lögreglumenn hefðu allan vara á sér varðandi svona boð. Kl. 22:48 fór aðgerðahópur frá Suðurnesjum til síns heima.

Kl. 23:28 tilkynnti ARM að ástandið væri mjög gott þó svo að eitthvað af fólki hafi komið frá veitingastöðum í miðborginni. Þá sást að þeir mótmælendur sem merktir voru með orange-borðunum voru að tínast í burtu, en þeim fækkaði einnig sem höfðu verið með vandræði, því bakland þeirra var ekki lengur til staðar. Það kom berlega í ljós í þessari mótmælarað, að þeir sem höfðu sig mest í frammi gegn lögreglu, með grjótkasti, var oftast ungt fólk sem lögreglumenn þekktu af fyrri afskiptum í tengslum við brotastarfsemi, og nokkrir einstaklingar aðrir. Þeirra framganga helgaðist af því að baklandið væri öflugt (mikill fjöldi fólks) og því þorði þetta fólk að ganga svona fram, en þegar baklandið þraut, var kjarkur og þor lítill sem enginn og flestir létu sig hverfa.

Kl. 23:31 var tilkynnt að mjög hafi fækkað í hópi mótmælenda og ætlaði SHS að vera með þrjá menn í þinghúsinu til taks ef eitthvað kæmi upp á. Kl. 00:10 voru umferðarlokanir teknar upp og eftir voru um 25 manns fyrir framan þinghúsið. Kl. 00:31 hætti aðgerðarstjórnin störfum, en nokkrir lögreglumenn voru hafðir á staðnum þar til öllu væri lokið. Kl. 01:19 fór lögreglan frá Alþingi og allir mótmælendur einnig. Þessum degi lauk

nokkuð farsælega og augljóst að nokkur breyting var að verða á framgöngu mótmælenda til hins betra og líklega mátti þar helst þakka orange-lituðu mótmælendum, sem töluðu um orange-lituðu byltinguna gegn ofbeldi.

Hvernig til tókst

Ljóst var að nokkur breyting varð á framgöngu mótmælenda miðað við 20. og 21. janúar. Eftir að hópur mótmælenda hafði stigið fram fyrir framan Stjórnarráðið nóttina áður, og skýlt lögreglumönnum og komið í veg fyrir frekara grjótkast í lögreglu, var ljóst að þá hafði orðið hugarfarsbreyting. Sú hugarfarsbreyting breiddist út á meðal almennra mótmælenda með svo kallaðri orange-lituðu byltingu. Mótmælendur sem voru merktir með þessum hætti stöðvuðu ofbeldisseggi í að halda áfram þeim skrílhætti að kasta grjóti og öðru hættulegu í lögregluna og eins að ráðast beint á lögreglumenn sem skýldu þinghúsinu. Þetta var algjör viðsnúningur þó svo að mótmæli hafi haldið áfram, en með allt öðru sniði. Því má segja að nokkuð vel hafi tekist til þennan dag því lögreglan tók ákvörðun um að nýta sér framgöngu orange-lituðu mótmælendanna með því að fækka verulega í framvarðasveit sinni framan við þinghúsið. Þetta tókst mjög vel.

Fundargerð Alþingis frá 22. janúar 2009

Þá er rétt að geta þess að þennan dag, 22. janúar 2009, var haldinn fundur í forsetanefnd Alþingis. Viðstaddir fundinn voru Sturla Böðvarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kjartan Ólafsson, Einar Már Sigurðsson (kom stuttu fyrir lok fundar), Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson. Magnús Stefánsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi. Þá sátu fundinn Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri og aðstoðarskrifstofustjórarnir Karl M Kristjánsson, Vigdís Jónsdóttir og Þorsteinn Magnússon. ÞM ritaði fundargerð.

Aðgerðir við Alþingishúsið.

Forseti gerði varaforsetum grein fyrir því alvarlega ástandi sem skapast hafði í óeirðum við Alþingishúsið í gærkvöldi og nótt í tengslum við mótmælaaðgerðir gegn ríkisstjórninni. Hann greindi frá því að m.a. hafi eldi verið varpað að þinghúsinu, nær 30 rúður eyðilagðar í húsinu og fleiri skemmdir unnar.

Framganga tveggja þingmanna gangrýnd.

Forseti gerði að umtalsefni viðtal við Grétar Mar Jónsson alþingismann í DV í dag, en þar greinir GMJ frá því að hægt sé að komast um gangveg neðanjarðar frá Alþingishúsi yfir í Kristjáns- og Blöndalshús. Forseti sagði að hér væri um alvarlegt mál að ræða þar sem þessar upplýsingar gætu orðið til þess að óspektarmenn beindu spjótum sínum að þessum timburhúsum sem gætu auðveldlega orðið eldi að bráð. Þá greindi KÓ frá því að hann hefði orðið vitni að því að Álfheiður Ingadóttir alþingismaður hefði verið í sambandi við fólk utan hússins og virst vera að veita þeim upplýsingar um viðbúnað lögreglu. ÁRJ sagði að margir hefðu nefnt svipað í sín eyru. Forseti sagðist hafa átt fund með Ál og formanni þingflokks Vinstri grænna um málið og hefði hún neitað ásökunum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ummæli frá Eiríki Beck, fyrrum lögreglumanni: „Ég var m.a. þátttakandi þegar mótmælin voru við Þjóðleikhúsið en þá um nóttina munu einhverjir hafa farið að kasta grjóti í lögreglumenn við Stjórnarráðið, sem endaði með því að einhverjir menn tóku sér stöðu framan við þá þeim til varnar. Þessar fréttir komu í hádeginu daginn eftir og urðu til þess að ég hringdi í bræður mína, en við höfum alltaf farið saman að mótmæla. Fékk ég þá til að koma með orangslita borða með sér til mótmælanna. Einnig kom með okkur sonur vinkonu minnar. Vorum við ákveðnir í að taka okkur stöðu fyrir framan lögregluna og verja hana. Orange-borðana bundum við á upphandleggi okkar. Einn var þó líka með orangslita húfu.

Þegar við komum á Austurvöll var fólk að byrja að safnast þar saman en enginn hiti kominn í fólknið og allt rólegt. Margir spurðu okkur hvers vegna við værum með þessa borða og skýrðum við þá frá því að við vildum ekki árástir á lögregluna og við værum komnir til að standa vörð um hana. Lögreglan hafði myndað einfalda röð fyrir framan Alþingishúsið. Þegar hitna fór í kolunum tókum við okkur stöðu um 2 metra fyrir framan lögreglulínuna og snerum andlitunum móti mótmælendum. Í fyrstu vorum við þarna aðeins fimm. Ég vil sérstaklega taka fram að þar var ein kona á miðjum aldrei sem fyrst stillti sér upp við hlið lögreglunnar. En þegar hún sá til okkar kom hún til okkar og stillti sér upp við hlið okkar. Ekki leið á löngu þar til að fleiri bættust í hópinn svo úr varð ágæt röð. Þegar aktavistar byrjuðu að „abbast“ upp á einstaka lögreglumenn gripum við í þá og sögðum þeim að láta lögregluna í friði. Þetta virtist koma svo flatt uppá þá að þeir urðu hálf klumsa. Gekk þetta svona í nokkurn tíma eða eins og þú veist þar til þið tókuð ákvörðun um að taka línuna inn og skilja nokkra lögreglumenn eftir við dyrnar. Vaktina þessa stóðum við sem mynduðum þessa vörn fram á nótt. Þetta sendi ég þér (GJP) því ég er stoltur af bræðrum mínum og syni vinkonu minnar að mér finnst að þetta þurfi að vitnast og geymast. Um konuna, sem ég minntist á veit ég ekkert um. Þó er mér oft hugsað til hennar og hugrekki hennar. Hún hafði greinilega tekið þessa afstöðu og ætlaði að láta sig hafa það að standa þarna einsamla með andlitið á móti öllum hópnum. Velti því fyrir mér hvort hún væri móðir einhvers lögreglumanns, því við vitum hvað mæður geta gengið langt í að verja börnin sín. Víst voru margir búnir að sjá nóg af ofbeldinu á lögreglumönnum en það þurfti að stíga fyrsta skrefið í að verja þá og þar var hún kjörkuðust.“

Umsögn [REDACTED]: „Mikið var búið að ganga á undanfarna daga en kvöldið áður hafði lögreglan beitt tágasi við mannfjöldastjórnun. Hafði ég þar ásamt félögum mínum orðið fyrir stöðugum árásum mannfjöldans, eins og oft áður undanfarna daga. Stóð ég m.a. fyrir utan Stjórnarráðið þegar, við sjö manna hópur, vorum næstum ofurlíði bornir af æstum mannfjöldanum, sem greinilega hafði það að markmiði að yfirbuga okkur og vinna okkur mein.

Eins og þruma úr heiðskíru lofti gekk fámennur hópur mótmælenda gengið fram fyrir skjöldu og hóf að verja okkur gegn árásunum. Mér er það þó ekki ljóst hvort það var af miskunnsemi við okkur eða hvort það var liður í einhverri taktík hjá mótmælendum?

Þennan umrædda dag, 22.01.2009 stefndi í annan annasaman dag vegna mótmæla. Starfsmenn Alþingis óskuðu eftir að lögreglan myndi hafa heimil á mótmælendum vegna hávaða og voru kallaðir til, eins og fyrri daga, mannfjöldastjórnunarhópar vegna þess.

Manni var þó ekki ljóst hvers mátti vænta enda átök kvöldsins og næturinnar áður búin að setja nokkuð mark á mig og félagami. Mér fannst þó eins og það hafi orðið einhver þáttaskil við þetta, eins og fólk hafi fengið einhverja útrás eða hafi farið að gera sér grein fyrir að mótmælin væru farin að snúast um eitthvað annað meira en að mótmæla stjórn málaástandinu.

Fannst mér þó vera alltaf vera undirliggjandi hætta á að ástandið gæti farið í fyrra horf. Var sami hávaðinn, endalaust bank á potta og pönnur auk þess sem einhverjir voru með skotelda. Þegar líða fór á kvöldið var þó ákveðið að draga úr sýnileika manna í aðgerðargöllum. Fórum við því inn í Alþingishúsið til þess að hvíla okkur enda vissulega þörf á.

Okkur bárust upplýsingar að utan að fyrir utan Alþingishúsið væri komin hópur fólks sem væri með appelsínugula borða og væri að styðja lögregluna. Væru jafnframt að koma í veg fyrir að óróaseggirnir, anarkistarnir, væru að veitast að lögreglu. Var það mjög í anda þess sem ég og félagar mínir höfðu upplifað nóttina áður. Vil ég trúa því að þarna hafi verið heilindi á bak við.

Heldur dró síðan úr mótmælunum fyrir utan og fækkaði í hópnum jafnt og þétt. Ljóst var að þetta kvöld myndi verða eitthvað rólegra og var ákveðið að fækka í hópi lögreglumannana. Fékk stór hluti þeirra að fara heim, sérstaklega þeir sem höfðu staðið sem lengst og höfðu komið frá nágrannaembættunum.

Ákveðið var að halda áfram þeim lögreglumönnum sem voru á næturvaktinni til þess að hafa vakandi auga með Alþingi og næsta nágrenni. Var allt orðið rólegt um miðja nótt og Austurvöllur auður.

Það var ekki laust við að maður væri með hálfgerð spennufall eftir atburði undanfarna daga enda búin að reyna talsvert á þolmörk okkar að verða vitni að þessari reiði og heift. Að verða fyrir endalausum árásum og skítkasti, bæði í orði og verki.“

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Úrdráttur úr Fréttablaðinu frá 22. janúar 2009: „Áfram var mótmælt af krafti við Alþingi í gær þar sem talið er að vel á þriðja þúsund mótmælendur hafi komið saman. Mótmælendur tóku sér einnig stöðu við Stjórnarráðið þar sem Geir H. Haarde, forsætisráðherra þurfti aðstoð lögreglu við að komast frá Stjórnarráðinu.

Á níunda tímanum í gærkvöldi kom hópur mótmælenda saman við Þjóðleikhúsið þar sem Samfylkingarfélagið í Reykjavík fundaði um framtíð stjórnarsamstarfsins.

Úr sama blaði: Piparúðinn vekur athygli. „Lögreglan beitir piparúða á íslenska mótmælendur“ er fyrirsögnin á frétt Reuters-fréttasöfnunar um mótmælin á Austurvelli.

Fréttir af mótmælunum birtust í mörgum helstu fjölmiðlum heims, þar á meðal á vefsíðum breska útvarpsins BBC og bresku dagblaðanna Guardian, Times og Telegraph. Þá var sagt frá mótmælunum víða á Norðurlöndum, svo sem í finnska og norska ríkisútvarpinu.

Skýrt er frá því að eitt til tvö þúsund manns hafi safnast saman fyrir utan Alþingishúsið, barið þar á potta og pönnur og tuttugu manns hafi verið handteknir.

Viðtal Fréttablaðsins, 22. janúar 2009, við Sturlu Böðvarsson, þingforseta: „Ég taldi nauðsynlegt að eiga fund með formönnum stjórn málaflökkanna til að fara yfir fyrirhugaða umræðu í dag, sem verður skýrsla forsætisráðherra,“ segir Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis um frestun þingfundar í gær. Hann fundaði tvisvar í gær, fyrst með formönnum þingflokka um morguninn og svo með formönnum stjórn málaflökkanna eftir hádegi.

Hann segir ástæðu fyrir frestun þingfundar tvíþætta. Annars vega hafi starfsfólk þingsins þurft næði til að koma öllu í röð og reglu. Þá hafi hann talið mikilvægt að þingmenn fengju tíma til að undirbúa sig undir umræður dagsins í dag. Auk þessi hafi verið skipulagðir þingfokksfundir í gær.

Aðspurður hvort hann telji að mótmælin haldi ekki áfram í dag og muni trufla þingfund segir Sturla: „Ég vona að þó að mótmælin séu hávær og mikilvæg, þá fáum við frið til að sinna skyldum okkar hér innandyra.“

Viðtal við Stefán Eiríksson í Fréttablaðinu 22. janúar 2009: Farið verður yfir valdbeitinguna. Lögreglustjóri segir að athugað verði hvort lögreglumenn hafi gengið of langt í valbeitingu, en ljósmyndir virðast benda til þess. Lögreglumennirnir verði þá kærðir til ríkissaksóknara. Reglur um valdbeitingarheimildir eru ekki aðgengilegar almenningi.

„Að sjálfsögðu fer lögreglan yfir atburði síðustu daga og finni hún dæmi um að lögreglumenn hafi farið yfir strikið, verður kæru eða ábendingu komið til ríkissaksóknara.“ Þetta segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri.

Hann var spurður um ásakanir um harðræði lögreglu í mótmælunum og sérstaklega mál Páls Hilmarssonar, ljósmyndara, sem ætlar að kæra lögreglukonu sem mun hafa sprautað í andlit hans og fleiri manna, án þess að það hefði sýnilegan tilgang.

„Ég þekki það ekki, en ég er alveg sannfærður um það að menn eiga fjölmargar myndir af því sem þarna gerðist og það er eflaust hægt að setja það í slæmt ljós,“ segir Stefán.

Aldrei líti huggulega út þegar lögreglan neyðist til að beita valdi og það geri hún ekki nema nauðsynlegt sé. Um slíka valdbeitingu gildi skýrar reglur. Spurður um þessa reglur, það er hvenær og hvernig lögregla megi beita valdi segir Stefán að þær séu ekki aðgengilegar almenningi. Talið sé nauðsynlegt vegna öryggis lögreglumanna að þær séu ekki á allra vitorði og úrskurðarnefnd um upplýsingamál hafi staðfest þá túlkun.

Páll Hilmarsson hefur lýst því hvernig lögreglukona ein stóð í öruggri fjarlægð frá mótmælendum bak við grindverk. Hún hafi svo gengið að grindverkinu fyrirvaralaust og sprautað yfir fólkið. Þetta hafi verið gert þrisvar án viðvörunar.

Fleiri mótmælendur hafa lýst óþyrmilegri valbeitingu löggæslumanna, en aðrir í hópi þeirra benda á að lögreglan sé fámenn og ekki undir slík fjöldamótmæli búin. Tiltölulega fáir hafi særst og lögreglan því staðið sig vel miðað við aðstæður.

Úrdráttur ú DV þann 22. janúar 2009: Janúarbyltingin hélt áfram annan daginn í röð. Mótmæli var við Stjórnarráðið, þar sem aðsúgur var gerður að Geir H. Haarde forsætisráðherra. Mannfjöldinn ærðist af fögnuði þegar ótímabær dánarfregn ríkisstjórnarinnar var tilkynnt á Austurvelli. Þúsundir mótmæltu við fund Samfylkingarinnar.

Janúarbyltingin hélt áfram í miðborg Reykjavíkur, annan daginn í röð í gær. Krafan var skýr. Vanhæfa ríkisstjórn burt og kosningar strax. Um það bil þúsund manns voru komnir saman fyrir framan Alþingishúsið í gær, þar sem haldið var uppteknum hætti Vegna jarðarfara í Dómkirkjunni og tillitssemi við aðstandendur, héldu mótmælendur sem leið lá að Stjórnarráðinu. Þar sem aðsúgur var gerður að Geir H. Haarde forsætisráðherra í þann mund sem hann var að yfirgefa Stjórnarráðið í ráðherra bílnum. Snjóboltum og eggjum rigndi yfir bifreiðina umkringdu mótmælendur hana og börðu á rúður. Eftir um það bil fimm mínútna umsátursástand, komst Geir koks undan. Í samtali við fréttamenn í Valhöll um kvöldmatarleitið í gær, viðurkenndi Geir að sér hefði verið mjög brugðið.

Við Stjórnarráðið barði hópurnir á glugga og einhver úr hópnum skvetti rauðri málningu á húsið. Þá bárust einnig fréttir af því að rúða hefði brotnað í byggingunni. Óeirðalögregla myndaði skjalborg um Stjórnarráðið á meðan mótmælin stóðu yfir.

Um klukkan fjögur í gær kom mannfjöldinn aftur saman við Alþingishúsið að lokinni jarðarförinni og hélt áfram kröftugum mótmælum. Allt ætlaði um koll að keyra þegar einn úr hópnum tilkynnti að ríkisstjórnin væri fallin. Mikil fagnaðarlæti brutust út og fögnuðu mótmælendur sigri. Nokkrum mínútum síðar tók Hallgrímur Helgason rithöfundur til máls og bar til baka fregnir að stjórnin væri fallin.

Úrdráttur úr Fréttablaðinu 22. janúar 2009: Frá bílakjallara Alþingishússins liggur gangur yfir í Blöndalshús sem stendur við hliðina á byggingunni. Gangurinn er neðanjarðar og gátu þingmenn farið um hann til að komast út óséðir. Grétar Mar Jónsson þingmaður segir ganginn vera mjög snyrtilegan með dúk á gólfinu og steiptum veggjum.

Leynigöng frá Alþingi: „Ég vissi ekki að það væri leið þarna á milli fyrr en ég ætlaði að fara út, þá var mér meinaður aðgangur að aðaldyrum hússins, „segir Grétar Mar Jónsson, þingmaður Frjálslynda flokksins. Hann varð að fara um jarðgöng sem liggja að Blöndalshús þaðan sem hann komst út þegar mótmælin stóðu sem hæst í fyrradag.

Í bílakjallara Alþingishússins eru dyr að gangi sem endar í Blöndalshús sem er við hliðina á Alþingishúsinu. Að sögn þingmanna sem DV ræddi við vissu þeir ekki af þessum gangi fyrr en í mótmælunum á þriðjudag.

Neitaði að vera í stofufangelsi. Jón Magnússon, þingmaður Frjálslynda flokksins, segir að lögregla hafi bannað honum að fara út um aðaldyr hússins. „ÉG sagði, þegar mér var nóg boðið að bíða og löggan var búin að banna mér að fara út í dálítið langan tíma, að ég vildi ekki vera í stofufangelsi og ef fólk vildi berja mig, þá yrði það bara að fá að berja mig.

Síðan fór ég út úr bakdyramegin og löggan bað mig að vera ekki að blanda mér í hópinn af því það væru innan um aðilar em gætu verið hættulegir þó meginhlutinn væri allt í lagi, það var sú ráðlegging sem ég fékk þegar ég slapp út þarna bakdyramegin.“

Jón segir að hann hafi ekki vitað um ganginn fyrr en hann sá Sturlu Böðvarsson ganga inn um dyr í bílakjallaranum. „Ég veit ekki hvaða gangur þetta er, ég sá þegar ég var í bílageymslunni í gær að forseti þingsins fór inn um aðrar dyr en ég en ég vissi ekkert hvert þær lágu,“ segir Jón og bendir á að öll alvöru þing séu með undirgöng.

Hann sagði að hávaðinn trúfli vissulega starfsemi Alþingis. „Það er alveg sama á hvaða vinnustað þú ert, hvort sem það er Alþingi Íslendinga eða annars staðar, og það er mikil háreysti eða læti í kringum vinnustaðinn, þá trúflar það þig. Ég sagði í morgun (í gær) að mikið rosalega væri ég orðinn þreyttur á þessum svissnesku kúaklukkum sem dundu þarna.“

Úrdráttur úr Fréttablaðinu frá 22. janúar 200. Lögreglustjóri segir störf við erfiðar aðstæður kalla á áfallahjálp og stuðning: Þetta er manneskjulegt álag.

Þeir lögreglumenn sem stóðu vaktina lengst við Alþingishúsið í fyrradag og aðfaranótt miðvikudagsins voru að í allt að tuttugu klukkustundir, að sögn Stefáns Eiríkssonar, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu.

„Þetta er ómanneskjulegt álag. En við höfum það hlutverk að standa þarna og sinna okkar störfum,“ segir lögreglustjóri. „Við reynum að þjálfa okkar mannskap þannig að hann sé undir þetta búinn. Við reynum að hvíla menn eftir föngum, þannig að enginn væri allan tímann í fremstu línu. Við eigum ekki að þurfa að fara yfir tólf til fjórtán tíma vaktir.“

Spurður um aðstoð við lögreglumenn eftir að þeir hafa staðið vaktina við aðstæður eins og undanfarna daga segir Stefán það einn stærsta þáttinn í stjórnun í mannfjöldastjórnunarrhópi að stjórnandinn og mennirnir í hópnum hafi til að bera þann styrk og þá sjálfstjórn sem til þurfi hverju sinni. „Ef eitthvað óvenjulegt gerist þá er unnið á því eftir á,“ útskýrir Stefán. „En það er hluti af þjálfun þessara lögreglumanna að þeir missi ekki stjórn á sér, fari ekki fram úr sjálfum sér og fylgi skýrt þeirri línu sem mörkuð hefur verið og hljóði þeim fyrirmælum sem gefin eru um valdbeitingu og annað.“

Stefán segir að eftir störf við erfiðar aðstæður séu bæði fyrir hendi hefðbundin áfallahjálp og félagastuðningur við lögreglumenn. „Menn draga lærdóm af hverju verkefni og laga það sem betur má fara. Það er einn liðurinn af mörgum í þessu starfi að vinna vinna úr þessari erfiðu reynslu fyrir hvern og einn lögreglumann.“

Spurður um hvort einhverjar ráðstafanir séu fyrir hendi hjá lögreglu fari starfsaðstæður versnandi á næstum dögum vegna stöðunnar í samfélaginu segir Stefán svo vera. „Það er ljóst að þetta kallar á aðstoð frá öðrum lögregluliðum. Það er okkar helsta úrræði. Þá gerum við breytingar á verkefnum lögreglumanna og færum til hliðar verk sem mega bíða. Hið góða við lögregluliðin í landinu er að þau vinna sem ein heild. Því eru allir boðnir og búnir til að senda fólk til aðstoðar þar sem er aflögufært.“ Stefán segir ekki vera til umræðu nú að auka búnað lögreglunnar.

Austurvöllur - Alþingi – Valhöll, 23. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-004331, -004372, - 004451, - 004453

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórnendur: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** UMÁ-0103, PRG-0116, ÁÖG-0333, HH-0436, ÁS-0528, BÁ-0514, SS-0608, ÁS-0632. **Flokkur 2:** PJS-8110, SJ-9814, GRS-0122, HH-0323, BÓ-0405, ÁJ-0407, RSP-0508, GST-0606. **Flokkur 5:** AD-9205 og 5 aðrir sérsveitarmenn. Aðrir lögreglumenn: GHS-9411, BB-0112, EJ-0611, JG-9116, HS-6905, HS-8634, HRB-9722, EBS-9122. Öryggisgæsla með ráðherrum frá sérsveit: KJS-9515 og HP-9705.

Skipulag:

Aðgerðarstjórn var ekki virkjuð heldur sáu aðgerðastjórnendur um stjórn aðgerða. Búist var við að þær yrðu víðar en við Austurvöll og því var lögreglumönnum skipt upp í nokkra flokka og hópa svo þeir yrðu til taks um leið ef eitthvað færi úrskeiðis.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 10:00 – 18:00. Fjöldi lögreglumanna var 35 og heildartímafjöldi um 280

Atvikalýsing

Stíft eftirlit var haft með Alþingi og Stjórnarráði alla nóttina. Allt reyndist í góðu lagi og ekkert gerðist sem lögreglan þurfti að hafa afskipti að. Kl. 11:00 voru komnir um 10 til 15 manns fyrir utan Valhöll, skrifstofur Sjálfstæðisflokksins við Háaleitisbraut, að berja dollur, potta og ýmislegt annað. Búsáhöld voru mjög áberandi. Ástandið var að öðru leyti mjög gott og fólk frekar rólegt. Um kl. 12:14 voru komnir um 20 til 30 mótmælendur fyrir utan og magnaðist hávaðinn þá enn meir. Kl. 12:18 tilkynnti ÁPÁ, frá sérsveit, að fólk væri farið að berja glugga. Rætt var við Hallgrím Helgason, rithöfund, sem var einn mótmælenda og farið fram á við hann að hann léti af því að berja gluggana. Mótmælendur urðu við því. Þeim var jafnframt gerð grein fyrir því að ef haldið yrði áfram að berja glugga þá yrði við því brugðist. Kl. 12:36 lauk blaðamannafundi í Valhöll þar sem Geir H. Haarde, forsætisráðherra, tilkynnti um alvarleg veikindi sín, landsfundi Sjálfstæðisflokksins yrði frestað og kosningar yrðu þann 9. maí nk. Kl. 12:45 lauk mótmælum og lögreglan fór af vettvangi.

Kl. 16:48 voru höfð afskipti af [REDACTED] þar sem hann var að sprengja svokallaðar þurríssprengjur á Austurvelli til þess að framkalla hávaða. Að hans sögn átti þessi hávaði að ná til þeirra þingmanna sem væru heima hjá sér, en ekki á þingi. Þegar lögreglan kom að [REDACTED] hafði hann látið af þessari iðju og var nýbúinn að kenna ungum piltum að útbúa slíkar sprengjur. KHP-9804 veitti honum alvarlegt tiltal fyrir tiltækið. Þurríssprengja er útbúin þannig að þurrís, sem er -79°C er komið fyrir í

plastflösku, vatni bætt út í og tappinn hertur á. Þurrísinn leysist upp við þetta og þenst plastflaskan út með þeim afleiðingum að hún springur með geypilega miklum hvelli. Þurrísinn var tekinn af piltunum og honum fargað.

Kl. 16:35 fengust upplýsingar um að bak við Alþingi væri drengur í peysu með „metallica“-merki á bakinu og væri að grýta Alþingishúsið. Fylgdi tilkynningunni að þessi drengur væri, ásamt fleirum, á strætisvagnabiðstöð við Vonarstræti. Lögreglumenn fóru á staðinn og ræddur við [REDACTED], [REDACTED], [REDACTED] og [REDACTED]. Enginn þeirra var í klæðnaði sem samsvarði fyrrnefndri lýsingu. Þeir bentu hinsvegar á skólafélaga þeirra, [REDACTED] kt. [REDACTED], Hringbraut 109, kallaður „[REDACTED]“. Hefði hann kastað mandarínu í Alþingishúsið. Ekki tókst að hafa upp á honum, en strákamir sögðu að hann hafi farið með strætisvagni þá skömmu áður. Haft var samband við móður [REDACTED] og henni greint frá afskiptum lögreglu, en ekki tókst að ná sambandi við forráðamenn hinna drengjanna. Það var síðan þann 26.01.2009 að á svæðisstöð 8 hringdi fyrrnefndur [REDACTED] og viðurkenndi að hafa hent mandarínu í Alþingishúsið þann 23.01. Hann kvaðst vilja biðjast afsökunar á verknaðnum. [REDACTED] tjáð að skýrsla yrði gerð um atvikið og haft yrði samband við hann síðar vegna þessa.

Annað markvert gerðist ekki þennan dag.

Hvernig til tókst

Viðbúnaður lögreglu var mikill fyrir þennan dag í ljósi reynslu fyrri daga. Rólegt var yfir öllu og ekki reyndi á styrk lögreglunnar.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Úrdráttur úr Fréttablaðinu frá 23. janúar 2009: Landssamband lögreglumanna þakkar verndina. Fordæmir tiltekinn hóp ofbeldismanna. „Landssamband lögreglumanna fordæmir framgöngu tiltekinna einstaklinga að beita lögreglumenn alvarlegu ofbeldi. Stór hópur lögreglumanna er slasaður eftir atburði undanfarinna daga og einkum eftir nóttina.“ Svo segir í yfirlýsingu frá LL sem barst Fréttablaðinu í gær.

Segir enn fremur að lögreglumenn séu einfaldlega að sinna sínum skyldustörfum við þær erfiðu aðstæður sem uppi eru í þjóðfélaginu. Þeir séu fagmenn sem vinni störf sín af alúð og vandvirkni í hvívetna og muni að sjálfsögðu gera svo áfram. Það ástand, sem uppi sé í þjóðfélaginu, bitni ekkert síður á lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra en öðrum þegnum þessa lands.

„Landssambandið höfðar til skynsemi almennings og skilnings á þessari staðreynd. Það hvetur alla til að gæta hófs við beitingu hins lýðræðislega réttar síns að láta skoðanir sínar í ljós og haldi sig innan marka laganna. Rétt er að leggja á það áherslu að virði menn

lögregluna að vettugi blasir ekkert annað við en algert upplausnarástand í þjóðfélaginu engum til heilla.“

Loks færir LL því fólki þakkir sem brást við aðstæðum í fyrrinótt með því að slá skjaldborg um lögreglumennina og veita þeim vernd gegn grjótkasti.

Úr Fréttablaðinu 23. janúar 2009. Fjórar hreyfingar hvetja til mótmælahvíldar. Vilja ró um helgarnætur. Fjórar hreyfingar hvetja mótmælendur að láta af aðgerðum sínum í kvöld og annað kvöld og vera þá ekki í miðbæ Reykjavíkur. „Veruleg hætta er á að til skrísláta komi er góðglaðir næturgestir öldurhúsa telja sjálfum sér trú um að þeir hafi göfug markmið í huga með skemmdarverkum,“ segir í tilkynningu frá þeim. Þær hvetja hins vegar til áframhaldandi mótmæla og segja þær hafa borið árangur hingað til. Hreyfingarnar sem skrifaðar eru fyrir tilkynningunni eru Borgarahreyfingin um þjóðfund 1. des., Landsmenn gegn ríkisstjórninni, Iceland-Calling og Nýir tímar.

Úr Fréttablaðinu 23. janúar 2009. Appelsínugulir.is. Aðgreina sig frá ofbeldissinum. Appelsínugulur heitir nýstofnaður hópur mótmælenda sem vill aðgreina sig frá ofbeldisfullum mótmælendum. Hópurinn hyggst því klæðast appelsínugulum fatnaði við mótmæli.

„Hópurinn hefur enginn önnur markmið en að reyna að sortera frá þá sem eru tilbúnir að kvitta upp á það að við séum friðsöm en viljum breytingar, takk“, segir Þórarinn Á Stefánsson, sem skráður er fyrir heimasíðu hópsins, en Appelsínugulur á sér hvorki talsné formann. „Punkturinn er að þegar þúsund manns koma saman og tuttugu kasta eggjum, sé ekki hægt að benda á alla „skrill“,“ segir Þórarinn.

Úrdráttur úr Fréttablaðinu 23. janúar 2009. Skjalborg um lögregluna. Langstærstur hluti mótmælenda er friðsamur og margir byrjaðir að stöðva grjótkastið, segir yfirlögregluþjónn. Mótmælendur gengu inn í grjótregnið og slógu skjaldborg um fáliðaða lögreglu við Stjórnarráðið.

Fámennur hópur ungra karla fer fram með ofbeldi gegn lögreglu og skemmir fyrir friðsömum meirihluta mótmælenda. Þetta segja sjónarvottar að aðdraganda þess að lögregla beitti táragsi aðfaranótt fimmtudags. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn tekur undir.

„Mjög ungt fólk, allt niður í börn, kemur hér nestað til að kasta í lögreglumenn, en það er líklega eldra fólk innan um,“ segir hann. Langstærsti hluti fólks vilji mótmæla í friði á „eðlilegan og heilbrigðan hátt,“ segir Geir Jón. Margir mótmælenda hafi lýst yfir vanþóknun sinni á ofbeldisfullri framkomu: „Og þeir hafa tekið upp á því að ganga að þeim sem eru að henda í lögregluna og biðja þá um að gera það ekki, því það er ekki í þökk mótmælenda.“

Áður en lögreglan beitti táragsi á mótmælendur hafði hópur ungra manna og drengja kastað í hana, allt frá mótmælunum við Þjóðleikhúsið fyrr um kvöldið. Eitthvað hafði fjölgað í hópi grjótkastara eftir því sem á leið en dropinn sem fyllti mælinn hjá lögreglu var þegar kveikt var í aðaldyrum Alþingis og tveir lögreglumenn lágu særðir, eftir því sem

Stefán Eiríksson lögreglustjóri hefur sagt. Hann hefur einnig sagt að fremstir í flokki hinna árásargjörnu hafi verið góðkunningjar lögreglu, sem hafi gerst sekir um ofbeldisbrot áður.

Friðsamlegri mótmælendur urðu margir reiðir eftir táragsið og gerðu aðsúg að lögreglu við skálabyggingu Alþingis. Geir Jón neitar ekki að fjölgað hafi í hópi árásargjarnra við þetta. „En þetta er bara það eina sem við höfðum til þess að reyna að koma fólki frá okkur,“ segir hann. Geir Jón neitar því ekki beint, hvort lögreglan sé of fálíðuð: „Við reynum að vera eins margir og hægt er. Auðvitað getur stundum verið á einhverju augnabliki að við séum færri en við þyrftum að vera.“

Dæmi um fyrrgreindan velvilja mótmælenda í garð lögreglumanna sást þessa nótt við Stjórnarráðið, eftir táragasárásina. Þá voru fimm lögregluþjónar sendir til varnar Stjórnarráðinu þar sem voru nokkur hundruð mótmælenda. Meðan grjóti rigndi yfir lögreglumennina tók hópur mótmælenda sig til og gekk að þeim með hendur á lofti. Þeir sneru sér síðan við og stóðu þar sem varnarveggur. Grjótkastinu linnti við þetta og bættust þá fleiri í hóp verjenda lögreglunnar. Í gærðag sáuust svo mótmælendur bera blóm og kaffi í lögregluþjóna við Alþingishúsið.

Hjálmur Bjargaði lífi. Lögreglumaður rotaðist og fékk heilahristing eftir að þungum steini var kastað í höfuð hans aðfaranótt fimmtudagsins. Jónas Sen, sérfræðingur á slysadeild segir að hjálmur hafi sennilega bjargað lífi mannsins. Alls hafi fjórir lögreglumenn komið á slysadeild, eftir að þeir urðu fyrir grjótkasti en með minni háttar meiðsli. Tveir lítt særðir mótmælendur hafi einnig notið aðhlyningar. Slökkviliðið sendi þrjá sjúkrabíla að Lækjargötu og skolaði piparúða úr augum og hlynnti að lemstruðum. Einn drengur var fluttur á barnadeild Landspítalans. (Úr Fréttablaðinu 23. janúar 2009).

Úrdráttur úr Fréttablaðinu frá 23. janúar 2009. Skoðanakönnun um viðhorf til mótmælanna. Tveir þriðju hlynntir mótmælum. Meirihluti þjóðarinnar segist hlynntur mótmælunum að undanförmu, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Mikill meirihluti tók þó sérstaklega fram að hann væri ekki hlynntur ofbeldi, skríslátum eða árásum á lögregluna. 45,7 prósent sögðust vera hlynnt mótmælunum og 20,6 prósent mjög hlynnt. Þá sögðust 10,2 prósent vera hlutlaus. 13,5 prósent voru andvíg mótmælunum og 10 prósent mjög andvíg.

Heldur fleiri konur en karlar eru mótmælunum andvíg. Þá eru íbúar á höfuðborgarsvæðinu mun hlynntari mótmælunum en íbúar á landsbyggðinni. Stuðningur við mótmælin er mestur á meðal vinstri grænna, tæp 87 prósent, og samfylkingarfólks, tæp 76 prósent, en einungis 32 prósent sjálfstæðisfólks eru mótmælunum hlynnt.

Um 54 prósent sjálfstæðisfólks eru andvíg mótmælunum en um átta prósent vinstri grænna, sautján prósent samfylkingarfólks og 33 prósent framsóknarfólks. Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 22. janúar og skiptust svarendur jafnt eftir kynni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Hver er afstaða þín til mótmælanna að undanförmu? 97,9 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

Úrdráttur úr DV frá 23. janúar 2009. Götuvígin í miðborginni. Komið hefur til átaka milli lögreglu og mótmælenda undanfarna daga sem sett hafa mark sitt á janúarbyltinguna þrátt fyrir að velflestir mótmælendur hafi verið friðsamlegir. Hörður Torfason, forsvarsmáður Radda almennings, fordæmir ofbeldið og segir það engu skila nema meira ofbeldi. DV kortleggur hvar helstu átökin hafa átt sér stað.

Reyna að stela mótmælunum. Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir að lögreglan reyni að tryggja fyrst og fremst að mótmælin fari friðsamlega fram. „Við erum ekki að beita ofbeldi, ég hafna því alfarið. Við erum hins vegar að beita valdi, því valdi beitum við ekki nema það séu skýrar forsendur og nauðsyn til þess að slíku valdi sé beitt. Okkar sterkasta vopn í þessum verkefnum, sem við höfum verið að takast á við síðustu vikur og mánuði, er þolinmæði gagnvart mótmælum og mótmælendum og góð samvinna við þá sem skipuleggja friðsæl mótmæli, til þess að tryggja að þeir komi sjónarmiðum sínum og viðhorfum á framfæri.“ Hann segir að lögreglan verði að bregðast við eyðileggingu á eigum almennings. „Það sem er að gerast núna virðist vera það að tilöxlulega fámennur hópur er að taka yfir mótmælin, stela þeim og nota þetta tækifæri til þess að slasa lögreglumenn og eyðileggja eigur borgarbúa og almennings í landinu. Það er það sem við okkur blasir og við því verðum við að bregðast og á því verðum við að taka.“

Ógeðfellt að ógna einstaka lögreglumönnum. Á síðustu dögum hafa birst blogg færslur á netinu þar sem hvatt er til ónæðis á heimilum lögreglumanna sem hafa verið í óeirðarsveit lögreglunnar vegna mótmælanna að undanförunu. Stefán er gáttaður á slíkri framkomu. „Þetta er algjörlega með ólíkindum að menn leyfi sér að haga sér með þessum hætti og að beina þessu gagnvart einstaka lögreglumönnum, ég á ekki orð til að lýsa því hversu ógeðfellt þetta er.“

Hann segir lögregluna hafa nægan mannskap til að taka á aðstæðum eins og þeim sem hafa verið síðustu daga. „Við erum alveg undir það búnir að takast á við þau verkefni sem við okkur blasa og við metum það bara hverju sinni til hvaða úrræða við grípum. Við höfum heimildir til að beita valdi eins og fólk veit og eins og ég hef ítrekað sagt að það gerum við ef nauðsynlegt er.“ Hann segir lögreglumenn reyna að slökkva í bálköstum sem hafa verið tundraðir víða um miðborgina síðustu daga. „Ef það er unnt að gera það án þess að skapa meiri vanda og lenda í hörðum átökum við mótmælendur reynum við að slökkva þessi bál og líka ef þau eru farin að ógna öryggi. Ef hætta skapast á því að lögreglan verður að grípa inn í og tvístra mannfjöldanum og ná tökum á ástandinu og það var nákvæmlega sem við gerðum,“ segir hann og um ástæðu þess að lögregla beitti táragsi í fyrrakvöld.

Kraftaverk að fleir slösuðust ekki. Stefán segir að alvarleg staða hafi verið komin upp þegar ákveðið var að beita táragsi. Þá hafi ofbeldi gangvart lögreglu verið orðið geigvænlegt. Múrsteinum og öðru lauslegu hafi rignt yfir lögreglu og tveir lögreglumenn hafi þá þegar orðið fyrir meiðslum og verið fluttir á sjúkrahús. Að auki hafi eldur verið borinn að þinghúsinu. „Þá var ekkert annað hægt að gera heldur en að grípa inn í með þeim hætti sem við gerðum og þá var táragsi beitt. Það bar tilætluð áhrif, fólk fór í burtu

og ástandið róaðist í kjölfarið. Ég held að það hljóti að teljast kraftaverk og vera aðdáunarvert gagnvart öllu fólki hér í landinu að ekki einn einasti mótmælandi hafi slasast. Það eru bara lögreglumenn sem sitja eftir alvarlega slasaðir.“

Úrdráttur úr DV frá 23. janúar 2009. Austurvöllur er sjö þúsund fermetrar að stærð. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjón áætlað að átta þúsund manns komist þar fyrir. Tíu til tólf þúsund manns ættu að komast fyrir á svæðinu sem afmarkast af húsunum í kring samkvæmt honum. Fríða Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt segir að hægt sé að gera ráð fyrir að hver einstaklingur taki einn og hálfan fermetra og því einungis hægt að rúma um 4.600 manns á vellinum.

„Við áætluðum að jafnaði einn til tvo einstaklinga á fermetrann og áætluðum að Austurvöllur geti tekið átta þúsund manns. Svæðið sem afmarkast af húsunum í kring áætluðum við að gæti tekið tíu til tólf þúsund manns. Þetta er ekki endilega heillög og rétt tala en við giskum á þetta miðað við reynsluna,“ segir Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn.

„Það er erfitt að sjá svona tölur nákvæmlega því það er mis þétt af fólki á vellinum. Við höfum stundum gert það með aðra staði að fá yfirlitsmynd, skipta fólkinu í ferninga og talið þannig. Við höfum ekki gert það á Austurvelli því það er svolítið erfitt en það væri gaman að fá yfirlitsmynd og sjá,“ segir Geir Jón. Fríða Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt notar þá þumalputtareglu að áætla einn og hálfan fermetra á hvern einstakling. Með þeim útreikningum er aðeins hægt að koma 4.667 einstaklingum á Austurvöll. „Ég tel þó að mótmælendur standi þéttar en þetta er gróf þumalputtaregla sem hægt er að notast við,“ segir Fríða.

Austurvöllur - 24. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-004605, -004635

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðastjórn í Skógarhlíð: SE-LH01, HJ-7711, EB-7306.

Vettvangsstjórn: GJP-7607, ÁPS-7415. Stjórnendur aðgerðasveita: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** PRJH-9927, IMI-0234, FB-9907, KÆK-0204, LBP-0248, JPE-0416, HBS-0422, AÖS-0529. **Flokkur 2:** UMÁ-0103, PRG-0116, ÁÖG-0333, HH-0436, BÁ-0514, ÁS-0528, SS-0608, ÁS-0632. **Flokkur 3:** AE-9717, HV-0211, GGA-0127, SBH-0424, JKP-0431, GP-0512, G-0519, ÁÖG-0520 allt sérsveitarmenn + 2 sérsveitarmenn. Aðrir lögreglumenn: HPK-0117, GHM-0107, JVA-0709, SR-0106.

Skipulag:

Um var að ræða nokkuð hefðbundið laugardagsskipulag. Boðaður hafði verið útifundur á Austurvelli, „Raddir fólksins“ sem stýrt yrði af Herði Torfasyni. Mótmælin áttu að hefjast kl. 15:00. Aðgerðarstjórn fylgdist með í eftirlitsmyndavélum og veitti upplýsingar og tók af

skarið í meiri háttar aðgerðum. Vettvangsstjórar, með fáa menn með sér, voru fyrir framan Alþingi, en áttu ekki að sýna allan styrk lögreglunnar nema ef í neyðina ræki. Ákveðið að halda aðgerðarflokkum til hlés eins lengi og mögulegt væri með því að staðsetja þá í nágrenninu. Þá var lögreglumaður settur á eftirlitsmyndavélar Alþingis. SHS var með þrjá til fjóra menn í þinghúsinu og þar voru einnig tveir bráðaliðar og tveir slökkviliðsmenn. Annað skipulag hefðbundið.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:00 og þeim lauk kl. 19:00. Fjöldi lögreglumanna var 37 og heildartímafjöldi um það bil 220.

Atvikalýsing

Um kl. 14:21 voru fáeinir einstaklingar mættir við Alþingishúsið með ásláttarhljóðfæri og fimm á Austurvelli. Fljótlega tók að fjölga og um kl. 14:39 voru komnir um 50 til 60 manns sem voru dreifðir um Austurvöll. Austurvöllur var blautur og klaki yfir. ARM hélt fund með aðgerðasveitum og þar tilkynnti hann að nóttina áður hafi lögreglumenn, sem voru á vakt við Alþingi, fengið stuðningsyfirlýsingu frá borgurum, með því að vísa upp þumal fingri. Kl. 14:43 var talið að um 100 manns væri við Alþingi og á Austurvelli. Fólk var enn að streyma að. Upplýsingar bárust um að Ástþór Magnússon hafi sagt á heimsíðu sinni að hann aflýsi fundi á Austurvelli, en að menn yrðu á Austurvelli sem myndu mótmæla yfirgangi „Radda fólksins.“ Kl. 14:53 hafði bæst mjög ört í hópi mótmælenda og talið að um 600 manns væru komnir á Austurvöll. Tilkynnt var um að hópur fólks á vegum „Nýtt lýðræði“ væri kominn á svæðið og væri að dreifa spjöldum til fólks. Þessir mótmælendur væru með hvíta borða.

Kl. 15:20 var talið að á Austurvelli væri komnir hátt í 5.000 manns. Fólk hélt sig á gangstéttum og stígum vegna bleytu, en þó var þéttur hópur fyrir framan ræðupallinn, sem var stór sendibífreið, staðsett í Thorvaldsenstræti við húsgafl gamla Landsímahússins. Haft var eftir landslagsarkitekt í dagblaði um þessa helgi að á Austurvelli kæmist ca. 4.000 manns miðað við að 1,5 fermeter væri fyrir hvern og einn.

Kl. 15:31 var tilkynnt að Sturla Jónsson, vörubífreiðastjóri, væri framan við Kaffi Central, Pósthússtræti 13. Var hann að tala við tvo menn í mótörhjólagöllum og einn aðgerðarsinna. Kl. 15:53 lauk mótmælafundi og mikið af fólkinu streymdi úr miðborginni, en nokkur hópur tók sér stöðu fyrir framan Alþingi. Umferðarlokanir á Lækjargötu/Skólabrú voru fluttar að austurenda Kirkjustrætis. Mótmælendur voru famir að líma myndir af bankastjórn Seðlabankans á rúður Alþingis.

Vestan við þinghúsið stóðu þrír menn, sem höfðu verið virkir í mótmælum dagana á undan, og því talið rétt að athuga með þá: Þetta voru þeir [REDACTED], [REDACTED] og og [REDACTED]. [REDACTED] var ekki að þessu sinni með kornabarn með sér, en það hafði hann gert í undanförunum mótmælum. Kl. 16:42 voru mótmælendur nánast eingöngu í Kirkjustræti, framan við Alþingi, og hafði verulega fækkað í hópnum.

Meðal mótmælenda hafði sést til Ögmundar Jónssonar, Svandísar Svavarsdóttur og Sóleyjar Tómasdóttur. Talið að enn væru um 200 manns á staðnum.

Kl. 16:50 sást Sturla Jónsson á tali við mann, sem hélt á logandi blysi, og tók hann á sprett með það vestur með þinghúsinu og stóð síðan við versturhorn þess. Þá var farið í að losa um lögreglumenn frá vettvangi. Andinn var góður í fólki og samskipti þeirra við lögreglu á mjög jákvæðum nótum. Mikið af fólki var með orange eða appelsínugula borða. ARM sagðist hafa fengið eina athugasemd vegna aðkomu lögreglunnar frá þekktum mótmælenda, [REDACTED]. Kl. 17:24 ákvað GJP að nú væri óhætt fyrir lögregluna að yfirgefa vettvang, en ákveðið var að einn aðgerðaflokkur yrði eitthvað áfram. Kl. 18:48 var verkefninu lokið og umferðarlokanir teknar upp.

Hvernig til tókst

Það tókst afskaplega vel til þennan dag þrátt fyrir mikinn fjölda mótmælenda. Auðséð að mikil breyting hafði átt sér stað varðandi framkomu og ofbeldi af hálfu mótmælenda. Lögreglan þurfti ekki að beita viðbótarstyrk sínum og andinn í mótmælendum var almennt góður og jákvæður.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 26. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-004951

Lögreglumenn við störf:

GJP-7607, UMÁ-0103, ÓMA-0634, MJS-0780, HGK-0724, DIP-0808.

Skipulag:

Ekkert skipulag sett upp. Lögreglumenn brugðust við óboðuðum mótmælum.

Tímalengd aðgerða:

Verkefnið hófst kl. 09:00 og lauk kl. 12:00. Fjöldi lögreglumanna var fimm og heildartímafjöldi um 15.

Atvikalýsing

Lögreglumenn voru í hefðbundnu eftirliti með Austurvelli og Alþingi til að bregðast við ef mótmælendur mættu á staðinn. Nokkrir mættu fljótlega um morguninn. Kl. 11:00 hringdi til

lögreglu [REDACTED] og sagði að einhver maður, sem ekki vildi gera grein fyrir sér, væri að skera niður borða sem samtök, sem hann er í, hafi hengt upp við Alþingi. Honum sagt að lögreglan hafi ekki skipt sér að því þó þessir borðar hafi verið settir upp og muni því ekki skipta sér af því þó þeir verði teknir niður. Lögreglumönnum á vettvangi tilkynnt um þetta, en engin ástæða þótti til að aðhafast nokkuð. Ítrekað var hringt á lögreglustöðina og kvartað yfir miklum hávaða frá [REDACTED], vörubifreiðastjóra. Var hann að þeyta vörubílalúðra í gríð og erg. Fólk fékk ekki vinnufrið út af þessu. [REDACTED] útbjó sig þannig að hann var með gaskút tengdan við stóra vörubílstjóraflautu og gaf þannig frá sér mikinn hávaða.

Kl. 11:35 hringdi [REDACTED], s. [REDACTED], og óskaði eftir leyfi til að mótmælendur fengju að fara á gangstéttina framan við Alþingi. Honum tjáð að lögregla á staðnum hafi óskað eftir að mótmælendur héldu sig á Austurvelli, en ekki upp við Alþingishúsið. Það væri því ósk lögreglu að mótmælendur virði þessa ákvörðun. Hann spurði þá hvað lögreglan myndi gera ef ekki yrði farið að þessum tilmælum og mótmælendur færu samt á gangstéttina með „borgarlega óhlýðni“. Honum sagt að lögreglan tæki á því ef á þyrfti að halda, en jafnframt óskað eftir því að þeir virtu þessa ósk lögreglu um að halda sig þar sem lögreglan á vettvangi hefði bent þeim á að vera. Hann gaf góð orð um að við þessari ósk lögreglu yrði orðið. Kl. 11:50 kom beiðni frá lögreglumönnum á vettvangi um fjóra lögreglumenn til viðbótar til að aðstoða við Alþingi. Lögreglumenn á vaktinni sendir á staðinn. Kl. 12:00 var öllum aðgerðum lokið á vettvangi.

GJP var staddur við Alþingi og ræddi við nokkra mótmælendur sem biðu þess hvað verða vildi með ríkisstjórnina. Tilkynning barst til mótmælenda um að ríkisstjórnin væri sprungin og brast út fögnuður þeirra á meðal. GJP ræddi við [REDACTED] ([REDACTED]), sem var mjög virkur aðgerðasinni og hafði oft rætt við GJP á vettvangi. Hann hafði einnig komið á skrifstofu GJP á lögreglustöðinni til að ræða málin. GJP spurði [REDACTED] hvað tæki nú við og sagði hann að það versta sem gæti gerst, væri ef VG færi í næstu ríkisstjórn. Aðspurður hvers vegna sagði hann að þá yrði bakland mótmælanna ekki lengur til staðar og þeim þar með lokið.

Hvernig til tókst

Allt gekk ljómandi vel enda fáir mótmælendur á vettvangi og þeir yfirleitt rólegir.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki ástæða til.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á slíku.

Hótel Hilton, Natofundur, 28. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-005571

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðastjórn á Hverfisgötu: SE-LH01, HJ-7711, EB-7306, FSB-9312.

Vettvangsstjórn og stjórn aðgerðaflokka: GJP-7607, ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, ESE-0428, HSP-0604, GBS-0626, IMI-0234, JBS-0427, GST-0606, JVA-0709. **Flokkur 2:** PJS-8110, SJ-9814, BB-0112, HH-0323, GRS-0122, HH-0323, BÓ-0405, ÁJ-0407, RSP-0508. **Flokkur 3:** UMÁ-0103, PRG-0116, KÆK-0204, JG-0222, LBP-0248, HBS-0422, HH-0436, BI-0702. **Flokkur 4:** BB-8826, GHS-9411, JG-9116, BB-9934, ÁÖG-0333, AÖS-0529, RG-0603, SS-0608. **Flokkur 5:** PRJH-9927, FB-9907, GHM-0107, HPK-0117, SBA-0602, KPS-0728, BFG-0734. Aðrir lögreglumenn: ÆPE-6609, PP-9707, JL-9505, KIK-8508, MPG-0776.

Skipulag:

Vitað var með góðum fyrirvara að Nato-fundur yrði haldinn á hótelinu og í ljósi fyrri atburða var ljóst að viðbúnaður yrði að vera mikill í kringum hótelið og eins innan dyra. Lögreglumenn innan dyra voru undir stjórn GJP, en aðgerðarstjórn yrði einnig virkjuð til að halda utan um verkefnið. Öryggisvörður hótelsins var Eiríkur Beck, fyrrum lögreglumaður, og var haft gott samstarf við hann. Lögreglumenn áttu í fyrstu ekki að vera mjög sýnilegir, en alltaf tilbúnir til að grípa inn í ef á þyrfti að halda.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 14:30 og þeim lauk kl. 23:00. Fjöldi lögreglumanna var 52 og heildartímafjöldi um 440.

Atvikalýsing

Háttsettir menn frá Nató voru væntanlegir til landsins og því var öll öryggisgæsla mjög mikil. Þeim var fylgt frá Keflavíkurlugvelli og á hótelið. Þá voru komnir nokkrir lögreglumenn að hótelinu og eins inn í það. Þá var um fimm aðgerðaflokkum haldið til hlés og hafðir í næsta nágreppi til að vera til taks um leið og á þyrfti að halda. Mjög fáir mótmælendur voru komnir um kl. 16:00, en smátt og smátt bættust fleiri í hópinn. Var þetta aðallega fólk sem hafði áður haft sig mikið í frammi og voru þau með búsáhöld til að lemja með og skapa hávaða. Kl. 18:26 voru komnir um 20 til 30 mótmælendur á staðinn. Settar voru upp lokanir kringum hótelið með borðum og öllum gert ljóst að óheimilt væri að fara inn fyrir þá. Þá þurfti að gæta þess vel að engir mótmælendur kæmust að hótelinu þar sem ökutækjum gesta var ekið að.

Kl. 18:36 tilkynnti ARM til nokkurra lögreglumanna að þeir skyldu dreifða sér á meðal mótmælenda til að koma í veg fyrir snjóboltakast, en eitthvað var farið að bera á því. Kl.

18:41 voru um 60 mótmælendur á staðnum. Á staðnum sást til nokkurra grímuklæddra manna í hópi mótmælenda. Lögreglumenn fundu lykt af bensíni og varð það til þess að tveir mótmælendur voru handteknir. Þá var kastað olíumálningu á einn lögreglubíllanna, en hún náðist af. Eitthvað þurfti að standa í handtökum á fólki sem gekk lengra í mótmælunum en hægt var að þola, s.s. með því að fara inn fyrir lokanir lögreglu. Kl. 20:31 voru um 30 mótmælendur fyrir framan hótelið. Nota þurfti piparúða vegna þess að mótmælendur reyndu að losa handtekinn mann úr höndum lögreglu. Kl. 20:54 hafði meirihluti mótmælenda komið sér fyrir á umferðareyju á Suðurlandsbraut þar sem fundur fór fram undir stjórn Evu Hauksdóttur. Þá tóku þessir mótmælendur sig til og ruku í átt að hótelinu og skemmdu lokunarborða og var einn með svartan fána. Kl. 21:03 fækkaði verulega í hópi mótmælenda og ARM gaf fyrirmæli um að taka upp lokunarborða og draga úr sýnileika lögreglumanna. Fóru síðan allir mótmælendur og verkefninu lauk um kl. 23:00.

Eftirtaldir voru handteknir og færðir á lögreglustöð: [REDACTED], kt. [REDACTED], [REDACTED], kt. [REDACTED], [REDACTED], kt. [REDACTED], [REDACTED], kt. [REDACTED], [REDACTED], kt. [REDACTED] og [REDACTED], kt. [REDACTED]. Kæruefni var brot gegn lögreglusamþykkt og einn, [REDACTED], var auk þess kærð fyrir ofbeldi gegn lögreglu.

Hvernig til tókst

Nokkuð vel tókst til enda viðbúnaður lögreglu mikill þar sem búist var við hörðum mótmælum vegna Nató-fundarins. Fjöldi mótmælenda varð þó aldrei það mikill að þeim tækist að gera nokkum usla. Þetta fór því eins vel og hægt var.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Bókun eftir [REDACTED]: Var ásamt lögreglumönnum sunnan við Nordica hótél. Tveir lögreglumenn voru að framkvæma handtöku á [REDACTED], kt. [REDACTED]. Við það varð [REDACTED] mjög æstur og ógnandi í garð GBS og lögreglumennina sem voru að framkvæma handtökuna. Hann gekk að GBS og ætlaði sjáanlega að trufla störf lögreglumanna sem voru með [REDACTED] í tökum. GBS gaf honum skýr fyrirmæli um að skipta sér ekki að þessu og fara af vettvangi. Við það sagði hann að aðgerðir lögreglu væru ólöglegar, sagðist ætla að skipta sér af handtökunni og gekk að GBS og reyndi að ýta við honum. Þess má geta að [REDACTED] var með andlit sitt hulið með einshversonar klút. GBS beitti piparúða á [REDACTED] og sprautaði lítilli bunu í átt að honum og við það fór hann burt. [REDACTED] kom svo skömmu síðar aftur að lögreglu og var mjög ósáttur við aðgerðir lögreglu. Skömmu seinna kom hann aftur ásamt ónafngreindum ljósmyndara, sem ljósmyndaði GBS.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á slíku.

Hótel Hilton – Austurvöllur, 29. janúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-005645 og -005739

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn á Hverfisgötu: SE-LH01, HJ-7711, GJP-7607.

Vettvangs- og aðgerðaflokka stjórnendur: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, PAE-0129, JBS-0427, HSP-0604, GBS-0626, IMI-0234, RG-0603, GST-0606, SS-0608, JVA-0709. **Flokkur 2:** PJS-8110, SJ-9814, BB-0112, GRS-0122, HH-0323, BÓ-0405, ÁJ-0407, RSP-0508. **Flokkur 3:** AS-8716, UMÁ-0103, PRG-0116, KÆK-0204, JG-0222, LBP-0248, JPE-0416, HBS-0422, HH-0436. **Flokkur 4:** BB-8826, GHS-9411, JG-9116, EBS-9122, BFG-0734, ÁÖG-0333, AÖS-0529, ÁS-0632. **Flokkur 5:** PRJH-9927, SÖS-0126, FB-9907, GR-0106, GHM-0107, HPK-0117, SBA-0602, KPS-0728. Aðrir lögreglumenn: GS-8019, LS-9931, SP-9313, GR-0106, HH-0436, AS-8716, RHG-0215, RS-0508, OHJ-0746, ÆPE-6609, SJ-8833, AH-0741, KIK-8508, EBS-9122.

Skipulag:

Viðbúnaður lögreglu tók mið af því að halda ætti málstofu á Hótel Hilton, um málefni tengd Nató, á milli íslenskra stjórnvalda og Nató. Ákveðið að aðgerðarstjórn yrði í stjórnunarrými og héldi utan um umfang verkefnis, miðlaði upplýsingum og tæki ákvarðanir í stærri málefnum aðgerðarinnar. Aðgerðaflokkum var skipt upp í nokkrar lögreglubifreiðar. Þá höfðu eftirlitsmyndavélar LRH verið settar upp við hótelið og tengdar við stjórnunarrýmið. Nokkrir lögreglumenn voru inni á hótelinu. Þess gætt að sýna ekki fullan styrk nema í nauðina ræki.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 08:00 og þeim lauk kl. 17:00. Fjöldi lögreglumanna var 62 og heildartímafjöldinn um 558.

Atvikalýsing:

Um kl. 07:45 var farið að senda fyrstu lögreglumenn að Hótel Hilton til að vera undirbúnir ef mótmælendur færu að mæta á staðinn. Um kl. 08:25 voru engir mótmælendur mættir og því allt rólegt. Búið var að ganga frá lokunum lögreglu í kringum hótelið. Kl. 09:37 fóru fyrstu mótmælendur að mæta á staðinn, en allt mjög rólegt enda mjög fáir af þeim mættir. Kl. 13:14 sást hvar Birna Þórðardóttir var mætt á staðinn. Þá fljótlega mætti annar maður þannig að mótmælendur voru þá orðnir tveir. Kl. 14:46 var tilkynnt um mann í rauðum jakka, þekktan mótmælanda, þar sem hann hljóp austur fyrir hótelið og upp í Hallarmúla. Virtist hann kalla til fólks þar, en síðan kom hann að hótelinu og stillti sér upp. Augljóst var að mótmælendur myndu ekki mæta sem hópur á staðinn og því var ákveðið, kl. 16:53, að

taka niður lögregluborðann við hótelið. Þá lauk aðgerðastjórn sínum störfum. Öllu var því lokið á staðnum kl. 17:00.

Kl. 15:34 höfðu þingverðir samband við lögreglu og tilkynntu um hóp mótmælenda við Alþingi. Í eftirlitsmyndavélum sáust 50 til 60 mótmælendur á gangstétt gegnt þinghúsinu. Nokkrir voru með mótmælaspjöld. Lögreglumenn voru sendir strax á staðinn, en þegar þeir mættu voru mótmælendur komnir upp að þinghúsinu, við nýja innganginn að þjónustuskála þingsins. Þegar lögreglan kom á staðinn færðu mótmælendur sig og gengu austur Austurstræti í átt að Stjórnarráði og vaktmanni þar því gert viðvart. Mótmælendur stöðvuðu ekki við Stjórnarráðið, heldur fóru austur Bankastræti. Kl. 15:59 var tilkynnt að mótmælendur hafi stöðvað við kaffihús í Ingólfsstræti og engin afskipti því höfð af þeim.

Hvernig til tókst

Vel tókst til enda viðbúnaður mikill og mjög fáir mótmælendur mættu á staðinn. Enginn afskipti höfð af þeim og allt gekk einstaklega rólega fyrir sig.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Seðlabankinn – Alþingi, 4. febrúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-007160, -007162

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórnendur: ÞJS-8110, UMÁ-0103. **Flokkur 1:** PRG-0116, HH-0436, KÆK-0204, JPE-0416, IMI-0234, HSP-0604, GBS-0626.

Skipulag:

Ekki var talin þörf á miklum viðbúnaði vegna boðaðra mótmæla við Seðlabankann. Ákveðið að hafa einn aðgerðaflokk, en skipta honum upp í tvo hópa og myndu þeir grípa inn í ef á þyrfti að halda.

Tímalengd aðgerða:

Mjög stutt aðgerð eða frá kl. 15:00 til 17:00. Fjöldi lögreglumanna 9 og heildartímafjöldi 16.

Atvikalýsing

Boðað hafði verið til mótmæla og talað um að vera með trommuslátt og kveikja eld til að mótmæla veru Davíðs Oddssonar í Seðlabankanum. Mótmælin boðuð frá kl. 15:00 til 20:00. Haft var samband við öryggisvörð bankans og flekahurðinni fyrir innganginn lokað kl. 14:00. Mótmælendur voru á vappi í kringum bankann fram til kl. 16:30, en þá fóru allir og sérstakri löggæslu á staðnum hætt. Þegar mótmælendur voru sem flestir voru þeir á bilinu 30 til 35.

Kl. 15:50 farið til eftirlits við Alþingi og við inngang að þingpöllum á meðan þingfundur stóð yfir. Einn mótmælandi stóð fyrir framan þinghúsið með kröfuspjald. Einnig framkallaði hann hávaða með því að hamra í ljósastaur. Engir aðrir líklegir mótmælendur sáust á sveimi eða í námunda við Alþingi. Engin afskipti voru höfð af þessum manni.

Hvernig til tókst

Mjög vel og engin afskipti lögreglu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Seðlabankinn, 9. febrúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-007982

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: EB-7306.

Vettvangs- og aðgerðasveitastjórnendur: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, UMÁ-0103, GHS-9411, EBS-9122, PRG-0116, BHP-0221, GJG-0110, AÖS-0529. **Flokkur 2:** PRJH-9927, FB-9907, GHM-0107, HPK-0117, SBA-0602, JVA-0709, KPS-0728, BFG-0734. **Flokkur 3:** ÞJS-8110, SJ-9814, IPS-8510, KÆK-0204, SG-0227, ÁJ-0407, HBS-0422, RSP-0508, Sérsvait með 5-6 menn tiltæka. Aðrir lögreglumenn: BÁ-0514,

Skipulag:

Aðgerðarstjórn var virkjuð og lögreglumenn voru sem næst bankanum til taks að grípa inn í ef á þarf að halda. Þrjú aðgerðaflokkar voru til reiðu og ekki talin þörf á meiri mannskap lögreglu.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 08:00 og þeim lauk kl. 14:00. Fjöldi lögreglumanna var 34 og heildartímafjöldi um 238.

Atvikalýsing:

Kl. 08:04 var enginn mótmælandi kominn að inngangi að norðanverðu, en einhverjir höfðu safnast saman á Arnarhóli sunnan bankans, við aðalinngang, með eldhúsáhöld og berjandi þau. Þá voru komnir myndatökumenn fjölmiðla og voru þeir að mynda þá mótmælendur sem stóðu við aðalinngang. Kl. 08:12 virtust flest allir mótmælendur vera farnir frá aðalinngangi og færðu sig norður fyrir húsið að inngangi og akstursleið inn í bankann. Talið að um 20 til 30 mótmælendur væru komnir þarna berjandi potta, en hindruðu ekki starfsmenn í að komast inn í bankann. Mótmælendur dreifðu sér og fóru nokkrir að aðalinngangi, en aðrir að bakinngangi. Kl. 08:30 var búið að kveikja eld í tunnu á Ingólfsstræti í námunda við aðalinngang bankans og var kallað eftir slökkvitæki til að slökkva eldinn. Kl. 08:34 var talið að um 80 mótmælendur væru komnir á staðinn og skiptu sér milli innganganna.

Tilkynnt var að Hörður Torfason væri einn af mótmælendum á staðnum. Kl. 08:46 var tilkynnt að einhverjir mótmælendur væru að reyna að klifra upp á bankann. ARM gaf fyrirmæli um að fylgst yrði með þessu. Tilkynnt að einn mótmælandi hafi komist upp á svalir sunnan til á bankanum, fyrir ofan bílageymsluna, nánar tiltekið gamla Kolaportið. Kl. 08:53 var talið að um 100 til 120 mótmælendur væru komnir á staðinn, en bankastjórarnir voru ekki komnir í hús. Kl. 08:54 komu lögreglumenn að mótmælendum ofan við innkeyrslu að Kolaportinu við hlið Seðlabankans. Tröppur liggja upp á svalirnar til hliðar við innkeyrsluna, en ákveðið að láta einn mótmælenda, sem þarna var komin, eiga sig, en fjölmiðlar og myndatökumenn virtust hafa mikinn áhuga á honum. Talið var að þarna væri Hörður Torfason með fána og gjallarhorn.

Kl. 09:09 tilkynnti ARM að peningaflutningabifreið hafi komið að bankanum fyrir skömmu, en farið aftur burt. Talið að hann kæmi aftur og sagðist ARM hafa rætt við einhvern sem virtist stjórna mótmælendum. Því lofað að hindra ekki aðkomu flutningabílsins þegar og ef hann kæmi aftur. ARM sagðist hafa heyrt að mótmælendur hefðu hugsað sér að fara næst á heimili Davíðs Oddsonar til að mótmæla. Einhver uppákoma varð á milli Ólafs Klemenssonar, hagfræðings bankans, þegar hann kom að bankanum og ætlaði þar inn. Ólafur sagði að mótmælandi hefði hindrað hann í að snúa bíl sínum við og komast burt, en mótmælandinn sagði að Ólafur hafi ekið á hann. ARM sagði að allt væri með kyrrum kjörum.

Kl. 09:15 var tilkynnt að mótmælaspjald, er varðaði mannaráðningar hjá Landhelgisgæslunni, sem hefði sést á Austurvelli fyrri einhverju síðan, væri nú komið við aðalinngang bankans. Kl. 09:25 tilkynnt að peningaflutningum yrði frestað um sinn. Ekki hafði bæst í hóp mótmælenda. Kl. 09:33 tilkynnti ARM að um 28 mótmælendur væru sunnan við bankann við aðalinngang. Þarna þekktust Sturla Jónsson og Eva Hauksdóttir. Í upphafi var „venjulegt“ fólk á staðnum í meirihluta, en það var farið, en kjarninn af

mótmælendum frá Alþingi voru enn eftir. Talið að innan við 100 manns væri á staðnum og væri það á hlaupum á milli innganga bankans. Aðalinngangur hafði ekki verið opnaður og var ekki opnaður á meðan mótmælendur voru á staðnum.

Kl. 10:07 var tilkynnt að peningaflutningabíllinn væri að koma að bankanum og yrði för hans ekki hindruð af mótmælendum. Enn hélt áfram að fækka í hópi mótmælenda og þeir sem eftir voru flökkuðu á milli innganga bankans og reyndu að skapa einhvern hávaða. Ákveðið að halda óbreyttum viðbúnaði lögreglu. Kl. 11:25 voru tveir aðgerðaflokkar sendir á aðalstöð til hvíldar. Kl. 11:54 var tilkynnt að Ólafur Klemensson, hagfræðingur, gangi austur Hverfisgötu frá Lækjargötu og eltu hann þrjár mótmælendur. Lögreglumenn fylgdust með og tilbúnir að grípa inn í ef á þyrfti að halda. Þá fóru lögreglumenn í að ljósmynda tjón á bifreið Ólafs þar sem hún stóð í bílageymslu bankans. Kl. 12:40 voru allir mótmælendur farnir fyrir utan tvo sem voru á Amarrhóli. Lögreglumenn urðu eitthvað áfram á staðnum, en öllu var lokið kl. 14:00.

Hvernig til tókst

Nokkuð vel tókst til þrátt fyrir einhvern þirring og hita í mótmælendum. Lögreglumenn fylgdu þeim vel eftir og ræddu við þá og var hægt að leysa verkefnið á nokkurra átaka.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Seðlabankinn, 10. febrúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-008202

Lögreglumenn við störf:

Vetvangs- og aðgerðasveitastjórn: ARM-8737, ÞJS-8110. **Flokkur 1:** AS-9803, UMÁ-0103, EBS-9122, ÞRG-0116, BHP-0221, ÓGS-0247, BÁ-0514, AÖS-0529. **Flokkur 2:** ÞRJH-9927, FB-9907, GHM-0107, KÆK-0204, SBA-0602, JVA-0709, BFG-0734. **Flokkur 3:** SJ-9814, BB-0112, IPS-8510, SG-0227, HH-0323, BÓ-0405, ÁJ-0407, RSP-0508. Sérsvait rls með 5-6 menn.

Skipulag:

Ákveðið að lögreglan verði til taks og gripi inn í ef á þyrfti að halda til þess að starfsemi bankans gæti gengið þennan dag eins áfallalaust og mögulegt væri.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 08:00 og þeim lauk um kl. 14:00. Fjöldi lögreglumanna var 31 og heildartímafjöldi um 186.

Atvikalýsing

Mótmælendur voru farnir að mæta við bankann um kl. 08:00, en ekki var fjölmennt. Það sást til fólks víða í miðborginni á leið að bankanum. Þessu gefið auga af lögreglu. Kl. 08:56 kom sendibifreið með tónlistarfólk og var henni lagt í Ingólfsstræti við bankann. Ekki talin ástæða til að loka fyrir umferð, enda lofuðu mótmælendur að trufla hana ekki. Fyrirmæli gefin til lögreglumanna um að þeir sjái til þess að starfsemi bankans geti farið fram án truflunar. Kl. 09:15 var talið að komnir væru um 100 mótmælendur og þar var Bubbi Mortens með tónleika. Kl. 09:17 hringdi kona sem sagðist búa vestast á Víðimelnum og kvartaði undan ærandi hávaða frá mótmælendum, en hún sagðist hafa vaknað upp með andfælum. Hún sagði að þarna byggji mikið af gömlu fólki sem væri alveg skelfingu lostið út af þessum hávaða. Henni var sagt að tónleikar væru í gangi og leyfi fyrir þeim, en það væri tímabundið ástand, en kvörtun hennar yrði komið til skila. Kl. 09:32 lauk tónleikum Bubba og fólk tók að fækka. Kl. 10:08 var tilkynnt að Eva Hauksdóttir væri að sunnanverðu við bankann, ásamt sex öðrum mótmælendum. Eldur var kveiktur í vörubrettum á leiksvæði á Arnarhóli gegnt Hæstarétti. Lögreglan slökkti eldinn og borgarstarfsmenn voru fengir til að hreinsa upp.

Kl. 11:10 var tilkynnt að um 40 mótmælendur væru norðan við bankann og af þeim um 10 anarkistar. Mótmælendur voru farnir að safnast fyrir framan bílageymslu bankans, en lögreglan ruddi þeim frá og gekk það friðsamlega. Kl. 11:58 höfðu tvær konur stillt sér upp á Kalkofnsvegi með skilti. Önnur þeirra var á gangstéttinni, en hin gegnt henni á umferðareyju. Á skiltunum var hvatning til ökumanna um að „flauta Davíð út“. Engin afskipti höfð af þeim. Allt orðið rólegt um kl. 13:30 og aðgerðum lokið.

Hvernig til tókst

Vel tókst til og þurfti lögreglan ekki að beita neinu afli heldur náði að leysa verkefnið af lempni og lipurð. Lögreglumenn voru í góðu sambandi við mótmælendur sem skilaði góðum árangri.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Seðlabankinn, 11. febrúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-008397

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** UMÁ-0103, GHS-9411, BI-0702, HP-0604, BHP-0221, JBS-0427, ESE-0428, AÖS-0529. **Flokkur 2:** PRJH-9927, BB-0112, GHM-0107, HH-0436, SG-0227, JVA-0709, BFG-0734. **Flokkur 3:** PJS-8110, SJ-9814, GST-0606, HH-0323, BÓ-0405, ÁJ-0407, RSP-0508. Sérsvait rls voru 5-6 menn.

Skipulag:

Sama skipulag var viðhaft og við síðustu mótmæladaga við Seðlabankann.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 08:00 og stóðu til kl. 14:00. Fjöldi lögreglumanna var 30 og heildartímafjöldinn um 180.

Atvikalýsing

Mótmæli voru boðuð strax kl. 08:00, en fyrstu mótmælendur sáust ekki fyrr en um kl. 08:23 og þá um sjö manns. Kl. 09:02 tilkynnti ARM að samkomulag hafi náðst við Sturlu Jónsson um að hann hætti að þenja lúðrana, sem hann hafði gert að undanförmu. Byggðist þetta á 4. og 6. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Samkomulagið fólst í því að þegar loftkúturinn tæmdist myndi hann hætta. Kl. 09:05 var allt gert klárt svo að Davíð Oddson, seðlabankastóri, kæmist inn í bankann óáreittur og tókst það vel. Sturla tilkynnti ARM að hann hafi rétt samkvæmt stjórnarskrá að nota lúðrana. Honum tilkynnt að ef hann héldi áfram að nota þá verði hann handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Kl. 09:11 var talið að um 30 mótmælendur væru komnir á staðinn. Kl. 09:12 óskað ARM eftir lögreglubíl til að flytja Sturlu Jónsson og búnað hans á lögreglustöð. Kl. 09:59 var búið að opna aðalinngang bankans að sunnanverðu. Tveir lögreglumenn voru við innganginn, en þetta var gert til að halda uppi eðlilegri starfsemi bankans.

Kl. 10:15 hafði fækkað í hópi mótmælenda og því dregið nokkuð úr viðbúnaði lögreglu. Fljótlega bárust fréttir um að mótmælendur ætluðu sér að fara inn í aðalinngang að sunnanverðu. Komið var í veg fyrir það og þeir tóku sér stöðu fyrir framan bankann. Kl. 12:29 var tilkynnt að maður, eða menn, væru komnir upp á bankann. Það var kannað, en virtist ekki á rökum reist og nú fækkaði verulega í hópnum. Kl. 13:29 var tilkynnt að öllu væri lokið.

Handtekinn var [REDACTED], kt. [REDACTED], og hann kærður fyrir að hlýða ekki fyrirmælum lögreglu. Málið afgreitt á lögreglustöð af lögfræðingi.

Hvernig til tókst

Allt gekk mjög vel upp, en ástæða þótti til að handtaka einn mann sem fór ekki að fyrirmælum lögreglu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Seðlabankinn, 12. febrúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-008652

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** ÞJS-8110, UMÁ-0103, GHS-9411, GJG-0110, HP-0604, JBS-0427, ESE-0428, AÖS-0529. **Flokkur 2:** BB-8826, ÞRJH-9927, FB-9907, GHM-0107, HÞK-0117, SBA-0602, JVA-0709, BFG-0734. Sérsvait rls með 5-6 menn.

Skipulag:

Ákveðið að EB-7306 yrði í sambandi við FMR. Að öðru leyti yrði skipulagið með sama hætti og undanfarin mótmæli við bankann.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 08:00 og þeim lauk kl. 12:00. Fjöldi lögreglumanna var 24 og heildartímafjöldi um 96.

Atvikalýsing

Allt var rólegt við bankann til að byrja með. Kl. 08:46 var beðið um að lögreglumenn væru viðbúnir að greiða fyrir því að bankastjórar bankans gætu komist óhindrað í hús. Vel gekk að taka á móti þeim og komust þeir greiðlega í bankann. Kl. 10:27 var tilkynnt um mann uppi á vegg á milli akreina á Kalkofnsvegi og hætta á að hann slasaðist ef hann félli af veggnum. Augu höfð á manninum og allt reyndist í lagi með hann. Kl. 11:45 voru um fimm mótmælendur á staðnum sem fljótlega hurfu á braut og allt varð rólegt. Aðgerðum lauk kl. 12:00.

Hvernig til tókst

Mjög vel og lögreglan þurfti ekki að beita sín í dag.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því

Seðlabankinn, 13. febrúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-008860

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjóm: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** UMÁ-0103, GHS-9411, HH-0436, AÖS-0529, IMI-0234, RG-0603, EJ-0611. **Flokkur 2:** PAE-0129, JBS-0427, ESE-0428, HP-0604. Sérsvait rls með 5-6 menn.

Skipulag:

Með svipuðum hætti og fyrri mótmæli við bankann.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 08:00 og þeim lauk kl. 16:30. Fjöldi lögreglumanna var 19 og heildartímafjöldi um 162.

Atvikalýsing

Strax um kl. 08:00 voru mættir um 10 mótmælendur og fjölgaði lítið í hópnum upp frá því. Allt gekk vel fyrir sig og um kl. 11:15 voru flestir farnir að tínast burt. Ákveðið að aðgerðaflokkar skiptu á milli sín eftirliti við bankann og var því viðhaldið fram til kl. 16:30. Engir mótmælendur létu sjá sig seinni part dags, þó svo að boðað hafi verið til mótmæla, og var því verkefninu lokið þegar bankinn lokaði.

Hvernig til tókst

Afar rólegt og engin afskipti.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Lækjartorg, 14. febrúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-009158

Lögreglumenn við störf:

IÝJ-0766, JKP-0431, HVJ-0211, TE-0209, JÖG-0531, BFG-0734, EJ-0307, VS-0719, ÁJ-0407, EDG-0767, HGK-0724, HH-0323, ÓMA-0634, SMJ-0701, BKB-0112, SBH-0424, JL-9505, KSE-0805, EM-0128

Skipulag:

Óvænt mótmæli brutust út og því lá ekki fyrir neitt skipulag. Urðu lögreglumenn að vinna úr aðstæðum eins og þær komu fyrir.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 22:00 og þeim lauk kl. 03:00. Fjöldi lögreglumanna var 19 og heildartímafjöldi um 100.

Atvikalýsing

Lögregla fékk tilkynningu um að búið væri að kveikja eld á Lækjartorgi og slökkvilið væri á leiðinni á staðinn og Reykjavíkurborg kæmi með tæki til að hreinsa upp. Rúmlega 20 manns voru á torginu og voru þar með hljómleika. Kl. 22:33 voru borgarstarfsmenn komnir á staðinn til að hreinsa og lögreglan færði sig frá. Ákveðið að senda alla lausa lögreglubíla á staðinn. Kl. 23:05 var aftur búið að hlaða upp bálköst og slökkvilið aftur sent á staðinn. Eldglæringar bárust yfir Hressingaskálann og nærliggjandi hús. Kl. 23:17 var tilkynnt að vörubretti hafi verið borin úr bifreiðinni [REDACTED]. Annar bíll, [REDACTED], var á stæði norðan við Hafnarstræti 20, fullur af vörubrettum. Kl. 23:20 handtóku lögreglumann [REDACTED], þar sem talið var að hann hafi brotið af sér. Síðar kom í ljós að það var ekki rétt og honum því sleppt lausum. Vaka var fengin til að fjarlægja bifreiðina [REDACTED], en ekki hafði náðst í eiganda. Þá var haft samband við Securitas og óskað eftir að forsvarsmáður Kolaportsins yrði fenginn til að fjarlægja vörubretti. Nokkuð fór að harðna í mótmælum og því allir lögreglumenn sendir á staðinn.

Kl. 23:45 var haft samband við eiganda heildsölu á Grettisgötu [REDACTED], [REDACTED], og hann beðinn um að fjarlægja vörubretti og lofaði hann að gera það. Kl. 23:47 voru tveir mótmælendur handteknir og fluttir á lögreglustöð. Annar þeirra var [REDACTED], [REDACTED], kt. [REDACTED]. Hann var kærður fyrir brot á lögglusamþykkt.

Kl. 00:00 voru gömul hljómflutningstæki fjarlægð af tröppum Héraðsdóms Reykjavíkur, en enginn gaf sig fram sem eigandi. Þetta talið eldmatur og því flutt á lögreglustöð. Skömmu síðar kom móðir [REDACTED], þekkt mótmælenda, á lögreglustöðina og sótti hljómflutningstækin, en dóttir hennar átti þau. Kl. 00:04 var reynt að ná sambandi við

KHP-9804, en það tókst ekki. Náðist í ÁPS-7415 sem gaf leyfi til að kalla út viðbótar aðgerðaflokk.

Kl. 00:49 var tilkynnt frá stjórnanda á vettvangi, JL-9505, um að ástandið væri komið í gott lag í bili og því var hætt við að hringja út auka mannskap, en ákveðið að hafa einn flokk tilbúinn í fullum búnaði á lögreglubifreið. Kl. 01:04 kom [REDACTED], [REDACTED], kt. [REDACTED], á lögreglustöðina og tilkynnti um þjófnað á bifreið sinni [REDACTED]. Lögreglumenn báru kennsl á hann úr miðbænum, sem þann aðila, sem skvett hafði bensíni á eldinn sem tendraður var þá fyrir um kvöldið. [REDACTED] lyktaði af bensíni og gríma var í tösku hans. Hann var því færður í fangageymslu.

Kl. 03:00 var aðgerðaflokkur leystur upp og lögreglumenn settir á fyrri pósta samkvæmt varðskrá. Aukalið var því sent heim. Kl. 05:20 kom [REDACTED], faðir [REDACTED], á lögreglustöðina og óskaði eftir upplýsingum um son sinn. Honum var tjáð að [REDACTED] væri í haldi lögreglu fyrir að hindra lögreglumenn við handtöku annars manns og að hann yrði að öllum líkindum í haldi til morguns. [REDACTED] vildi fá að ræða við son sinn, en það var ekki leyft. [REDACTED] var hinsvegar sagt að hægt væri að koma skilaboðum til [REDACTED], þegar hann vaknaði. [REDACTED] var nokkuð ósáttur við það og kvaðst hafa fengið upplýsingar um að [REDACTED] væri slasaður eftir mjög harkalega handtöku og einnig sagðist hann draga það verulega í efa að sonur hans væri sekur um ofangreinda háttsemi því hann mótmælti ávallt friðsamlega. Þá margspurði [REDACTED] hvort [REDACTED] hafi verið boðin lögfræðiaðstoð og var honum svarað að handteknum mönnum væri ávallt kynnt réttarstaða þeirra og ef hann væri slasaður yrði það metið hvort hann yrði fluttur á slysadeild. Strax eftir samtalið fór lögreglumaður í fangageymsluna og athugaði með [REDACTED]. Hann var vakandi og honum boðið að hringja í föður sinn, því hann hefði áhyggjur af honum. Guðjón þáði það, en sýndi ögrandi framkomu. [REDACTED] óskaði eftir að fá að tala við lögfræðing og var hringt í bakvaktarsíma Lögmannafélagsins en þar var ekki svarað. Í samráði við [REDACTED], lögfræðing LRH, var [REDACTED] sleppt.

Hvernig til tókst

Töluverður hiti var í mótmælendum og þeir reyndu ítrekað að kveikja elda og skapa mikla hættu. Lögreglumenn voru ekki margir, en náðu samt tókum á ástandinu og náðu að leysa verkefnið án mikilla átaka. Aðeins tveir handteknir og mál þeirra afgreidd.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Lækjartorg, 21. febrúar 2009

Lökenúmer: 007-2009-010705

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórnendur: ARM-8737, KHP-9804 Aðrir lögreglumenn: IMI-0234, SS-0608, EJ-0611, ESE-0428, SPÓ-0406, LAP-0605, BÁ-0514, ÁS-0632, EBS-9122, ÞAE-0129, GST-0606, HSP-0604, BHP-0221, JG-9116, ÁÖG-0333, AÖS-0529, AS-8716, GBS-0626

Skipulag:

Óvæntur atburður og því tekið á verkefninu miðað við tilefnið.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðin hófst kl. 22:41 og stóð til kl. 23:34. Fjöldi lögreglumanna var 20 og heildartímafjöldi um 25.

Atvikalýsing:

Tilkynnt var að um 10 til 12 manns væru komnir á Lækjartorg að berja potta og pönnur. FMR var gert viðvart og óskað eftir að fylgst yrði með í eftirlitsmyndavélum, sérstaklega hvort eldar yrðu kveiktir. Annars var ekkert frekar aðhafst af hálfu lögreglu og reynt frekar að halda sig frá fólkinu og fylgjast með því. Dælubíll frá SHS var fenginn til að hreinsa rusl og borgarstarfsmenn tóku það síðan upp.

Hvernig til tókst

Allt gekk vel enda mjög stutt mótmæli og fáir mótmælendur.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Viðbúnaður vegna Fáfánismanna, 7. mars 2009

Lökenúmer: 007-2009-013950

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** EBS-9122, JG-9116, ÁP-9101, BHP-0221, BÁ-0514, SS-0608, EJ-0611, ÁS-0632. **Flokkur 2:** AS-8716, ÁÖG-0333, SPÓ-0406, AÖS-0529, GBS-0626, PAE-0129, ESE-0428, HSP-0604, LAP-0605, GST-0606.

Skipulag:

Ákveðið var að sýna Fáfánismönnum að lögreglan ætli að fylgjast með samkomu þeirra, en þeir höfðu boðið Hells Angels (HA) félögum víðsvegar um heim til fagnaðarins. Búast mátti við einhverjum árekstrum og því yrði mætt af fullum þunga.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:00 og þeim lauk kl. 01:05. Fjöldi lögreglumanna var 20 og heildartímafjöldi um 240.

Atvikalýsing:

Lögreglan bjó sig undir mjög fjölmenna veislu Fáfánismanna, enda væru þeir að tengjast Hells Angels og búist var við að um 100 manns myndi sækja fagnaðinn og þá um 40 HA meðlimir erlendis frá. Undirbúið var á Keflavíkurlugvelli að vísa þeim frá landi ef þeir mættu. Reiknað var með að það gæti tekið nokkurn tíma að vísa þeim úr landi, eða koma þeim úr landi og því var ákveðið að aðgerðasveit LRH myndi aðstoða lögregluna á Suðurnesjum við verkið. Ákveðið að aðgerðasveit LRH annaðist gæslu við félagsheimili Fáfánismanna að Gjáhellu 5 frá hádegi þennan dag. Voru lögreglumenn framan við innkeyrslu í húsið og því tryggt að allir gestir sem færu í félagsheimilið fari í gegnum þennan eftirlitspóst lögreglu. Settur var upp eftirlitspóstur á bak við félagsheimilið ef einhver reyndi að komast þar inn. Tryggja átti að náð yrði til allra þeirra erlendu HA félaga ef þeir kæmu á staðinn.

Kl. 16:00 sást fjöldi Fáfánismanna inni í félagsheimilinu og var verið að bera inn húsgögn, stóla og borð. Kl. 17:30 var byrjað að grilla utan við húsið, en allt var með kyrrum kjörum. Kl. 20:53 fóru ARM og KHP til að ræða við fulltrúa Fáfánis og kynntu þeim nálgun lögreglu og eins hvaða heimildir þeir þyrftu vegna veitinga og víns. Kom í ljós að minni aðsókn var á þessa skemmtun þeirra en þeir höfðu búist við. Fækkað var eitthvað í hópi lögreglumanna því ljóst var að lítið yrði úr þessari samkomu. Kl. 23:55 var komin nokkur hreyfing á gestina og fleiri fóru en komu og áætlað var að um 30 til 40 manns væru á staðnum. Kl. 01:05 var eftirliti lögreglu hætt því síðustu gestirnir voru að fara. Talið var að

Þegar flestir voru í húsnæðinu hafi verið þar um 100 manns, en engin afskipti voru höfð af þeim og allt var rólegt.

Hvernig til tókst

Allt gekk mjög vel og lögreglan þurfti ekki að beita sér í þessu verkefni.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Sendiráð Kína, 11. mars 2009

Lökenúmer: 007-2009-014760

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjóm: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, PRJH-9927, FB-9907, GHM-0107, SBA-0602, HSP-0604, JVA-0709, BFG-0734. **Flokkur 2:** PJS-8110, SJ-9814, HH-0323, ÁÖG-0333, GST-0606, SS-0608, ÁS-0632, KPS-0728.

Skipulag:

Ákveðið að lögreglumenn verði á vettvangi vegna mótmæla og verkefnið verði afgreitt með hógværd og lipurð.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 17:00 og þeim lauk kl. 18:00. Fjöldi lögreglumanna var 18 og heildartímafjöldi um 20.

Atvikalýsing:

Boðuð höfðu verið mótmæli við sendiráðið, vegna mótmæla félagsins „Vinir Tíbets“. Um 25 til 30 mótmælendur komu á staðinn, en allt fór friðsamlega fram.

Hvernig til tókst

Mjög vel og þurfti lögreglan ekki að beita sér í þessu verkefni.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Útlendingastofnun, Skógarhlíð, 2. apríl 2009

Lökenúmer: 007-2009-019578

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, IPS-8510, ÁP-9101, SG-0227, SPÓ-0406, ESE-0428, HSP-0604, GBS-0626. **Flokkur 2:** PRJH-9927, SÖS-0126, GHM-0107, ÁÖG-0333, SBA-0602, SS-0608, AFH-0631, ÁS-0632.

Skipulag:

Boðuð voru mótmæli við Útlendingastofnun og heimili forstjóra stofnunarinnar og því ákveðið að lögreglan yrði með viðbúnað á þessum stöðum.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 15:30 og þeim lauk kl. 19:00. Fjöldi lögreglumanna var 18 og heildartímafjöldi um 65.

Atvikalýsing:

Vegna boðaðra mótmæla við Útlendingastofnun og heimil forstjóra voru lögreglumenn hafðir á þessum tveimur stöðum. Um kl. 17:00 komu um 30 mótmælendur að stofnuninni og bauð forstjórinn þeim inn til viðræðna. Mótmælendur voru ekki ánægðir með svör forstjóra, en það snerist um ákvörðun að vísa útlendingi úr landi. Mótmælendur yfirgáfu stofnuna rétt fyrir kl. 18:00, án þess að til afskipta hafi komið að hálfu lögreglu. Enginn mótmælandi kom að heimili forstjóra. Aukið eftirlit var við stofnunina og heimili forstjóra, en því lauk um kl. 19:00.

Hvernig til tókst

Allt tókst mjög vel og engin bein afskipti af hálfu lögreglu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Heimili forstjóra Útlendingastofnunar, 5. apríl 2009

Lökenúmer: 007-2009-020167

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjóm: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** UMÁ-0103, GHS-9411, GHM-0107, HPK-0117, AÖS-0529, SS-0608, AFH-0631, JVA-0709. **Flokkur 2:** PAE-0129, JBS-0427, SPÓ-0406, SBA-0602, HSP-0604, GBS-0626, BI-0702, BFG-0734.

Skipulag:

Gekk út á að verja heimili forstjórans, nærliggjandi hús og íbúa.


Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 14:00 og þeim lauk kl. 18:00. Fjöldi lögreglumanna var 18 og heildartímafjöldi um 75.

Atvikalýsing:

Fyrirhuguð voru mótmæli við heimili Hauks, forstjóra Útlendingastofnunar, og því var lögreglan komin á staðinn áður en þeir fyrstu mættu. Um kl. 15:12 voru 20 til 25 mótmælendur mættir á Kópavogstorg, greinilega í þeim erindagjörðum að standa fyrir mótmælum í Bræðratungu. Voru þeir með borða með sér, auk þess voru einhverjir grímuklæddir. Rætt var við mótmælendurna og þeim gerð grein fyrir því að ekki yrði liðið að þau færu inn í íbúðargötu til mótmæla. Þeim var jafnframt gerð grein fyrir því, að ef ekki yrði farið að þessum fyrirmælum, mættu þau búast við að verða handtekin og refsað lögum samkvæmt.

Kl. 16:20 fóru um 25 mótmælendur af stað í halarófu, með borða sem á stóð „Brottvísun er morð“, og einn aðili var með fána með hausúpumerki. Einhverjir voru grímuklæddir og hélt allt þetta fólk áfram leið sinni inn í Bræðratungu. Þar gekk fólkið á annan hring í gegnum húsalengjuna, en var þá stöðvað. Fengu mótmælendurnir fyrirmæli um gjallarhorn, frá ARM, um að fara á brott úr götunni þegar í stað, annars yrði það handtekið.



Kl. 17:37, þegar mestu var lokið, lýstu íbúar götunnar yfir ánægju sinni með vinnubrögð lögreglu og þakklæti fyrir að vera laust við „skrúlinn“ úr götunni sinni. Íbúar sem voru með fermingarveislur í götunni komu út með snittur og færðu lögreglumönnum í þakklætisskyni.

Hvernig til tókst

Mjög vel miðað við tilefnið. Ákveðið var í upphafi að ekki yrði liðið að haldið yrði uppi mótmælum í íbúðargötunni og mótmælendum gert það vel ljóst. Það síðan ítrekað þegar ekki var farið að þessum fyrirmælum og að það gæti kallað á handtökur. Þessu var vel fylgt eftir miðað við tilefnið og gekk allt mjög vel fyrir sig.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Hústaka að Vatnstíg 4, Rvík, 14. og 15. apríl 2009

Lökenúmer: 007-2009-021423

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-8716, PAE-0129, JBS-0427, SPÓ-0406, ESE-0428, HSP-0604, GBS-0626, BI-0702. **Flokkur 2:** ÞRJH-9927, FB-9907, SÖS-0126, GR-0106, GHM-0107, SBA-0602, KPS-0728, JVA-0709. **Flokkur 3:** AS-9803, UMÁ-0103, ÁÖG-0333, SS-0608, ÁS-0632, EJ-0611, MJ-0712, RG-0603. **Flokkur 4:** ÞJS-8110, BB-0112, JG-0222, HH-0323, AÖS-0529, ÁS-0528, LAP-0605, BFG-0734. Umfd: ÁF-8812, ÓHK-8740, HG-9503, RR-9726. Sérsvait rls. verða með 7 lögreglumenn.

Skipulag:

Það var þann 11. apríl sem Ágúst Friðgeirsson, eigandi Vatnstígs 4, leitaði til lögreglu og óskaði eftir atbeina hennar við að koma fólki úr húsnæðinu sem væri þar í heimildarleysi. Eftir að lögreglan hafði fengið í hendur kæruskýrslu eiganda og rætt við eldvarnaeftirlitið, sem lagðist eindregið gegn búsetu í húsinu vegna mikillar eldhættu, var ákveðið að undirbúa aðgerðir til að fá fólkið þaðan út.

Stjórnstöðvarbifreið RLS var sett upp á horni Hverfisgötu/Vatnstígs og mönnum ÁPS, Höskuldi Einarssyni, deildarstjóra SHS og fulltrúum sérsveitar RLS. Þar voru aðgerðir lögreglu og slökkviliðs samræmdar.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 07:00 og þeim lauk um kl. 10:37, en nokkurn tíma tók að ganga frá. Fjöldi lögreglumanna var 45 og heildartímafjöldinn um 270.

Atvikalýsing:

Áður en lögreglan gekk til aðgerða þann 15. apríl var ákveðið að afla eins mikilla upplýsinga um íbúa hússins og mögulegt var. Lögreglumenn voru með stöðugt eftirlit við húsið frá því að krafa um rýmingu kom fram þann 11. apríl. Páskahelgi var framundan og ekki talið rétt að fara inn í húsið á þeim tíma því búast mætti við að þar væri mikill fjöldi fólks. Hústökufólkið virtist búast við aðgerðum lögreglu, þ.e. að þeim yrði vísað út úr húsinu. Þetta merktu lögreglumenn á því að oft var mikill fjöldi fólks fyrir utan húsið til að verja það. Þann 14. apríl, um kl. 17:00, fór hústökufólkið að tendra bál í gamalli olíutunnu fyrir utan húsið, en um er að ræða timburhús. Ekki var talin mikil hættu, en slökkviliðið var í viðbragðsstöðu. Lögreglumaður, óeinkenndur, fór gangandi að húsinu og blandaði sér í hópinn og heyrði m.a. á tali fólks að það ætlaði að verja húsið fram á nótt og þau ætluðu að veita lögreglu mótþróa. Einnig var sagt að búið væri að rífa niður stiga inni í húsinu, þannig að ekki væri með góðu móti hægt að komast upp á efri hæðina.

Þegar lögreglan kom á staðinn, um kl. 08:00, var búið að rífa niður tröppur sem lágu að framdyrum og byrgja fyrir þær með stafla af vörubrettum og rusli á stigapallinum. Fyrsta fólkið sem lögreglan rakst á á vettvangi var fyrir utan húsið. Það voru þau [REDACTED], [REDACTED] og [REDACTED] og hófu þau að kalla og gera þeim sem inni voru viðvart. [REDACTED] var með dómaraflautu um hálsinn og blés í hana. Þeim voru gefin ítrekuð og skýr fyrirmæli um að yfirgefa vettvang, sem þau urðu ekki við og voru því handtekin og flutt á lögreglustöð.

Kallað var til fólksins í húsinu í gegnum gjallarhorn og því tilkynnt að vera þeirra í húsinu væri ólögleg og það beðið að hafa sig á brott. Fljótlega kom í ljós að fólkið ætlaði ekki að verða við þessum fyrirmælum.

Þá var hafist handa við innför í húsið bakdyramegin og til þess notað kúbein og „master“, sem er stórt þungt járnstykki til að brjóta upp hurðir í aðgerðum lögreglu. Á meðan lögreglan var að aðhafast við útidyr helltu einhverjir vökva úr fötum frá efri hæð hússins. Þetta var gert ítrekað og var vökvinn ýmist málning eða þvag og saur. Einnig var kastað jógúrtsósum, grænmeti, kartöflum og ýmsu fleiru. Kl. 08:20 komust sérsveitarmenn inn um dyrnar og inn í forstofu, en þar var búið að byrgja fyrir með rusli og dagblöðum, sem torveldaði aðgerðir lögreglu. Búið var að negla forstofuhurðina fasta og þurfti því að rífa hana. Eftir því sem lögreglan nálgast hústökufólkið fór það að beita duftslökkvitækjum gegn lögreglu. Stigagangurinn fylltist af duftreyk lögreglumönnum til mikils ama. Í framhaldi af þessu var fenginn reykkræstibúnaður slökkviliðsins, en áfram var helt á lögreglumenn ýmsum vökva. Búið var að rífa stiga sem lá upp á efri hæð og setja yfir

stigaopið rúm sem virtist neglt niður og staflað ofan á það. Nota þurfti keðjusög til að víkka stigaopið og saga burðarvirki rúmsins sem var yfir stigaopinu. Þegar lögreglumenn voru í þann mund að komast upp um stigaopið var hoppað ofan á rúmið með þeim afleiðingum að lögreglumaðurinn, [REDACTED], fékk rúmið ofan á hjálm sinn. Lögreglumaðurinn meiddist á hálsi og baki og var sendur á slysadeild.

Kl. 08:45 var beðið um leyfi til að beita piparúða og gefið var leyfi fyrir því. Hafist var þá handa við að saga nýtt op upp á loftið, þrátt fyrir mikla mótspyrnu hústökufólks, og tókst lögreglumönnum að komast upp á efri hæðina. Búið var að loka eins mikið af aðgengi inn í herbergin eins og mögulegt var, en lögreglumenn brutu sér leið og gættu þess að slasa engan. Átta aðilar voru handteknir í herbergjum, þrjár aðilar handteknir sem földu sig á háaloftinu og fimm handteknir inni á klósetti. Einn lögreglumaður, [REDACTED], meiddist við handtökurnar á vinstri hendi og var hann fluttur á slysadeild til skoðunar. Alls voru því 16 manns handteknir og fluttir í smá hópum á lögreglustöðina. Eftirtaldir einstaklingar voru handteknir: [REDACTED]

Nokkur atgangur var í fólki utan við húsið þegar hinir handteknu voru leiddir út og í lögreglubílana og þurfti að taka á nokkrum og halda þeim á meðan flutningur handtekinna gekk yfir. Um kl. 10:30 kom slökkviliðið á vettvang og skoðaði húsnæðið með hitamyndavél til þess að ganga úr skugga um að húsnæðið væri mannlaust og reyndist svo vera. Þá var ábyrgðarmanni hússins afhent húsnæðið af lögreglu. Nokkuð af persónulegum munum hústökufólks var tekið og flutt á lögreglustöðina. Kl. 12:10 var umferðarlokunum aflétt og aðgerðum lokið. Kl. 14:46, þegar hústökufólkið var að yfirgefa lögreglustöðina, tóku menn eftir því að íslenski fáninn, sem flaggað er daglega fyrir framan lögreglustöðina við Hverfisgötu, hafði verið tekinn af flaggstönginni og þess í stað kominn svartur nærbolur, sem var tekinn niður.

Hvernig til tókst

Þetta var öflug og mikil lögregluaðgerð þar sem mótstaðan var mjög mikil og ætlaði hústökufólkið ekki að yfirgefa húsnæðið sjálfviljugt. Til þó nokkurra átaka kom við handtökur og var einn af fólkinu fluttur á slysadeild til skoðunar. Hann kvartaði yfir eymslum og óþægindum og eins voru tveir lögreglumenn fluttir á slysadeild, enginn meiddist alvarlega.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ummæli [REDACTED] og [REDACTED]: Eftir að eigandi Vatnstígs 4 hafði undirritað lögregluskýrslu þar sem hann kærði hústökufólk fyrir að hafa tekið húsnæðið undir sig án heimildar og eins að það var dæmt óíbúðarhæft vegna kakkalakka og eins brunahættu. Var ákveðið að fylgjast með húsnæðinu og fólkinu fram yfir páskahelgina. Lögreglumenn fóru með húseiganda og starfsmönnum hans þann 14. apríl til að ræða við þá einstaklinga sem voru staddir í húsinu og þeim gerð grein fyrir því að þau væru þarna í óþökk húseiganda. Gáfu þeir fólkinu frest til þess að hafa sig á brott úr húsinu fyrir kl. 16:00 þennan dag. Ljóst var af ummælum „hústökufólks“ í fjölmiðlum að það ætlaði sér ekki að yfirgefa húsið og einnig sást til þess bera inn ýmsa hluti, svo sem vörubretti og annað sem ætla mætti að yrði notað til þess að hindra lögreglu, ef til þess kæmi að húsið yrði rýmt.

Talsverður fjöldi fólks hafði haldið til í húsinu um páskahelgina og vitað var til þess að það hafði eldað sér mat í opnum eldi. Starfsmenn eldvarnareftirlits vissu af þessu ástandi ásamt slökkviliðsstjóra höfuðborgarsvæðisins og höfðu menn áhyggjur af eldhættu og þeim fjölda fólks sem kynni að vera í húsinu ef þar kæmi upp eldur.

APS og ARM fóru yfir málsatvik og lögðu til við GJP [REDACTED], að farið yrði í rýmingu hússins snemma að morgni þegar vænta mætti þess að þar væru fáir innandyra. Einnig væru minni líkur á en ella að innandyra væru ungabörn, eins og sést hafði í sjónvarpsfréttum að voru þar í fylgd með foreldrum sínum eða umráðamönnum. Haft var samband og samráð við sérsveit RLS vegna fyrirhugaðra aðgerða en lagt var upp með það að fólk yrði beðið um að yfirgefa húsið friðsamlega að öðrum kosti yrði gripið til aðgerða við að koma fólkinu út úr húsinu. Fulltrúar húseiganda sögðust ekki hafa áhyggjur af því tjóni sem kynni að verða af aðgerðum lögreglu, húsið væri óíbúðarhæft vegna kakkalakkaafaraldurs sem þar hafði komið upp. Ekki hafði tekist að koma í veg fyrir þann ófögnuð þrátt fyrir að eitrað hafði verið fyrir þeim í þrígang. Ákveðið var að lögreglan aðstoðaði fulltrúa húseiganda við að vísa fólkinu út úr húsinu að Vatnstíg 4 um kl. 07:30 næsta, dag þann 15. apríl.

Í upphafi aðgerða var haft samband við Höskuld Einarsson hjá SHS og fékk hann dælubíl á staðinn ásamt tveimur sjúkrabifreiðum sem voru til taks á meðan á aðgerðum stóð. Lögreglumenn frá LRH og sérsveit RLS samtals um 43 með sjónendum auk þriggja lögreglumanna frá umferðardeild tóku þátt í aðgerðunum. Sett var upp stjórnstöðvarbifreið þar sem stjórnendur lögreglu og slökkviliðs höfðu aðsetur.

ARM fór í það að kalla til fólksins í húsinu í gegnum gjallarhorn og tilkynnti þeim að vera þeirra í húsinu væri ólögleg og þeir beðnir um að hafa sig á brott. Kom fljótt í ljós að fólk ætlaði ekki að fara að þessum fyrirmælum. Því var ráðist í inngöngu í húsið en hurðar þess höfðu verið negldar fastar og ýmsu hlaðið fyrir þær að innanverðu. Lögreglumenn urðu fyrir miklu aðkasti og í þá fleygt ýmsu til að skaða þá eða fá þá til að hverfa frá. Á meðan á aðgerðum stóð hrópaði fólk stöðugt ýmis ókvæðisorð að lögreglunni og ítrekaði að það kæmi ekki út af fúsum og frjálsum vilja. Við aðgerðina notaðist lögreglan við keðjusög og kúbein en þó var fyllsta öryggis gætt svo enginn slasaðist af völdum þessara verkfæra. Keðjusögin var notuð til þess að saga burt ytra byrði veggja en ekki var sagað í gegn um veggj þar sem ekki var vitað hvaða fyrirstaða vær hinum megin veggjar. Á

meðan lokið var við verkið með kúbeini var piparúða sprautað á þá einstaklinga sem veittu mótspyrnu og sömuleiðis á meðan lögreglumenn komu sér fyrir á hæðinni og hófu undirbúning handtöku þeirra sem þarna voru staddir.

Innandyra voru 16 manns handteknir og höfðu þeir allir komið sér fyrir á efstu hæð hússins og á rislofti. Þrír menn voru handteknir í upphafi aðgerða utan við húsið og þrír auk þeirra sem höfðu hindrað öikumenn lögreglubifreiða í að komast á brott með handtekna. Tveir lögreglumenn kvörtuðu um eymsli og fóru á slysadeild í lok aðgerðanna. Annar hafði fengið högg á höfuðið við að fjarlægja húsgögn sem lokuðu aðkomu en hinn hafði dottið þegar hann leiddi á brott handtekinn einstakling sem barðist um og varðist handtöku. Meiðsl þeirra voru ekki alvarleg. Farið var með einn þeirra sem handtekinn var innandyra til skoðunar á slysadeild eftir að sá aðili hafði kvartað undan eymslum og óþægindum. Aðgerðir lögreglu lauk, kl. 10:37 með því að fulltrúi húseiganda tók við því. Áður höfðu brunaverðir farið um húsið með hitamyndavél til þess að tryggja að hvergi leyndist fólk eða glóð innandyra og lögreglumenn höfðu auk þess ljósmyndað húsið og yfirfarið það.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Úrdráttur úr Fréttablaðinu frá 15. apríl 2009. Hústökufólki á Vatnstíg veittur frestur en lögregla lét ekki sjá sig: Lýstu yfir sigri gegn lögreglu. „Ef lögreglan kemur ekki þá þýðir það að hún er hrædd. Og það er af því að við sýnum samstöðu!“ var hrópað af stigapalli fyrir utan Vatnssstíg 4, þar sem hópur ungmenna hefur gert sig heimakominn í áður tómu húsinu. Lögreglan hafði gefið hústökufólkinu frest til klukkan fjögur í gær til að rýma húsið, en lét hins vegar ekki sjá sig.

Nokkur mannfjöldi hafði safnast saman fyrir utan húsið og innandyra og hugðist veita lögreglunni mótspyrnu. meðal annars var kveiktur eldur fyrir utan. Aðspurður segir varðstjóri lögreglu að það hafi verið oftúlkun að ætla að lögreglan myndi grípa strax til aðgerða yrði fólkíð ekki við tilmælum hennar um að rýma húsið. Af orðum hans mátti skilja að málið væri ekki litið ykja alvarlegum augum.

Húsið er eigu Ágúst Friðgeirssonar. Til stendur að rífa það og byggja verslunar- og íbúðarhússnæði. Ágúst óskaði eftir aðgerðum lögreglu vegna þess að fólkíð væri í húsinu á hans ábyrgð. „Í vetur hef ég verið látinn koma útigangsfólki út sem hefur borist þarna inn og halda húsinu lokuðu. Ég sé engan mun á því fólkí og þessu. Það er sama hætta á að þetta fólk kveiki í og aðrir,“ segir Ágúst. Hann segir eignarréttinn heilagan. „Ef þú átt laus herbergi í íbúðinni þinni, á þá hver sem er að geta flutt inn í það?“ spyr Ágúst.

Úrdráttur úr Fréttablaðinu frá 16. apríl 2009. Telja aðfarir lögreglu harkalegar. Lögreglan braut sér leið inn í húsið við Vatnstíg, þar sem hústökufólk hafði komið sér fyrir, um klukkan átta í gærmorgun og rýmdi það.

Tuttugu manns voru handteknir. Átján þeirra voru inni í húsinu en tveir voru handteknir í ryskingum þegar fólk reyndi að loka götunni svo lögreglubílar kæmust ekki á brott. Fjöldi

fólks fylgdist með aðgerðunum en það tók lögreglu rúma tvo klukkutíma að brjóta sér leið að hústökufólkinu sem hafði lokað sig inni á efstu hæð.

„Okkur fannst mjög, mjög óréttlátt,“ útskýrði Tómas Daði Halldórsson fyrir blaðamanna, „að meðan bankarnir eru að draga fjölskyldur út af sínum heimilum vegna skulda eru yfir níu þúsund tómar íbúðir í Reykjavík sem er verið að láta grotna niður svo að einhverjir viðskiptajöfrar geti byggt sinn viðbjóð, einmitt þegar okkar samfélag þarf ekki meira af slíku.“ Hann var ekki í húsinu þegar lögreglan kom en hafði verið meðal hústökufólksins og tekið þátt í þeirra starfsemi sem þar fór fram.

Sigurður Guðmundsson, verkstjóri hjá ÁF húsum, sagði að hann hefði komið að húsinu í fyrradag og beiðið fólk að fara, en það hefði ekki orðið við því. Því hefði hann kallað til lögreglu. Um 40 lögreglumenn tóku þátt í aðgerðunum, tveir leituðu læknisaðstoðar vegna meiðsla sem þeir hlutu við handtökum. Hústökufólk sprautaði úr duftslökkvitæki á lögreglu þegar hún kom að þeim og lögreglan beitti piparúða. Bergljót Þorsteinsdóttir, sem kom að sá þegar gatan var rýmd fyrir lögreglubíl sem fór á brott með þá handteknu, segir að aðfarir lögreglu hafi verið allt of harkalegar. „Hverra hús? Okkar hús,“ hrópaði hústökufólk og mótmælendur.

Úrdráttur úr DV frá 16. apríl 2009. Borin út með valdi. Lögreglan beitti vélsög og kúbeini til að brjóta sér leið inn í húsið á Vatnsstíg 4 og árásarúða til þess að yfirbuga hústökufólkið sem hafði komið sér þar fyrir undanfarna daga. Umsátursástand hafði skapast við húsið, eftir að hústökufólkið hafði hlaðið virki með ýmsu lauslegu til þess að varna lögreglu inngöngu. Hátt í fimmtíu lögreglumenn klæddir óeirðarbúnaðinum létu til skara skríða snemma í gærmorgun til þess að reka hústökufólkið út. Götunni var lokað á meðan á aðgerðunum stóð og tók það lögreglu nokkra stund að komast inn í húsið og á eftir hæðina þar sem flestir hústökumenn héldu sig. Til rýsinga kom á milli hústökufólksins og lögreglumanna. Alls voru 22 hústökumenn handteknir. Þeir voru allir færðir í klefa lögreglu, en sleppt að loknum yfirheyrslum um miðan dag í gær.

Greinir á um meiðsli. Vitni á vettvangi fullyrðir við DV að rúmlega tvítug kona, sem handtekin var í aðgerðum lögreglunnar, hafi fengið höfuðhögg í átkökunum og vankast eða fengið snert af heilahristing. Hún hafi samt verið færð í klefa lögreglunnar. Varðstjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu segir þó ekki kannast við það. Einn hústakandinn hafi fengið sár á vör, honum hafi hafi verið boðin læknisaðstoð en hann hafi hafnað því. Hústökufólkið kvartaði undan hörkunni í aðgerðum lögreglumanna. Varðstjóri lögreglunnar segist búast við því að hústakendurnir verði ákærðir í framhaldinu enda telji hann að þeir hafi gerst brotlegir við lög.

Friðsamleg mótmæli við lögreglustöðina. Eftir að fjöldahandtökum lögreglu var lokið í gær, kom á þriðja tug mótmælenda saman fyrir framan lögreglustöðina við Hverfisgötuna. Fólk var komið þar saman til þess að mótmæla handtökunum og sýna hústökumönnum stuðning. Mótmæli fóru friðsamlega fram og lauk eftir að öllum hústökumönnum hafði verið sleppt úr haldi lögreglu.

Véfengja eignarréttin. „Eina ástæðan fyrir því að lögreglan hjólaði í okkur er að við vefengdum hugmyndina um eignarrétt á húsinu og gerðum það hátt,“ segir Jón Örn Loðmjörð, aðgerðarsinni og hústökumaður við Vatnstíg í gær.

„Ef við hefðum verið sprautufiklar eða einhverjir dópistar sem ætluðum bara að hanga þarna og sinna hvötum okkar hefðum við fengið að vera í friði. Þeir hafa jú leyft öðrum að vera þarna áður og það er ekkert leyndarmál,“ segir Jón Örn sem telur aðgerðir lögreglunnar pólitískar. „Lögreglumennirnir þurfa að lifa með á samviskunni að hafa tekið afstöðu gegn okkur og með örfáum auðmönnum. Gegn uppbyggingu og með óbeisluðu kapítali og verslunarmiðstöðvum.“ Húsið hafði staðið autt og verið í niðurníðslu í tæp tvö ár áður en hústökufólkið kom þar að. Ekki hafði verið sótt um leyfi til þess að rífa húsið. Hústökunni var lýst sem pólitískri aðgerð og vildi hústökufólkið nýta sér bygginguna í stað þess að láta hana grotna niður.

Tengist Björgólfsfeðgum ekki. Ágúst Friðgeirsson, eigandi hússins og bróðir Ásgeirs Friðgeirsson, talsmann Björgólfsfeðga, segist búast við því að húsið sé ónýtt eftir atburði dagsins. Hann er erlendis og segist hafa fylgst með atburðum í fjölmiðlum. „Mér sýnist það vera stórskemmt,“ segir hann. Ágúst keypti húsið árið 2004 og hugðist reisa þar stórt verslunarhúsnæði, þau áform eru nú í uppnámi. Húseignin á Vatnstíg 4 hefur verið sögð tengjast Björgólfsfeðgum. Þeir hafa verið umsvifamiklir í fasteignakaupum í miðbænum síðustu ár. Ágúst segir engin tengsl þar á milli. „Eina tengingin er að Ásgeir er bróðir minn.“

Alþingi, þingsetning, 15. maí 2009

Lökenúmer: 007-2009-029081

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: EB-7306, ARM-8737, KHP-9804. Aðrir lögreglumenn: AHB-8320, DG-0219, SG-0227, ÓHK-8740, MJS-0780, LK-9521, JGS-0635, SS-0608, GP-8102, BL-7801, SPS-0415, ESE-0428, ERR-0319, HH-8228, MS-9017, ÁV-7505, BÁ-0514, JBS-0427, HS-8634, HPG-9801, ÁS-0632, TK-8916, ÁPG-8021, GG-6901, KÓG-8808, IPS-8510, PPH-7313, KIK-8508, HSP-0604, AMF-0418, ÁÖG-0333, ÓSÁ-7609, RS-6704, ÁS-8213, AFH-0631, AA-8906, HES-0441, JMÁ-0212, SVB-6801, AÖS-0529, GS-8019, LS-9931, HSH-0526, GBS-0626, ÆPP-0332. Sérsvait RLS: 3 menn.

Skipulag:

Ákveðið að hafa hefðbundið skipulag vegna þingsetningar. Heiðursvörð, öryggisgæslu í Dómkirkju og Alþingi, sprengjuleit og síðan almenna löggæslu. Markmiðið að gæta þess að þingsetning gengi sem best fyrir sig og þá aðallega átt við göngu þingmanna og annarra forystumanna þjóðarinnar úr Alþingi í Dómkirkju og til baka aftur. Aukinn viðbúnaður aðgerðasveita var einnig virkjaður vegna mótmæla undanfarið.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 11:00 og þeim lauk kl. 17:00. Fjöldi lögreglumanna var 51 og heildartímafjöldi um 300.

Atvikalýsing:

Þingsetning var kl. 14:00, en undirbúningur var hafinn miklu fyrr til að tryggja umhverfi, bifreiðalagningar o.fl. Að verkefninu komu flestar deildir LRH. Kl. 12:30 voru umferðarlokanir settar upp. Kl. 13:17 kom forseti Íslands í Alþingishúsið og kl. 13:24 gengu þingmenn og aðrir tignargestir úr Alþingi yfir í Dómkirkju. Allt rólegt og gekk þetta vel fyrir sig. Kl. 14:10 gengu þingmenn og aðrir gestir úr Dómkirkju og til Alþingis. Gekk allt vel fyrir sig þó svo að nokkur hópur fólks hafi fært sig nær lokunum lögreglu. Nokkur hópur mótmælenda var á Austurvelli og mátti þekkja þar nokkra úr hópi „hústökufólks“ frá Vatnstíg 4. Eins aðra mótmælendur, s.s. [REDACTED] og var hann kominn með nýtt hljóð-flautukerfi fest á reiðhjól. Var um að ræða sex gamlar bíflautur sem ekki heyrðist eins hátt í og í fyrri flautu sem hann var með, en þessa flautur voru tengdar við rafgeymi. Eins var þarna hópur almennings, sem ávallt fylgist með þingsetningu, en einn þeirra, [REDACTED], reyndi að komast inn fyrir girðingu sem lokaði af svæðið við Alþingi. Engin frekari afskipti þurfti lögreglan að hafa af fólki.

Hvernig til tókst

Allt tókst mjög vel og þurfti lögreglan ekki að beita neinu afli til að allt gengi upp.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf.

Alþingi og Fríkirkjuvegur, 11. Rvík. 8. júní 2009

Lökenúmer: 007-2009-034982, -035065

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: SE-LH01, EB-7306, FSB-9312.

Vettvangs- og aðgerðastjórn: GJP-7607, ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** BB-8826, SJ-9814, ÁP-9101, LH-0132, ÁÖG-0333, MIE-0623, ÓMA-0634. **Flokkur 2:** EBS-9122, BB-0112, HH-0323, BÓ-0405, GST-0606, LAP-0605, HGK-0724. **Flokkur 3:** AS-9803, JG-9116, ESE-0428, SPÓ-0406, GBS-0626, KPS-0728, BFG-0734, MJ-0712. **Umf:** ÓHK-8740, LS-9931, ÁF-8812, Aðrir lögreglumenn: GH-9306. Sérsvait RLS: 4 menn.

Aðgerðir við Fríkirkjuveg 11: Lögreglumenn: GSE-0624, JPE-0416, EJ-0611, ÁEP-0617, HHA-0617, HPG-9801, PP-9707, ÁR-0609, RPG-0603, KK-0628, GIR-0327, LRG-0747, AE-9717, ARH-0207, LJK-0414, HG-0429, PG-9012, HPT-0621.

Skipulag:

Boðað hafði verið til mótmæla kl. 14:50 þegar á Alþingi yrði flutt skýrsla Steingríms J. Sigfússonar, fjármálaráðherra, um Icesave-samninginn. Búast mátti við hópi mótmælenda þar sem boð höfðu gengið út á Facebook síðu ákveðinna samtaka, s.s. „Aftaka“. Hafði um 11.500 manns lýst yfir andstöðu við samninginn á Facebook frá sl. föstudegi, þegar síðan var stofnuð. Því var talið rétt að lögreglan hefði þó nokkurn viðbúnað og gengið út frá því að reynt yrði að leysa málin af lempni og sýna helst ekki allan styrk í upphafi.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir við Alþingi hófust kl. 15:00 og þeim lauk kl. 18:30. Fjöldi lögreglumanna var 36 og heildartímafjöldi um 126.

Aðgerðir á Fríkirkjuvegi hófust kl. 21:00 og þeim lauk kl. 23:30. Fjöldi lögreglumanna var 18 og heildartímafjöldi um 50.

Atvikalýsing:

Alþingi: Kl. 15:04 tilkynnti ARM að kveikt hafi verið í ruslakassa og yrði reynt að slökkva eldinn. Hafði verið kveikt í kyndli er lá í blómabeði við Kirkjustræti. Giskað var á að um nokkur hundruð mótmælendur væru komnir á svæðið og mörg þekkt andlit úr fyrri mótmælum. Reynt var að kveikja í fyrrnefndum kyndli og virtist sem það hafi verið aðalmálið hjá einhverjum mótmælenda að kveikja í honum að nýju.

Kl. 15:20 var farið að berja rúður á þinghúsinu og komu upplýsingar innan úr húsinu að þetta ylli mikilli truflun. Voru anarkistar þarna fremstir í flokki og því ákveðið að kippa þeim út úr hópnum. Endaði með því að fimm menn voru handteknir af þeim sem verst létu. Þeir voru beðnir um að hætta að berja rúðurnar, en hlýddu ekki fyrirmælum lögreglu og þeir því handteknir eins og áður segir og fluttir á lögreglustöð. Þeir voru:

██
██
██
██

██. Öll kærð fyrir brot á lögreglusamþykkt og fyrir að fara ekki að fyrirmælum lögreglu.

Kl. 15:38 tilkynnti ARM að ástandið hafi róast eftir að anarkistarnir voru teknir og fjarlægðir. Þá tók fólk að henda smápeningum í lögregluna. Maður kom Templarasundið með björgunarbát á bakinu. ARM ræddi við hann og eftir þær viðræður voru ekki gerðar athugasemdir við þetta. Kl. 15:55 tilkynnti ARM að kveikt hafi verið á blysi í björgunarbátnum, en slökkt í því snarlega. Fyrsta egginu var kastað í þessum mótmælum. Kl. 16:02 tók að fækka í hópi mótmælenda, en maður lét lögreglu vita að sést hafi til

manns með trjádrumb, er líktist barefli, koma inn á svæðið, svart klæddur með svarta derhúfu. Lögreglumenn beðnir um að hafa varan á sér.

Jón Hólm, þekktur mótmælandi, sást við stytta Jóns Sigurðssonar og talið að hann væri með barefli, fyrri lýsing gæti átt við hann. Hann sást síðan fremst í mótmælendahópnum, en var ekki með barefli á sér. Reynt var að kveikja í tveimur til þremur litlum kyndlum og talið rétt að láta það afskiptalaust, þar sem hópurinn var að þynnast á Austurvelli. Kl. 16:49 tilkynnti ARM að verulega hafi fækkað í hópi mótmælenda og væri rétt að fjarlægja björgunarbátinn og mótmælaskiltin framan við aðalinngang þinghússins. Smátt og smátt fækkaði í hópi mótmælenda og þegar þingfundi var lokið sást til tveggja þingmanna, Birgittu Jónsdóttur og Þórs Saari vera á spjalli við mótmælendur á Austurvelli. Kl. 18:05 var tilkynnt um eld og reyk við stytta Jóns Sigurðssonar og fóru lögreglumenn á staðinn, slökktu eldinn og tóku mótmælaspjöld, sem enginn gerði tilkall til. Þá sáu lögreglumenn Bjarna Hannesson, þekktan mótmælenda, vera að taka saman mótmælaspjöld og setja inn í bifreið sína, Cherokee, skráninganúmer GIAP. Öllu lokið kl. 18:09.

Fríkirkjuvegur 11: Kl. 21:02 var tilkynnt um innbrot að Fríkirkjuvegi 11 og sagt að aðgerðasinnar væru komnir þar inn. Kl. 21:03 tilkynnti Hafsteinn að mótmælendur væru komnir inn í húsið og taldi að þeir hafi brotist þar inn. Hafsteinn kvaðst vera að hringja fyrir hönd eiganda hússins, Björgólfs Thors Björgólfssonar. Kl. 21:10 var lögreglan komin á staðinn og vísaði strax fimm manns þaðan út. 25 til 30 manns voru komnir að húsinu ásamt fjölmiðlafólki. Þegar búið var að vísa fólkinu út af hæðum hússins braut það sér leið inn í kjallara og komust um 20 manns þar inn. GJP og ARM var strax gert viðvart um ástandið.

Kallaður var út viðbótar mannskapur þar sem fólkið lét sér ekki segjast, heldur hélt áfram að fara inn í húsið, þó svo að lögreglan væri á staðnum og reyndi að hindra það. Þegar fleiri lögreglumenn voru komnir á staðinn létu mótmælendur segjast og héldu sér í nokkra stund fyrir utan húsið, en yfirgáfu staðinn síðan fljótlega. Kl. 23:14 var öllu lokið á vettvangi. Mikil hætta var á því að einhverjum dytti það í hug að bera eld að húsinu, en umsjónarmaður hússins sagði að allar dyr þess væru læstar. Hann sagði þó að þar sem húsið og innbúnaður væri orðinn gamall væri auðvelt að brjóta sér leið þar um.

Hvernig til tókst

Í báðum tilvikum tókst nokkuð vel til. Í fyrri mótmælum hafði lögreglan vitneskju um þau fyrirfram, en ekki í þeim síðari. Náði lögreglan að leysa þessi verkefni af festu og eins mikilli lipurð og mögulegt var.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Úrdráttur úr greinargerð [REDACTED] varðandi Fríkirkjuveg 11: Upphaflega komust um fimm til sex manns inn um aðaldyr hússins og er óljóst hvort dyrnar voru í lás eða ekki. Fólkið sem kom þarna inn hljóp upp um hæðir þess og upp á þak en þar var settur gulur fáni á hún. Lögreglan mætti á staðinn og vísaði fólkinu út og fóru allir út án vandkvæða nema ein stúlka. Hún neitaði að yfirgefa húsið og óhlíðnaðist fyrirmælum lögreglu og eins

neitaði hún að gefa upplýsingar um sig. Var henni þá haldið innandyra því ekki þótti hættandi á að fara með hana út í lögreglubífreidd. Talsverður mannfjöldi var kominn á staðinn, eða 50-60 manns, og einhverjir reyndu og fóru inn í kjallara hússins á meðan lögreglumenn voru á staðnum og því þurfti að taka á því. Tveir voru handteknir og haldið á staðnum, það var stúlkan, [REDACTED]. kt. [REDACTED] og síðan faðir hennar [REDACTED]. kt. [REDACTED], en hann hafði reynt að frelsa dóttur sína og sló lögreglumann í andlitið, sem þurfti að leita sér aðhlynningar á slysadeild. Mikill hiti var í mótmælendum og tóku lögreglumenn þá ákvörðun að sleppa hinum handteknu og leyfa þeim að fara frjálsum. Mótmælendur skemmdu ekkert í húsinu en voru með mikinn hávaða og læti og læstu sig saman og settust niður. Þurfti að bíða með frekari aðgerðir þar til fleiri lögreglumenn kæmu á staðinn. Þegar fleiri lögreglumenn voru komnir á staðinn var mótmælendum bent á að nú fengju þau sitt eina tækifæri til að fara út óáreitt. Þeir sem voru í forsvari fyrir mótmælendum innan húss voru grímuklædd en lögreglumenn töldu að þarna væru þau [REDACTED] og [REDACTED]. Þau sögu að ætli það væri ekki best að farra enda vildu þau ekki láta berja sig, eins og þau orðuðu það, því stór dagur væri á morgun, þetta væri rétt að byrja. Stóð þá hópurninn upp og gekk út án átaka eða frekari skipana. Gengið var frá húsnæðinu þegar allir voru farnir, en hópurninn stóð í nokkra stund fyrir utan húsið.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Austurvöllur, 9. júní 2009

Lökenúmer: 007-2009-035269

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: EB-7306.

Vettvangsstjórnendur: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** BB-8826, SJ-9814, ÁP-9101, LH-0132, BHP-0221, LAP-0605, ÓMA-0634, BFG-0734. **Flokkur 2:** AS-9803, ÁÖG-0333, SPÓ-0405, AÖS-0529, GBS-0626, GST-0606, MIE-0623, MJ-0712. **Umf:** ÁF-8812. Sérsvait RLS með 4 menn.

Skipulag:

Ákveðið að hafa hefðbundið skipulag vegna tíðra mótmælafunda á Austurvelli. Viðbúnaður lögreglu var því með hliðsjón af því. Reyna að hafa sem fæsta lögreglumenn sýnilega og leysa málin af lempni. Á sama tíma fór fram þingfundur í þinghúsi.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 14:00 og þeim lauk kl. 17:00. Fjöldi lögreglumanna var 24 og heildartímafjöldi var um 72.

Atvikalýsing:

Í upphafi voru ekki margir mótmælendur sýnilegir á Austurvelli, en tvö mótmælaspjöld þó sýnileg. RÚV var mætt með útsendingarbíl sem staðsettur var í Thorvaldsenstræti við gamla Landssímahúsið. Kl. 15:16 fór mótmælendum að fjölga eitthvað. Hópurinn færði sig á gangstéttina gegnt Alþingi og var þetta um 20 til 50 manns og voru þau með svarta fána. Ekki þótti ástæða til að loka fyrir umferð um Kirkjustrætið. Kl. 15:44 var lítil breyting orðin á fjölda mótmælenda. Það sem virtist vekja athygli ljósmyndara voru þrír piltar með klúta fyrir andlitum sem „léku“ eins og þeir væru að berja þinghúsið. Aðrir mótmælendur vöktu ekki áhuga ljósmyndaranna. ARM bað um að fylgst yrði með anarkistum, sem væru á svæðinu og hlypu í kring um Alþingishúsið, en pössuðu að berja ekki á glugga eða á húsið. ARM tilkynnti þeim að færu þeir ekki að fyrirmælum yrðu þeir handteknir. Þó ekki væri fjölmenni á staðnum var töluverður hávaði frá þeim sem stóðu á Austurvelli. Kl. 16:13 var farið að fækka í hópi mótmælenda og höfðu sérsveitarmenn verið leystir af verði. Kl. 16:30 var öllu lokið, einnig þingfundi.

Hvernig til tókst

Allt gekk mjög vel fyrir sig og engin þörf á inngripi lögreglu vegna mótmælanna.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Austurvöllur – Alþingi, 15. júní 2009

Lökenúmer: 007-2009-036663

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Hópur 1:** GHS-9411, JG-9116, ÁP-9101, MIE-0623, MJ-0712. Aðrir lögreglumenn: SE-8211, ÁF-8812. Þá komu fjórir lögreglumenn af dagvaktinni til aðstoðar, ekki nafngreindir í gögnum.

Skipulag:

Upplýsingar fengust um að vænta mætti einhverra mótmæla við Alþingi vegna umræðu þar um Icesave reikningana. Viðbúnaður var í lágmarki.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 14:00 og þeim lauk kl. 18:00. Fjöldi lögreglumanna var 13 og heildartímafjöldi um það bil 50.

Atvikalýsing:

Kl. 14:20 höfðu mótmælendur safnast saman á Austurvelli og töldu ARM og KHP að allt að 80 til 100 manns væru á svæðinu. Nokkrir aðgerðasinnar voru í hópnum og mikill hávaði. Þá óskaði ARM eftir því að fá fleiri lögreglumenn á staðinn þar sem nokkur hiti væri í mótmælendum, og var það samþykkt. Kl. 15:45 hafði ARM samband og sagði nokkra mótmælendur hafa sest á Kirkjustrætið framan við þinghúsið og óskaði hann eftir að fleiri lögreglumenn kæmu á staðinn svo hægt yrði að taka á þessu. Lögreglumenn af vaktinni og umferðardeild komu til aðstoðar. Kl. 16:00 taldi ARM að heldur væri að þynnast í hópi mótmælenda. Þetta endaði þó með því að átta mótmælendur voru handteknir þar sem þeir neituðu að standa upp af götunni og færa sig, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir lögreglu þar um.

Handteknir voru: [REDACTED]. kt. [REDACTED], [REDACTED]
[REDACTED]. kt. [REDACTED], kt. 040880-
[REDACTED], [REDACTED]. kt [REDACTED], [REDACTED]
[REDACTED] kt. [REDACTED], [REDACTED]
[REDACTED] kt. [REDACTED], [REDACTED]. kt. [REDACTED]
[REDACTED], kt. [REDACTED]. Öll kærð fyrir að hlýða ekki fyrirmælum lögreglu.

Hvernig til tókst

Þrátt fyrir að svo margir hafi verið handteknir gekk allt að öllu leyti vel fyrir sig og kallaði ekki á ofbeldisviðbrögð. Verkefnið leystist því vel af hendi miðað við aðstæður og fjölda lögreglumanna.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Austurvöllur – Alþingi, 17. júní 2009.

Lökenúmer: 007-2009-037010

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: EB-7306.

Vettvangsstjórn: GJP-7607, ÁPS-7415, ÓGE-6606.. Stjórnendur aðgerðasveita: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, GHS-9411, SPÓ-0406, JBS-0427, MIE-0623, GBS-0626, BI-0702, MJ-0712. **Flokkur 2:** PJS-8110, SJ-9814, BB-0112, LH-0132, BÓ-0405, GST-0606, ÓMA-0634, HPK-0734. **Flokkur 3:** EBS-9122, KÆK-0204, JG-0222, BÁ-0514, ÁS-0528, SS-0608, AFH-0631, ÁS-0632. **Flokkur 4:** IPS-8510, JG-9116, ÁP-9101, HPG-9801, BHP-0221, SG-0227, HG-0429, LAP-0605. **Umf:** ÁF-8812, LS-9931, JGP-9709, RHG-0215, ÓGS-0247, HPG-9801, IPS-8510, SG-0227, HG-0429. Aðrir lögreglumenn: AHB-8320, JRH-9004, BL-7801, PI-0302, GPJ-8822, HH-8228, ÁV-7505, HS-8634, JKP-9506, DBR-8607, ÁH-0140, IP-0335, ÁPG-8021, GH-9306, GRG-6809, RE-0250, HGK-0724, AMF-0418, ÓSÁ-7609, RS-6704, BB-9934, TFS-9608, ÁS-8213, SÖG-8622, HES-0441, SVB-6801, AÖS-0529, DLM-0238, GS-8019, HS-6905. Sérsvait RLS voru 5 lögreglumenn.

Skipulag:

Ákveðið að hafa hefðbundið skipulag vegna þjóðhátíðarinnar, s.s. heiðursvörð, og öryggisgæslu inni í Dómkirkju og Alþingi, en til viðbótar var öll öryggisgæla eflað vegna væntanlegra mótmæla. Ákveðið var að vera með fjóra aðgerðaflokka tilbúna í fullum klæðnaði. Ekki skyldi grípa til þeirra nema að reynt yrði að trufla hefðbundna dagskrá. Þá voru hafðir fimm óeinkenndir lögreglumenn á Austurvelli til að fylgjast með ástandinu. Hefðbundnar umferðalokanir voru í kringum Dómkirkju og Alþingi.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 09:00 og þeim lauk kl. 13:00. Fjöldi lögreglumanna var 82 og heildartímafjöldi um 320.

Atvikalýsing:

Koma forseta Íslands að Alþingi gekk mjög vel. Eitthvað af fólki var mætt eins og venja er á þessum degi. Kl. 10:25 var tilkynnt að þekktir mótmælendur væru komnir á svæðið, s.s. Snorri Páll o.fl. Ákveðið að fylgjast vel með þeim. Fylgst var vel með þekktum mótmælendum þegar forseti, ríkisstjórn og alþingismenn gengu úr Alþingi að Dómkirkju. Heiðursvörður var uppstilltur og lögreglumenn stilltu sér upp við lokunarborðama, sem náðu inn á Austurvöll. Varað var við manni á svæðinu sem væri til alls líklegur, en hann hafði áður hótað uppákomu. Snorri Páll og Steinunn og tveir aðrir þekktari mótmælendur komu að austan frá Hótel Borg að svæðinu og voru lögreglumenn settir í að fylgjast með þeim. Fylgst var með aðilum sem voru að sniglast í kringum Dómkirkjuna. Sást til átta til níu anarkista sem voru á ferðinni í kring um kirkjuna og voru með háreysti. Fylgst var með þeim, maður á mann. Gekk vel fyrir gesti að ganga til kirkju og var heiðursvörður þá leystur upp í bili. Kl. 11:25 var anarkistahópurinn kominn að Thorvaldsen og bað ARM um að fylgst yrði áfram með þeim. Þeir héldu síðan leið sinni í austur Bankastræti. ARM tilkynnti að ekkert hafi heyrst í pottum eða pönnum á Austurvelli. Þegar athöfninni var lokið í kirkjunni gengu allir í Alþingishúsið og heiðursverði stillt aftur upp á meðan og allt gekk mjög vel. Engar uppákomur.

Hvernig til tókst

Allt gekk mjög vel. Lögreglan var vel mönnuð og gat því fylgst vel með öllum sem voru til einhvers líklegir. Þeir komust því ekki til að gera neitt.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Austurvöllur, 13. ágúst 2009

Lökenúmer: 007-2009-049221

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: HJ-7711-EB-7306.

Vettvangs- og aðgerðaflokkastjórnendur: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** ÞJS-8110, EBS-9122, BB-0112, ÁP-9101, JG-9116, ÓGS-0247. **Flokkur 2:** UMÁ-0103, GHS-9411, GHM-0107, LH-0132, KÆK-0204, GBS-0626. **Umf:** ÁF-8812, SSH-9912, BV-8603, ÓGS-0247, JGP-9709, RHG-0215. Sérsvait RLS með 5 menn.

Skipulag:

Boðað var til samstöðufundar um Icesave kl. 17:00 og var það hópurinn InDefence sem stóð fyrir honum. Hefðbundin aðkoma lögreglu var að fundinum. Ákveðið var að sýna sem minnstan styrk, en auka hann ef á þyrfi að halda.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 15:30 og þeim lauk kl. 19:00. Fjöldi lögreglumanna var 27 og heildartímafjöldi um 95.

Atvikalýsing:

Allt byrjaði mjög rólega og ákveðið að setja ekki strax upp umferðarlokanir. Um kl. 17:00 tók fólki að fjölga og þá settar upp umferðarlokanir. Fólk var nokkuð dreift um Austurvöll og var áætlað þegar mest var, að á þriðja þúsund manns hafi verið á Austurvelli. Nokkrir voru með logandi kyndla framan við Alþingishúsið og var Jón Valur Jensson, guðfræðingur og þekktur bloggari, þar fremstur í flokki. Rétt fyrir kl. 18:00 var ræðuhöldum og formlegri dagskrá lokið og fólk byrjað að streyma í burtu. Lögreglumenn sáu þarna mörg ný andlit sem ekki höfðu sést áður við mótmæli á Austurvelli og sumir ekki sést í langan tíma. Opnað var fyrir umferð og allir farnir rúmlega kl. 18:00.

Hvernig til tókst

Allt gekk mjög vel fyrir sig og þurfti lögreglan ekki að hafa afskipti af neinum manni.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Austurvöllur, 27. ágúst 2009

Lökenúmer: **007-2009-052147**

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** ÞJS-8110, SJ-8914, ÁÖG-0333, SPÓ-0406, HSP-0604, GBS-0626, HGK-0724. **Flokkur 2:** EBS-9122, IPS-8510, JG-9116, KÆK-0204, GF-0218, ÓGS-0247, HBS-0422, SS-0608. **Umf:** PRG-0116, ÓHK-8740, HPG-9801, ÁF-8812. Sérsvait RLS 2 menn.

Skipulag:

Boðað hafði verið til mótmælafundar/hávaðafundar kl. 12:00 sem ætti að standa í 20 mínútur. Ákveðið að vera með hefðbundið skipulag miðað við mótmæli á Austurvelli. Lögreglumenn voru til taks, en sýna átti sem minnstan styrk.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 11:00 og þeim lauk um kl. 14:00. Fjöldi lögreglumanna var 23 og heildartímafjöldi um 70.

Atvikalýsing:

Samtök, sem berjast gegn Icesave samkomulaginu, boðuðu til fundar og var talið að Frosti Sigurjónsson stæði þar á bak við, allavega nafn hans oft nefnt. Fólk um allt land var hvatt til að skapa sem mestan hávaða. Fundurinn átti að ganga út á að fólk framkallaði sem mestan hávaða á 20 mínútum. Það yrði þá á góðu tímakaupi, ef þetta mætti verða til þess að þingið tæki tillit til þess varðandi Icesave samkomulagið. Kirkjustræti og Templarasund var lokað fyrir umferð. Mikil umferð var þarna í kring og fjölmargir sem þeyttu flautur ökutækja sinna. Talið var að um 1.000 manns hafi verið á Austurvelli þegar mest var, en mikið af því var fólk, sem átti þarna leið um í matmálstíma sínum og hélt áfram leiðar sinnar.

Nokkur hiti var í fólkinu í fyrstu og veittist það að inngangi inn í þjónustuskála Alþingis, en því var vísað þaðan frá. Fylgst var með Alþingisgarðinum, því þar voru nokkrir komnir sem sköpuðu hávaða, með eldhúsáhöldum. Um kl. 13:00 var hópurinn farinn að þynnast og fljótlega eftir það voru allir farnir. Síðar kom í ljós að hópur manna hafði veist að Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni, þar sem hann hugðist taka þátt í mótmælum á Austurvelli og var hann eltur að inngangi þjónustuskála þingsins. Nokkrir þekktir anarkistar voru á svæðinu, m.a. [REDACTED]. kt. [REDACTED], en hann var handtekinn, þar sem á skó hans var rauð málning, sem gæti tengst skemmdarverkum á heimilum þekkra aðila. Ákveðið var að skoða þetta betur vegna grunsemda um að hann gæti tengst skemmdarverkum sem unnin voru síðustu daga og vikur.

Hvernig til tókst

Að mestu gekk þetta allt vel fyrir sig. Lögreglumenn gátu leyst málin án átaka. Einn maður var handtekinn vegna gruns um skemmdarverk á heimilum þekkra aðila.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Austurvöllur, 28. ágúst 2009

Lökenúmer: 007-2009-052547

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** ÞJS-8110, ÁP-9101, JGP-9709, RHG-0215, SG-0227, ÓGS-0247, HGK-0724, ÁÖG-0333. **Flokkur 2:** BB-8826, IPS-8510, HPG-9801, PAE-0129, GF-0218, SPÓ-0406, HSP-0604, GBS-0626. Frá sérsveit RLS HME-9703, PEK-8905, BS-0527,

Skipulag:

Lokaumræða um Icesave var boðuð kl. 09:00 á Alþingi og síðan atkvæðagreiðsla í framhaldinu. Með hliðsjón af mikilli óánægju fólks með þennan samning var ákveðið að gera ráðstafanir. Aðgerðaflokkar yrðu í viðbragðsstöðu ef eitthvað færi úrskeiðis.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 09:00 og þeim lauk kl. 12:00. Fjöldi lögreglumanna var 21 og heildartímafjöldinn um 63.

Atvikalýsing:

Ekki mættu fleiri en 10 mótmælendur og að mestu þeir sem höfðu haldið sig við Alþingi flesta daga og vikur þarna á undan. Nokkur pírtingur og hiti var í mótmælendum, en nokkuð ljóst að komið var að leiðarlokum í þessu umdeilda máli, sem búið var að mótmæla undanfarnar vikur. Allt fór samt vel fram og mótmælendurnir tóku saman föggur sínar eftir að atkvæðagreiðsla lauk um kl. 11:30. Áfram var sérstök löggæsla við Alþingi.

Hvernig til tókst

Allt gekk mjög vel fyrir sig.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Ráðhús Reykjavíkur, 15. september 2009

Lökenúmer: 007-2009-056867

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Aðgerðahópur:** PJS-8110, ESE-0428, SS-0608, AFH-0631. Aðrir lögreglumenn: ÓHK-8740, JPE-0416, IPS-8510, JGP-9709, RSP-0508.

Skipulag:

Borgarstjóri hafði óskað eftir að lögreglan yrði stödd við Ráðhúsið vegna borgarstjórnarfundar sem myndi fjalla um sölu á OR í HS Orku til Magma Energy. Ástráður, umsjónarmaður Ráðhússins, hafði samband við LRH daginn áður og vildi tilkynna um fundinn og að búast mætti við mótmælum á áhorfendapöllum. Ákveðið að vera með hefðbundinn viðbúnað eins og í öðrum mótmælum, en fyrirmæli voru til lögreglumanna að ekkert yrði aðhafst nema um það kæmi beiðni frá borgarstjórn eða borgarstjóra og þá til að halda uppi allsherjarreglu.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 16:00 og þeim lauk um kl. 18:00. Fjöldi lögreglumanna var 11 og heildartímafjöldi um 25.

Atvikalýsing:

Þess var gætt að lögreglumenn sæjust ekki við Ráðhúsið, heldur væru tilbúnir að grípa inn í ef óskað yrði eftir aðstoð. Mikill fjöldi fólks var kominn á áheyrndapallana. Fljótlega voru þrír aðilar handteknir, en það voru: [REDACTED]

[REDACTED] Allir kærðir fyrir brot á lögreglusamþykkt. Eins höfðu þeir kastað einhverju í áttina að ræðupúlti borgarstjórnar. Fljótlega eftir þetta fóru allir mótmælendur úr Ráðhúsinu.

Hvernig til tókst:

Tókst nokkuð vel til þrátt fyrir mikinn hita og læti í fólki, en þrjá aðila varð að handtaka og þurfti að beita nokkru afli við það.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Úr Vísí 15. sept. 2009 21:40: Rætt var við Jón Bjarka Magnússon og sagði hann eftirfarandi: „Ég var bara nýkominn þarna þegar lögreglan ætlaði að handtaka féлага minn. Þá greip ég í hann og hélt utan um hann. Ætli það hafi ekki síðan liðið um mínúta þar til ég var handtekinn, þetta var hálf skrýtið,“ segir Jón Bjarki. Jón Bjarki var að koma úr skólanum og ákvað að kíkja við í Ráðhúsinu, en þar var nokkuð þétt setið í dag. „Ég eiginlega hló bara, það var hálf fáránlegt að vera handtekinn fyrir þetta.“ Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Jón Bjarki er handtekinn í mótmælum því hann var einnig handtekinn þegar mótmælin við Alþingishúsið stóðu sem hæst. Jón Bjarki komst áður í fréttirnar þegar störfum hans sem blaðamaður í ritstjórn DV lauk skyndilega og fékk hann þá viðurnefnið „Litli DV-maðurinn.“ Jón Bjarki kom síðar í Kastljósið með upptöku af samtali sínu við Reyni Traustason ritstjóra þar sem sá síðarnefndi talaði meðal annars um að taka Björgólf Guðmundsson niður.

Austurvöllur, 1. október 2009

Lökenúmer: 007-2009-060384

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðastjórn: HJ-7711, EB-7306.

Vettvangs- og aðgerðaflokkastjórnendur: GJP-7607 ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** BB-8826, JG-9116, GHM-0107, SÖS-0126, SBA-0602, RPG-0603, EJ-0611. **Flokkur 2:** IPS-8510, PAE-0129, JG-0222, BÁ-0514, AÖS-0529, LAP-0605, AFH-0631. **Flokkur 3:** ÞJS-8110, ÁP-9101, HPG-9801, GR-0106, SG-0227, RSP-0508, GST-0606, HGK-0724.

Flokkur 4: UMÁ-0103, PRG-0116, GF-0218, SPÓ-0406, JPE-0416, ESE-0428, HSP-0604, MIE-0623. **Flokkur 5 (sérsvait):** ÁPÁ-9012, SÆÁ-9407, KJS-9515, ÍÍG-9707, ÁGG-0246, EJ-0307, ÓSJ-0340, JÖG-0531, BMV-0739, ÁKÁ-8702, JMJ-8616, ÁRG-0520, SÁR-0521, AD-9205, HG-9508. Aðrir lögreglumenn: KK-8629, GÖG-8729, KSV-8804, BÓM-8521, MG-0205, ÁS-0528, ÁS-0632, JKP-0431, SAL-0401. **Umf:** ÁF-8812, RGS-7713, EBS-9122, KA-0203, BH-0221, HÁ-9508.

Skipulag:

Hefðbundið skipulag var vegna þingsetningar Alþingis. Hlutverk lögreglu var að tryggja að þingsetning gæti farið fram og yrði sem minnst fyrir utanaðkomandi truflun. Ákveðið að lögreglumenn sýni sig sem minnst, en myndu grípa inn í ef á þyrfti að halda. Menn frá SHS voru upplýstir um skipulag lögreglu. Aukinn viðbúnaður ef til mótmæla kæmi.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 12:00 og þeim lauk um kl. 16:00. Fjöldi lögreglumanna var 64 og heildartímafjöldi um 250.

Atvikalýsing:

Allt gekk hefðbundið fyrir sig varðandi undirbúning þingsetningar. Forsetinn kom í Alþingi og heiðursverði var stillt upp þegar forseti, ráðherrar og þingmenn gengu til Dómkirkju. Nokkur hópur mótmælenda var kominn á staðinn og röðuðu lögreglumenn sér upp við lokunarlínu. Eva Hauksdóttir og Steinar I Sörensson sáu á meðal mótmælenda. Þá sást maður með blöðrur við stytta Jóns Sigurðssonar og fóru lögreglumenn í að fylgjast með honum. Talið var að um 200 til 300 manns væri komnir á Austurvöll. ARM tilkynnti að búð væri að leggja hald á ætlaða sprengju, eina skyrdós og blöðrur með ætluðu blóði í. Þá stöðvuðu lögreglumenn mann með saltþétur og sykur. Kl. 14:28 var tilkynnt að kastað hafi verið púðurkerlingum að Stjórnarráðinu og þar hafi Jón Hólm og tveir aðrir verið á staðnum. Þá var dregið úr sýnilegum viðbúnaði við þinghúsið. Kl. 14:31 var fundi slitið í Alþingi. Mótmælendur yfirgáfu Austurvöll og umferðalokanir þá teknar upp. Lauk þessu öllu án átaka.

Hvernig til tókst

Mjög vel miðað við aðstæður. Lögreglan var vel mönnuð og þurfti ekki að grípa til neinna aðgerða.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Lögreglustöðin - Heimili dómsmálaráðherra, 14. október 2009

Lökenúmer: 007-2009-064019

Lögreglumenn við störf:

Stjórnandi aðgerðar: KHP-9804, aðrir lögreglumenn: SG-0227, ÞJS-8100, HMJ-8401, KPS-0728, ÞP-9707, JÖG-0531, EJ-0307, BRS-9811, IPS-8510, AE-9717, MJ-0712, SSJ-8833

Skipulag:

Lögreglan frétti með mjög stuttum fyrirvara að til stæði að mótmæla við lögreglustöðina við Hverfisgötu vegna hælisleitanda sem hefði verið vísað úr landi. Grein hafði verið send á alla fjölmiðla þess efnis að mótmæla ætti við lögreglustöðina við Hverfisgötu kl. 22:00 þetta kvöld. Sú sem sendi út fréttina gaf upp nafnið Linda Björg Magnúsdóttir.

Ákveðið var að lögreglumenn af vaktinni yrðu tilbúnir og eins haft samband við óeirðalögreglumenn, sem voru við æfingar á Keflavíkurflugvelli og komu nokkrir þaðan í verkefnið.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 21:00 og þeim lauk kl. 01:30. Fjöldi lögreglumanna var 13 og heildartímafjöldi um 59.

Atvikalýsing:

Um kl. 22:43 fór fólk að safnast saman fyrir utan lögreglustöðina um 30 til 40 manns. Nokkrir aðilar komu inn í anddyrið og tóku til að berja á hurðir. Þeim var vísað út eftir að rætt hafði verið við þá og þeim boðin aðstoð. Hópurinn stóð fastur á því að hælisleitendurnir væru inn á lögreglustöðinni. Nokkru síðar kom inn í anddyrið kona, ásamt manni með upptökuvél, og fullyrti hún að inni á lögreglustöðinni væru hælisleitendurnir, þótt henni hafi verið sagt það oft, að það væri ekki rétt. Vildi hún ekki trúa þessu og bar við ókurteisi lögreglu í hennar garð. Hún sagði við lögreglumann, BKB-0112, að hann yrði ekki lengi í starfi og bar við hótunum hans í hennar garð. Kl. 22:45 hélt fólkið áfram að koma inn í anddyri stöðvarinnar og hélt áfram að berja á hurðir og láta illa. Reynt var að ræða við fólkið, sem vildi enga aðstoð þiggja, heldur bara berja áfram. Þeim var vísað út vegna háttarlags þeirra og eftir nokkrar fortölur fór það út af stöðinni.

Kl. 22:54 var tilkynnt að um 8 til 10 manns væru komnir að heimili Rögnu Árnadóttur, dómsmálaráðherra, og vildi fá að ræða við hana, en hún ætlaði ekki að eiga nein samskipti við þau frá heimili sínu. Kl. 23:01 voru komnir um 25 mótmælendur við heimilið. Forstjóri Útlendingastofnunar vildi fá upplýsingar frá lögreglu um yfirstandandi mótmæli við heimili dómsmálaráðherra. Sagðist hann hafa áhyggjur af því að mótmælendur kæmu

á heimili hans á eftir. Honum tjáð að ef sæist til mótmælenda við heimilið hans skyldi hann hafa strax samband við lögreglu.

Um það bil 30 til 35 mótmælendur mættu við heimili dómsmálaráðherra, en flestir þeirra höfðu staðið í mótmælum við lögreglustöðina þá fyrr um kvöldið. Þessir aðilar höfðu oft áður komið að mótmælum, þegar vísa átti hælisleitendum úr landi. Meðal mótmælenda utan við heimili dómsmálaráðherra voru eftirtaldir: Kolfinna Baldvinsdóttir, Sunneva Wesshappel, Kolbrún Anderson, Snorri Páll Jónsson og Steinunn Gunnlaugsdóttir. Þá voru einnig á vettvangi stúlkur sem mótmæltu á sínum tíma utan við heimili fyrrum forstjóra útlendingastofnunar. Töluverður hávaði var í mótmælendum sem „sungu“ og kölluðu einhver leiðindi að ráðherra. Fjórir íbúar í nærliggjandi húsum komu að máli við lögreglumenn og kvörtuðu undan hávaða, auk þess sem einn, sem var „létt glaður“, reyndi að fá þau til að hætta mótmælunum. Mótmælendur yfirgáfu vettvang um kl. 23:50, en þá var lögreglan u.þ.b. að fara í frekari aðgerðir til að tryggja næturro í hverfinu. Allir voru farnir um kl. 00:19. Þá í framhaldinu var ákveðið að hafa eftirlit með heimili ráðherra fram undir morgun.

Hvernig til tókst:

Það má segja að nokkuð vel hafi tekist til. Það náðist að fá mótmælendur til að hætta aðgerðum sínum, án átaka.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Umsögn [REDACTED]: „Vorur 6 lögreglumenn úr aðgerðasveit lögreglu staddir skammt frá Keflavík um kl. 21:20 er ég fékk þær upplýsingar frá varðstjóra að mótmæla ætti við lögreglustöðina við Hverfisgötu kl. 22:00 vegna handtöku og fyrirhugaðrar brottvísunar tveggja aðila. Um 30-40 manns hafði safnast saman utan við stöðina en því lauk án teljandi vandræða, en þess ber að geta að við sendum lögregluáhöfn að heimili ráðherra meðan á þessu stöð, en eftirlit með heimilinu hafði verið í gangi.“

Er mótmælunum við stöðina var að ljúka höfðum við á tilfinningunni að þetta myndi berast að heimili ráðherra. Sendum við þá 4 lögreglumenn á vettvang auk þess sem við fórum 7 lögreglumenn úr aðgerðasveit á vettvang. Þegar þarna kom við sögu vorum við 13 lögreglumenn á vettvangi en þegar mest var fórum við upp í 17 lögreglumenn utan við heimili ráðherra.

Veðrið var frekar kalt, vindur og rigning á köflum. Skömmu fyrir kl. 23:00 voru komnir 8-10 manns við heimili ráðherra en allt frekar rólegt. Spurði ég fólk þetta hvað fyrir þeim vakti og kvaðst það vilja ræða við ráðherra. Sagði ég það útilokað að koma að heimili ráðherra og það að næturlagi og ætla að ræða við hann. Benti ég þeim á að hafa samband við ráðuneytið morguninn eftir, en því var tekið frekar fálega. Flest benti til að fámennt yrði og frekar stutt mótmæli sökum veðurs en það breyttist. Fjölgaði nokkuð í þessum hópi á stuttum tíma og fór upp í 35-40 manns. Þessi hópur fólks „söng“ og kallaði ýmis leiðindi að ráðherra og barst með því móti töluverður mikill hávaði frá honum. Lögreglumenn stilltu

sér upp við grindverk að lóð ráðherra, ef kæmi til þess að hópurinn reyndi að komast inn á lóðina, en að mínu mati þá gerði hópurinn sig aldrei líklegan til þess.

Í þessum hópi var nokkur fjöldi mótmælenda sem hefur ítrekað komið við sögu lögreglu í mótmælum þar á meðal við heimili fyrrum forstjóra Útlendingastofnunar. Mótmælendur yfirgáfu síðan vettvang nokkuð skyndilega í kringum 23:45 en þá skömmu áður höfðu þau farið til hliðar og rætt saman. Þegar hópurinn hætti að öskra og syngja hafði ég skömmu áður tekið ákvörðun, að ef áframhald yrði á þessum hávaða, þá myndum við taka yfir vettvang, vísa liðinu á brott ellegar handtaka það og fjarlægja það frá vettvangi.

Mitt álit er að þessi aðferðarfræði mótmælenda að vera að fara heim til ráðamanna eða annarra sé algjörlega óþolandi og að mínu áliti eigum við að taka fastar á því og gefa mótmælendum ekki tækifæri á mótmælum utan við heimili fólks. Þetta sýndi okkur hversu fljótir mótmælendur geta verið að húa saman liði til að mótmæla. Þessi mótmæli voru hávær og mjög leiðingleg fyrir ráðherra, en ég hafði aldrei áhyggjur af því að við réðum ekki við þau, enda sýndum við aldrei allan þann mannskap sem við höfðum á vettvangi.“

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Háskóli Íslands, Askja, 16. október 2009

Lökenúmer: 007-2009-064504

Lögglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: KHP-9804. **Flokkur 1:** IPS-8510, EBS-9122, HPG-9801, PRG-0116, GHM-0107, SG-0227, HG-0429, SS-0608. **Flokkur 2:** PRJH-9927, ÁP-9101, BKB-0112, KÆK-0204, JG-0222, JBS-0427, GST-0606, AFH-0631, MJ-0712.

Skipulag:

Dómsmálaráðherra, Ragna Árnadóttir, átti að flytja ræðu í Öskju í húsnæði jarðvísindadeildar HÍ og því ákveðið að lögreglumenn yrðu á vakt við húsið og gripu inn í ef á þyrfti að halda. Lögreglumenn yrðu ekki sýnilegir nema kallað yrði eftir því.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:00 og þeim lauk kl. 15:00. Fjöldi lögreglumanna var 18 og heildartímafjöldi um 36.

Atvikalýsing:

Mótmæli höfðu verið boðuð á Lækjartorgi kl. 12:00 vegna brottvísunar tveggja aðila fyrir skömmu. Þar voru komir um 30 manns og allt fór vel fram. Lögreglumenn fóru í framhaldi af þessu að Öskju vegna komu ráðherra þangað.

Ákveðið að lögreglan yrði sem næst fundarstað ráðherra. Um kl. 13:51 tilkynnti KHP að ráðherra hafi yfirgefið Öskju, án þess að halda erindi sitt. Eitthvað af mótmælendum voru mættir á fundarstað og gerði örðugt fyrir ráðherra að komast inn í salinn og því ákveðið að standa ekki í neinum átökum og hann sneri frá. Enginn var handtekinn. Umsjónarmaður bygginga HÍ, Vilhjálmur, vildi ekki taka upp aðgangstýringu í fundarsalinn, en honum var boðin aðstoð lögreglu, því ljóst að uppistand yrði á vettvangi. Lögreglumenn biðu fyrir utan fundarstað, ef hann hefði samband. Kl. 13:44 hringdi Vilhjálmur og óskaði aðstoðar þar sem allt væri orðið „vitlaust“ og ráðherra kæmist ekki að, þar sem 30 til 40 manna hópur kallaði ítrekað fram í fyrir ráðherra. Lögreglumenn fóru inn í anddyri hússins en eftir stutta stund ákvað ráðherra að hætta við og fara. Róaðist þá allt og mótmælendur yfirgáfu staðinn.

Hvernig til tókst:

Nokkuð vel miðað við aðstæður. Ljóst var að einhver átök hefðu orði ef ráðherra hefði ekki farið af vettvangi því mikill hiti var í fólki og það gerði allt til að trufla hann við ræðuhöld. Enginn handtekinn.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Heimili dómsmálaráðherra, 4. nóvember 2009

Lökenúmer: 007-2009-069125 og -069137

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: KHP-9804. Aðrir lögreglumenn: BRS-9811, GKP-0512, AE-9717, MJ-0712, LJK-0414, SÁR-0521, ÁÖG-0520, JPE-0416, KPS-0728, SF-0901, ÞPG-9115, SJ-9814, HSP-0604, BÓ-0405, SSJ-8833, JVA-0709.

Skipulag:

Ákveðið að aukið eftirlit yrði sett við heimili ráðherrans þetta kvöld og um nóttina vegna hugsanlegra mótmæla við heimili hans. Ástæða mótmæla mun hafa verið áætlun um brottflutning aðila daginn eftir. Lögreglumenn áttu að tryggja heimilið og næsta nágrenni.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 22:30 og þeim lauk kl. 23:30. Fjöldi lögreglumanna var 17 og heildartímafjöldi um 34.

Atvikalýsing:

Fljótlega eftir að ákveðið var að taka upp eftirlit við heimili ráðherra hafði hann samband og tilkynnti að mótmælendur væru þegar mættir við heimilið og væri hiti í mannskapnum. Við þessu var strax brugðist og voru um 20 manns á staðnum þegar lögreglan kom og allt orðið rólegt, en einhver hróp og köll. Skrifstofustjóri dómsmálaráðuneytisins, Þórunn Hafstein, óskaði eftir því að eftirlit yrði einnig haft við heimili forstjóra Útlendingastofnunar að Kríuási 9. Kl. 23:24 fóru allir mótmælendur, einn og einn í einu, burt af vettvangi og var þeim fylgt eftir af ómerktum lögreglubíl. Tvístruðust þeir fljótlega í næstu götum og fóru sína leið. Ákveði var að lögreglan yrði með fastan eftirlitspóst við heimili ráðherra til að byrja með.

Hvernig til tókst:

Bara mjög vel miðað við aðstæður. Þegar lögreglan hafði afskipti af mótmælendunum fóru þeir í burtu. Engin átök og enginn handtekinn.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Umsögn [REDACTED]: „Egill Bjarnason, yfirlögregluþjónn, hafði símasamband við mig um kl. 23:05 og sagði hann að hópur fólks væri að mótmæla utan við heimili dómsmálaráðherra. Ástæðan, fyrirhuguð brottvísun aðila að morgni 5. nóv. Sagt að um 20 manns væri við heimili ráðherrans. Þegar ég var á leið að heimili ráðherrans bárust mér þær fréttir að mótmælendur hefðu yfirgefið vettvang um kl. 23:24. Á staðnum var nokkur fjöldi lögreglumanna þar fyrir. Kvöldvakt, sem átti að ljúka vakt kl. 23:00, var haldið áfram við störf. Hafði ég gert þær ráðstafanir að fá lausar lögreglubílfreiðar á vettvang ef til handtöku kæmi, þar sem ljóst var að frekari mótmæli yrðu ekki liðin við heimili ráðherra. Að sögn lögreglumanna þá voru þessir mótmælendur að einhverju leyti sömu aðilar og mótmæltu við heimili ráðherra þann 14. okt. sl. Sú ákvörðun var tekin að hafa vakt við heimilið til kl. 04:00, en eftir það hafðar tíðar eftirlitsferðir. Þess má geta að við höfðum engar upplýsingar fengið um að til stæði að brottvísa aðilum að morgni 5. nóv. Það er ansi bagalegt þar sem við höfðum ekki tök á að vera með fyrirbyggjandi aðgerðir vegna þessa, en hefði mátt ætla að gripið yrði til mótmæla miðað við það sem á undan var gengið.“

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Austurvöllur, 12. desember 2009

Lökenúmer: 007-2009-078051

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: KHP-9804. Aðgerðarhópar: EBS-9122, RG-0603, SS-0608, AFH-0631, ÁP-9101, LH-0132, ÁÖG-0333, LAP-0605, AS-9803, GF-0218, EJ-0611, AS-9803.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna boðaðra mótmæla við Alþingi kl. 15:00 og eins ferð „Kóklestarinnar“.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 14:00 og þeim lauk kl. 18:00. Fjöldi lögreglumanna var 13 og heildartímafjöldi var um 52.

Atvikalýsing:

Talið var að um 250 til 300 mótmælendur væru í miðborginni, en allt fór mjög friðsamlega fram. Ferð „Kóklestarinnar“ gekk vel, án afskipta lögreglu, nema hvað umferðardeildarmenn fylgdust með henni. Þrír svartklæddir menn með grímur gengu á undan lestinni niður Laugarveg og tafði það eitthvað fyrir. Engin afskipti höfð af þeim.

Hvernig til tókst:

Allt gekk mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 21. desember 2009

Lökenúmer: 007-2009-080069

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: KHP-9804. Aðrir lögreglumenn: SG-0227, ÞP-9707, IMI-0234, BV-8603, IPS-8510, ÓGS-0247, HH-0323, HG-0429, SSJ-8833, ÁF-8812, JGP-9709, LS-9931.

Skipulag:

Verktakafyrirtækin Magni, Hlaðbær-Colas og fleiri tilkynntu um akstur vinnutækja frá Hafnarfirði og að Alþingi. Lögreglan fylgdist með umferð þeirra og gætti þess að hún truflaði ekki aðra umferð.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 13:30 og þeim lauk um kl. 16:00. Fjöldi lögreglumanna var 13 og heildartímafjöldi um 33.

Atvikalýsing:

Ýmsum vinnutækjum var ekið frá Gullhelli 1 í Hafnarfirði með stefnuna á Alþingi til að afhenda þar stjórnvöldum mótmælabréf. Alls voru um 120 til 140 tæki í þessari lest. Við Dalbraut tóku umferðardeildarmenn á móti lestinni og stýrðu för hennar að Alþingi. Einhverjar umferðartafir urðu.

Hvernig til tókst:

Allt gekk vel og lögreglan þurfti ekkert annað að gera en aðstoða við umferðarstjórn. Mótmælum lokið kl. 15:40.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 30. desember 2009

Lökenúmer: 007-2009-081539

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: KHP-9804. Aðrir lögreglumenn: SG-0227, ÓHK-8740, HMJ-8401, JBS-0427, HPG-9801, TE-0209, SOK-0907, KK-0628, SIE-0917, IPS-8510, PAE-0129, MJ-0712, HÖS-0922, ASÁ-0911, SBH-0424, HPT-0621.

Skipulag:

Þingfundur var í Alþingi og búist við mótmælum og því gerðar hefðbundnar ráðstafanir.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust fyrst kl. 10 og stóðu til kl. 18:00 og síðan frá kl. 22:00 og þeim lauk um kl. 01:00. Fjöldi lögreglumanna var um 17 og heildartímafjöldi um 95.

Atvikalýsing:

Byrjað var á því að loka fyrir umferð um Templarasund við Skólabrú, en ökumenn þeyttu bíflautur af miklum móð þannig að mikill hávaði hlaut af. Síðan var Skólabrú lokað við Lækjargötu. Einhver fjöldi mótmælenda var á staðnum og hófu þeir eggjakast á þinghúsið, en lögreglumenn gengu í að stöðva það. Kl. 23:39 var tilkynnt að búið væri að kveikja eld framan við þinghúsið. Sást til manns rogast með vörubretti og stefndi að Alþingi, en hann var stöðvaður. Eldurinn var síðan slökktur fljótlega.

Kl. 23:42 var tilkynnt að maður hafi ollið skemmdum á ráðherrabifreið. Var hún rispuð á hægri afturhurð, líklega með lykli. Átti þetta sér stað þegar ráðherra var á leið frá þinghúsinu. Fólkið reyndi að torvela för ráðherra og þingmanna frá þinghúsinu, þar sem ekið var úr bílageymslu þingsins. Fólkið öskraði ókvæðisorðum og kastaði snjó í ökutækin. Lögreglumenn þurftu að ýta við fólki þannig að bifreiðar kæmust í gegn um mótmælendahópinn. Mótmælendur röðuðu sér beggja vegna við útkeyrslu og stóðu þétt við bifreiðarnar. Þegar einni bifreiðinni var beygt til hægri inn á Templarasundið sást hvar maður rétti út hendi með lykil og ískur heyrðist. Sást að nokkuð löng rispa myndaðist. Höfð voru afskipti af mannum og æstist hann allur upp við afskiptin. Hann hélt enn á lyklinum, en náði síðan að kasta honum til konu sinnar. Manninum var sleppt eftir að upplýsingar höfðu verið teknar niður. Þessi maður var [REDACTED], kt. [REDACTED]. Hann hafði verið mjög virkur í mótmælum vörubifreiðastjóra.

Kl. 23:47 var talið að um 70 til 80 manns væru á staðnum. Eitthvað hafði þá fækkað í hópnum. Um miðnættið voru umferðarlokanir teknar upp, en nokkrir lögreglumenn hafðir áfram á staðnum. Þá sást hvar reynt var að kveikja í jólatré framan við þjónustubyggingu Alþingis. Kom í ljós að um gjörning var að ræða, en ekki íkveikju. Sérstöku eftirliti lögreglu var lokið um kl. 00:30.

Fyrr um daginn hafði verið fundur um lcesave og viðbúnaður lögreglu þá aukinn. Tveir lögreglumenn voru hafðir inni í þinghúsinu. Um kl. 17:33, þegar KHP og fjórir aðrir lögreglumenn voru staddir á vettvangi, barst tilkynning um að kveikja ætti eld í jólatrénu á Austurvelli. Lögreglumenn sáu að þar á ferð voru m.a. þekktir mótmælendur, Sævar Steinn Hilmarsson, kt. [REDACTED] og Þórarinn Einarsson, kt. [REDACTED], og virtust þeir gefa gaum að festingu trésins. Þennan dag, á meðan umræða stóð yfir í Alþingi, var fólki hleypt inn á palla þingsins og var þar m.a. staddur Sturla Hólm Jónsson, kt. [REDACTED]. Í eftirlitsmyndavél sýndist sem einn þeirra, er var með gjörning við jólatréð, innan við Glerskálanum, væri Þorvaldur Þorvaldsson, kt. [REDACTED], en hann hefur mætt oft til mótmæla á Austurvelli.

Hvernig til tókst:

Miðað við nokkuð langan dag tókst löggæslan og öryggisgæslan við þinghúsið mjög vel. Töluvert þurfti að hafa fyrir því að halda mótmælendum frá útkeyrslu við Alþingi, en það tókst án átaka eða handtöku.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Bessastaðir, 31. desember 2009

Lökenúmer: 007-2009-081590

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: EB-7306.

Vettvangsstjórn: KHP-9804. Aðgerðamenn: AS-9803, GHM-0107, ÁÖG-0333, AÖS-0529 JG-9116, ÁP-9101, HBS-0422, AFH-0631. Aðrir lögreglumenn: GF-0218, VV-8217, MS-9017, HG-8415, BV-8603, ÓGS-0247, JG-9116, SÖG-8622, ÁF-8812, AÖS-0529, JGP-9709, LS-9931.

Skipulag:

Ákveðið að hafa viðbúnað lögreglu vegna ríkisráðsfundar á Bessastöðum. Boðuð höfðu verið friðsöm mótmæli til forsetaskrifstofu sem tilkynnti það áfram til LRH. Ákveðið að lögreglan yrði sem minnst sýnileg, en grípi inn í ef á þyrfti að halda.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 09:00 og þeim lauk um kl. 12:00. Fjöldi lögreglumanna var 23 og heildartímafjöldinn var um 70.

Atvikalýsing:

Um kl. 10:00 var tilkynnt að um 10 manns væri á hlaðinu við Bessastaði og um 20 til 30 manns á leiðinni, gangandi frá hringtorginu á Álftanesvegi að Bessastöðum, með blys og mótmælaspjöld. Þar var m.a. annarra Sturla Hólm Jónsson, vörubifreiðastjóri. Um kl. 10:30 var áætlað að um 30 til 40 manns væri á hlaðinu við Bessastaði og stóðu á grasinu framan við Bessastaðastofu. Mest af þessu fólki var sama fólkið og var á Austurvelli daginn áður. Kl. 10:38 var haft samband við Atla Má Sigurðsson, staðarhaldara. Hann sagði að ósk forseta við starfsmenn embættisins hafi verið að biðja fólkið að færa sig frá Bessastaðastofu, þegar það kæmi inn á hlaðið, en það sinnti því ekki. Forsetinn hafi lagt áherslu á það við Atla Má að starfsmenn embættisins sæju um að staðsetja fólkið. Atli Már sagði að óeinkenndir lögreglumenn á staðnum hafi heyrt þegar fólkið hunsaði beiðni starfsmanna embættisins.

Kl. 11:02 byrjuðu ráðherrar að fara frá Bessastöðum. Þá var tilkynnt að Grétar Aðils væri á svæðinu, ásamt fólki úr hópnum „Nýtt Ísland“. Lögreglumenn voru við afleggjarann að Bessastöðum þegar ráðherrar fóru. Þá sást til manns sem bankaði á Bessastaði, en hætti þegar lögreglumenn ræddu við hann. Fólk var með kveikt á kyndlum, en að öðru leyti fór allt vel fram. Kl. 11:20 var tilkynnt að allir ráðherrar væru farnir frá Bessastöðum. Fólk reyndi að ganga í veg fyrir bílana, en engar tafir urðu af því. Aðgerðum lögreglu lauk kl. 11:30.

Kl. 14:18 fóru nokkrir lögreglumenn að Keiluhöllinni í Öskjuhlíð, en þar var verið að senda út Kryddsíld Stöðvar 2. Talið að um 10 mótmælendur væru þar komnir, en tveir af þeim höfðu þá fyrr um morguninn verið á Bessastöðum. Ekki að sjá þekkta mótmælendur á staðnum og gekk allt friðsamlega fyrir sig á meðan á útsendingu þáttarins stóð yfir.

Hvernig til tókst:

Allt tókst mjög vel og þurfti lögreglan ekki að beita sín vegna aðgerða mótmælenda.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Íslandsbanki, Kirkjusandi, 2. mars 2010

Lökenúmer: 007-2010-013415

Lögreglumenn við störf:

Stjórn aðgerða: ARM-8737, KHP-9804, SG-0227, ST-0608, HPG-9801, , IPS-8510, HG-0429, ÓGS-0247, ÁS-8213, ÁF-8812, RHG-0215

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna boðaðra mótmæla. Lögreglan yrði til taks til að grípa inn í ef eitthvað færi úrskeiðis.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 11:00 og þeim lauk kl. 14:30. Fjöldi lögreglumanna var 11 og heildartímafjöldi um 40.

Atvikalýsing:

Boðað hafði verið til mótmæla við bankann af samtökunum „Nýtt Ísland“. Talið að um 30 til 40 manns hafi mætt á mótmælin, en allt fór friðsamlega fram og ekki kom til afskipta lögreglu. Áður en mótmælin áttu sér stað mátti sjá áskorun á netinu frá Guðmundi Franklín Jónssyni þar sem hann hvatti fólk til að mæta og taka með sér úldið grænmeti og annað svipað til að henda í bankann. Þegar mótmælastöðunni lauk við bankann hélt nokkur hópur fólks, eða um 15 til 20 manns, að aðstöðu AGS við Hverfisgötu. Þar lokaði hópurinn fyrir umferð að bifreiðastæði AGS um nokkra stund, en ekki kom til afskipta lögreglu. Síðan héldu mótmælendur að Alþingi og héldu þar mótmælum áfram, en ekki kom til afskipta lögreglu.

Hvernig til tókst:

Allt gekk mjög vel fyrir sig. Engin bein afskipti af mótmælendum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Austurvöllur – Alþingi, 12. apríl 2010

Lökenúmer: 007-2010-022263

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: EB-7306, ARM-8737, KHP-9804. Aðgerðarflokkur: IPS-8510, JGP-9709, ÓGS-0247, MIE-0623, RHG-0215, HPG-9801, SG-0227. Aðrir lögreglumenn: EJ-0611, KPS-0728, GPG-9314, SJ-9814, BB-8826, GF-0218, ÁÖG-0333, GJG-0110, EÓJ-7111, ÁS-8213, BKB-0112, BK-0761, GR-0106.

Skipulag:

Aukinn viðbúnaður var vegna flutnings á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá prentsmiðjunni Odda að aðstöðu rannsóknarnefndar að Skeifunni 19 og þaðan í forlagið við Fiskislóð. Jafnframt var aukinn viðbúnaður við Alþingi því skýrslan var kynnt í lðnó. Ákveðið að lögreglumenn yrðu sem allra minnst sýnilegir, en til taks í námunda við Alþingi, til að grípa inn í ef eitthvað færi úrskaiðis. Þess var gætt að upplýsa alla lögreglumenn sem voru á skylduvakt þennan dag um skipulagið og eins sérsveit RLS. Blaðamannafundur var haldinn í lðnó um kl. 10:30 og honum átti að ljúka um kl. 13:00. Í framhaldinu hæfist þingfundur í Alþingi kl. 15:00.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 07:00 og lauk kl. 09:30 en hófust aftur kl. 10:30 og lauk kl. 17:00. Fjöldi lögreglumanna var 23 og heildartímafjöldi um 184.

Atvikalýsing:

Fyrst um morguninn var óskað eftir aðstoð lögreglu við flutning á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis úr prentsmiðju. Síðan tók við eftirlit með Alþingi og umhverfi þess vegna birtingu skýrslunnar. Góð samvinna var með starfsmönnum Alþingis til að allt mætti ganga vel fyrir sig. Þess var gætt að lögreglan yrði sem allra minnst sýnileg. Stjórnendur aðgerða voru óeinkennisklæddir við eftirlit sitt í Kvosinni. Kl. 14:01 tilkynnti ARM að hann hefði einn aðgerðaflokk til taks. Boðuð höfðu verið hávær mótmæli á Facebook, frá kl. 14:15 til kl. 15:15 við Alþingishúsið, til að minna á að heimilin í landinu væru að brenna undan skuldum. Kl. 14:11 tilkynnti ARM og KHP að þeir sæju enga mótmælendur í Kvosinni, en sáu að búið var að taka mótmælaspjöld, sem voru í gluggum á Höfðatúni 12, sem líklega yrðu notuð við mótmælin á Austurvelli. ARM tilkynnti að lögreglan yrði ekki sýnileg nema ef grípa þyrfti til aðgerða. Yfirbragðið var enn gott.

Kl. 14:23 tilkynnti ARM að um 30 manns væru á Austurvelli, berjandi potta og pönnur. Lét hann fjarlægja borða sem strengdur var um Alþingishúsið og meðfram Austurvelli. Þekktir mótmælendur stóðu að þessu, m.a. Bjarni Hannesson, Helga Björk og Kristín Snæfells Arnþórsdóttir. Kl. 14:35 var talið að um 50 manns væru komnir á Austurvöll, en allt rólegt.

Fólk var berjandi potta og pönnur. Þá var upplýst að verið væri að dreifa lykklum á meðal mótmælenda og tengdist það væntanlega aðgerðum Alþingis vegna skuldavanda heimilanna. Heyrst hafði af fyrirhuguðum aðgerðum mótmælenda, m.a. að kasta ætti lykklum í átt að þinghúsinu.

ARM tilkynnti um þrjá þekktanarkista, Kleópötru Mjöll, Steinar Kristinn Sigurðsson og Marcel Wojcik. Einnig sást Þórarinn Einarsson með þeim að banka á glugga þinghússins. Lögreglumenn fóru á staðinn og fylgdust með. Kl. 14:52 voru aðgerðarhóparnir kallaðir að Alþingishúsinu. Einnig var komið þeim skilaboðum til öryggisstjóra Landsbankans að heyrst hafi á tali anarkista á staðnum, að þeir ætli að heimsækja bankann. Kl. 14:58 bað ARM um einn lögreglumann til að aðstoða Kristinn Pedersen, varðstjóra, sem er fastur lögreglumaður í Alþingi, en verið var að hleypa almenningi inn á þingvallana á fund sem hófst kl. 15:00. Lögreglumenn fylgdust vel með öllum hliðum þinghússins til að hafa hemil á einstaka mótmælendum sem höfðu sig mest í frammi. Kl. 15:28 var mótmælendahópurinn farinn að þynnast, en ákveðið var að draga ekki strax úr styrk lögreglunnar. Allt var fremur rólegt og því ákveðið, um kl. 16:26, að aðgerðum lögreglu væri lokið.

Hvernig til tókst:

Allt gekk mjög vel fyrir sig. Lögreglan vaktaði vel þinghúsið og allt umhverfið og komust mótmælendur ekki lönd eða strönd í aðgerðum sínum. Enginn handtekinn og ekki þurfti að beita neinu afli eða búnaði til að halda í horfinu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Héraðsdómur Reykjavíkur, 14. apríl 2010

Lökenúmer: 007-2010-022865

Lögreglumenn við störf:

Stjórnendur aðgerða: ARM-8737, KHP-9804. Lögreglumenn: PRG-0116, JMJ-8616, LAP-0605, LH-0132, ÁPÁ-8912, ÞRJH-9927, HGK-0724, ÁB-8218, BHP-0221, MPP-8636, ÁS-8213, ÁF-8812, HL-9916, SMA-9829.

Skipulag:

Um var að ræða viðbúnað við Héraðsdóm vegna fyrirtöku máls þeirra sem voru ákærðir fyrir að ryðjast inn í Alþingishúsið 8. desember 2008. Hafði dómstóllinn óskað eftir nærveru lögreglunnar til að halda uppi almanna friði og reglu.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:00 og þeim lauk um kl. 16:00. Fjöldi lögreglumanna var 16 menn og tímafjöldi um 48 tímar.

Atvikalýsing:

Töluverður hiti var í samfélaginu vegna þessara réttarhalda og því talið nauðsynlegt að lögreglan yrði á staðnum. Fljótlega voru komnir um 70 manns við dómsal 101. Í upphafi höfðu einhverjir sett borða fyrir aðalinngan dómsins og stóð á honum „Heimavarnarliðið“, en borðinn var fjarlægður af lögreglu. Að öðru leyti kom ekki til afskipta lögreglu, en í nokkur skipti truflaði mannsöfnuðurinn dómarrann með klappi og upphrópunum. Nokkur fjöldi lögreglumanna var hafður inni í dómhúsinu á meðan þinghald fór fram, auk þess sem laus lögreglutæki voru ekki langt undan. „Landslið“ mótmælenda var mætt á vettvang, en m.a. var um að ræða eftirtalda aðila: Marcel Wojeik, Steinar Kristinn Sigurðsson, Birgitta Jónsdóttir, þingmaður, Jón Benedikt Hólm, Steinunn Gunnlaugsdóttir, Snorri Páll Jónsson og Páll Heiðar Magnússon.

Ljóst var að mótmælendur voru ekki sérstaklega ánægðir með veru lögreglumanna í upphafi og einhverjir létu þá heyra það. Allt gekk þó vel upp að lokum.

Hvernig til tókst:

Miðað við allan þann atgang og reiði sem í gangi var gekk allt vel upp án mikilla afskipta lögreglu. Enginn handtekinn, eða beittur aflsmuna af hendi lögreglu. Náðist að lempa þetta til eins og aðstæður leyfðu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Rauðilækur 23, Reykjavík, 20. apríl 2010

Lökenúmer: 007-2010-024456

Lögglumenn við störf:

ARM-8737 og KHP-9804.

Skipulag:

Öllum að óvörum var tilkynnt um mótmæli fyrir framan heimili Steinunnar Valdísar, alþingismanns.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 20:00 og þeim lauk kl. 21:00. Tveir lögglumenn sinntu þessu. Heildatímafjöldi um 4.

Atvikalýsing:

Þegar lögglu bárust fréttir af mótmælum við heimili þingmannsins var ákveðið að tveir stjórnendur aðgerðasveita færu á staðinn til að ræða við fólkið. Ákveðið að nokkrir lögglumenn yrðu til taks í nágrenninu. Komu um 23 mótmælendur að heimilinu. Var þeim bent á að litið væri á mótmæli við heimili fólks sem brot á friðhelgi einkalífs. Þeim jafnframt bent á að ef þeir létu ekki af þessum aðgerðum gætu þau átt von á að fá fyrir máli um að yfirgefa vettvang, sem síðan gæti leitt til þess að þau yrðu handtekin. Þessu hlýddi fólk ekki. Mótmælendur voru misánægðir með skilaboð lögglu og töldu þetta vera hótanir og sagði Björn Þorri Viktorsson, lögmaður, að lögreglan væri spillt, auk þess sem hann taldi ekki lagagrundvöll fyrir þessu. Tveir mótmælendur fóru að heimili þingmannsins og afhentu honum bréf.

Á vettvangi þekktu lögglumenn Björn Þorra, Pál Heiðar, Kristínu Snæfells Arnpórsdóttur auk eins forvígismanns hjá „Nýtt Ísland.“

Hvernig til tókst:

Eftir nokkrar fortölur lögreglu náðist að leysa þetta með sæmilegri sátt.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Þessa aðila í fundarherbergi á 4. hæðinni. Fleiri höfðu bæst í hópinn og voru komnir um 10 til 15 aðilar sem fóru á fundinn. Fundurinn gekk vel fyrir sig og yfirgaf fólkið síðan lögreglustöðina um kl. 12:12.

Hvernig til tókst:

Þrátt fyrir mikla spennu í dómhúsinu og reiði fólksins náðist að leysa verkefnið ágætlega. Tveir voru handteknir, en það náðist að halda öðrum í skefjum og lempa fólkið til.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Bréf frá Ragnari Aðalsteinssyni hrl., dagsett 30. apríl 2010, sent Helga Jónssyni, dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Þar kvartar hann yfir tálmunum á aðgangi að opnum réttarhöldum í sakamáli nr. 149/2010 í héraðsdómi Reykjavíkur. Sjá fylgiskjal nr. III.

Minnisblað frá ARM-8737 til lögreglustjóra LRH vegna ofangreinds máls er tveir menn voru handteknir í héraðsdómi Reykjavíkur:

Þann 27.04.2010 hafði Helgi Jónsson dómstjóri í héraðsdómi Reykjavíkur símasamband og tjáði undirrituðum að frávísunarkrafa vegna máls á hendur hinum svokölluðu „níu menningum“ sem ruddust inn á Alþingi þann 08.12.2008 yrði dómtekin 30.04.2010 klukkan 11:15. Jafnframt hafði komið fram í netmiðlum að fólk hygðist fjölmenna við dómshaldið og sýna þannig stuðning við þá ákærðu. Ljóst var að sumt af þessum fólki er þekkt fyrir að fara ekki alltaf með friði. Dómstjóri óskaði eftir að lögregla væri til taks þegar frávísunarkrafan yrði dómtekin og varð lögregla við þeirri ósk.

Þegar umrædd frávísunarkrafa var þingfest 14.04.2010 voru um 70 manns í dómsal 101 sem tekur ekki nema u.þ.b. 35 manns í sæti. Fólkið var með háreysti, áfengisþefur var af sumum og ljóst var að þarna var saman komið fólk sem þekkt er fyrir að haga sér ekki alltaf friðsamlega. Í samráði við dómstjóra og Pétur Guðgeirsson héraðsdómara var lögregla með viðbúnað á staðnum, en þó lítið sýnilegan. Einhverjir höfðu m.a. límt gulan borða merkt „Heimavamarliðið“ fyrir aðaldir Héraðsdóms. Dómstjóri óskaði þá eftir aðstoð lögreglu við að taka niður borðann. Jafnframt lá fyrir á netmiðlum að fólk hefði í hyggju að vera með einhver uppsteyt á vettvangi. Allt fór þó friðsamlega fram, en Pétur Guðgeirsson dómari þurfti að þola að fólk væri með háreysti í dómsalnum. Með hliðsjón af ástandinu við þingfestingu frávísunarkröfunnar mátti ætla að lögregla þyrfti að vera viðbúin þegar frávísunarkrafan yrði dómtekin.

Dómara og dómvörðum var ljóst að lögregla aðhefðist ekkert á vettvangi nema að eftir því væri óskað. Þrír dómverðir voru við dyr á dómsal 101 og ætluð þeir að tryggja að ekki færu fleiri inn í salinn en sæti væru fyrir. Skömmu áður en dómhald átti að hefjast óskuðu dómverðir eftir aðstoð lögreglu vegna aðila sem stóð innan við hurðina í dómsalinn og hvatti aðra til að koma inn þrátt fyrir bönn dómvarða þar um. Þessi aðili hafði að sögn ýtt

við tveimur dómvörðum og jafnframt slegið til annars þeirra. Dómverðir óskaðu eftir að þessum manni yrði vísað út. Sextán lögreglumenn voru staddir baka til í Héraðsdómi og átta til viðbótar voru tiltækir nágreininu. Þegar aðstoðarbeiðni barst frá dómvörðum voru í fyrstu aðeins sendir tveir lögreglumenn til þess að freista þess að leysa málin svo lítið bæri á. Lögreglumennirnir tveir ræddu við manninn sem var mjög æstur. Þegar honum var sagt að yfirgefa dómsalinn, neitaði hann strax og sagði að þetta væri opið þinghald og ekki kæmi til greina að hann færi. Öll sæti voru upptekin, auk þess sem nokkur fjöldi fólks stóð. Nokkur ókyrrð og hiti var í fólki og voru því kallaðir til fleiri lögreglumenn til aðstoðar ef fjarlægja þyrfti manninn með valdi, en þess má geta að umræddur maður er mjög sver (langt yfir 100 kíló að þyngd). Manninum var ítrekað vísað á dyr, en hann sinnti því engu. Á meðan á þessu stóð var nokkur háreysti í dómsalnum og ljóst að fólki var uppsigað við lögreglu. Þegar lögreglumenn hugðust leiða manninn út úr dómsalnum, greip annar maður sem stóð við hliðina á þeim handtekna í handlegg hans og hindraði þannig lögreglu við að flytja hinn handtekna út úr dómsalnum. Fjöldi fólks í dómsalnum virtist vera til í að hindra lögreglu við að koma hinum handtekna út. Því var ákveðið að fjarlægja báða mennina úr dómsalnum. Þeir veittu nokkra mótspyrnu við handtökuna og kræktu m.a. saman handleggjunum. Mennirnir voru losaðir frá hvor öðrum utan við dómsalinn og því næst færðir í „bensli“ (plast-handjárn). Annar mannanna er mjög þungbyggður og veitti hann nokkra mótspyrnu við handtökuna. Mennirnir voru því næst færðir á lögreglustöð, vistaðir í fangageymslu í nokkra stund, skýrsla tekin af þeim og í framhaldinu voru þeir frjálsir ferða sinna.

Pétur Guðgeirsson dómari óskaði eftir að lögregla væri í dómsalnum á meðan að frávísunarkrafan yrði dómtekin. Undirritaður ásamt Ásgeir Þór Ásgeirssyni aðalvarðstjóra frá RLS stóðu innan við hurð dómsalarins á meðan málið var dómtekið, en aðrir lögreglumenn yfirgáfu dómsalinn.

Austurvöllur, 1. maí 2010

Lökenúmer: 007-2009-060384

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjóm: ARM-8737, KHP-9804. Lögreglumenn: SSH-9912, BV-8603, IPS-8510, KS-8712, RHG-0215.

Skipulag:

Búist var við töluverðum fjölda fólks vegna baráttudags verkalýðsins og því talið rétt að vera með einhvern lágmarks viðbúnað til að grípa inn í ef eitthvað færi úrskeiðis.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 14:00 og þeim lauk um kl. 16:00. Fjöldi lögreglumanna voru 7 og heildartímafjöldi um 15.

Atvikalýsing:

Kröfuganga verkalýðsfélaganna fór frá Hlemmi að Austurvelli. Í göngunni tóku einhverjir sig út úr og brutu rúðu í Landsbankanum við Laugaveg 77 og Intrum við Laugaveg 99. Lögreglumaður og slökkviliðsmenn, sem voru í göngunni, handtóku menn á Laugavegi sem brutu rúðumar. Upplýsingar voru um að anarkistar, sem voru í göngunni, væru með grjót í poka og öryggishamra, til að brjóta rúður með. Handtekinn var [REDACTED], grunaður um rúðubrot í Intrum og bankanum. Kl. 14:59 fór fólki fækkandi á Austurvelli þar sem útifundi hafði verið slitið. Mótmælendur höfðu auglýst fund í framhaldi og því fylgst með honum. Var Þorvaldur Þorvaldsson, smiður, fundarstjóri þess fundar.

Kl. 15:32 tilkynnti ARM að hann og KHP hafi horft á mann, með barn um þriggja til fjögurra ára gamalt, henda egg í þinghúsið. Maðurinn hafði rétt barninu tvö egg sem það henti í þinghúsið. Þeir handtóku manninn, en hann kvaðst heita [REDACTED] og barnið [REDACTED]. Í öryggismyndavélum sást vel hvar þeir feðgar tóku upp á því að kasta eggjum í þinghúsið.

Kl. 15:55 tilkynnti ARM að dagskrá óopinbera fundarins væri lokið. Helga Björk mótmælandi og fleiri mótmælendur höfðu komið til lögreglumanna og „röflað“ í þeim, þar sem þeir stóðu við þinghúsið, vegna málsins í héraðsdómi í gær. Allt var orðið rólegt og því var viðbúnaði lögreglu hætt.

Hvernig til tókst:

Allt gekk vel fyrir sig, án mikilla afskipta lögreglu. Feðgar voru handteknir fyrir að kasta eggjum í þinghúsið. Þar var faðir að aðstoða ungan son sinn við verknaðinn. Að öðru leyti gekk allt vel fyrir sig.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Héraðsdómur Reykjavíkur, 12. maí 2010

Lökenúmer: 007-2010-030192

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, HPG-9801, SG-0227, ÓGS-0247, GJG-0110, RSP-0508, AÖS-0529, MJ-0712. **Flokkur 2:** BKB-0112, ÞAE-0129, ÁP-9101, GHM-0107, BÁ-0514, AFH-0631, ÁS-0632. Sérsvait RLS: AD-9205, TE-0209, JKP-0431. Aðrir lögreglumenn: JBS-0427, LH-0132.

Skipulag:

Helgi Jónsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, óskaði eftir viðveru lögreglu í dómnum um kl. 13:15, en þá yrði málf lutningur í máli „níumenninganna“ fyrir brot gegn Alþingi. Þá óskaði Pétur Guðgeirsson, dómari, eftir því að í dómssal yrðu tveir óeinkenndir lögreglumenn. Aukinn viðbúnaður var settur upp sem saman stóð af 21 lögreglumanni, auk þeirra sem voru á skylduvakt, en gripið yrði til þeirra ef á þyrfti að halda.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 12:40 og þeim lauk um kl. 14:30. Fjöldi lögreglumanna var 22 og heildartímafjöldi um 45.

Atvikalýsing:

Rétt fyrir kl. 13:00 var fólk komið inn á ganga dómhússins, en þó ekki farið að hleypa því inn í sal 101. Lögreglumenn sáu nokkra þekktu mótmælendur utan við dómhúsið og var búið að hengja upp fána Landsbankans, sem allur var útkrotaður. Stöðugur straumur var af fólki inn í dómhúsið. Óeinkenndir lögreglumenn, sem voru inn í dómsalnum, stóðu við dyrnar að innanverðu, til aðstoðar, að beiðni dómara. Mikill þrýstingur var frá fólki um að komast inn í dómsalinn þegar dyrnar voru opnaðar. Steinunn Gunnlaugsdóttir og Snorri Páll Jónsson veittust að lögreglumönnum, en þau ætluðu að opna fyrir þeim sem ekki höfðu komist inn í dómsalinn. Kallað var til fleiri lögreglumanna inn í dómhúsið til að ryðja frá dyrum og eins til að aðgæta með bakdyr að dómshúsinu. Lögreglumönnum á skylduvakt var því stefnt að dómhúsinu til aðstoðar. Reynt var að halda í horfinu og skapa frið í dómsalnum.

Kl. 13:37 var komin nokkur hreyfing á fólkið og það að mestu á leið út úr dómhúsinu. Haukur Hilmarsson, vel þekktur mótmælandi, gekk að lögreglubifreið og var að kanna hvort það væru einhverjir handteknir í höndum lögreglu. ARM taldi að um 200 manns hafi verið í dómhúsinu. Sex lögreglumenn urðu að verjast árás fólks sem var á ganginum í dómhúsinu og inni í dómsal kom til handalögmála við tvo óeinkennda lögreglumenn, þar sem nokkrir af þeim ákærðu inni í dómsalnum veittust að þeim og ætluðu að opna hurðina. Töluvert marraði í hurðinni við þungann, en fyrirstaða lögreglumanna var traust

og þung. Einn mun hafa verið handtekinn á staðnum. ARM sagði að fjöldi lögreglumanna á staðnum hafi þjargað að ekki fór allt úr böndum. Dómarinn sleit réttarhaldinu vegna þessara aðstæðna. Nokkur hópur mótmælenda stóð fyrir utan dómhúsið eftir að réttarhaldinu lauk. Dómverðir tilkynntu lögreglu að þeir teldu að um 400 manns hafi verið í dómhúsinu þegar mest var. Haft var eftirlit með dómhúsinu nokkru eftir þetta, en ekkert bar frekar til tíðina.

Handtekinn var [REDACTED]. Hann hafði gengið fram fyrir skjöldu og hvatt fólk til að fara gegn fyrirmælum lögreglu og skapaði þetta framferði hans mikinn þrýsting á lögregluna og alvarlegt ástand. Hann var færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu og yfirheyrður þar. Vildi hann ekkert tjá sig um sakarefnið..

Hvernig til tókst:

Nokkuð vel tókst til af hálfu lögreglunnar. Ljóst var að það stefndi í töluverð átök, en lögreglan var það vel mönnum að hún náði strax tókum á ástandinu. Mátti þó litlu muna að ekki færi mun verr og skynjaði dómari málsins að ekki væri hægt að halda áfram réttarhaldinu við svo búið og sleit því.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Austurvöllur, 14. maí 2010

Lökenúmer: 007-2010-030916

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** SJ-9814, GF-0218, LAP-0605, DÖD-0781, KÆK-0204, JG-0222, JBS-0427, AÖS-0529. **Flokkur 2:** GHS-9411, JKG-9116, ÁP-9101, LH-0132, SPÓ-0406, HH-0436, AFH-0631, ÁS-0632. Sérsvait RLS: AE-9717, SÁR-0521.

Skipulag:

Ákveðið að auka viðbúnað vegna tónleika á Austurvelli kl. 14:00. Lögreglumenn yrðu til taks ef á þyrfti að halda en haldi sér til hlés að öðru leyti.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:30 og þeim lauk kl. 16:30. Fjöldi lögreglumanna var 20 og heildartímafjöldi um 60.

Atvikalýsing:

Ýmsir tónlistarmenn höfðu boðað til tónleika á Austurvelli til styrktar „níumeningunum“, sem ákærðir voru fyrir að raska friði Alþingis þann 8. desember 2008. Mikill mannfjöldi var í miðborginni, en allt fór vel fram. Ekki kom til afskipta lögreglu vegna þessarar upptöku.

Hvernig til tókst:

Allt gekk mjög vel fyrir sig.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Héraðsdómur Reykjavíkur, 17. maí 2010

Lökenúmer: 007-2010-031463

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804, ÁS-8213. **Flokkur 1:** IPS-8510, ÁP-9101, HPG-9801, RHG-0215, GF-0218, BHP-0221, HG-0429. **Flokkur 2:** SJ-9814, ÞRJH-9927, LH-0132, KÆK-0204, BÁ-0514, HSP-0604, ÁS-0632, ÓMA-0634, BK-0761.

Skipulag:

Hafður uppi viðbúnaður við Héraðsdóm Reykjavíkur vegna dómtöku máls gegn aðila sem hafði ekki hlýtt fyrirætlunum lögreglu þegar hann mótmælti við sendiráð Bandaríkjanna við Laufásveg.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 11:30 og þeim lauk kl. 13:00. Fjöldi lögreglumanna var 19 og heildartímafjöldi um 25.

Atvikalýsing:

Það höfðu um 90 manns staðfest á Facebook að þeir myndu mæta í héraðsdóminn til að mótmæla réttarhaldinu. Hafði fólk það fyrst komið að sendiráðinu, en farið þaðan fljótlega og

engin afskipti höfð af þeim þar. Um 40 manns voru mættir í dómhúsið og þar fór allt vel fram. Að loknu þinghaldi hélt hópurinn aftur að sendiráðinu. Safnaðist hópurinn saman við aðalinngang hússins og óskuðu starfsmenn þess eftir aðstoð lögreglu við að vísa fólkinu út af „öryggissvæði“ (ætlaður rammi frá útidyrum að mjög stórum steinklumpum sem eru þar framan við bílastæðin). Lögreglumenn höfðu tal af fólkinu sem vildi ekki færa sig, en lögreglumenn komu því frá hurðinni í rólegheitum. Allt fór friðsamlega fram og mótmælin leystust síðan upp um kl. 13:00.

Hvernig til tókst:

Allt gekk vel fyrir sig með þrautseigju og lempni.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Stjórnarráðið, 25. maí 2010

Lökenúmer: **007-2010-033448**

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737. **Flokkur 1:** BB-8826, AS-9803, LH-0132, JBS-0427, ESE-0428, HSP-0604, ÓMA-0634, BK-0761. **Flokkur 2:** ÞJS-8110, EBS-9122, GF-0218, ÁÖG-0333, SPÓ-0406, AÖS-0529, AFH-0631, ÁS-0632. Sérsvait RLS: ÞEK-8905, JP-0421, HE-9703, EÓJ-9516, BS-0527.

Skipulag:

Boðuð höfðu verið mótmæli við Stjórnarráðið á meðan fundi ríkisstjórnar stæði þar yfir. Að fundarboðinu stóðu „Heimavarnaliðið“, Margrét Jónssóttir og Birgitta Jónsdóttir, þingmaður, en hún hafði á bloggsíðu sinni hvatt fólk til að mæta. Ekki var tímasetning mótmælanna á hreinu, en ákveðið að lögreglan yrði með viðbúnað. Lögreglumenn áttu að vera sem minnst sýnilegir og ekki grípa inn í nema ástandið myndi skapa það.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófst um 11:00 og þeim lauk kl. 12:00. Fjöldi lögreglumanna var 21 og heildartímafjöldi um 22.

Atvikalýsing:

Lögreglumenn voru komnir á staðinn og í næsta nágreppi við hann um kl. 11:15 og voru þá mjög fáir mættir. Jón Unndórsson, einn af „Heimavarnaliðinu“, var mættur svo og fulltrúar fjölmiðla. Mótmælendur fóru smá saman að tínast á staðinn og um kl. 11:25 var talið að um 30 manns væri mætt og það klætt í gráa ruslapoka. Einhverjir tóku upp á því að hengja borða upp á stytturnar við Stjórnarráðið, sem voru í litum íslenska fánans. Fólkið færði sig nær Stjórnarráðinu, en allt var með ró og spekt. Ekki þurfti að bregðast við þessu. Þá var borði settur upp fyrir útidyr Stjórnarráðsins þar sem 30 til 40 manns voru, en aðrir stóðu á lengdar og fylgdust með. Kl. 11:35 tilkynnti ARM að allt væri enn mjög rólegt. Áhorfendur, sem ekki tilheyrðu mótmælendum, færðu sig nær Stjórnarráðinu og giskaði hann á að um 60 manns væru þar komnir á grasbalann. ARM upplýsti að ríkisstjórnarfundurinn hefði verið búinn áður en mótmælin hófust. Helga Björk og Birgitta Jónsdóttir virtust standa fyrir einhverjum ræðuhöldum utan við húsið. ARM hafði verið í sambandi við öryggisfulltrúa Stjórnarráðsins og gerðu þeir engar athugasemdir við framkvæmdina.

Kl. 11:47 tilkynnti ARM að hreyfing væri komin á fólkið og virtist sem mótmælin væru að leysast upp. Einhverjir úr hópi mótmælenda gengu upp Hverfisgötu í átt að skrifstofu Alþjóðagjaldeyrirsjóðsins við Hverfisgötu 6. Um kl. 12:05 voru enn um 30 manns á Lækjargötunni, en fjölmiðlar famir. Öllu lokið um kl. 12:09.

Hvernig til tókst:

Allt gekk mjög vel fyrir sig og engin afskipti lögreglu af mótmælendum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Stjórnarráðið, 1. júní 2010

Lökenúmer: 007-2010-035341 og -035501

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** UMÁ-0103, ÁÖG-0333, LH-0132, RHG-0215, SG-0227, HG-0429, HPG-9801. **Flokkur 2:** SJ-9814, GR-0106, HH-0323, SPÓ-0406, JBS-0427, HH-0436, ÓMA-0634, AÖS-0529. Sérsvait RLS: EM-0128, ÓSJ-0340, EJ-0307, HIH-0715.

Skipulag:

Kl. 09:30 voru boðuð mótmæli við Stjórnarráðið á meðan að fundur ríkisstjórnar stæði yfir. Að fundarboðinu stóðu „Heimavarnarliðið“, Margrét Jónsdóttir o.fl. Ákveðið var að lögreglan verði með aukinn viðbúnað og að ekki verði gripið inn í, ef mótmælin verða friðsöm.

Þá var búist við mótmælum við Héraðsdóm Reykjavíkur og bandaríska sendiráðið vegna fyrirtöku á máli í dóminum er varðaði [REDACTED]. Hafði honum verið boðin sátt, sem hann hafnaði, en tók sér frest til að taka afstöðu til ákæruefnis í síðustu fyrirtöku. Ákveðið að lögreglan yrði til taks til að grípa inni í ef á þyrfti að halda.

Tímalengd aðgerða:

Um tvær aðgerðir var að ræða þennan dag, það var frá kl. 08:30 til 11:00 og 12:00 til kl. 15:00. Fjöldi lögreglumanna í þessum aðgerðum var 21 og heildartímafjöldi um 116.

Atvikalýsing:

Fyrri mótmælin voru við Stjórnarráðið. Talið var að um 20 til 25 manns hafi mætt þar til mótmæla þegar mest var. Fór allt fram með friðsömum hætti og kom Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra í fjarveru Jóhönnu Sigurðardóttur, forsætisráðherra, út á tröppur Stjórnarráðsins, og ræddi við mótmælendur. Eftir þetta fór fólk að tínast í burtu og allir farnir þegar ríkisstjórnarfundi lauk um kl. 10:55. Allt gekk vel fyrir sig.

Seinni mótmælin voru þegar mál Lárusar Pálssonar var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur. Voru þar komnir um 12 manns, en fóru fljótlega út úr dómhúsinu og héldu að sendiráði Bandaríkjanna. Þar voru fyrir nokkrir lögreglumenn. Lögregluborði var strengdur við sendiráðið og mótmælendum kynnt að þeir mættu mótmæla, en ekki fyrir innan lokun lögreglu. Starfsmaður sendiráðsins vildi ekki taka við bréfi mótmælenda. Lögreglan ætlaði ekki að hafa nein afskipti af fólkinu, nema skemmdarverk eða eitthvað álíka ætti sér stað við sendiráðið. Kl. 13:53 tilkynnti ARM að mótmælendur hafi haldið á brott frá sendiráðinu, en ekki væri ljóst hvað það ætli sér fyrir og því ákveðið að lögregla fylgdi þeim eftir. Ákveðið að hafa áfram lögregluvakt við sendiráðið, enda kom í ljós að mótmælendur komu þangað aftur. Allt fór fram með friði og spekt þó svo að mótmælendur hafi komið og farið að og frá sendiráðinu í nokkur skipti. Var því ákveðið að leysa upp sérstakan viðbúnað lögreglu. Um kl. 14:54 hringdi Björn Zoega, starfsmaður sendiráðsins, og sagði að tveir mótmælendur væru komnir að útidyrhurð sendiráðsins og berðu hana að utan. Lögreglumenn voru sendir á staðinn, en í því gerði rigningarskúr og þessir mótmælendur, Lárus Páll og Vésteinn, gengu í burtu án afskipta lögreglu.

Hvernig til tókst:

Allt gekk mjög vel fyrir sig og þurfti lögreglan lítil afskipti að hafa af mótmælendum sem fóru með friði og spekt.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Austurvöllur, hátíðardagskrá 17. júní 2010

Lökenúmer: 007-2010-039050

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: HJ-7711, EB-7306.

Vettvangsstjórn: GJP-7607, ÁS-8213. Stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** PJS-8110, GHS-9411, PAE-0129, JBS-0427, AÖS-0529, SBA-0602, GST-0606, BK-0761. **Flokkur 2:** UMÁ-0103, GF-0218, HPG-9801, SG-0227, SPÓ-0406, RG-0603, ÓMA-0634, BFG-0734. **Flokkur 3:** IPS-8510, ÁP-9101, GBÁ-8831, GHM-0107, SÖS-0126, LH-0132, LAP-0605, JPE-0416. **Flokkur 4:** EBS-9122, PRG-0116, BHP-0221, JG-0222, ESE-0428, RSP-0508, HPT-0621, MJ-0712. Aðrir lögreglumenn: KÆK-0204, HBS-0422, BÁ-0514, ÁS-0632. Vegna hátíðarhaldanna var einnig 12 manna heiðursvörður ásamt stjórnanda, hefðbundin öryggisgæsla í Dómkirkjunni og Alþingi.

Skipulag:

Fyrir utan hefðbundið skipulag vegna hátíðarhalda 17. júní við Alþingi, Dómkirkju og Austurvöll, var ákveðið að lögreglan yrði með aukin viðbúnað vegna tíðra mótmæla sem gætu sett svip sinn á hátíðarhöldin. Því voru mannaðir fjórir aðgerðahópar sem yrði viðbót við hefðbundna löggæslu á þessum degi. Aðgerðarhópar yrðu ekki sýnilegir, heldur tilbúnir í nágrenni hátíðarsvæðis til að grípa inn í ef eitthvað færi úrskeiðis. Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð fylgdist vel með eftirlitsmyndavélum og gæfi upplýsingar um stöðuna til stjórnenda aðgerðaflokka. Vettvangsstjórnendur yrðu sýnilegir ásamt lágmarks fjölda lögreglumanna við Alþingi, Dómkirkju og Austurvöll.


Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 09:00 og þeim lokið um kl. 12:00. Fjöldi lögreglumanna var 42 og heildartímafjöldi því um 126.

Atvikalýsing:

Allt gekk fyrir sig eins og hefðbundið er á svona degi. Fátt fólk var komið á Austurvöll til að fylgjast með hátíðardagskránni, en flest þrúðbúið fólk, sem lagt hefur í vana sinn í gegnum árin að vera viðstatt hátíðardagskrá lýðveldisdagsins. Því var megininn þunginn lagður í að kanna hvort þekktir mótmælendur kæmu á staðinn til að setja mark sitt á hátíðarhöldin. Kl.

10:47 var talið að rúmlega 200 manns væri á Austurvelli, en fór fjölgandi. Veður var gott, andvari og skýjað, en þó með sólarglennu. Lögreglumenn voru settir við lokanir lögreglu framan við Alþingi og inn á Austurvöllinn. Settir höfðu verið upp steyptir stólpar og á þá festir kaðlar og þess gætt að enginn færi þar inn fyrir. Kl. 11:37 var talið að á annað þúsund manns væru á Austurvelli. Ekki sást til þekktra mótmælenda og því fór allt mjög vel fram, án afskipta lögreglu.



Hvernig til tókst:

Allt gekk ljómandi vel fyrir sig.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Héraðsdómur Reykjavíkur, 22. júní 2010

Lökenúmer: 007-2010-040159

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: KHP-9804, ÁS-8213. **Flokkur 1:** AS-9803, ÁÖG-0333, AÖS-0529, SPÓ-0406, JG-9116, GBÁ-8831, LH-0132. Sérsvait RLS: EÓJ-9516, BS-0527, HE-9703, JP-0421.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna fyrirtöku máls [REDACTED] í Héraðsdómi Reykjavíkur. Lögreglumenn verði til taks og grípi inn í ef á þarf að halda.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 09:00 og lauk um kl. 12:00. Fjöldi lögreglumanna var 13 og heildartímafjöldi um 39.

Atvikalýsing:

Lögreglumenn voru tiltækir í héraðsdómi, en allt fór vel fram og þurfti ekki að hafa nein afskipti af þeim sem komu að máli [REDACTED]. Eftir að þinghaldinu lauk fór [REDACTED] við annan mann að sendiráði Bandaríkjanna. Þar stóðu þeir í u.þ.b. 5 mínútur með spjöld á lofti. Allt fór vel fram og sögðust þeir félagar ætla að koma aftur að sendiráðinu eftir að dómur félli í málinu.

Hvernig til tókst:

Allt gekk mjög vel fyrir sig og engin afskipti lögreglu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Héraðsdómur Reykjavíkur, 28. júní 2010

Lökenúmer: 007-2010-041696

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: HJ-7711, EB-7306.

Vettvangs- og stjórn aðgerðasveita: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, GHS-9411, GHS-9411, GJG-0110, GHM-0107, JBS-0427, LH-0132, SPÓ-0406, HH-0436. **Flokkur 2:** BB-8826, IPS-8510, HPG-9801, PAE-0129, JGP-9709, SG-0227, ÓGS-0247, SBA-0602. **Flokkur 3:** UMÁ-0103, PRG-0116, HH-0323, HBS-0422, BÁ-0514, AÖS-0529, AFH-0631, DÖD-0781, Aðrir lögreglumenn: JGS-9932, ÁS-0528, JGS-0635. Sérsvait RLS: EM-0128, EJ-0307.

Skipulag:

Fyrir lá beiðni frá Helga I. Jónssyni, dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, um aðkomu lögreglu til að tryggja að starfsemi dómsins gæti farið fram án truflunar. Aukinn viðbúnaður lögreglu var því skipulagður. Taka átti fyrir mál „níumeninganna“, sem ruddust inn í Alþingi 8. desember 2008.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 08:00 og þeim lauk um kl. 09:30. Fjöldi lögreglumanna var 34 og heildartímafjöldi um 51.

Atvikalýsing:

Strax kl. 08:22 voru komnir nokkrir tugir einstaklingar á staðinn og fór lögreglan í að fylgjast vel með dómhúsinu. Töluvert var komið af fjölmiðlafólki við dómhúsið. Kl. 08:26 opnuðu dómverðir húsið og þurftu lögreglumenn að aðstoða þá við það. Ákveðið var að telja inn í húsið, en dómstjóri hafði ákveðið það. Myndaðar voru tvær raðir, í annarri væru sakborningar, en í hinni verjendur og aðrir áheyrendur. Ekki var fleirum hleypt inn í húsið en dómsalurinn gat rúmað. Fljótlega fylltist salurinn og þegar hann var fullsetinn var húsinu lokað. Var talið að um 15 manns stæðu fyrir utan dómhúsið sem ekki hafi komist inn. Lögreglumenn þekktu þarna m.a. Ragnheiði Ástu Pétursdóttur, Hauk Hilmarsson, Steinar, Snorra Pál, Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur, Birnu Þórðardóttur og Lárus Pálsson. Allt var með ró og spekt inni í dómhúsinu. Rétt fyrir kl. 09:00 var dómþingi lokið og fólk gekk út og stóð á Lækjartorginu. Fljótlega dreifðist fólk og viðbúnaði lögreglu þá létt.

Hvernig til tókst:

Allt gekk vel fyrir sig inni í dómhúsinu og fyrir utan enda lögreglan mjög fjölmenn og hafði góð tök á aðstæðum. Allt fór friðsamlega fram.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Seðlabanki Íslands, 30. júní 2010

Lökenúmer: 007-2010-042137

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** EBS-9122, GF-0218, LAP-0605, SPÓ-0406, KÆK-0204, HBS-0422, BÁ-0514, AFH-0631. **Flokkur 2:** GHS-9411, ÁP-9101, IMI-0234, GBÁ-8831, HH-0436, MJ-0712, GST-0606, EJ-0611. Sérsvait RLS tiltækir á 2 bílum: ÁPÁ-9812, HV-0211, EM-0128, ÓSJ-0340.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna hugsanlegra viðbragða við útspili Seðlabankans og FME vegna gengistryggðra lána, auk þess sem ríkisstjórnarfundur yrði kl. 09:30.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 09:00 og þeim lauk um kl. 14:00. Fjöldi lögreglumanna var 22 og heildartímafjöldi um 110.

Atvikalýsing:

Í framhaldi af tilkynningu sem lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu barst seint daginn áður, um að blaðamannafundur yrði haldinn í Seðlabankanum og ríkisstjórnafundur í framhaldi af þeim blaðamannafundi, var ákveðið að hafa tiltækan viðbúnað hjá lögreglu. Tilgangur með honum var að bregðast við ef tilefni gæfist til og eins að halda uppi allsherjarreglu. Öryggisfulltrúi Alþingis og öryggisfulltrúa Stjórnarráðsins gert viðvart um viðbúnaðinn. Ekki gerðist neitt það sem kallaði á viðbrögð lögreglu.

Hvernig til tókst:

Allt gekk mjög vel fyrir sig.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Seðlabanki Íslands, 5. júlí 2010

Lökenúmer: 007-2010-043151

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: EB-7306. Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** PJS-8110, GHS-9411, JGP-9709, AÖS-0529, LH-0132, RHG-0215, HH-0323, GBS-0626. **Flokkur 2:** SJ-9814, GF-0218, HG-9801, SBA-0602, GST-0606, SPÓ-0406, ÓGS-0247, LAP-0605. **Flokkur 3:** PRJH-9927, KÆK-0204, SG-0227, HBS-0422, HG-0429, HH-0436, RG-0603, JPE-0416. Sérsvait RLS tiltæk í bíl SÆS-9407, BMV-0739, ÁGG-0246.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna fyrirhugaðra mótmæla við bankann þennan dag með því að hafa lögregluna vel mannaða til að halda uppi allsherjarreglu. Rætt við öryggisstjóra Stjórnarráðsins og Seðlabankans og SHS gert viðvart.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 12:00 og þeim lauk um kl. 15:30. Fjöldi lögreglumanna var 30 og heildartímafjöldi um 105.

Atvikalýsing:

Rétt um kl. 12:00 voru komnir um 30 til 40 manns við Seðlabankann sem voru staðsettir við aðalinnganginn. Sjá mátti aðila gefa mótmælendum bendingu um að koma nær dyrum bankans og færði fólkið sig nær, en var rólegt. Auðsjáanlega fjölgaði í hópnum, en þar var ekki að sjá þekkta mótmælendur. Kl. 12:18 var talið að um 300 manns væru komnir að bankanum. Margir stóðu nokkuð frá og virtust ekki vanir mótmælum. Síðar mátti sjá nokkra þekkta mótmælendur vera komna í hópinn, s.s. Birgittu Jónsdóttir, alþingismaður. Mótmælin gengu út á að skapa sem mestan hávaða, en ekki ræðuhöld.

Kl. 12:31 tilkynnti ARM að nokkrir mótmælendur hafi farið að hurðum bankans og berðu á öryggisgler, en þar væru á ferðinni nokkrir þekktir mótmælendur. Í fréttum RÚV heyrðist að um 400 manns væru komnir við bankann. ARM var staddur á 5. hæð bankans og sá vel yfir og sýndist honum ekki fjölga í hópnum. Þá tilkynnti ARM að maður á mótörhjólum æki á ytri hurð á aðalinngangi bankans, en þar var kominn einn aðgerðaflokkur. Rétt um kl. 13:00 hafði töluvert fækkað í hópi mótmælenda. ARM tilkynnti að þrjár sendibílar frá Nýju Sendibílastöðinni væru skildir eftir til að loka Sölvhólsstöðu/Ingólfsstræti. Þá tilkynnti ARM að það sæist til manna bera vörubretti að bankanum. SHS var gert viðvart.

Kl. 13:08 gaf ARM fyrirmæli um að fólk yrði fært frá aðaldyrum bankans og einnig yrði allt drasl fjarlæggt, sem borið hafði verið að húsinu enda talin hætta á að kveikt yrði í draslinu. Það náðist í bílstjóra sendibílanna og þeim gert að færa þá. Talið var að um 100 manns væru enn eftir á staðnum.

Birgitta Jónsdóttir, alþingismaður, hélt ræðu og notaðist við gjallarhorn. Kl. 13:24 var maður handtekinn við Seðlabankann, [REDACTED]. [REDACTED] hafði ekki hlýtt fyrirmælum lögreglu um að færa sig inn fyrir línu sem lögreglan hafði myndað. Stökk hann á lögreglumenn, sem endaði með því að hann var handtekinn og fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu og mál hans afgreitt þar.

Öryggisstjóri Seðlabankans tilkynnti að allt rusl hafi verið fjarlæggt. ARM gaf fyrirmæli um að fólk yrði ýtt frá húsinu, þar sem einhverjir væru að hengja drasl utan á húsið og hætta á íkveikju. Þá sást að fólk var farið að dreifa sér og talið að um 20 manns væri enn eftir. Nokkurn tíma tók að koma þeim síðustu í burtu. Ellen Kristjánsdóttir stóð við útidyrnar, þar sem staflað hafði verið upp vörubrettum. Henni voru gefin fyrirmæli um að færa sig frá. Hún neitaði því og var henni þá ýtt í burtu og veitti hún lögreglumanni mótspyrnu. Að lokum lognuðust mótmælin út af og allir komu sér í burtu.

Hvernig til tókst:

Allt gekk nokkuð vel fyrir sig. Þurfti lögreglan að hafa nokkuð fyrir því að halda mótmælendum í skefjum, en handtaka þurfti aðeins einn aðila. Átök voru með minnsta móti.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Stjórnarráðið - Alþingi – Seðlabanki, 6. júlí 2010

Lökenúmer: 007-2010-043289

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: EB-7306.

Vattvangs- og aðgerðaflokkastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** PRJH-9927, GHS-9411, ÁP-9101, LH-0132, GF-0218, HH-0323, SPÓ-0406, AÖS-0529, BK-0761. **Flokkur 2:** ÞJS-8110, SJ-9814, SBA-0602, HPT-0621, GBS-0626, RHG-0215, ÓGS-0247, JGP-9709. Sérsvait RLS tiltækir í bíl: SÆS-9407, ÁGG-0246, BMV-0739.

Skipulag:

Ákveðið að auka viðbúnaður vegna fyrirhugaðra mótmæla þennan dag. Samkvæmt upplýsingum úr netheimum voru fyrirhuguð mótmæli við Stjórnarráðið kl. 09:30, Seðlabankanum kl. 12:00 og Alþingi um kl. 18:00. Aðgerðarstjórn myndi fylgjast með eftirlitsmyndavélum og gefa upplýsingar. Verklagið var að halda uppi allsherjarreglu og koma í veg fyrir eignaspjöll og líkamsmeiðingar.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 09:00 og þeim lauk um kl. 13:30. Fjöldi lögreglumanna var um 23 og heildartímafjöldi um 104.

Atvikalýsing:

Talið var að um 10 mótmælendur væru komnir við Stjórnarráðið um kl. 09:30 og voru þeir með spjöld. Ekki var að sjá að mikið fjölgaði í hópnum, en þeir sem komnir voru stóðu á grasbletti við tröppur Stjórnarráðsins. Þekkja mátti nokkra þeirra sem komið höfðu við sögu í mótmælum að undanförmu. Lögreglumaður, sem sinnir dagsdaglega öryggisgæslu í Stjórnarráðinu, opnaði útidyr og ræddi við einn mótmælendann, allt mjög rólegt.

Kl. 10:33 fór einn aðgerðarflokkur í hvíld á lögreglustöð, því ekkert hafði fjölgað í hópi mótmælenda, sem börðu potta og pönnur. Kl. 10:41 sáu lögreglumenn hvar skoteldi var skotið frá bifreiðinni AP-233, þar sem hún var staðsett í Hafnarstræti við Lækjargötu. Eigandi skráður í Borgarnesi og því rætt við Theodór Þórðarson, yfirlögregluþjón í Borgarnesi, sem upplýsti að á bílnum væri maður að nafni Ferdinand og væri hann ekki þekktur af neinu misjöfnu. Þá tók fólk upp á því að berja glugga og rennur Stjórnarráðsins, en lögreglan fylgdist vel með. Kl. 11:20 var sagt í fréttum RÚV að um 40 manns væri statt við Stjórnarráðið, en þar var töluverður mismunur á fjölda miðað við það sem lögreglan sá

í eftirlitsmyndavélum. Kl. 11:33 hitti ARM [REDACTED], sem handtekinn var í gær við Seðlabankann. Hann var sáttur við aðgerðir lögreglunnar og skýringar hennar á handtöku hans. Óskaði hann eftir að fá aftur pottinn sinn, sem af honum var tekinn, og ætlaði ARM að skoða það. Ráðherrar streymdu úr Stjórnarráðinu og tóku mótmælendur þá tali, en nokkrir ráðherrar voru enn eftir í húsinu.

Kl. 11:46 yfirgáfu mótmælendur Stjórnarráðið og var talið að þeir myndu mæta við Seðlabankann og ráðstafanir gerðar varðandi það af hálfu lögreglu. Fljótlega birtust um 15 til 18 manns við bankann og skömmu síðar voru komnir um 20 til 30 manns. Kl. 12:28 var áætlað að um 200 manns væri á staðnum, en allt rólegt. Allt gekk nokkuð vel fyrir sig og ekki þurfti að hafa afskipti af mótmælendum.

Viðbúnaður var hafður við Alþingi kl. 18:00 en ekki mættu margir þá og lögreglan þurfti engin afskipti að hafa af mótmælendum.

Hvernig til tókst:

Allt gekk nokkuð vel fyrir sig. Umfangið nokkuð mikið en allt fór fram með friði.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Seðlabankinn, 7. júlí 2010

Lökenúmer: 007-2010-043528

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: EB-7306.

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** PRJH-9927, IPS-8510, SJ-9814, HH-0323, SBA-0602, HPT-0621, SPÓ-0406, AFH-0631. **Flokkur 2:** PJS-8110, EBS-9122, JGP-9709, SG-0227, RHG-0215, BÁ-0514, GBS-0626, ÁS-0632. Sérsvait RLS tiltækir: SÆS-9407, BMV-0739, ÁGG-0246.

Skipulag:

Ákveðinn aukinn viðbúnaður vegna boðaðra mótmæla við Seðlabankann kl. 12:00. Lögreglumenn yrðu á vettvangi og tiltækir til að grípa inn í ef á þyrfti að halda.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 11:30 og þeim lauk um kl. 14:00. Fjöldi lögreglumanna var 21 og heildartímafjöldi um 53.

Atvikalýsing:

Fljótlega eftir boðuð mótmæli voru komnir um 50 manns á staðinn, en fólkíð nokkuð dreift um svæðið við bankann. Þarna þekktust þeir Björn Þorri Viktorsson, Páll Heiðar og Kristín Snæfells. Allt með friði og spekt. ARM hafði samband við öryggisstjóra Seðlabankans og hélt honum upplýstum. Nokkrir fimleikamenn sýndu listir sínar á torginu framan við bankann. Um kl. 12:38 var talið að um 100 manns væru komnir, en heldur tók að fækka í hópnum. Þá sást til Helgu Bjarkar, þekktu mótmælanda, að henda brauði upp á þak bankans í von um að fiðurfé kæmi á staðinn. Hún notaði sömu aðferð við Alþingishúsið, þar sem hún fóðraði fiðurfé á gangstétt við þinghúsið. Kl. 13:01 tilkynnti ARM að mótmælendur væru að fara frá bankanum og væri á leið að skrifstofu AGS við Hverfisgötu.

Um kl. 13:10. tilkynnti ARM að um 40 manns væri komið að skrifstofu AGS og berði þar á glugga og framkallaði hávaða og voru lögreglumenn sendir á staðinn. Fljótlega fækkaði í hópnum, en áfram töluverður hávaði. Ákveðið að leyfa því að ganga áfram án afskipta. Fljótlega hurfu mótmælendur á braut og um kl. 13:30 voru allir farnir. Það heyrðist að mótmælendur ætluðu aftur að mótmæla daginn eftir við AGS. Þegar þeir voru að fara á brott kom Nissan Jeppi, IL-989, bakkandi upp að innkeyrslu að porti við AGS og mótmælaspjöld sett inn í bifreiðina. Skráður eigandi bifreiðarinnar er Hörður Ingvaldsson, kt. 121060-3539. Bifreiðinni var ekið að Seðlabankanum þar sem Jón Unndórsson tók saman mótmælaspjöld og setti inn í bifreiðina. Lauk þar með mótmælum þennan daginn.

Hvernig til tókst:

Allt gekk nokkuð vel fyrir sig og þurfti lögreglan lítil afskipti hafa af mótmælendum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Seðlabankinn, 8. júlí 2010

Lökenúmer: 007-2010-043722

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** ÞJS-8110, GBÁ-8831, HH-0323, AÖS-0529, AFH-0631, EBS-9122, SG-0227, JBS-0427, SBA-0602. Sérsvait RLS tiltækir: SÆS-9407, BMV-0739, ÁGG-0246

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna boðaðra mótmæla við bankann kl. 12:00 svo og við skrifstofu AGS við Hverfisgötu. Sama skipulag og í aðgerðum lögreglu að undanfögnu.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 11:30 og þeim lauk um kl. 14:00. Fjöldi lögreglumanna var 14 og heildartímafjöldi um 35.

Atvikalýsing:

Rétt fyrir kl. 12:00 var einn mótmælandi mættur fyrir framan Stjórnarráðið með skilti, sem á stóð: „Skugga ríkisstjórn Íslands AGS RÍAEÓ.“ Annar mótmælandi bættist við með eldhúsahöld. Um kl. 12:00 voru komnir um 17 mótmælendur við bankann. Fljótlega eftir þetta voru komnir einir þrír til viðbótar og gengu þessir 20 mótmælendur frá bankanum og að skrifstofu AGS. Þar bættust við um 30 manns. Enginn starfsmaður AGS var á staðnum, voru í mat. Það sást í eftirlitsmyndavél að Birgitta Jónsdóttir, Páll Heiðar og Nikulás ljósmyndari, sem alltaf er við öll mótmæli. líklega aðdáandi Helgu Bjarkar, Kristín Snæfells, Þorvaldur Þorvaldsson, Þorleifur borgarfulltrúi VG, Bjarni Hannesson og Jón Unndórsson voru mætt á staðinn. Mótmælendur lögðu mikið upp úr miklum hávaða eins og fyrr. Þá sást til Helgu Bjarkar vera að skrifa á húsnæði AGS með krít, en ákveðið að láta það afskiptalaust. Kl. 12:46 fækkaði heldur í hópnum. Kristín Snæfells hafði farið með gjallarhorn út á Hverfisgötuna til að hvetja fólk til að mæta á staðinn.

Kl. 12:48 tilkynnti lögreglumaður í Stjórnarráðinu um að Þorvaldur Þorvaldsson væri farinn að berja á glugga húsnæðis AGS með járnstöng. Þetta var strax skoðað. Engar skemmdir voru unnar á húsnæðinu. Kl. 13:04 tilkynnti ARM að mótmælendur væru að fara, en boðuðu komu sína daginn eftir. Gerðar voru ráðstafanir til að fjarlægja ruslatunnur úr portinu fyrir næstu heimsókn. Helga Björk byrjaði að fóðra fiðurfé, eins og svo oft áður. Sendibíll, LX-051, sótti mótmælaspjöldin. Skráður eigandi bíllsins er Fluttur, Bíldshöfða 14. Mótmælum lokið þennan daginn.

Hvernig til tókst:

Allt gekk mjög vel fyrir sig og þurfti lögreglan ekki að beita sín í dag.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Skrifstofa AGS, Hverfisgötu 12, 9. júlí 2010

Lökenúmer: 007-2010-043939

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: EB-7306, ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** EBS-9122, GBÁ-8831, SBA-0602, LAP-0605, BK-0761. Sérsvait RLS tiltækir: SÆS-9407, BMV-0739, ÁGG-0246.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna boðaðra mótmæla við skrifstofur AGS. Sama fyrirkomulag á löggæslunni og að undanfögnu.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 10:30 og þeim lauk um kl. 13:30. Fjöldi lögreglumanna var 12 og heildartímafjöldi um 36.

Atvikalýsing:

Rétt fyrir kl. 12:00 voru komnir nokkrir mótmælendur og börn í portið við skrifstofu AGS. Mátti þekkja þar Pál Heiðar, Kristínu Snæfells og Helgu Björk og aðra sem höfðu verið í mótmælum þessa vikuna. ARM tilkynnti að fólk væri byrjað að henda einhverju. Talið var að um 30 manns væri mætt á staðinn. Þá var tilkynnt um fjóra karlmenn að stunda danslist á tröppum Stjórnarráðsins. Til hliðar við tröppum var tvö skilti sem á stóð: „State of Iceland Foreclosure IMF.“

Kl. 12:36 var tilkynnt að Kristín Snæfells væri stödd á grasflötinni við Stjórnarráðið með gjallarhorn og reyndi að fá fólk til að mótmæla, en ekki með sýnilegum árangri. Um kl. 13:00 tilkynnti ARM að mótmælin væru búin í dag. Þorvaldur Þorvaldsson tilkynnti að fjallað verði um mótmælin á vefmiðlinum, Svipan, og boðað verði til mótmæla nk. mánudag kl. 12 á sama stað.

Hvernig til tókst:

Allt gekk vel fyrir sig og kom ekki til afskipta lögreglu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Skrifstofa AGS, Hverfisgötu 12, 12. júlí 2010

Lökenúmer: 007-2010-044446

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: EB-7306.

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** SJ-9814, HPG-9801, SG-0227, EBS-9122, ÁP-9101, ÓMA-0634. Sérsvait RLS tiltækir: LJK-0414, ÁRG-0520, SÁR-0521.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna mótmæla við skrifstofur Alþjóða gjaldkerasjóðsins kl. 12:00. Sama aðkoma lögreglu að verkefninu eins og undanfarið.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 11:30 og þeim lauk um kl. 13:30. Fjöldi lögreglumanna var 12 og heildartímafjöldi um 24.

Atvikalýsing:

Um kl. 12:00 voru mættir um 10 mótmælendur, þar á meðal börn og unglingar. Þar voru mætt, Kristín Snæfells, Nikulás, ljósmyndari og Jón Unndórsson. Mótmælaspjöld komu á staðinn með bifreiðinni SH-749, sem er rauður Skódi. Eitthvað hafði bæst í hópinn og talið að um 25 manns væri mætt. Kristín Snæfells fór mikinn með gjallarhorn og hvatti fólk til að mæta í mótmælin. Kveikt var á blysum og mikill hávaði skapaðist frá mótmælendum. Þá höfðu tveir fánar verið settir upp við tröppur að Stjórnarráðinu. Kl. 12:46 taldi ARM að um 40 mótmælendur væru í portinu fyrir framan skrifstofur AGS. Þá sást hvar Helga Björk var farin að fóðra fiðurfé með brauði. Fljótlega upp úr kl. 13:00 voru mótmælendur farnir að yfirgefa vettvang og síðan voru allir farnir og allt orðið rólegt.

Hvernig til tókst:

Allt gekk ágætlega upp án afskipta lögreglu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Skrifstofa AGS, Hverfisgötu 12, 13. júlí 2010

Lökenúmer: 007-2010-044721

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: EB-7306.

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** EBS-9122, ÁP-9101, GBÁ-8831, LH-0132, AÖS-0529. Sérsvait RLS tiltækir: LJK-0414, SÁR-0521. Aðrir lögreglumenn: BÓM-8521, BÁ-0514, ÁS-0632.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna boðaðra mótmæla við skrifstofu AGS kl. 12:00. Sama skipulag á lögreglunni og áður, þ.e. að halda uppi allsherjarreglu og koma í veg fyrir líkams- og eignatjón.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 11:30 og þeim lauk kl. 13:30. Fjöldi lögreglumanna var 13 og heildartímafjöldi um 26.

Atvikalýsing:

Nokkrir mótmælendur voru mættir fyrir kl. 12:00. Þekktir mótmælendur voru Kristína Snæfells, Páll Heiðar, Bjarni Hannesson, Nikulás, ljósmyndari og Þorvaldur Þorvaldsson og höfðu þau sett upp fána. Fulltrúar fjölmiðla voru á staðnum. Bifreiðin LN-208 var notuð til að flytja mótmælaspjöld á staðinn. Ekki virtist bætast í hóp mótmælenda, en nokkrir forvitnir áhorfendur stóðu á lengdar. Kveikt var á blysum í porti fyrir framan skrifstofu AGS og eins slett málningu og sást sá sem það gerði hlaupa frá, en hann var handtekinn fyrir framan Stjórnarráðið. Reynt var að koma í veg fyrir handtöku á honum, en það tókst ekki. Handtekinn var [REDACTED]. Þá hafði annar maður verið með í að sletta málningunni og þekktist hann sem [REDACTED]. Hann náðist ekki á staðnum.

Kl. 12:20 var kveiktur eldur við ruslatunnu bak við Stjórnarráðið, en hann var slökktur. Ekki virtist fjölga í hópi mótmælenda, en þeir færðu sig að Stjórnarráðinu. Lögreglumenn þekktu Þórarinn Einarsson í hópi mótmælenda, en hann var með barnakerru með barni í

og annað sitjandi á kerrunni, og eins var Steinunn Gunnlaugsdóttir mætt á staðinn. Mótmælendur voru orðnir mjög faliðaðir, en stóðu fyrir framan Stjórnarráðið og framkölluðu hávaða. Helga Björk tók upp á því að gefa fiðurfénu brauð. Um kl. 13:30 voru allir farnir og viðbúnaður lögreglu flautaður af. Tveir lögreglumenn urðu eftir á staðnum á meðan málning var hreinsuð af húsinu þar sem skrifstof AGS er til húsa.

Hvernig til tókst:

Nokkuð vel miðað við atganginn. Einn maður handtekinn fyrir að kasta málningu á húsnæði AGS, en að öðru leyti gekk lögreglunni vel að halda aftur af mótmælendum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Skrifstofa AGS, Hverfisgötu 12, 14. júlí 2010

Lökenúmer: 007-2010-044949

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: EB-7306.

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** EBS-9122, ÁP-9101, GR-0106, LH-0132, SJ-9814, GHS-9411, HH-0323, MJ-0712. Sérsvait RLS tiltækir: LJK-0414, ÁRG-0520, SÁR-0521

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna boðaðra mótmæla við skrifstofu AGS kl. 12:30. Sama aðkoma lögreglu og í fyrri mótmælum.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 12:00 og þeim lauk kl. 14:00. Fjöldi lögreglumanna var 14 og heildartímafjöldi um 30.

Atvikalýsing:

Skömmu eftir kl. 12:00 voru komnir um 20 mótmælendur á staðinn og var ákveðið að hafa lögreglumenn á tveimur stöðum, þ.e. við skrifstofu AGS og Stjórnarráðið. ARM tilkynnti að hann hafi rætt við Pál Heiðar, mótmælanda, sem sagði að hann tæki ekki þátt í mótmælunum í dag. Sagðist hann ekki gera athugasemdir við störf lögreglu í gær, en hann hafði lent í minnháttar riskingum og orðaskaki við lögreglu í tengslum við handtöku á

██████████. Sem endranær var Kristín Snæfells mætt á svæðið með gjallarhorn og skapandi hávaða. Fór hún mikinn og talaði um harkalegar aðfarir lögreglu við handtöku í gær.

Mótmælandi var kominn í garð Stjórnarráðsins með spjald, líklega til að reyna að fá liðstyrk í mótmælin, en lítið virtist hafast upp úr því. ARM tilkynnti að flestir mótmælendurnir væru þeir sömu og undanfarið, en eftirtektarvert var að ekkert sást til anarkistanna. Kl. 12:52 taldi ARM að um 15 manns væri á svæðinu og hefði nokkuð fækkað í hópnum, en hann hafi verið rúmlega 20, þegar mest var. Mótmælendur færðu sig fram fyrir Stjórnarráðið og eftirlit lögreglu því styrkt þar. Mótmælendur tóku því frekar rólega í veðurbliðunni en börðu koppa, kirnur og þakplötu, sem þau voru með meðferðis. Sköpuðu þau með þessu, ásamt sírenuvæli, mikinn hávaða. Nokkrir tóku upp á því að veifa gömlum nærbuxum framan við Stjórnarráðið, en það var þema dagsins hjá mótmælendum, þar sem ríkisstjórnin liti á íbúana eins og slitnar nærbuxur.

Tveir mótmælendur báru bakka með einhverju á, sem ARM taldi að væru matvæli, samlokur, pylsur o.fl. og bað hann lögreglumenn að fylgjast með þessu. Þessir matarbakkar, ásamt nærbuxunum, voru lagðir á stéttina fyrir framan Stjórnarráðið. Upp úr þessu tók að fækka í hópi mótmælenda og þeir fóru að tína saman mótmælaspjöld og voru sýnilega á förum. Allir famir um kl. 13:33.

Hvernig til tókst:

Allt gekk nokkuð vel fyrir sig. Engin bein afskipti lögreglu af mótmælendum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Skrifstofa AGS, Hverfisgötu 12, 15. júlí 2010

Lökenúmer: 007-2010-045176

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: EB-7306.

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** EBS-9122, ÁP-9101, GBÁ-8831, MJ-0712, SJ-9814, GHS-9411, GR-0106, ÓMA-0634. Sérsvait RLS tiltækir: LJK-0414, ÁRG-0520, SÁR-0521.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna boðaðra mótmæla við skrifstofu AGS og Stjórnarráðsins um kl. 12:00.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 12:00 og þeim lauk um kl. 14:00. Fjöldi lögreglumanna var 14 og heildartímafjöldi um 30.

Atvikalýsing:

Fljótlega voru komnir þekktir mótmælendur á staðinn, Bjarni Hannesson ásamt fimm öðrum. Héldu þeir sig við skrifstofu AGS, en engan var að sjá við Stjórnarráðið. Kl. 12:23 tilkynnti ARM að hann teldi að meintur „málningakastari“ frá því í fyrradag, Auðunn, væri mættur á staðinn. Myndatökumaður frá sjónvarpstöð og útvarpsmaður voru mættir. Mótmælendur ræddu um á bloggi sínu í morgun að þegja yfir aðgerðum sínum, en sýna borgarlega óhlýðni. Spurning hvort nærvera fjölmiðla vísaði á slíkt. Lítið sem ekkert fjölgaði í hópi mótmælenda.

Kl. 12:26 var komið með mótmælaspjöld á staðinn í bifreiðinni VM-732, eigandi Helga Þórðardóttir, Seiðakvísl 7, Rvík. Kristín Snæfells var mætt með gjallarhornið sitt. ARM tók eftir að Snorri Páll kom ásamt fleirum á staðinn og væri hann með bakpoka. Kl. 12:47 voru mótmælendurnir komir framan við Stjórnarráðið og fylgdu sjónvarpstökumenn þeim eftir. Allir voru farnir frá skrifstofu AGS og héldu sig við Stjórnarráðið. Þar var raðað upp matvælum á tröppurnar við inngang. ARM giskaði á að rúmlega 20 mótmælendur væru á staðnum og dreifðu sér um grasflötina. Hann bað um að skoðað yrði í bakpoka Snorra Páls. Kl. 12:57 var Steinar K. Sigurðsson kominn á staðinn og var einhver uppákoma eða gjörningur í uppsiglingu í kringum hann og fylgdust lögreglumenn með þessu. Það lá í loftinu að eitthvað stæði til þar sem að fjölmiðlafólki fór fjölgandi þrátt fyrir þessi fámennu mótmæli.

Kl. 13:10 var kveikt á blysi við Stjórnarráðið. Nokkur hreyfing var á Kristínu Snæfells og Steinari K á meðal mótmælenda og voru lögreglumenn settir í að fylgja þeim eftir. Grunur var um að verið væri að undirbúa að kasta eggjum í Stjórnarráðið, en KHP hafði fengið þær upplýsingar frá einum fjölmiðlamanni. Kristín úthlutaði blysum á staðnum og síðan voru matvæli sett við útidyr Stjórnarráðsins og þar á meðal eggjabakki og sultukrúkkur með skærrauðu innihaldi. Búið var að ganga úr skugga um að mótmælendur væru ekki með egg eða aðra hluti sem hægt væri að henda í Stjórnarráðið og því ljóst að skotfærin/matvælin sem voru á tröppum Stjórnarráðsins voru ætluð til þess að henda í það. Jafnframt áttuðu lögreglumenn sig á því að blysin átti hluti mótmælenda að nota til að draga að athygli lögreglu á meðan arðir mótmælendur tækju matvælin á tröppunum og hentu þeim í Stjórnarráðið. Lögreglumenn náðu að fjarlægja matvælin áður en kveikt var í blysunum og varð Kristín Snæfells brjáluð út af þessu og rauk hún síðan að útidyrhurðinni, en ARM kom í veg fyrir að hún færi lengra. Kristín reyndi að ítrekað að ýta ARM frá en hann var viðbúinn og haggadist ekki. Kristín var greinilega að reyna að búa til

einhverja uppákomu fyrir fjölmiðla með þessu uppátæki sínu, þ.e.a.s. að láta lögreglu bregðast við þessum árásum. Ákveðið var að það yrði ekki gert og tilkynnti ARM að lögreglumönnum væri að bannað að handtaka Kristínu þrátt fyrir það að hún ýtti við þeim. Kristín hljóp á lögreglumenn hvem af öðrum en fékk engin viðbrögð við því. Lögreglumenn brostu bara og voru með hendur niður með síðum. Virtist sem hún væri algjörlega stjórnlaus og óð á milli fólks með gjallarhornið. Upp úr þessu fór allt að kyrrast, en ákveðið var, þegar allir voru farnir, að afhenda Kristínu Snæfells matvælin, sem lögð voru á tröppurnar, en hún kom að máli við ARM og vildi leysa málin með þessu og var fylgst með henni fara af vettvangi með matvælin og gekk hún frá þeim í bifreiðina LN-208.

Hvernig til tókst:

Allt gekk nokkuð vel fyrir sig en lögreglumenn þurftu að hafa nokkur afskipti af gjörðum mótmælenda. Málin leystust þó án nokkurra átaka eða eftirmála. Þarna voru mótmælendur með úthugsaða áætlun og ætluð að láta lögreglu líta illa út í fjölmiðlum, en lögreglan sá við þeim og fjölmiðlar fóru sneypuför.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Skrifstofa AGS – Stjórnarráðið, 16. júlí 2010

Lökenúmer: 007-2010-045397

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn: EB-7306.

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** EBS-9122, ÁP-9101, GBÁ-8831, GHS-9411, ÓMA-0634, MJ-0712.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna boðaðra mótmæla við skrifstofu AGS og Stjórnarráðið kl. 12:00. Sami háttur hafður á skipulagi löggæslunnar og á fyrri mótmælum.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 12:00 og þeim lauk um kl. 14:00. Fjöldi lögreglumanna var 9 og heildartímafjöldi um 18.

Atvikalýsing:

Fljótlega eftir kl. 12:00 voru komnir um fimm mótmælendur við skrifstofu AGS. Bifreiðin VM-732 kom með mótmælaspjöld, en hún hefur sinnt þessu áður. Um kl. 12:30 var talið að um 20 mótmælendur væru komnir á staðinn og Kristín Snæfells í broddi fylkingar. Þá sást hvar Helga Björk fékk þekktan mótmælenda til að hengja upp spjald á Kristján IX í garði Stjórnarráðsins. Á skiltinu stóð: „Stillið siðferðiskompásinn.“ Helga stillti síðan upp skilti með sömu áletrun á stall við styttna. Við þetta færðu flestir sig frá skrifstofu AGS og að Stjórnarráðinu. Þá voru sett upp mótmælaspjöld við dyr Stjórnarráðsins. Kl. 13:00 var talið að fjöldi mótmælenda væri 10 til 15 manns og af þeim væru fjórir til fimm MC-meðlimir (vafasöm mótorhjólasmötök) framan við Stjórnarráðið. Nokkur hreyfing var á mótmælendum á svæðinu og einhverjir fóru í sólbað, enda veður mjög gott.

Kl. 13:31 hitti ARM Jón Unndórsson, sem sagðist ætla að fara af svæðinu, kunni ekki við félagsskapinn, en lögreglan væri ekki í þeim hópi. Mótmælin náðu aldrei neinni hæð í dag. Lögreglan var ekki sýnileg á svæðinu. Kl. 13:35 tók Kristín Snæfells upp á því að kasta eggjum í Stjórnarráðið. ARM og KHP fylgdust með, en létu síðan stöðva Kristínu í þessu kasti hennar og henni gerð grein fyrir því að upptaka úr eftirlitsmyndavél væri til af athæfinu. Hún viðurkenndi verknaðinn og henni þá tilkynnt að hún gæti átt von á því að verða kölluð fyrir síðar út af þessu. Eftir þetta leystust mótmælin upp og allir famir.

Hvernig til tókst:

Allt gekk nokkuð vel fyrir sig og þurfti lögreglan að hafa lítil afskipti af mótmælendum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Héraðsdómur Reykjavíkur, 16. ágúst 2010

Lökenúmer: 007-2010-052419

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, RHG-0215, SPÓ-0406, AÖS-0529, UMÁ-0103, GHS-9411, JG-9116, AFH-0631. **Flokkur 2:** EBS-9122, GF-0218, GR-0106, GBÁ-8831. Sérsvait RLS: AD-9205, HV-0211, SH-0424.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað í og við dómhúsið, en kl. 08:30 var tekin fyrir frávísunarkrafa „níumenninganna“ sem ruddust inn í Alþingi 8. des. 2008.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 08:30 og þeim lauk kl. 12:30. Fjöldi lögreglumanna var 16 og heildartímafjöldinn um 90.

Atvikalýsing:

Flijótlega eftir að dómhúsið var opnað, eða um kl. 08:30, var töluvert af fólki mætt á staðinn. Kristín Snæfells löðrungaði lögreglumanninn SPÓ-0406, en hann var staddur í anddyri dómhússins. Skýrsla var gerð á málið og hún kærð fyrri atvikið, en ákveðið að handtaka hana ekki á staðnum, enda lögreglumenn mjög uppteknir. Var þá gengið í að tæma anddyrið svo þar yrði enginn þegar dómshaldið hæfist. Kl. 09:20 kom Baldvin Björgvinsson á vettvang og sýndi blaðamannapassa. Hann sagðist vera kominn til að mótmæla veru lögreglunnar á staðnum og endurtók hann það tvisvar sinnum. Síðan hóf hann að ljósmynda. UMÁ-0103 ræddi við hann vegna þessa, en Baldvin tjáði honum að hann ætti að vita hvers vegna honum væri illa við lögregluna. Því næst bað hann um að fá frið, enda væri hann að vinna. Ekki var vitað frá hvaða fréttamiðli hann kom. Um kl. 09:25 var tilkynnt að þinghaldinu væri lokið og þá færðu einhverjir mótmælendur sig að Stjórnarráðinu, en þar stóð yfir ríkisstjórnarfundur.

Talið var að alls hefði um 70 til 80 manns viljað komast inn í dómhúsið. Dómvörður hleypti inn sakbomingum, lögmönnum þeirra og um 25 öðrum, í þau sæti sem voru í boði í dómsalnum, en öðrum var ekki hleypt inn í húsið samkvæmt ákvörðum dómvarða. Þegar búið var að hleypa ofangreindum inn ruddist nokkur hópur fólks inn framhjá dómverði, en frekari för þeirra var stöðvuð af lögreglu og hafðist það við í anddyrinu. Stuttu síðar óskuðu dómverðir eftir að lögreglan rýmdi anddyrið og var það gert. Eftir að þinghaldinu lauk, héldu um 40 til 50 manna hópur að Stjórnarráðinu og var þar til um kl. 12:00, en þá fóru allir á brott.

Hvernig til tókst:

Bara nokkuð vel miðað við fjölda fólks og atgang þess við að komast inn í fullan dómsalinn. Náðist að leysa þetta með lempni og viðræðum við fólkið. Allar ákvarðanir um framgöngu lögreglu voru teknar af dómara og dómvörðum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Héraðsdómur Reykjavíkur, 7. september 2010

Lökenúmer: 007-2010-057539

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: KHP-9804. **Flokkur 1:** ÞJS-8110, ÁÖG-0333, GR-0106, GF-0218, HH-0436, AÖS-0529, LAP-0605, ÁS-0632. **Flokkur 2:** GHS-9411, GHM-0107, HSP-0604, DÖD-0781, JG-9116, GBÁ-8831, ÁP-9101, LH-0132. Sérsvait RLS tiltæk: AE-9717, ARG-0520, GP-0512.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað lögreglu vegna frávísunarkröfu í máli „níumenninganna“, sem ruddust inn í Alþingi 8. des. 2008. Beiðni hafði borist frá Helga I. Jónssyni, dómstjóra, og Péttri Guðgeirssyni, dómara, um að lögreglan yrði á staðnum og fyrirkomulag löggæslunnar yrði með sama hætti og fyrr í fyrirtöku þessa máls.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 08:00 og þeim lauk um kl. 10:00. Fjöldi lögreglumanna var 20 og heildartímafjöldi um 40 tímar.

Atvikalýsing:

Dómhúsið var opnað um kl. 08:25 og unnið eftir skipulagi sem áður hafði verið unnið eftir varðandi fjölda fólks sem mætti fara inn í dómhúsið. Það reyndust fáir bíða eftir því að dómhúsið yrði opnað, eða um 12 til 14 manns. Dómverðir stýrðu aðgengi inn í húsið. Fjöldi gesta varð aldrei meiri en sem dómsalurinn gat rúmað og því gekk allt vel fyrir. Allt reyndist rólegt og engin afskipti lögreglu voru þörf þennan daginn.

Hvernig til tókst:

Allt gekk mjög vel fyrir sig og lögreglan þurfti ekki að vera sýnileg eða grípa inn í.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Héraðsdómur Reykjavíkur, 13. september 2010

Lökenúmer: 007-2010-059096

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: KHP-9804. **Flokkur 1:** IPS-8510, GHS-9411, HH-0436, AÖS-0529, GST-0606, JG-9116, JGP-9709, RHG-0215, BÓ-0405. Sérsvait RLS tiltækir: HV-0211, SBH-0424, TE-0209, JKP-0431.

Skipulag:

Ákveðið að auka viðbúnað vegna beiðni frá Helga I. Jónssyni, dómstjóra, þar sem taka ætti fyrir frávísunarkröfu „níumenninganna“. Sami háttur hafður á skipulagi lögreglunnar eins og fyrri réttarhöldum þessa máls.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 08:00 og þeim lauk um kl. 09:30. Fjöldi lögreglumanna var 14 og heildartímafjöldinn um 21.

Atvikalýsing:

Ekki kom margt fólk vegna þessa réttarhalds í dómhúsið og þurfti lögreglan engin afskipti að hafa. Allt fór mjög friðsamlega fram.

Hvernig til tókst:

Mjög vel og engin afskipti lögreglu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 28. september 2010

Lökenúmer: 007-2010-062909

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: KHP-9804. **Flokkur 1:** EBS-9122, GBÁ-8831, GF-0218, ÓMA-0634, GHS-9411, LBP-0248, HSP-0604, BK-0761. Sérsvait RLS tiltæk: LJK-0414, SÁR-0521, ÁRG-0520.

Skipulag:

Ákveðið að auka viðbúnað vegna atkvæðagreiðslu á Alþingi um hvort ákæra ætti fjóra ráðherra fyrir Landsdómi. Því talið rétt að lögreglumenn verði til eftirlits og grípi inn í ef á þyrfti að halda.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 15:30 og þeim lauk um kl. 18:00. Fjöldi lögreglumanna var 12 og heildartímafjöldi um 30.

Atvikalýsing:

Lítið sást til mótmælenda. Einn hafði þó lagt bifreið sinni, MX-156, upp á gangstétt fyrir framan Alþingi. Karlmaður setti spjald við innganginn í Alþingi og gekk síðan í burtu. Engin afskipti af hálfu lögreglu og allt fór friðsamlega fram.

Hvernig til tókst:

Mjög vel og engin afskipti af hálfu lögreglu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, þingsetning, 1. október 2010

Lökenúmer: 007-2010-063168

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: HJ-7711, EB-7306.

Vettvangsstjórn: GJP-7606. Stjórn aðgerðasveita: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, ÁÖG-0333, GHM-0107, LH-0132, SBA-0602, GST-0606, GBS-0626, ÓMA-0632. **Flokkur 2:** UMÁ-0103, JG-9116, GBÁ-8831, ÁP-9101, HH-0436, BÁ-0514, AFH-0631, ÁS-0632. **Flokkur 3:** IPS-8510, PRJH-9927, PAE-0129, RSP-0508, AÖS-0529, MIE-0623, HGK-0724, BK-0761. **Flokkur 4:** EBS-9122, BKB-0112, SÖS-0126, JG-0222, RG-0603, EJ-0611, BFG-0734, DÖD-0781. **Flokkur 5:** SJ-9814, GF-0218, GR-0106, LBP-0248, SPÓ-0406, HBS-0422, HSP-0604, LAP-0605. Sérsvait RLS: HG-9503, ÓSJ-0340, EJ-0307, HIH-0715. Vegna hefðbundinnar þingsetningar var 12 manna heiðursvörður, öryggisgæsla inni í Dómkirkju og Alþingi ásamt nokkrum lögreglumönnum sem hefðbundið er að séu á svæðinu við svona viðhöfn.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna þingsetningar og óróa í samfélaginu. Var því talin þörf á að vera með mikinn viðbúnað. Ákveðið að sýna ekki aðgerðaflokka nema ástæða yrði til, en þeir héldu sig í nágrenni við Alþingi.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 12:00 og þeim lauk um kl. 17:00. Fjöldi lögreglumanna var 49 sem beint komu að auknum viðbúnaði vegna væntanlegra mótmæla. Heildartímafjöldi var um 245.

Atvikalýsing:

Allt gekk hefðbundið fyrir sig, þ.e.a.s. alþingismenn mættu í Alþingi ásamt forseta og gerðu sig ferðbúna til að ganga til guðspjónustu í Dómkirkju. Nokkuð af fólki hafði safnast saman fyrir framan Alþingi, en lögreglan hafði strengt upp borða sem afmarkaði öryggissvæðið fyrir framan Alþingi. Kl. 13:13 tilkynnti ARM að það heyrðist að fólk ætli að ryðjast yfir öryggislínu lögreglu, þegar fyrsti þingmaðurinn kæmi út úr þinghúsi. Lögreglumönnum gefin fyrirmæli um að vera undirbúnir með piparúða ef ráðist yrði að lögreglu og þingmönnum. Kl. 13:25 var SHS tilkynnt að hugsanlega gæti piparúði verði notaður. ARM tilkynnti lögreglumönnum að taka upp gasbrúsa og kylfur, en hafi þetta í lágri viðbragðsstöðu. Kl. 13:28 lögðu þingmenn af stað til kirkju og gekk sú ferð mjög vel. Allir aðgerðaflokkar voru kallaðir á staðinn. Kl. 13:34 var tilkynnt að rúður hafi verið brotnar í Dómkirkjunni og líklega verið notuð teygjubýssa við það verk. Vegna mikils óróa í fólki

var sú ákvörðun tekin um að þingmenn færu inn um bakdyr á Alþingi, þegar athöfnin í kirkjunni væri lokið og heiðursverði yrði ekki stillt upp.

Kl. 13:54 fyrirskipaði ARM að lögreglumenn settu upp hjálma og skildi til að verja þingmenn þegar þeir gengu úr kirkju í þinghúsið. Tilkynnti ARM með gjallarhorni að lögreglan myndi beita kylfum og gasi kæmi fólk nær en þar sem það væri nú statt, en það var þegar komið inn fyrir öryggis- og lokunarlínu lögreglu. Allt sett í viðbragðsstöðu af hálfu lögreglumanna þegar þingmenn gengu úr kirkju. Ganga þeirra gekk ágætlega, en lögreglumenn urðu að halda aftur af fjölda fólks sem ætlaði að ná til þeirra. Vegna mikils óróa fólks fyrir utan þinghúsið varð að fara með forseta Íslands úr bílakjallara Alþingis, en hann hefur alltaf farið í bifreið sína framan við Alþingishúsið í Kirkjustræti. Flutningur hans á Bessastaði gekk vel fyrir sig.

Kl. 14:34 tilkynnti ARM að ástandið væri orðið stöðugt, en fólk, sem tilheyrði „Saving Iceland“ mun hafa ætlað að mæta með „skotfæri“ til að grýta þinghúsið. Þá kom flaska fljúgandi í þinghúsið. Kl. 14:58 tilkynnti GJP að ástandið væri orðið rólegt, en búast mætti við að eitthvað af mótmælendum yrðu eitthvað lengur á staðnum, því ekki var að sjá að það væri að flýta sér í burtu. Hann taldi jafnframt að það hefði skipt öllu, vegna ástandsins, að taka þingmenn um bakdyr Alþingis eftir athöfnina í kirkjunni.

Kl. 15:14 var búið að kveikja eld á Austurvelli, en hann var fljótt slökktur af lögreglu. Þá tilkynnti lögreglumaður að um 120 kg. af fiskislori hafi verið fjarlæggt úr Fógetagarðinum. Grunur um að nota hafi átt þennan úrgang til að kasta í þinghúsið. Kl. 15:41 fóru flestir lögreglumenn af vettvangi, en nokkrir skildir eftir, til að hafa almennt eftirlit með svæðinu.

Hvernig til tókst:

Það skapaðist hættuástand við þinghúsið og þurfti lögreglan að beita sér við að verja þingmenn á leið þeirra úr kirkju og í þinghús. Mikill hiti var í fólki og virti það engar lokanir lögreglu og því þurfti að setja alla aðgerðaflokka út á Austurvöll og hafa þá með hjálma og skildi og í viðbragðsstöðu, með kylfur og piparúða. Ljóst var að sá mikli fjöldi lögreglumanna, sem voru í verkefninu, kom í veg fyrir að verr færi, en lítið mátti út af bregða.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 4. október 2010

Lökenúmer: 007-2010-064507

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: HJ-7711, EB-7306.

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: GJP-7607, ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** BB-8826, SJ-9814, GR-0106, GHM-0107, ESE-0428, RSP-0508, GST-0606. **Flokkur 2:** AS-9803, BKB-0112, GF-0218, SBA-0602, LAP-0605, GBS-0626, ÓMA-0634, JVA-0709, BFG-0734. **Flokkur 3:** GPG-9314, JG-9116, ÁÖG-0333, GBÁ-8831, ÁP-9101, LH-0132, LBP-0248, AÖS-0529. **Flokkur 4:** PRJH-9927, IMI-0234, PAE-0129, JG-0222, JBS-0427, BÁ-0514, AFH-0631, ÁS-0632. **Flokkur 5:** PJS-8110, GJG-0110, RHG-0215, BÓ-0405, GST-0606, MJ-0712, HGK-0724, BK-0761, DÖD-0781. **Flokkur 6:** IPS-8510, GHS-9411, JGP-9709, HPG-9801, SG-0227, ÓGS-0247, HG-0429, HH-0436, HSP-0604. **Flokkur 7(Sérsveit):** AD-9205, ÍÍG-9704, HIH-0715, HV-0211, BS-9810, EJ-0307, BS-0527, BJ-9523. **Flokkur 8(Sérsveit):** PEK-8905, AE-9819, SH-0424, AGG-0246, ÓSJ-0340, JÖG-0531, BMV-0739, JP-0421. **Flokkur 9(Sérsveit):** JKV-8315, LJK-0414, GP-0512, ÁÖG-0520, SÁR-0521. Aðrir lögreglumenn: ÁPÁ-8912, ÁS-8213,

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna setningarræðu forsætisráðherra á Alþingi kl. 19:30 (Eldhúsdagsumræður). Hlutverk lögreglu var að tryggja að þingfundur gæti farið fram, án utanaðkomandi truflunar. Því var talið nauðsynlegt að lögreglan yrði vel mönnuð, enda töluverður kurr á meðal borgaranna.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 18:00 og þeim lauk um kl. 01:00. Fjöldi lögreglumanna var 78 og heildartímafjöldi um 564.

Atvikalýsing:

Strax upp úr kl. 17:00 var farið í að setja upp nýgerðar stálgirðingar, en þetta var í fyrsta skipti sem þær voru settar upp. Girðingin náði frá horni þjónustubyggingar Alþingis (glerskáli) og að Dómkirkjunni. Umferðalokanir síðan settar upp við nærliggjandi götur. Haft var samband við bílstjóra ráðherra um að þeir færu í bílakjallara Alþingis þegar komið væri að Alþingi. Fljótlega bar að mikinn fjölda fólks á Austurvöll og að girðingunni, sem veitti mikið skjól fyrir lögregluna og virtust mótmælendur taka þessari nýbreytni mjög vel. Mjög skiptar skoðanir voru með þessa framkvæmd í upphafi því um algjört tilraunastarf var að ræða á Íslandi, en hefur gefist vel hjá erlendum lögregluliðum.

Kl. 19:21 var tilkynnt að fólk væri byrjað að grýta Alþingi með eggjum. Lögreglumönnum aðgerðaflokka var fljótlega raðað við girðinguna og eins bak við Alþingi. Kl. 19:36 taldi

GJP að hátt í 3.000 manns væru mættir á staðinn og eins sagði hann að almenn ánægja væri með girðinguna (samfestar grindur í um 1,5 metra hæð). Einkum hjá þeim mótmælendum sem ekki vildu læti við lögregluna og væru fegnir því að skilið væri á milli lögreglu og mótmælenda með svona girðingu. Mikill straumur fólks var í miðborgina og þurfti að aðgangsstýra því út fyrir lokanir lögreglu. Þá var óskað eftir því að dælubifreið frá SHS yrði í nágrenninu og brygðist við ef á þyrfti að halda ef eldar yrðu kveiktir.

Kl. 20:16 tilkynnti ARM að búið væri að brjóta rúðu á fundarherbergi Alþingis á fyrstu hæð, en þar væri öryggisgler og héldist rúðan því saman. Ákveðið að lögreglan setti upp hjálma til að koma í veg fyrir slys á lögreglumönnum. Þá tilkynnti þingvörður að búið væri að brjóta rúðu við hliðina á þingsalnum. Kl. 20:49 tilkynnti ARM að búið væri að brjóta fimm rúður í Alþingishúsinu og því ljóst að lögreglumenn væru í hættu vegna kasts á ýmsum varningi í þinghúsið, sem einnig lenti á lögreglumönnum. Kl. 20:50 óskaði ARM eftir því að lögreglan á Suðurnesjum yrði sett í viðbragðsstöðu með að senda einn flokk til Reykjavíkur. Rétt var talið að doka þó aðeins við með það og reyna frekar að sækja í allt tiltækt lögreglulið á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Fljótlega komu 10 lögreglumenn til viðbótar frá lögreglustöðinni. Mikill þrýstingur var á girðinguna og aðstoðuðu nokkrir mótmælendur lögregluna við að halda henni í skefjum. Ástandið var í jánum á þessum tímapunkti, en ekki kastað miklu þessa stundina.

Kl. 21:00 var manni vísað í burtu af svæðinu sem hafði hoppað yfir girðinguna. Fleiri lögreglumenn settir við girðinguna til að koma í veg fyrir að fólk fari yfir hana. Kl. 21:10 voru 20 til 25 lögreglumenn komnir til viðbótar frá lögreglustöðinni. Þessum lögreglumönnum voru afhentir hjálmar, en þeir lögreglumenn voru ekki settir í fremstu víglínu heldur til hliðar við þinghúsið, enda voru þeir ekki í fullum hlífðarbúnaði og eins með gamla úrelta hjálma, sem veittu þó einhverja vörn.

Kl. 21:22 var tilkynnt að fólk væri farið að ganga í burtu af vettvangi, en þó væri enn verið að kasta grjóti í þinghúsið. ARM lagði til að lögreglumenn færðu sig eitt til tvö skref nær girðingunni áður en skildir yrðu notaðir. Þá var tilkynnt að fólk væri farið að færa sig vestur fyrir þinghúsið með tunnur. ARM taldi að „tunnuliðið“ myndi mæta um kl. 22:00. Þá var tilkynnt um grjótkast á vesturhlið þinghússins og lögreglumenn sendir í að koma í veg fyrir það. Þá voru gerðar ráðstafanir vegna þess að nokkrir voru að safnast saman við bílakjallarann. Kl. 21:55 var tilkynnt að búið væri að brjóta rúðu á norðurhlið Dómkirkjunnar og kirkjuvörður látinn vita af því. Mun þarna hafa verið um sömu rúðu að ræða sem brotin var föstudeginum áður, en þá hafði hún verið „teipuð“ saman. Ákveðið að kirkjuvörðurinn yrði staðsettur í kirkjunni fram eftir kvöldi.

Kl. 22:03 var umræðum á Alþingi lokið og þingfundi slitið. Þá hófst undirbúningur við að koma þingmönnum og ráðherrum brott úr bílageymslunni. Kl. 22:14 rigndi glerflöskum yfir lögreglumenn milli Dómkirkjunnar og þinghússins. Nokkur fjöldi lögreglumanna voru settir í að verja útkeyrsluna frá bílakjallara. Kl. 22:27 voru níu ráðherrabílar komnir út í Lækjargötu. Einhverjir bílar ráðherra urðu fyrir grjótkasti. Tekin var ákvörðun um að hleypa ekki fleiri bílum úr bílakjallaranum vegna grjótkasts á þá, sem gæti skapað mikla hættu.

Þingvörður óskaði aðstoðar að Oddfellowhúsinu, því þingmenn væru þar í vandræðum vegna ásóknar mótmælenda. Tveir aðgerðaflokkar voru sendir á staðinn.

Kl. 22:54 sást þar sem timbur var borið úr nýbyggingu á horni Austurstrætis/Lækjargötu og sett á eld, sem hafði verið kveiktur eitthvað áður, á Austurvelli. Lögreglumenn voru sendir í að stöðva þennan burð á timbri. SHS gerði tvo brunastúta klára hjá Dómkirkjunni. Kl. 23:12 voru allir þingmenn farnir úr þinghúsinu og burtu af svæðinu, en þeir síðustu fóru með leigubifreiðum. Brunahani var tengdur og sáu ARM og KHP um að slökkva eldinn á Austurvelli. Tók skamman tíma að slökkva eldinn, en grjótkast rigndi yfir lögreglumenn á meðan. Kl. 23:42 var tilkynnt um mann með exi framan við þinghúsið og eins að búið væri að brjóta tvær rúður í Arionbanka í Austurstræti.

Kl. 23:46 tilkynnti ARM að eitthvað af dagvinnuönnnum fengju að fara heim, því aðstæður hafi sakpast til að léttu á viðbúnaði lögreglu. Þá tilkynnti ARM lögregluönnnum að fara út fyrir girðinguna og út á Austurvöll, inn á meðal fólksins og ýta því hægt og rólega í burtu. Reyndist þetta mjög vel og fólk dreif sig í burtu við þessa aðgerð lögreglu. Kl. 00:03 voru síðustu glæður bálsins á Austurvelli slökktar af SHS og brunarústir fjarlægðar af hreinsunardeild Reykjavíkurborgar. Kl. 00:08 var lögreglu tilkynnt af starfsmanni þingsins að um 31 rúða hafi verið brotin á framhlið þinghússins, en ókannað væri með aðrar hliðar hússins.

Kl. 00:10, í lauslegri könnun undir lok verkefnisins, var staðfest að enginn lögreglumaður hafi hlotið meiðsl. Stuttu síðar fengust þær upplýsinga að [REDACTED] hafi fengið múrstein í öxlina og [REDACTED] hafi fengið glerflösku í hönd og væri bólginn á eftir. Að minnsta kosti þrjár af grindunum í grindverki lögreglunnar voru laskaðar eftir átök kvöldsins.

Hvernig til tókst:

Það er ljóst að hér var um mikið verkefni að ræða. Mikill fjöldi mótmælenda, mikil reiði og órói. Það var líka alveg ljóst að nýja grindverk lögreglunnar skipti algjörum sköpum að ekki fór verr. Lögreglan náði með þessari girðingu að halda æstum mótmælendum vel frá þinghúsinu. Reynslan sýndi að girðingin þyrfti að standa lengra frá, og eins að lögreglumenn gætu staðið lengra frá mótmælendum, en áður hefur þekkt. Lögreglumenn gátu betur varist grjótkasti og eins beinum árásum á þá, eins og þeir höfðu áður upplifað í svipuðum mótmælum. Verkefnið var langt og strangt og þurfti mikla lempni til að halda æstu fólkinu frá þinghúsinu og eins ökutækjum ráðherra og þingmanna. Augljóst var að stór hópur mótmælenda ætlaði sér að ná til þessa fólks, en lögreglan gat varið þá fyllilega enda mjög fjölmenn og vel útbúin.

Stjórnun aðgerða gekk mjög vel og skipulagið gekk algjörlega upp. Talið að hátt í 7.000 til 8.000 manns hafi verið á Austurvelli þegar mest var og mótmælin stóðu sem hæst. Flestir almennir borgarar fóru fljótt þegar byrjað var að grýta þinghúsið. Eftir því var tekið að þekktir mótmælendur s.s. Anarkistar voru nánast engir á svæðinu. Mest almennir borgarar, sem ekki hafa sést áður við svona mótmæli. GJP ræddi við marga þeirra og sögðust þeir vera komnir til að mótmæla aðgerðum eða aðgerðaleyfi núverandi stjórnvalda s.s. vegna skuldavanda heimilanna en vildu alls ekki taka þátt í ofbeldisfullum

mótmælum. Fannst þeim það eyðilegging á málstað þeirra þegar fólk tók að grýta þinghúsið og lögregluna.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Umsögn [REDACTED]: „Ég man að ég stóð varðstöðu framan við Alþingi, næst Dómkirkjunni. Við stóðum innan við nýju mannfjöldastjórnunargirðingu lögreglunnar, henni hafði verið komið fyrir í kringum Alþingishúsið. Þrátt fyrir að mótmælendur fleygðu að okkur eggjum og öðru lauslegu þá tók girðingin, að mínu mati, af okkur mesta álagið sem við höfðum þurft að þola við svipaðar aðstæður áður. Nú voru mótmælendur handan girðingarinnar en ekki ofan í lögreglumönnum. Gátu þeir því fengið útrás reiði sinnar á dauðum hlut í stað þess að berja á skjöldum okkar. Áður höfðum við þurft að standa umkomulausir með steinvegg þinghússins í bakið og borið fyrir okkur skildi, sem voru það eina sem skildi okkur að frá æstum múgnum.

Ég minnst þess að hafa fundið fyrir því að hugarfar fólks í garð lögreglu við þessar aðstæður hafði breyst töluvert frá því sem áður var. Mátti það m.a. sjá á því að menn úr mannfjöldanum gáfu lögreglumönnum kókómjólk að drekka og sendu þeim með því hlýjar kveðjur. Einnig var gaman að sjá þegar einn aðgerðamaður í okkar röðum braut saman svan úr pappírsörk og gaf ungri stúlku sem var ásamt móður sinni í fremstu röð mótmælenda.

Þegar líða fór að kvöldið og fækkað hafði í mannfjöldanum fór ég ásamt fjölda aðgerðamanna út á Austurvöll til þess að slökkva eld sem þar hafði verið kveiktur. Slökkvistarfið gekk vel þrátt fyrir að komið hafði til einhverra þústra milli lögreglu og nokkurra mótmælenda við þessa aðgerð. Ég man ekki betur en að stuttu síðar hafi mest af mannfjöldanum farið og við hafist handa við að taka saman búnað okkar og fjarlægja nýju girðinguna.“

Umsögn [REDACTED]: „Erfiðustu dagar okkar í öllum þessum látum voru þeir þrír sem ég stóð við alþingishúsið. Stundum rennur þetta saman í einn langan dag sem engan endi tekur.

Ég stjórnaði fyrsta hópnum, fyrsta daginn sem fór að alþingishúsinu. Ég fór með hópinn, sem var klæddur hefðbundnum samfestingi, framan við húsið og átti þar að gæta lokunarborða sem búið var að strengja milli ljósastaura. Rólegt og brosandi í fyrstu en fljótlega fór fólk að slíta borðana eins og til að ögra okkur og ég gekk að borðunum í rólegheitum og bætti þá.. en fljótlega létum við af því. Austurvöllur var að fyllast... þvílík mannmergð.

Eftir nokkra stund urðum við þess varir að straumur lá aftur fyrir húsið en þar voru átök að hefjast milli mótmælenda og lögreglu. Varla var hægt að greina hvað gekk á í talstöðvum vegna hávaða en ljóst var að við vorum hlé megin þó 90% fólksins stæðu andspænis okkur 7-8 lögreglumönnum.

Ég man bara næst þegar ég var í óeirðargalla þar sem ég lá á gólfinu inni í nýja alþingi og sjúkraflutningsmenn voru að gefa okkur verkjatöflur og vatn til að komast aftur á fætur og standa fyrir framan húsið. Allt rennur saman í eitt.

Ég man þó að við ræddum við nokkra alþingismenn sem leið áttu þarna hjá og var sýnilega brugðið. Ég heyrði á tali starfsmanns í þinginu og annars manns að Álfheiður hefði látið út úr sér að alþingi væri ekki staður fyrir lögreglumennina, þeir hefðu ekki frekar rétt á að vera þarna fremur en almenningur. Var starfsmaðurinn hneykslaður á þessum orðum hennar og annarra sem höfðu þá borði þessar kvartanir til starfsmanna. Aðrir komu og voru fegnir að sjá okkur...

Ég varð mjög hissa og áttaði mig ekki á af hverju ég var óvelkominn. Ég var að verja vinnustað þeirra og þá sérstaklega húsið sem er okkar allra og komandi kynslóðar.. alveg sama hverja það hýsir um hríð.

Ég man að ég var kominn í eina maríuna með hópinn minn þegar kallað var frá hverfisgötu að hópur væri að safnast þar saman og áttum við að fara þar til að vera til taks.

Er við komum inn var allt slökkt og örfáir menn innandyra. Ég man ekki atburðarásina að fullu en man að ég stóð allt í einu frammi á gangi, þangað sem okkur var skipað að fara og þar sátum við með bakið fast að veggnum við stigann. Fyrir utan var nokkur fjöldi fólks.

Ég man að ég horfði yfir vel lýstan hópinn og rúða var brotin fyrir framan mig. Við drógum mótorgjólíð í burtu ásamt gínunni.

Ég leit út og mér til mikillar undrunar stóð Álfheiður á gangstéttinni fyrir framan gluggan, fremst í hópi fólksins. Annar þingmaður, man ekki hvað heitir en held að sé í eða var í Borgarhreyfingu hallaði sér makindalega upp að ljósastaur og fylgdist með. Ég held ég hafi enn verið að velta fólkinu fyrir mér þegar stærðarinnar gangstéttahella kom í gegnum aðra rúðu og hafnaði við fætturnar mínar. Ég var ekki að trúá því að alþingismaður gæti staðið þarna og samþykkt þessa hegðun með að standa óhögguguð og fordæma ekki þetta ofbeldi með að ganga á brott.

Ég hafði stuttu áður varið hennar vinnustað með öllu sem ég átti til.

Ráðist var inn í anddyri og piparúða beytt og ég vil ekki hugsa það til enda ef fólkíð hefði farið í okkur þarna.. handfylli af lögreglumönnum í húsinu.

Síðan var staðið á tröppunum í óeirðargalla og fólkí leyft að hrækja á okkur í nokkra stund. Skipanir gefnar um gjallarhorn sem jafn harðan var skemmt af fólkinu. Svo ná þurfti í annað gjallarhorn.

Í mínum huga var þarna mesta minnkun fyrir lögregluna. Árás á lögreglustöð á ekki að líðast og mér leið illa hve mikið var leyft að vaða yfir mig og vinnustaðinn minn. Þarna átti lögreglan að taka skýra afstöðu á móti ofbeldinu og skemmdarverkunum. Árás á lögreglustöð á ekki að viðgangast. Þetta hugsaði ég á tröppunum þegar ég horfði á

hrákann leka niður glerið. Þarna fannst mér og finnst, lögreglunni og störfum hennar hafa verið sýnd mesta vanvirðing ... þarna átti lögreglan að senda skýr skilaboð...

Erfiðasta sem ég upplifði í þessu var (minnir mig) undir lok annars dags þessa mótmæla við alþingi.

Fátt fólk var eftir, að við töldum og lítill hópur lögreglumanna eftir við alþingi. Þó höfðum við slökkt eld þarna skömmu áður við anddyri alþingishússins og skemmdarvargar vildu halda áfram „leiknum“. Þátttakendur breyttust.... þarna voru að safnast saman ungmenni sem gerðu sér leið í bæinn til að taka þátt... taka þátt í slagsmálum við lögreglu. Allt í einu bætti bara í hópinn og einhverjir lögreglumenn voru að hlaupa á eftir skemmdarvargi þegar allt trylltist. Áður hafði fólk gengið um stefnulaust og skoða ástandið, leita að góðu sjónarhorni á einhverju sem átti að vera yfirstaðið.

Allt í einu æstist allt upp og við lokuðumst inni í horninu á starfsmannainnganginum við alþingi vestan við húsið. Allt í einu var hópurninn á móti okkur margfaldur, myndatökumenn lýstu andlit okkar og æstu upp fólkið til einstaklingsframtaks. Við óskuðum strax aðstoðar en þá voru mennirnir sem voru með stóru brúsana farnir og stjórnendur einnig virtist mér auk þess heyrði ég svo að talað var um að piparúðinn væri á síðasta dropa. Ég man ég kallaði að við þyrftum strax aðstoð, vorum eins og síld í tunnu þarna. fremstu menn fengu hoppandi menn á skyldi sína. Þetta ástand virtist standa að eilífu.

Ég sá eftir á að þarna var andlit margra lögreglumanna myndað, svo virtist undir daufum bláu ljósi og öll andlitin voru þreytt og alvörugefin.

Loks komu skipanir til fólksins um að hafa sig á brott í gegnum hátalara.. aftur og aftur... síðan var farið fram með kylfum og piparúða og ég sá kylfur á lofti. Þarna ruddumst við fram og fólk var ekki að átta sig á að þolinmæði til tilgangslaus ofbeldis til okkar væri ekki liðið inn í það óendanlega. Steinar og allt lauslegt hafði dunið þá á okkur... ofbeldi sem hafði þann eina tilgang að beinast beint að lögreglunni.. mér.

Ég lamdi þarna frá mér í fyrsta sinn á leið minni til að dreifa hópnum en sumir virtust ætla að takst á við okkur.. og aldrei fundið eins réttlætanagerlegt að nota kylfuna. Ég hafði líka í fyrst sinn fundið fyrir vanmætti.. kannski hræðslu yfir að verða undir.

Fólkið kom aftur.. og aftur að okkur og reyndi að komast inn fyrir lokanir til að „leika sér“ meira. Þá var okkur skipað að setja upp grímur... ég var að fara að upplifa eitthvað sem ég hélt að ég mundi aldrei upplifa í starfinu...

Á þriðja degi .. sem ég kveið... var það þroskaða fólkið sem vaknaði og fyrstu samskipti mín við fólkið var að mér var afhend rós.

Sumum greinilega ofbauð það sem fjölmiðlar höfðu sýnt af athæfi fólks.. dagana á undan...

Nokkra daga eftir þetta kom ég heim til mín eftir vinnuna og slökkti á öllum hljóðgjöfum.. ekkert útvarp, sjónvarp... ég þoldi ekki hávaða.. suðið í eyrunum var nóg sem hafði bergmálað í hausnum á mér.. bumbur, stál í stál barið og skerandi lúðrar...

Ég upplifði undarlega tíma en ég er stoltur af starfinu mínu í þessum öllu saman. Án okkar hefði alþingi brunnið og fólk meiðst. Ég er sannfærður um það. Það er eingöngu okkur að þakka að við getum boðið næstu kynslóð upp á að stýra landinu frá þessu húsi.“

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því

Alþingi, 5. október 2010

Lökenúmer: **007-2010-065018**

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** IPS-8510, JG-9116, ÁP-9101, JGP-9709, HPG-9801, RHG-0215, SG-0227, MIE-0623. **Flokkur 2:** BB-8826, SJ-9814, GBÁ-8831, PAE-0129, LH-0132, JBS-0427, RP-0508, AFH-0631, BG-0734.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað við Alþingi vegna boðaðra „tunnumótmæla“ og eins vegna atburða gærdagsins. Lögreglan til taks til að grípa inn í ef eitthvað fer úrskeiðis.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 14:00 og þeim lauk um kl. 22:00. Fjöldi lögreglumanna var 19 og heildartímafjöldi um 152.

Atvikalýsing:

Strax upp úr kl. 14:00 fóru mótmælendur að safnast saman við Alþingi. Talið að um hafi verið að ræða 50 til 60 manns og var þessi hópur mest allan daginn við Alþingi. Bæði fækkaði og fjölgaði þegar líða tók á daginn. Um kl 20:00 kom nokkur fjöldi ungmenna til að mótmæla. Hópur kvenna hafði skipulagt „tunnumótmæli“ við Alþingi og höfðu komið með nokkrar tunnur til að berja á. Ákváðu þær um kl. 20:58 að fjarlægja tunnurnar af vettvangi, þar sem þeim fannst aldur mótmælenda of lágur. Allt fór friðsamlega fram, en á tímabili var matvælum grýtt í þinghúsið, en lögreglumenn stöðvuðu það með því að ganga um á meðal mótmælendanna. Talið var að þegar mest var hafði um 80 til 100 manns verið við þinghúsið um kvöldið. Fljótlega fór fólk að tínast í burtu, en lögreglumenn í bíl voru hafðir í eftirliti áfram fram á kvöldið.

Hvernig til tókst:

Bara nokkuð vel en afskipti þurfti að hafa af nokkrum ungum mótmælendum sem tóku upp á því að grýta þinghúsið. Önnur afskipti þurfti lögreglan ekki að hafa af mótmælendum og því gekk þetta allt mjög vel upp.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 6. október 2010

Lökenúmer: 007-2010-065329

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** SJ-9814, GJG-0110, GF-0218, RP-0508, MJ-0712, HGK-0724, BG-0734. **Flokkur 2:** ÞJS-8110, IMI-0234, BKB-0112, ÁP-9101, BHP-0221, RPG-0603, GBS-0626.

Skipulag:

Ákveðinn aukinn viðbúnaður við Alþingi vegna boðaðra mótmæla. Skipulag með hefðbundnu sniði.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 16:00 og lauk um kl. 21:00. Fjöldi lögreglumanna var 16 og heildartímafjöldi um 80.

Atvikalýsing:

„Tunnumótmæli“ höfðu verið boðuð við Alþingi og fór fólk að streyma þangað um kl. 16:00. Talið var að um 200 til 300 mótmælendur hafi verið á svæðinu þegar mest var. Framkvæmdur var mikill hávaði með þessum tunnum, sem voru um 60 talsins, en annars fór allt friðsamlega fram og lögregla þurfti ekki að hafa afskipti af mótmælendum.

Hvernig til tókst:

Mjög vel og engin afskipti lögreglu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Stjórnarráðið, 12. október 2010

Lökenúmer: 007-2010-066702

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, GF-0218, HBS-0422, JBS-0427, MIE-0623, AFH-0631, ÁS-0632, LAP-0605. **Flokkur 2:** EBS-9122, PRJH-9927, GHM-0107, ESE-0428, HSP-0604, GST-0606, ÓMA-0634, MJ-0712. **Flokkur 3:** PJS-8110, JG-9116, ÁP-9101, PAE-0129, BÓ-0405, RSP-0508, BÁ-0514, EJ-0611. **Flokkur 4:** BB-8826, ÁÖG-0333, GHS-9411, GR-0106, HGK-0724, BFG-0734, DÖD-0781. **Flokkur 12(Sérsveit, gasmenn):** JMJ-8616, AE-9717, LJK-0414, GP-0512, ARG-0520, SÁR-0521 og ÁPÁ-8912, HG-9503 á bíl.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna fyrirhugaðra mótmæla framan við Stjórnarráðið frá kl. 10:00-12:00, á meðan ríkisstjórnafundur færi fram. Sést hafði á Facebook að margir ætli að gista á grasinu fyrir framan Stjórnarráðið um nóttina. Ákveðið að lögreglan yrði til taks og grípi inn í ef á þyrfti að halda.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 10:00 og þeim lauk um kl. 12:30. Fjöldi lögreglumanna var 41 og heildartímafjöldi um 102,5.

Atvikalýsing:

Fyrstu mótmælendur fóru að koma á staðinn um kl. 09:40 og voru það um sex aðilar. Stór sendibífreið kom á staðinn, SA-408, og fóru mótmælendur að tína jámtunnur út úr bílnum og staðsetja þær á gangstéttinni fyrir framan Stjórnarráðið. Alls voru þetta 25 til 26 jámtunnur. Rétt um kl. 10:00 voru ekki komnir margir mótmælendur, en um 10 fjölmiðlamenn. Lögreglumönnum var skipað að vera til hliðar við sjálfan vettvanginn, en samt í sjónlínu við Stjórnarráðið. Oddur, öryggisstjóri Stjórnarráðsins, gaf ráðherrabílstjórum fyrirmæli um að koma að Stjórnarráðinu Hverfisgötu megin. Allt var fremur rólegt, en þá tók Kristín Snæfells upp á því að rúlla einni tunnunni frá Lækjargötunni og upp á Hverfisgötu, að innkeyrslu að Stjórnarráðinu, bakinnangi, en það fylgdu henni engir eftir. Lögreglumenn fylgdust með þessu, en þurftu ekki að hafa nein afskipti.

Kl. 10:23 tilkynnti ARM að allt væri rólegt og að mótmælendur væru orðnir um 34. Farið var í nákvæmari talningu og kom í ljós að þeir voru um 50 talsins. Kl. 11:02 tilkynnti ARM

að stutt væri í að fundi lyki og lét ómerkta lögreglubifreið, með flokk lögreglumanna, vera til taks ef á þyrfi að halda til að koma ráðherrum fljótt í burtu, Hverfisgötu megin. Kl. 11:10 var ARM tilkynnt úr Stjórnarráðinu að fundi væri lokið og síðan fóru ráðherrar út aðaldyra megin svo ekkert fór á milli mála að fundi þeirra væri lokið. Engar hindranir urðu á vegi þeirra við að komast í burtu. Kl. 11:36 tilkynnti ARM að flokkur 4 mætti fara upp á aðalstöð, en þeir voru á næturvakt nóttina áður og komnir á tíma vegna hvíldarákvæða. Á þessum tíma hafði talsvert fækkað í hópi mótmælenda. Kl.12:00 kallaði ARM á flokk 2 til að koma að Stjórnarráðinu, baka til, svo flokkur 1 gæti farið í mat upp á aðalstöð. Kl. 12:12 kom sendibifreiðin LX-051 og í hana voru settar járntunnurnar. Allt rólegt á svæðinu og mótmælendum tók að fækka talsvert. Fljótlega voru allar lokanir teknar upp þar sem einungis um 10 manns voru eftir á staðnum. Kl. 12:25 lét ARM vita að flokkarnir færu upp á aðalstöð, en þeir samt ekki leystir upp, þar sem fréttir höfðu borist um að mótmælt yrði við Alþingi um kl. 14:00. Það reyndist síðan ekki ganga eftir.

Hvernig til tókst:

Mjög vel og engin sérstök afskipti lögreglu af mótmælendum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Landsbankinn, Austurstræti, 19. október 2010

Lökenúmer: 007-2010-068605

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** AS-9803, GR-0106, LBP-0248, ÁÖG-0333, GJG-0110, RHG-0215, JBS-0427, HSP-0604. **Flokkur 2:** IPS-8510, PAE-0129, SG-0227, HPG-9801, ÓGS-0247, HH-0323, HPT-0621, JVA-0709, HGK-0724. **Flokkur 12 (Sérsvait RLS):** HG-9503, EM-0128, EJ-0307, ÓSJ-0340, JG-0531, HIH-0715, tiltækir HV-0211, SH-0424, TE-0209, JKP-0431, GGA-0127, GÖH-0519.

Skipulag:

Aukinn viðbúnaður vegna auglýstra mótmæla við Landsbankann. Lögreglan verði tiltæk til að grípa inn í, ef eitthvað færi úrskeiðis.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:30 og þeim lauk kl. 16:30. Fjöldi lögreglumanna var 25 og heildartímafjöldi um 75.

Atvikalýsing:

Fljótlega upp úr kl. 14:00 fóru mótmælendur að mæta á staðinn með járntunnur með sér og voru þær barðar svo mikið að mikill hávaði myndaðist. Bankanum var lokað svo mótmælendur kæmust ekki inn. Allt fór vel fram, en þegar flest var í hópi mótmælenda taldist lögreglunni til að þeir hafi verið rúmlega 100. Kalt var í veðri og reglulega rigndi. Einhverjir mótmælendanna færðu tunnurnar út á Austurstrætið og lokaði þannig fyrir umferð vestur þá götu. Bifhjólamenn úr umferðardeild létu fólkið færa tunnurnar upp á gangstétt svo umferð gæti gengið eðlilega. Ekki voru fleiri afskipti lögreglu af þessum mótmælum og um kl. 16:15 var farið að fjarlægja tunnurnar og síðustu mótmælendur að yfirgefa svæðið. Í framhaldinu var viðbúnaður lögreglu leystur upp.

Hvernig til tókst:

Allt gekk nokkuð vel fyrir sig, en hafa þurfti afskipti af þeim mótmælendum sem lokuðu fyrir umferð með því að stilla járntunnum á Austurstrætið. Önnu afskipti urðu ekki af hálfu lögreglu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Hilton Hótel, 25. október 2010

Lökenúmer: 007-2010-070219

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og stjórn aðgerðarflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** BB-8826, RHG-0215, ÓGS-0247, SB-0602. Frá Sérsvait RLS: HE-9703, JP-0421, APE-9819, BS-0527.

Skipulag:

Ósk var um að lögregla yrði tiltæk vegna fundar ASÍ á hótelinu. Höfðu forsvarsmenn ASÍ og öryggisgæsla á hótelinu óskað eftir að lögregla yrði tiltæk, en ekki sýnileg á vettvangi og kæmi ekki að málum nema bein ósk kæmi um slíkt.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 14:00 og lauk kl. 17:30. Fjöldi lögreglumanna var 10 og heildartímafjöldi um 55.

Atvikalýsing:

Hótelinu var læst og öflug öryggisgæsla var á vettvangi á vegum hótelsins. Menn á ársþingi ASÍ voru tilbúnir að ræða við mótmælendur ef eitthvað kæmi upp á. Að sögn öryggisvarða komu um 60 til 70 mótmælendur á vettvang og sköpuðu mikinn hávaða. Allt fór þó friðsamlega fram og ekki kom til þess að kalla þyrfti á lögreglu. Nokkrir mótmælendur komust inn á hótelið, en menn á vegum ASÍ buðu þeim bara í kaffi og kleinur og skildu allir sáttir.

Hvernig til tókst:

Mjög vel og engin afskipti lögreglu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Héraðsdómur Reykjavíkur, 25. október 2010

Lökenúmer: 007-2010-070214

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** PJS-8110, ÁP-9115, GBS-0626, BK-0761, LH-0132, GF-0218, ÁÖS-0333, LAP-0605. Sérsvait RLS: HE-9703, JP-0421, APE-9819, BS-0527.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna fyrirtöku máls „níumeninganna“, sem ruddust inn í Alþingi 8. des. 2008. Ósk kom frá Helga Jónssyni, dómstjóra héraðsdóms, um að lögreglan yrði ekki sýnileg á vettvangi.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 09:00 og þeim lauk kl. 10:00. Fjöldi lögreglumanna var 14 og heildartímafjöldi um 14.

Atvikalýsing:

Lögreglumenn voru komnir á staðinn þegar þinghaldið hófst, en gættu þess að vera ekki sýnilegir. Fámennt og rólegt var í Héraðsdómi og ekki óskað eftir aðstoð lögreglu.

Hvernig til tókst:

Mjög vel og engin afskipti lögreglu.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 4. nóvember 2010

Lökenúmer: 007-2010-072749

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðastjórn í Skógarhlíð: HJ-7711-EB-7306.

Vettvangsstjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804, ÁS-8213. **Flokkur 1:** AS-9803, GJG-0110, GF-0218, LAP-0605, GST-0606, ÓMA-0634, BFG-0734, BK-0761. **Flokkur 2:** BB-8826, JG-9116, LH-0132, ÓGS-0247, ESE-0428, RSP-0508, HPT-0621, DÖD-0781. **Flokkur 3:** EBS-9122, IPS-8510, ÁP-9101, ÁÖG-0333, BHP-0221, LBP-0248, GHM-0107, JVA-0709. **Flokkur 12 (Sérsveit RLS):** KJS-9515, RP-8917, ÍÍG-9704, ÁGG-0246, BV-0739, ÓTÓ-9712, BJ-9523

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað við Alþingi vegna fyrirhugaðra mótmæla. Lögreglan var með hefðbundið skipulag, eins og verið hafði undanfarið við Alþingi.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 14:00 og þeim lauk kl. 21:00. Fjöldi lögreglumanna var 36 og heildartímafjöldi um 252.

Atvikalýsing:

Strax kl. 14:00 voru um 100 mótmælendur mættir á svæðið og voru með járntunnur meðferðis, líklega þær sömu og undanfarin mótmæli. Voru þær staðsettar á gangstéttinni í Kirkjustræti gegnt Alþingi. Kl. 14:20 hafði fjölgað verulega í hópi mótmælenda og talið að um 300 til 400 manns væri komin saman á Ausurvelli. Flestir staðsettir við stytta Jóns Sigurðssonar. ARM bað lögreglumann um að kanna með mótmælenda sem mættur var með egg. Þegar lögreglumaður kom að mannum með eggin, tók hann ekki eftir eggjabakka, sem var á jörðinni framan við manninn og steig óvart ofan á eggin. Þá var eitthvað byrjað að kasta snjóboltum og óttuðust menn að eitthvað væri í þeim, en svo

reyndist ekki vera. Menn frá SHS beðnir að kanna með olíuflekk, sem hafði myndast á stéttinni fyrir framan aðaldyr Alþingis, en hún hafði runnið úr einni járnþunnunni en allt reyndist í lagi.

Kl. 15:27 var heldur farið að fækka í hópi mótmælenda og var talið að um 150 til 200 manns væru enn á vettvangi. Þá sást til Birgittu Jónsdóttur, Margrétar Tryggvadóttur og Þórs Saari, alþingismanna, á meðal mótmælenda og á tali við Raket Sigurgeirsdóttur, sem var meðal skipuleggjanda mótmælanna. Þá var hengdur upp borði á hurð Alþingis, sem á stóð: „Vinnið fyrir fólkið.“ Um kl. 16:48 var talið að um 70 mótmælendur væru enn eftir á svæðinu. Þá sást til þekktra mótmælenda, sem lítið höfðu látið fara fyrir sér s.s. Guðmundar Kristjánssonar, Helgu Bjarkar, Nikuláss, Steinars Sigurðssonar og Bjarna Hannessonar. Mótmælendur fóru í að tína saman mótmælaspjöld og komu þeim í bifreiðar sem óku á brott. Kl. 18:15 var þingfundi lokið og járnþunnurnar þá teknar í burtu og var þá talið rétt að létta á löggæslunni. Öllu lokið um kl. 20:00.

Hvernig til tókst:

Þrátt fyrir töluverðan fjölda mótmælenda og atgang þeirra þurfti lögreglan að hafa mjög fá afskipti af mótmælendum. Allt gekk upp án nokkurra átaka.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Umsögn [REDACTED]: „Mótmælin fóru vel fram, lögreglan var með sýnilega löggæslu framan við þinghúsið á milli mótmælenda. Lögreglumenn klæddir samfestingum og lágmarksbúnaði. Aðrir lögreglumenn í aðgerðinni héldu sig til hlés og til þeirra var ekki leitað. Veðrið var gott, snjófól yfir jörð, það hefði ekki átt að draga úr mótmælendum að mæta. Mótmælendur voru flestir líklega á þriðja hundrað. Uppstilling mótmælenda var með þeim hætti að tunnur voru á gangstéttinni norðan Kirkjustrætis og á gangstéttum inn á vellinum. Um miðbik mótmælanna voru ekki allar tunnur mannaðar og á síðari hluta mótmælanna var stór hluti þeirra ekki notaður. Þingmenn Hreyfingarinnar, Birgitta, Margrét og Þór gengu á meðal mótmælenda, aðrir þingmenn voru ekki sjáanlegir. Raket Sigurgeirsdóttir ein þeirra, er stóð fyrir mótmælunum, virtist í tengslum við þingmennina. Mikill hávaði var af tunnuslættinum og gæta þarf vel að eyrnatöppum fyrir lögreglumenn á vettvangi. Í fjölmiðlum eftir mótmælin sagði Raket Sigurgeirsdóttir að hún væri ánægð með þátttökuna. Mótmælin voru auglýst með viku fyrirvara og undirtónninn í umfjöllun að þau yrðu stærri en 4. október sl. en það gerðist ekki. Ekki voru sýnilegir á svæðinu þekktir mótmælendur (Anarkistar) nema Steinar Sigurðsson. Á sama tíma og mótmælin fóru fram birtist [REDACTED] við Bandaríska sendiráðið með myndatökumann og lét ekki af stjórn hvar hann mætti staðsetja sig og mun lögreglan hafa handtekið hann og flutt á brott – stoppaði stutt við hjá lögreglu.“

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Þjóðmenningarhúsið – Alþingi, 10. nóvember 2010

Lökenúmer: 007-2010-074600

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og stjórn aðgerðahópa: KHP-9804, ÁS-8213. **Hópur 1:** UMÁ-0103, GHM-0107, LH-0132, BK-0761. **Hópur 2 (Sérsvait RLS):** AE-9717, LJK-0414, GP-0512, ÁRG-0520, SÁR-0521.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna fyrirhugaðra mótmæla við Þjóðmenningarhúsið kl. 14:00. Hópur Sunnlendinga ætlaði að afhenda undirskriftalista við Alþingi kl. 16:00. Hópurinn ætlaði að koma á nokkrum rútum og myndi umferðardeild sjá um lokun Kirkjustrætis meðan á þessu stæði. Lögreglumenn yrði til taks og grípa inn í ef á þyrfti að halda.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 14:00 og þeim lauk kl. 16:30. Fjöldi lögreglumanna var 11 og heildartímafjöldi um 27,5.

Atvikalýsing:

Um kl. 14:00 söfnuðust saman um 30 manns fyrir framan Þjóðmenningarhúsið og börðu jámtunnur. Allt fór friðsamlega fram, en lögreglumenn þurftu nokkrum sinnum að fá mótmælendur af akbrautinni, er þeir reyndu að stöðva umferð. Mótmælunum lauk skömmu fyrir kl. 16:30.

Við Alþingi mættu um 150 til 200 manns. Var þetta hópur Sunnlendinga, sem vildi fá að afhenda forsætisráðherra, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra, undirskriftalista vegna niðurskurðar á fjárlögum til sjúkrahúsa á Suðurlandi. Allt fór friðsamlega fram og ekki kom til afskipta lögreglu að öðru leyti en umferðardeild lokaði Kirkjustrætinu á meðan. Mótmælin tóku um 30 mínútur.

Hvernig til tókst:

Mjög vel og engin afskipti lögreglu, nema lítilla vegna umferðarteppu..

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 17. nóvember 2010

Lökenúmer: 007-2010-075971

Lögreglumenn við störf:

Vettvangsstjórn: KHP-9804 og aðrir lögreglumenn: JBS-0427, ÁS-0632, GBÁ-8831, BK-0761.

Skipulag:

Boðuð voru mótmæli framhaldsskólanema við Alþingi. Karen frá sambandi íslenskra framhaldsskólanema hafði samband og sagði þau ætla að vera með gjöming við Alþingi. Karen sagði þetta eiga að vera friðsöm mótmæli. Vegna þessa var talið rétt að setja upp viðbúnað fimm manna úr aðgerðasveit.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 11:30 og þeim lauk kl. 14:30. Fjöldi lögreglumanna var fimm menn og heildartímafjöldi 15.

Atvikalýsing:

Um kl. 11:40 voru komnir um 80 manns fyrir utan Alþingi. Að sjá í eftirlitsmyndavél voru þekkt andlit, sem áður höfðu verið viðriðin mótmæli á staðnum. Um kl. 12:26 tók að fækka í hópnum og allt varð rólegt. Einhver gjömingur var í gangi fyrir framan Alþingi, þar sem 18 menn láu á gangstéttinni við Austurvöll og aðrir að hella einhverju blóðlíki yfir það. Þá tóku einhverjir upp á því að kasta eggjum í Alþingi. Þegar mest var voru ríflega 100 manns við Alþingi. Nokkrum eggjum var kastað í Alþingi og var haft tal af einum sem það gerði, [REDACTED]. Hann sagðist vera ósáttur við alþingismenn, en hann ætlaði að láta af frekara eggjakasti. Hann sagði að einhver hafi rétt honum bakka af eggjum og tók hann þátt í að kasta þeim ásamt fleirum. Allir framhaldsskólanemamir voru farnir af vettvangi um kl. 14:00. Skömmu síðar kom á vettvang aðili frá stúdentaráði til að afhenda þingmönnum skýrslu sem þau höfðu unnið. Allt fór friðsamlega fram og náðu þau tali af menntamálaráðherra og fleirum, en síðan fóru þau.

Hvernig til tókst:

Allt gekk nokkuð vel, en tal haft af einum eggjakastara og hann skráður niður. Að öðru leyti fór allt vel fram og lögreglan þurfti lítið að beita sér.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 30. nóvember 2010

Lökenúmer: 007-2010-079150

Lögreglumenn við störf:

Vettvangsstjórn: KHP-9804. Aðrir lögreglumenn: EJ-0611, ÞJS-8110, LAP-0605, AS-9803.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna mótmæla á Austurvelli kl. 17:00-18:00. Mótmæli vegna veru AGS hér á landi, en þennan dag voru víst tvö ár síðan þeir komu til landsins. Því var ákveðið lögreglan yrði með hefðbundinn lágmarks viðbúnað.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 17:00 og þeim lauk kl. 18:00. Fjöldi lögreglumanna var fimm og heildartímafjöldinn 5.

Atvikalýsing:

Um 50 manns mætti á Austurvöll þegar mest var og hélt hópurinn sig við stytta Jóns Sigurðssonar á Austurvelli. Allt fór friðsamlega fram og ekki kom til afskipta lögreglu.

Hvernig til tókst:

Allt gekk mjög vel fyrir sig.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Landsbankinn, Austurstræti, 7. desember 2010

Lökenúmer: 007-2010-080931

Lögreglumenn við störf:

Vettvangsstjórn: KHP-9804. Aðrir lögreglumenn: GBÁ-8831, BB-8826, ÁP-9101, ÁÖG-0333.

Skipulag:

Aukinn viðbúnaður lögreglu var hafður vegna mótmæla við Landsbankann, en þó í lágmarki.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 14:00 og þeim lauk kl. 15:00. Fjöldi lögreglumanna var fimm og heildartímafjöldi um 5.

Atvikalýsing:

Skömmu eftir kl. 14:00 voru um 14 manns mættir á staðinn og voru syngjandi, en ekki með tunnur með sér. Eric Cantona, hinn öflugi knattspyrnumaður á árum áður, hafði í fjölmiðlaviðtali í nóvember sl. skorað á innistæðueigendur um heiminn að gera áhlaup á banka þennan dag og taka úr sparifé sitt. „Heimavarnaliðið“ og fleiri mótmælendur tóku undir þetta og hvöttu til aðgerða. Um þetta var fjallað í vefmiðlunum Svipunni, Smugunni og Pressunni. Um kl. 14:30 voru um 20 manns á staðnum og allt gekk vel fyrir sig. Öryggisstjóri bankans sagði KHP að engin óþægindi væru af þessu, en hver og einn yrði að meta sönginn. Hjörtur Howser leiddi sönginn og var með orgel á staðnum. Kl. 14:35 gáfu mótmælendur sig á tal við Davíð Oddsson þegar hann gekk inn í bankann og afhentu honum tóma bankabók og létu taka af sér mynd með honum. Kl. 14:59 tilkynnti KHP að mótmælin væru búin við bankann og lögreglan myndi leysa upp viðbúnað sinn. Mótmælin gengu vel fyrir sig. Samvinna var höfð við öryggisstjóra Landsbankans og aðra öryggisstjóra bankanna á höfuðborgarsvæðinu fyrir daginn í dag, til að undirbúa þá undir væntanleg mótmæli. Þau urðu hvergi nema við Landsbankann.

Hvernig til tókst:

Allt gekk mjög vel fyrir sig og þurfti lögreglan ekki að beita sér.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 8. desember 2010

Lökenúmer: 007-2010-081115

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: KHP-9804. **Flokkur 1:** BB-8826, GBÁ-8831, GST-0606, HGK-0724. **Flokkur 2:** ÁP-9101, HPG-9801, SG-0227, SBA-0602. Sérsvait RLS: AE-9717, GP-0512. Sjó aðrir ónefndir lögreglumenn voru í verkefninu.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað við Alþingi frá kl. 14:00 en stuðningsmenn „níumeninganna“ hugðust fjölmenna á palla Alþingis vegna þess að tvö ár væru liðin frá innför þeirra inn í Alþingi. Því var ákveðið að lögreglumenn yrðu viðbúnir á vettvangi vegna þessa. Tveir óeinkenndir lögreglumenn yrðu inni í Alþingi ásamt þremur einkenndum lögreglumönnum.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 14:00 og þeim lauk kl. 17:00. Fjöldi lögreglumanna var 18 og heildartímafjöldi um 54.

Atvikalýsing:

Kl. 14:12 fékk KHP upplýsingar frá Guðlaugi Ágústssyni, öryggisstjóra Alþingis, að fimm aðilar væru komnir á pallana og svipaður fjöldi biði eftir að komast upp, en allt væri rólegt. Að sjá í eftirlitsmyndavélum voru bílar frá RÚV og Stöð 2 komnir á staðinn. Tilkynnt að fleirum yrði ekki hleypt á pallana. Nokkuð bættist við af fólki austan við þinghúsið. Tilkynnt var frá Alþingi að 13 væru komnir upp á pallana og um 40 manns biði utandyra eftir að komast þangað. Hengdur var mótmælaborði á austurvegginn við Alþingisgarðinn og á honum stóð „stöðvum kúgunina frelsum Rvk 9.“ Birgitta Jónsdóttir, þingmaður, sást á tali við mótmælendur. Tilkynnt innan úr Alþingi að 20 manns væru komnir á pallana. Helga Björk Magnúsdóttir Grétudóttir var komin á staðinn. Boð komu frá FMR um að óskað væri eftir lögreglumönnum að þinghúsinu þar sem hiti væri í fólki sem var á pöllunum og við innganginn. KHP sendi menn á staðinn, en aðstoðarbeiðni hafði verið ítrekuð. Þá tilkynnti KHP að ýta þyrfti fólki frá innganginum að þingpöllum, til þess að fólk kæmist út úr húsinu frá þingpöllum, en þingfundi hafði verið slitið. Þingfundi var slitið þar sem öskur og gauragangur var það mikill frá fólki á pöllunum. Kl. 15:02 tilkynnti KHP að búið væri að rýma pallana og lögreglumenn héldu fólki frá útidyrhurðinni, en ekki var um aðra aðkomu að ræða.

KHP tilkynnti að Páll Heiðar hafi farið mikinn með framíköllum og látum á pöllunum. Haukur Hilmarsson var líka með fyrirgang og frammíköll. Þá lét hann borða hanga frá pöllunum og niður í þingsal. Sjá mátti í öryggismyndavélum að Rakel Sigurgeirsdóttir,

skipuleggjandi tunnumótmælanna, kom borðanum inn í Alþingi þar sem Haukur tók við honum og hengdi upp. Vert er að taka fram að starfsmenn Alþingis leituðu á öllum sem fóru á pallana. Helga Björk kom á bifreiðinni MX-156 og lagði henni þannig að hún lokaði Kirkjustræti framan við þinghúsið. Umferðardeildarbíll fór á staðinn og sá til þess að bílar kæmst framhjá. Helga Björk var með hefðbundna hegðun, þ.e. að hengjandi eitthvað upp í tré við Alþingi.

Kl. 15:07 var allt fólk komið út úr þinghúsinu og búið að slökkva ljósin. KHP tilkynnti að ástandið væri rólegt, a.m.k. fyrir utan þinghúsið, en sagði að skipulag lögreglu verði fylgt áfram, engin breyting yrði á því. Þingfundur hófst aftur um kl. 15:20 og vildi fólk þá aftur fá að komast á pallana, en ekki var opnað fyrir gesti á pallana. KHP tilkynnti að þetta væri alfarið ákvörðun þingsins og lögreglan hafi ekkert með þetta að gera, þegar spurst var fyrir um lokunina. Talið að um 20 til 30 manns væru enn á svæðinu. Ákveðið að hafa lögreglumenn utan við dyrnar að þingpöllum. Kl. 15:38 sást í eftirlitsmyndavélum að eitthvað fækkaði fólkinu við þinghúsið og mun ástæðan hafa verið sú að lögreglumaður hafði tekið niður borða sem fólkið hélt á. Hópurinn kom þó fljótt aftur með borðann. Allt fremur rólegt eftir þetta, en síðan sást hvar mótmælendur settu upp myndvarpa og vörpuðu mynd á þinghúsið og Dómkirkjuna, en texti sást ekki. Um kl. 16:40 komu karl og kona út frá bakdyrum þinghússins, en ekki var opnað fyrir þeim. Mördur Ármason, þingmaður, ræddi við fólkið utan við Skálann, en þau fóru svo sömu leið til baka að bakdyrum. Starfsmaður þingsins sagði að fjórir til fimm aðilar lægju á bjöllunni við bakdyrnar, en þeim yrði ekki hleypt inn á pallana. Öllu síðan lokið um kl. 17:00.

Hvernig til tókst:

Allt gekk nokkuð vel, en lögreglan þurfti að koma þingvörðum til aðstoðar þar sem troðningur myndaðist við inngang að þingpöllum. Eins veitt aðstoð þegar mótmælendur á þingpöllum tóku að raska þingfundi með öskrum og öðrum ólátum, og þurfti að fjarlægja þá úr húsinu. Að öðru leyti gekk allt vel og enginn handtekinn.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Héraðsdómur Reykjavíkur, 12. janúar 2011

Lökenúmer: 007-2011-002527

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og stjórn aðgerða: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** ÞJS-8110, GBÁ-8831, ÓMA-0634, DÖD-0781, ÁP-9101, HPG-9801, SG-0227. Tiltækir frá Sérsvait RLS: AD-0205, JKP-0431, HV-0211, TE-0209

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna máls „níumenninganna“, sem ruddust inn í Alþingi 8. des.2008. Beiðni frá héraðsdómi lá fyrir um að lögreglan yrði tiltæk, ef eitthvað færi úr böndum, en ekki sýnileg á staðnum.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 09:00 og lauk kl. 10:00. Fjöldi lögreglumanna var 13 og heildartímafjöldi um 13.

Atvikalýsing:

Mjög fáir mættu og því þurfti lögreglan ekki að hafa nein afskipti af málinu.

Hvernig til tókst:

Mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 17. janúar 2011

Lökenúmer: 007-2011-003577

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: HJ-7711, EB-7306.

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** ÞJS-8110, SJ-9814, ÁP-9101, JG-9116, SÖS-0126, HH-0323, HGK-0734, KPS-0728. **Flokkur 2:** AS-

9803, IMI-0234, GR-0106, GHM-0107, LAP-0605, GBS-0626, SBA-0604, SS-0762. **Flokkur 3:** BB-8826, PRJH-9927, LBP-0248, HBS-0422, JBS-0427, HH-0436, BÁ-0514, ÁS-0632. **Flokkur 4:** ABS-9122, BKB-0112, HPG-9801, GJG-0110, JG-0222, SG-0227, HG-0429, RPG-0603. **Flokkur 5:** IPS-8510, GF-0218, BHP-0221, MIE-0623, JVA-0709, BFG-0734, DÖD-0781, VS-0719. **Flokkur 12 (Sérsveit RLS):** ÁPÁ-8912, AD-9205, EM-0128, HVJ-0211, TE-0209, SBH-0424, JKP-0431, JÖG-0531. **Flokkur 13 (Sérsveit RLS):** ÁKÁ-8702, JMJ-8616, HG-9503, AE-9717, EJ-0307, ÓSJ-0340, LJK-0414, HIH-0715. **Umf:** ÁF-8812, ÓHK-8740, LS-9931 SH-9912, RHG-0215, ÓGS-0247.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna setningar Alþingis. Ákveðið að setja upp járngríðingu fyrir framan Alþingi. Lögreglumenn áttu að gæta þess að enginn færi inn fyrir hana. Skipulag og framsetning löggæslunnar með hefðbundnu sniði.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 14:00 og þeim lauk kl. 20:00. Fjöldi lögreglumanna var 66 og heildartímafjöldi um 396.

Atvikalýsing:

Fyrr um daginn hafði gríðingin verið sett upp svo allt yrði tilbúið ef mótmælendur mættu á svæðið. Um kl. 14:39 var Helga Björk mætt ásamt fáum mótmælendum. Komið var með járnstúrnur inn á svæðið eins og undanfarin mótmæli. Fáir voru komnir til að berja á þær, en Bjami Hannesson var mættur á sinn stað. Hægt fjölgaði í hópi mótmælenda sem voru um 20 til 30 um kl. 15:53. Heldur tók að fjölga mótmælendum um kl. 16:22, en ekki fjölmenni. Upplýsingar komu úr þinginu að þingfundi verði lokið um kl. 19:00, en gæti þó verið fyrr, og voru þá komnir rúmlega 100 mótmælendur á svæðið.

KL. 16:44 tilkynnti ARM að settir hafi verið upp lokunarborðar á bak við þinghúsið og lögreglumenn settir á þann póst. Reynt var að láta sem fæsta lögreglumenn vera sýnilega. Kl. 16:46 tók heldur að fjölga í hópi motmælenda, eða hátt í 200 manns. Heldur illa gekk að manna járnstúrnurnar og hélt fólk sig mest á gangstéttinni norðan við þinghúsið og við stytta Jóns Sigurðssonar. Um kl. 17:00 var talið að rúmlega 200 manns væri í hópi mótmælenda. Þá var kveikt á nokkrum blysum norðan við stytta Jóns Sigurðssonar og olli þetta engum vandræðum. Allt var með friði og spekt og helst var þarna að sjá eldra fólk og börn í hópi mótmælenda.

Fljótlega upp úr kl. 17:00 var hægt að fækka í hópi lögreglumanna. Einhver hreyfing var á mótmælendum og höfðu nokkrir þeirra fært járnstúrnur út á Kirkjustrætið og þannig lokað fyrir umferð. ARM gaf fyrirmæli um að fjarlægja stúrnurnar af götunni svo umferð gæti gengið eðlilega fyrir sig. Þurfti aðeins að ýta við þeim sem stóðu við stúrnurnar svo hægt yrði að opna götuna. Kl. 17:52 sást hvar kveikt var í litlum bálkesti og lét ARM slökkva hann strax. Þá sást til pílta að koma með eldmat í hjólbörum og voru höfð afskipti af þeim. Aftur var kveiktur eldur í bálkestinum, en hann slökktur strax aftur.

Kl. 18:19 tilkynnti ARM meiri mannskap þyrfti í að ganga um Austurvöll og sjá til þess að ekki næðist að kveikja frekari elda. Þegar lögreglumenn voru í þessu var ítrekað veist að þeim af þekktum mótmælendum og fylgifiskum þeirra. Kallað var eftir aðstoð slökkviliðs til að ráða niðurlögum eldsins. Áfram voru lögreglumenn við girðinguna og eins á vakt með hliðum þinghússins svo enginn kæmist aftan að lögreglumönnum. Kl. 18:38 tilkynnti ARM að frést hafi að einhverjir mótmælendur væru með „kínverja“ og ætli að kasta þeim í lögreglumenn. Bað hann menn um að hafa varann á.

Fljótlega fór að fækka verulega í hópi mótmælenda, en eftir var þó fólk sem þekkt var af leiðindum í fyrri mótmælum og tók það upp á því að kasta eggjum í lögreglumenn. Farið var í að taka járntunnurnar, en þær barðar á meðan svo mikill hávaði myndaðist við þá byggingu þingsins þar sem nefndarsvið þess er til húsa. Fljótlega voru tunnurnar fjarlægðar og mótmælendur hurfu allir á braut. Þó urðu einhverjir eftir við fyrrnefnda byggingu, þ.e. nefndarsvið þingsins, og voru þar með nokkrar járntunnur. Settur var lítill hópur lögreglumanna í að fylgjast með þessu, en öðrum leyft að fara upp á aðalstöð. Það var um kl. 19:37, sem tunnuslættinum lauk og þær skildar eftir. Borgarstarfsmenn fengnir til að fjarlægja þær. Fljótlega voru allir farnir og störfum lögreglu þar með lokið.

Hvernig til tókst:

Allt gekk nokkuð vel fyrir sig. Fjöldi mótmælenda var aldrei mjög mikill og því auðvelt fyrir lögreglu að ráða við stöðuna. Nokkur afskipti höfð af þeim mótmælendum sem stjórnðu tunnuslættinum og þeim, sem voru að kveikja elda. Náðist að koma í veg fyrir róstur og leiðindi með lempni lögreglumanna.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Umsöfn [REDACTED]: „Ég var ásamt [REDACTED] í flokki 3 þegar við veittum athygli þingmönnum Þór Saari og Birgittu Jónsdóttur að þau fóru ásamt fylgdarliði út um framdyr glerhýsis þinghússins og út um glufu á girðingu lögreglunnar sem var við norðvestur hlið glerhýsisins. Höfðum við minniháttar afskipti af þeim þar. Þetta var líklegast um kl. 17:00.

Í kjölfarið komu einhverjir mótmælendur, sem vildu komast í gegnum þessa sömu glufu til þess að stytta sér leið á bifreiðastæði vestan við þinghúsið. Ákváðum við BÁ þá að loka þessari glufu með borðum, en um var að ræða 30 cm bil á milli hússins og girðingar. Ekki var talið forsvaranlegt að hleypa fólki þarna fram og til baka. Vorum við skömmu síðan leystir af af þeim LBP og JBS og tjáðum við þeim okkar úrræði og hversu mikilvægt væri að halda þessari lokun.

Er ég var í mat ásamt BÁ urðum við þess varir að aðstoðarkona Birgittu, er okkur var tjáð, kom á skokkinu og vildi fá að ræða við einhvern yfirmann því Birgitta væri lokuð úti. Tjáði ég henni hvað lokun okkar þýddi og Birgitta væri frjálst að gang lengri leið, eins og öllum öðrum, í stað þess að fara um lokunina á þennan hátt. Var ljóst á svip hennar og svörum að hún væri ekki tilbúin að færa Birgittu þessar fregnir.

Nokkrum mínútum seinna koma Birgitta, rauð í framan, inn um framdyr glerhýsisins. Þar tjáði hún lögreglumönnum skoðun sína á okkar vinnubrögðum, en þetta væri hennar vinnustaður og við hefðum ekkert með að hafa áhrif á ferðir hennar.

Parna voru um 6-7 lögreglumenn, ÁS, ÁS2, BÁ, GF og einhverjir fleiri, sem ég man ekki í augnablikinu. Sýndi hún okkur þvílíka lítilsvirðingu og dónaskap að ég stóðst ekki mátið og svaraði henni; að okkar vinnustaður væri umhverfis hennar vinnustað og þyrfti hún að fara að okkar reglum ef hún vildi ferðast um hann. Tjáði ég henni mikilvægi þess að halda lokunum og við gætum ekki haft fólk á gangi innan lokana. Fyrir mitt leyti þekki ég t.d. langt í frá alla þingmenn í sjón, hvað þá annað starfsfólk Alþingis. Svaraði hún því að hún hefði ávallt verið kurteis við lögreglu og að okkar framkoma væri til skammar, áður en hún strunsaði á brott.

Ræddi ég seinna við LBP og JBS til að fá upplýsingar um hvað hefði farið fram utandyra og kom þá í ljós að Birgitta hafði verið neitaður aðgangur um áðurnefnda glufu, en hún hefði orðið mjög reið og á endanum rífið lögregluborðana þrjá, sem höfðu verið settir þar fyrir og farið svo inn. Taldi ég rétt að þessu yrði haldið til haga, enda áður komið upp vandamál með þingmenn og umferð þeirra um lokanir lögreglu. Er þetta bókað að höfðu samráði við HJ og EB.“

Umsögn [REDACTED]: „Ræddi ég við Guðlaug Ágústsson í þinginu. Gerði honum grein fyrir því að lögreglumenn á vakt við girðinguna í gær hefðu lent í orðaskaki við tvo þingmenn Hreyfingarinnar (Birgittu Jónsdóttur og Þór Saari) og (samstarfskonu?) sem hefðu verið óheppileg út frá skipulagi og umgjörð sem lögreglan setti upp vegna boðaðra mótmæla. GÁ sagði að skoða þyrfti umgang um lokað svæði við þessar aðstæður þ.e. að þingmenn, starfsmenn þingsins hafi leitað upplýsinga hjá lögreglu um leið um svæðið fyrir þingkonuna.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Héraðsdómur Reykjavíkur, 18. janúar 2011

Lökenúmer: 007-2011-003876

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** ÞJS-8110, ÁP-9101, SJ-9814, HH-0323, EBS-9122, GF-0218, BHP-0221, LAP-0605. Sérsvait RLS til taks: TE-0209, SH-0424.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna málflytninga í máli „níumenninganna“ vegna máls frá 8. des. 2008. Óskað var eftir að lögreglan yrði tiltæk á staðnum, en ekki sýnileg nema aðstæður myndu kalla á slíkt.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 08:30 og þeim lauk kl. 12:00. Fjöldi lögreglumanna var 12 og heildartímafjöldi um 42.

Atvikalýsing:

Reiknað var með töluverðum fjölda fólks vegna fyrirtöku málsins, en svo reyndist ekki verða. Allt fór friðsamlega fram og lögreglan þurfti engin afskipti að hafa vegna þessa.

Hvernig til tókst:

Mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Héraðsdómur Reykjavíkur, 19. janúar 2011**Lökenúmer: 007-2011-004176****Lögreglumenn við störf:**

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** ÞJS-8110, HPG-9801, SJ-9814, HH-0323, EBS-9122, SG-0227, HG-0429. Sérsvait RLS tiltæk: HVJ-0211, SH-0424.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað í héraðsdómi vegna fyrirtöku máls „níumenninganna“. Sama skipulag lögreglunnar og undanfarna atburði í dómhúsinu vegna þessa máls.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 08:30 og þeim lauk kl. 12:00. Fjöldi lögreglumanna var 11 og heildartímafjöldi um 38,5.

Atvikalýsing:

Fáir mættu og því fór allt friðsamlega fram og lögreglan þurfti ekki að hafa nein afskipti af málum.

Hvernig til tókst:

Mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Lækjartorg, 20. janúar 2011**Lökenúmer: 007-2011-004394****Lögreglumenn við störf:**

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** PJS-8110, JG-9116, SJ-9814, HH-0323, EBS-9122, IPS-8522, SG-0227, ESE-0428. **Flokkur 2:** PRJH-9927, UMÁ-0103, GR-0106, ÓGS-0247, LBP-0248, JBS-0427, SBA-0602, HSP-0604. Sérsvait RLS til taks: JMJ-8616, HIH-0715.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna boðaðra mótmæla á Lækjartorgi við héraðsdóm vegna fyrirtöku máls gegn „níumenningunum“. Skipulag lögreglunnar með sama hætti og fyrr vegna þessa máls.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 10:00 og þeim lauk kl. 12:00. Fjöldi lögreglumanna var 20 og heildartímafjöldi því 40.

Atvikalýsing:

Ekki margt fólk sem mætti á boðaðan mótmælafund og allt gekk mjög vel fyrir sig. Lögreglan þurfti ekki að hafa nein afskipti af þessum mótmælum.

Hvernig til tókst:

Mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Ráðhús Reykjavíkur, 1. febrúar 2011

Lökenúmer: 007-2011-0065651

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** BB-8826, EBS-9122, RPG-0603, DÖD-0781, UMÁ-0103, GF-0218, HH-0323, SBA-0602. Sérsvait RLS tiltæk: JÖG-0531, HIH-0715.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað við Ráðhúsið vegna boðaðra mótmæla fólks vegna niðurskurðar hjá tónlistarskólum Reykjavíkur. Lögreglan yrði viðbúin á vettvangi, en ekki sýnileg nema tilefni gæfist til.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 13:30 og þeim lauk kl. 17:30. Fjöldi lögreglumanna var 12 og heildartímafjöldi um 48.

Atvikalýsing:

Ganga fór af stað um kl. 13:23 frá Söngskólanum við Snorrabraut og var áætlað að um 100 manns væru í göngunni, sem hélt beina leið að Ráðhúsinu. Umferð gekk nokkuð vel á meðan á göngunni stóð og eins þegar hún var kominn að Ráðhúsinu. Þá tók að fjölga nokkuð í hópi mótmælenda og var áætlað að um 250 til 300 manns væru þar saman komnir. Rétt um kl. 14:00 var talið að um 500 manns væri mætt á svæðið og allt fór friðsamlega fram. Það hélt áfram að fjölga í hópnum og talið, þegar mest var, hafi um 600 manns tekið þátt í mótmælunum. Kom borgarstjórinn út úr Ráðhúsinu og ræddi við fólkið og eftir það samtal tók að fækka í hópi mótmælenda. Talið var að um 100 manns hafi farið á áheyrendapalla í borgarstjórnarsal, en allt var þar rólegt. Lögreglan var á staðnum þar til allir voru farnir um kl. 17:30. Allt fór friðsamlega fram og þurfti lögreglan ekki að hafa afskipti af mótmælendum.

Hvernig til tókst:

Mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Héraðsdómur Reykjavíkur, 16. febrúar 2011

Lökenúmer: 007-2011-009595

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** BB-8826, ESE-0428, AÖS-0529, ÁÖG-0333, GBÁ-8831, ÁP-9101. Sérsvait RLS tiltæk: ÍÍG-9704, ÁGG-0246.

Skipulag:

Ákveðinn aukinn viðbúnaður lögreglu vegna dómsuppkvaðningar í máli „níumenninganna“. Skipulag lögreglu eins og undanfarið í þessu máli í Héraðsdómi.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 08:30 og þeim lauk um kl. 11:30. Fjöldi lögreglumanna var 10 og heildartímafjöldi um 30.

Atvikalýsing:

Nokkur hiti var í fólki inni í dómhúsinu að sögn dómvarða og að ríflega 100 manns hafi verið þar þegar mest var. Allt hafi þó farið friðsamlega fram og ekki kom til afskipta lögreglu.

Hvernig til tókst:

Mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 16. febrúar 2011

Lökenúmer: 007-2011-010644

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Hópur 1:** BB-8826, GBÁ-8831, ESE-0428, AÖS-0529.

Skipulag:

Ákveðinn aukinn viðbúnaður við Alþingi vegna atkvæðagreiðslu um Icesave. Skipulag lögreglu gekk út á að vera tiltækir ef mótmælendur gerðust of aðgangsharðir við þinghúsið.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 16:00 og þeim lauk kl. 17:30. Fjöldi lögreglumanna var um 6 og heildartímafjöldi um 10.

Atvikalýsing:

Talið að um 30 manns hafi verið í mótmælum við Alþingishúsið þegar mest var. Hald var lagt á skottertu í byrjun mótmælanna, en að öðru leyti kom ekki til afskipta lögreglu. Voru um fimm mótmælendur eftir á staðnum þegar lögreglan yfirgaf vettvang. Síðar fékk lögreglan tilkynningu um að maður hafi kastað nokkrum eggjum í þinghúsið eftir að lögreglan var farin af staðnum. Þessi maður mun hafa verið [REDACTED]

Hvernig til tókst:

Mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 8. júní 2011

Lökenúmer: 007-2011-034995

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804, ÁS-8213: **Flokkur 1:** BB-8826, GHS-9411, HL-9916, GJG-0110, HH-0323, ESE-0428, SBA-0602, HSP-0604, BK-0761. **Flokkur 2:** SJ-9814, IPS-8510, IMI-0234, MJ-0712, UMÁ-0103, SG-0227, ÓGS-0247, ÁÖG-0333. Sérsvait RLS tiltæk: EM-0128, EJ-0307.

Skipulag:

Ákveðinn aukinn viðbúnaður við Alþingi vegna eldhúsdagssumræðna kl. 19:50 þetta kvöld. Lögreglan yrði tiltæk á staðnum, eins lítið sýnileg og mögulegt væri, en skjót til að grípa inn í ef eitthvað færi úrskeiðis.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 19:00 og þeim lauk um kl. 22:30. Fjöldi lögreglumanna var 22 og heildartímafjöldi um 77.

Atvikalýsing:

Fljótlega upp úr kl. 19:20 voru mættir nokkrir þekktir mótmælendur, s.s. Páll Heiðar, Bjarni Hannesson, Kristín Snæfells, Pálína, skipuleggjandi mótmælanna og Rakel Sigurgeirsdóttir. Ekki voru járntunnumar komnar á staðinn, eins og í fyrri mótmælum við þingið. Fólkið fékk fyrirmæli um að vera á gangstéttinni norðan Kirkjustrætis og ekki yrði heimilt að fara inn í garð þinghússins. Skipulag lögreglunnar gekk út á að starfsemi þingsins gæti farið fram og aðgengi að húsinu yrði óhindrað. Kl. 19:40 tilkynnti ARM að kvörtun hafi borist innan úr þinghúsinu um að Helga Björk væri farin að kasta brauði upp á svalir hússins og reyndust þetta vera pizzusneiðar. Þá bárust upplýsingar innan úr þinghúsinu um að ekki verði opnað upp á þingpalla fyrir áheyrendur. Fólk reyndi samt að komast inn og þrýsti á bakhurðina, sem liggur að þingpöllum, og ullu ónæði. Kl. 20:08 tilkynnti ARM að Þorvaldur Óttar Guðlaugsson, sem áður hafði komið við sögu í mótmælum, illi ónæði við þinghúsið. Fólk var ósátt við að komast ekki inn á þingpallana. Talið var að um 200 mótmælendur væru komnir á svæðið og flestir væru á Austurvelli. Þá var ákveðið að loka aðgengi að Alþingisgarðinum með lögregluborðum. Að öðru leyti var ástandið stöðugt. Kl. 20:41 tilkynnti IMI að slökktur hafi verið eldur í blómakeri við suðvestur horn þinghússins og við hlið blómakersins hafi verið fimm lítra brúsi.

Kl. 20:54 tilkynnti ARM að fækkað hafi verulega í hópi mótmælenda og giskaði á að þeir væru á þessum tíma um 100 til 150, enda væri orðið kalt og blástur á Austurvelli. Áfram hélt að fækka í hópi mótmælenda og smá saman fjaraði allt út. Um kl. 22:07 sást í eftirlitsmyndavél að Helga Björk, Nikulás og óþekkt kona voru stödd framan við Skálann á

tali við Bjarna Benediktsson, Jón Gunnarsson og Tryggva Þór Herbertsson, alþingismenn. Öllu var síðan lokið eftir þetta, án þess að lögreglan hafi þurft að beita sér að einhverju marki.

Hvernig til tókst:

Allt gekk mjög vel og hafði lögreglan góð tök á aðstæðum og gætti þess að halda öllu í röð og reglu án nokkurra átaka.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, þingsetning, 17. júní 2011

Lökenúmer: 007-2011-036477

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: EB-7306, FSB-9312

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** IPS-8510, BKB-0112, LGS-9903, JGP-9709, ESE-0428, GBS-0626, DÖD-0781. **Flokkur 2:** PJS-8110, IMI-0234, LS-9931, SG-0227, ÓGS-0247, BÓ-0405, SIE-0917. **Flokkur 3:** SJ-9814, GJG-0110, GHM-0107, ÁÖG-0330, HS-0343, SPS-0415, SPS-0762. **Flokkur 4:** PRJH-9927, JG-0222, HBS-0422, AÖS-0529, MIE-0623, ÁS-0632, KSE-0805.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukin viðbúnað lögreglu til viðbótar við hefðbundna löggæslu á þjóðhátíðardegi Íslands vegna hugsanlegra mótmæla, sem gætu orðið í tengslum við þessa hátíð. Gengið var í að afmarka svæðið fyrir framan Alþingi sem hátíðarsvæði og að lögreglan sjái til þess að gæta að allsherjarfriði á svæðinu. Ákveðið að vera með sérstakt eftirlit með þeim sem koma í þeim eina tilgangi að trufla dagskrána.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 10:00 og þeim lauk um kl. 12:00. Fjöldi lögreglumanna var 32 og heildartímafjöldi um 64.

Atvikalýsing:

Allt byrjaði mjög rólega og töluverður fjöldi fólks var þegar mættur á svæðið um kl. 10:00. Fljótlega fóru lögreglumenn í að kanna með Austurvöll hvort þar leyndist eitthvað, sem

menn gætu gripið til, en ekkert óeðlilegt fannst við þá leit. Ekki sást til þeirra „mótmælakunningja“ sem oftast höfðu verið að mótmæla við þingið. Kl. 10:51 sást til eins mótmælenda, sem var kominn að austurhlið þinghússins með gjallarhorn og fylgdust lögreglumenn með honum. Kl. 10:54 sáust tveir menn við vesturhlið þinghússins og var annar þeirra með úðabrúsa, en ekki vitað hvað var í brúsanum. ARM lét lögreglumenn tala við hann og kanna málið. Reyndist maðurinn vera með vatn í brúsanum og sprautaði hann því á gangstéttina. Ákveðið að fylgjast betur með honum svo hann gerði ekki neinn óskunda. Maðurinn, sem var með brúsann, reyndist vera Þorvaldur Óttar Guðlaugsson, sem er þekktur af eggjakasti og fleiri óknyttum við þinghúsið. Ákveðið var að fylgjast með honum. Lögreglumenn gerðu manninum, sem var með gjallarhornið, grein fyrir því að hann mætti ekki nota það á meðan á athöfn stæði.

Kl. 11:12 tilkynnti ARM að fleiri þekktir mótmælendur væru komnir við vesturhlið þinghússins og væri að krunka sig eitthvað saman og var fylgst með þeim. Nokkur hreyfing var á þekktum mótmælendum um svæðið og var þeim fylgt stíft eftir. Talið var að þegar flest var á hátíðardagskránni hafi verið um 500 til 700 manns, þar á meðal almennir borgarar, sem koma ár eftir ár á þessa hátíðardagskrá, og eins útlendingar sem finnst mikið til koma og þá sérstaklega að sjá heiðursvörð lögreglu. Dagskrá var lokið á Austurvelli um kl. 12:00 og reyndist allt fara fram með friði og spekt og lítið sem lögreglan þurfti að hafa afskipti af. Þegar hátíðarhöldunum var lokið á Austurvelli tóku við önnur dagskráatriði, sem voru fram eftir kvöldi.

Hvernig til tókst:

Mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, 2. september 2011

Lökenúmer: 007-2011-053849

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Aðgerðarhópur:** ÞJS-8110, ÁP-9101, JG-9116, EBS-9122.

Skipulag:

Ákveðið að auka viðbúnað lögreglu vegna boðaðra mótmæla við Alþingi í tilefni af því að það var að koma saman aftur eftir sumarfrí. Boðuð voru þögul mótmæli, sem áttu að sína samstöðu, en mótmælendur töldu að stjórnvöld hafi látið heimilin og fjölskyldurnar í landinu sitja á hakanum. Hefðbundinn viðbúnaður lögreglu.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 10:30 og þeim lauk kl. 13:30. Fjöldi lögreglumanna var sex og heildartímafjöldi 18.

Atvikalýsing:

Uppúr kl. 10:30 voru um 40 mótmælendur mættir á Austurvöll og var búið að negla niður marga tugi svartra krossa á suðaustur hluta Austurvallar. Fljótlega fór að fækka í hópi mótmælenda og um kl. 11:20 voru þeir orðnir um 20 talsins. Kl. 13:15 voru þeir aðeins orðnir fimm til 10 og var þá hætt sérstakri löggæslu á Austurvelli. Allt fór vel fram og ekki kom til neinna afskipta lögreglu af mótmælendum.

Hvernig til tókst:

Mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alþingi, þingsetning, 1. október 2011

Lökenúmer: 007-2011-059667

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðarstjórn í Skógarhlíð: HJ-7711, EB-7306.

Vettvangs- og stjórn aðgerðaflokka: GJP-7607, ÁPS-7415, ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** ÞJS-8110, ÁÖG-0333, HPG-9801, HPT-0621, VS-0719, KSE-0805, GSJ-0925. **Flokkur 2:** SJ-9814, RHG-0215, HL-9916, LS-9931, ÓGS-0247, ÓMA-0634, PÓ-0815. **Flokkur 3:** ÞRJH-9927, ÞAE-0129, JBS-0427, AÖS-0529, RG-0603, AFH-0631, ÁS-0632. **Flokkur 4:** AS-9803, GJG-0110, GHM-0107, HS-0343, SPS-0415, GST-0606, SPS-0762. **Flokkur 5:** BB-8826, GHS-9411, LGS-9903, SG-0227, HG-0429, BÖG-0432, ÞIS-0804. **Flokkur 6:** IMI-0234, HH-0323, LBP-0248, BÓ-0405, HH-0436, KPS-0728, BK-

0761, HGK-0724. **Flokkur 7:** EBS-9122, SÖS-0126, JGP-9709, SBA-0602, HSP-0604, KH-0730, BFG-0734, HJS-0905. **Flokkur 8:** UMÁ-0103, BKB-0112, GBS-0626, GS-0904, SOK-0907, SIE-0917, FB-0914. **Flokkur 12 Sérsvéit RLS:** AE-9717, HV-0211, TE-0209, LJK-0414, SBH-0424, JKP-0431, GÖH-0519, ÁÖG-0520. **Umf:** ÁF-8812, ÓHK-8740, BV-8603 MS-9017 SH-9912 .

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað vegna þingsetningar. Byrjað var á því að setja upp lögreglugirðinguna fyrir framan Alþingi og að Dómkirkju. Akstursleiðum að þinghúsi einnig lokað. Reiknað var með fjölmönnum mótmælum og því talið rétt að hafa nægan mannskap tilbúinn, en hafa sem fæsta sýnilega.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 09:00 og þeim lauk kl. 14:00. Fjöldi lögreglumanna var 77 og heildartímafjöldi um 385.

Atvikalýsing:

Um kl. 09:47 var fólk byrjað að streyma á Austurvöllinn, en veður var ágætt og það gekk á með skúrum. Fljótlega urðu menn varir við að kveikt var á blysum norðan við skálann þingsins af mönnum klæddum í sjóklæðnað. Þess gætt að forsetinn kæmist að þinghúsinu með eðlilegum hætti. Um kl. 10:22 var farið að fjölga verulega í hópi mótmælenda, líklega um 1.000 manns. Þegar forsetinn og kona hans stigu út úr bifreið sinni gengu þau að lögreglugirðingunni og tóku í hendur fólks og ræddu eitthvað við það. Þegar forsetinn steig út úr bifreiðinni var matvælum kastað í hann. Þau gengu síðan inn í þinghúsið.

Fólk hélt áfram að kasta í þinghúsið og ákvað ARM að fjölga lögreglumönnum við girðinguna. Þegar þingmenn, forseti og forsetafrú gengu úr þinghúsinu, að Dómkirkjunni, hélt fólk áfram að kasta ýmsum matvælum í þingmenn og þinghús. Forsetafrúin tók þá allt í einu á rás og ætlaði strax yfir girðinguna til mótmælenda. Jón F. Bjartmarz, yfirlögrelupjónn hjá RLS, sem staddur var við þingið, reyndi að stöðva hana í að fara yfir girðinguna, en hún fór ekki að fyrirmælum hans, heldur stökk upp á girðinguna og tóku mótmælendur á móti henni. Var ákveðið að lögreglumenn skiptu sér ekkert frekar af henni, heldur fylgdust með að hún lenti ekki í hættu. Síðan fékkst hún til að fara til baka og fór hún inn í þinghúsið, en ekki í kirkjuna. Þegar síðustu þingmenn voru að ganga til kirkju fyrir austur hornið á þinghúsinu var kastað í höfuð Árna Þórs Sigurðsson, þingmanns, sem féll við það í götuna. Var talið í fyrstu að um grjót væri að ræða, en reyndist vera egg, sem hitti hann svona illa. Var hann fljótur að jafna sig og aðstoðaður á fætur og hélt hann för sinni áfram til kirkju. Ekki vitað hver kastaði í hann. Á þessum tímapunkti taldi GJP að um 2.000 manns væru á Austurvelli. Lögreglumenn gengu til þeirra sem helst var talið að væru að kasta eggjum til að fá þá til að hættu þessu framferði, en lítið var nú tekið undir það.

Kl. 11:05 fóru þingmenn að ganga frá kirkjunni og yfir í þinghúsið. Það rigndi yfir þá eggjum og ýmsum matvælum og reyndu lögreglumenn bæði með höndum og regnhlífum

að koma í veg fyrir að þetta lenti á þeim, en ekki tókst það í öllum tilvikum. Enginn slasaðist þó við þetta. Um kl. 11:31 tilkynnti Guðlaugur Ágústsson, yfiröryggisvörður þingsins, að hann hafi sett slá fyrir aðaldyr þinghússins að innanverðu, að forsetanum ásjáandi, og honum gert að fara út um bílakjallara þingsins. Gekk annars vel að koma forsetanum burt og á Bessastaði.

KL. 11:51 upplýsti KK hjá sérsveit að forsætisráðherra myndi taka við undirskriftum frá Hagsmunasamtökum heimilanna og færi það líklega fram um kl. 12:00, innandyra í þinghúsinu. Formaður Hagsmunasamtaka neitaði að fara inn í þinghúsið til að afhenda listana og krafðist þess að forsætisráðherra kæmi til þeirra fyrir utan húsið. Ákveðið að forsætisráðherra gerði það og á meðan var tveimur eggjum kastað í áttina til hans, en hitti hann ekki. Upp úr þessu fór mikið að fækka í hópi mótmælenda á Austurvelli. Farið var þá í að létta á löggæslunni og girðingin tekin niður. Eins var umferðalokunum létt.

Það skal tekið fram að í fyrsta skipti við formlega þingsetningu var ekki hafður heiðursvörður við þinghúsið. Var það ákvörðun yfirmanna embættisins að leggja það af, allavega í þetta skipti, en þó umræða innan stjórnenda embættisins, að líklega verði einungis settur upp heiðursvörður fyrst þegar þing kemur saman eftir kosningar.

Hvernig til tókst:

Miðað við mikinn fjölda fólks tókst þetta eins vel og hægt var. Ekki var hægt að koma í veg fyrir matvælakast í þinghúsið, þingmenn og forseta. Sem betur fór slasaðist enginn. Enginn var handtekinn og þurfti lögreglan ekki að beita aflsmuna til að halda uppi lögum og reglum í þessum aðgerðum.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Alpingi, 3. október 2011

Lökenúmer: 007-2011-060146

Lögreglumenn við störf:

Aðgerðastjórn í Skógarhlíð: HJ-7711, EB-7306.

Vettvangs- og aðgerðastjórn: GJP-7607, ARM-8737, KHP-9804, ÁS-8213. **Flokkur 1:** EBS-9122, GF-0218, GHM-0107, SPS-0415, SPS-0762, LAP-0605, HGK-0724, GS-0904. **Flokkur 2:** SJ-9814, ÁÖG-0333, HL-9916, BHP-0221, ÓGS-0247, HSP-0604, ÓMA-0634, BFG-0734. **Flokkur 3:** ÞJS-8110, GHS-9411, LH-0132, BÓ-0405, FB-0914, SIE-0917,

VS-0719, HJS-0905. **Flokkur 4:** PRJH-9927, ÞAE-0129, JG-0222, HH-0436, BÁ-0514, GST-0606, RG-0603, ÁS-0632. **Flokkur 5:** BB-8826, SÖS-0126, JGP-9709, LGS-9903, BÖG-0432, GBS-0626, SOK-0907, KH-0730. **Flokkur 12 Sérsvait RLS:** JMJ-8616, HG-9503, AE-9717, GGA-0127, EJ-0307, ÓSJ-0340, GÖH-0519, HIH-0715..

Skipulag:

Ákveðinn aukinn viðbúnaður lögreglu vegna setningaræðu forsætisráðherra (eldhúsdagsumræður). Löggæslan yrði eins lítið sýnileg og mögulegt væri, en gripið inn í ef eitthvað færi úrskeiðis. Lögreglumenn voru bæði utan- og innandyra í þinghúsinu.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 19:00 og þeim lauk kl. 23:00. Fjöldi lögreglumanna var 53 og heildartímafjöldi um 212.

Atvikalýsing:

Um kl. 19:35 var kominn nokkur fjöldi fólks á Austurvöll og var talið að þeir hafi verið um 200 til 300 manns. Kveikt var á blysi og var ákveðið að dreifa lögreglumönnum í rólegheitum á meðal fólksins og reyna þannig að hafa áhrif á þá sem ætluðu að kasta, eða gera eitthvað annað. Kl. 19:56 hélt fólki enn áfram að fjölga og talið að rúmlega 400 manns væri komið á svæðið. Allt frekar rólegt, en menn héldu áfram að nota skotelda, eða blys. Kl. 20:36 sáu menn að verið var að bera vörubretti inn á Austurvöllinn og þeim stillt upp rétt við styttuna af Jóni Sigurðssyni og fóru lögreglumenn í að kanna þetta. Áður en þeir komu þar að, var búið að kveikja eld. Lögreglumenn á eftirlitsbílum voru sendir í að kanna með alla þá sem væru að reyna að koma með eldsmat á Austurvöll. Fljótlega tókst að slökkva eldinn.

Um kl. 21:06 tilkynnti ARM að eitthvað væri farið að fækka í hópi mótmælenda, en samt var verið að henda eggjum og öðru í lögreglu og þinghús. Kl. 22:11 var þingfundur lokið og þingmenn og ráðherra fóru að koma sér úr þinghúsi. Fóru flestir úr bílageymslu og lögreglan liðkaði til með það. Nokkrir mótmælendur hlupu fram og til baka til að reyna að hafa áhrif á akstursleiðina og hindra hana, en tókst það ekki. Að lokum tókst öllum að komast óhindrað út úr þinghúsinu og mótmælendur fóru að tínast til síns heima.

Hvernig til tókst:

Nokkur fjöldi mótmælenda var á staðnum sem reyndu að láta mikið fyrir sér fara, en lögreglan hafði áhrif á það með því að blanda sér innan um fólkið og stöðva allt í fæðingu. Tókst þetta mjög vel, en þó náðu einhverjir að kasta eggjum í þinghúsið

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Harpan, Austurbakka, 27. október 2011

Lökenúmer: 007-2011-063997

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** PJS-8110, SJ-9814, IPS-8510, GBÁ-8831, LS-9931, GJG-0110, RHG-0215, SG-0227, ÓGS-0247, HG-0429. **Flokkur 2:** IMI-0234, LH-0132, BÓ-0405, HH-0436, MIE-0623, BK-0761, HJS-0905, PIS-0804.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað lögreglu vegna boðaðra mótmæla vegna fundar Seðlabankans, ríkisstjórnarinnar og AGS í Hörpunni. Reiknað var með um 150 manns til að mótmæla, miðað við það sem kom fram á netmiðlum. Talið rétt að lögreglan yrði með viðbúnað og grípi inn í, ef á þyrfti að halda.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust um kl. 07:30 og lauk kl. 15:30. Fjöldi lögreglumanna var 20 og heildartímafjöldi um 160.

Atvikalýsing:

Mótmælendur fóru að mæta við Hörpuna rétt eftir kl. 08:00, en aldrei var um mikinn fjölda að ræða. Einhverjir reyndu að fara inn í húsið, í gegnum bílakjallara, en lögreglan kom í veg fyrir það. Forsetinn kom á fundinn og gekk það vel fyrir sig. Allt fór friðsamlega fram og ekki kom til afskipta lögreglu.

Hvernig til tókst:

Mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Háskóli Íslands, 28. október 2011

Lökenúmer: 007-2011-064352

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** GHS-9411, GJG-0110, LGS-9903, GR-0106, SPS-0762, DÖD-0781, ÞÓ-0815, GS-0904.

Skipulag:

Ákveðið að auka viðbúnað meðan aðstoðarforseti Alþjóðagjaldeyrirsjóðsins héldi fyrirlestur í aðalbyggingu Háskóla Íslands. Áætlað var að fyrirlesturinn yrði frá kl. 12:00-13:00. Talið var rétt að lögreglan yrði á staðnum en gripi ekki inn í nema á þyrfi að halda.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 11:00 og þeim lauk kl. 13:30. Fjöldi lögreglumanna var 10 og heildartímafjöldi var 25.

Atvikalýsing:

Ekki voru margir mótmælendur mættir, en þó sást til Sturlu Jónssonar, þekktis mótmælenda, ásamt öðrum manni. Allt fór friðsamlega fram og ekki kom til afskipta lögreglu.

Hvernig til tókst:

Mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

Sendiráð Bandaríkjana, 16. desember 2011

Lökenúmer: 007-2011-073822

Lögreglumenn við störf:

Vettvangs- og aðgerðastjórn: ARM-8737, KHP-9804. **Flokkur 1:** ÞJS-8110, SJ-9814, ÁP-9101, LS-9931, HSP-0604, ÓMA-0634, HGK-0724, GSJ-0925.

Skipulag:

Ákveðið að hafa aukinn viðbúnað lögreglu við sendiráðið, en fyrirhuguð voru mótmæli þar vegna fangelsunar Bradley Mannig frá Wikileaks.

Tímalengd aðgerða:

Aðgerðir hófust kl. 18:00 og þeim lauk kl. 19:30. Fjöldi lögreglumanna var 10 og heildartímafjöldi 15.

Atvikalýsing:

Um kl. 19:17 voru komnir um 50 mótmælendur, en allt fór friðsamlega fram. Lalli sjúkraliði kveikti á rauðu blysi. Birgitta Jónsdóttir, frá Hreyfingunni, hélt tölu og virtist hún fara fyrir mótmælendum. Þá tóku félagar hennar úr Hreyfingunni, þau, Þór Saari og Margrét Tryggvadóttir, þátt í mótmælunum. Einnig tók lögreglan eftir Herði Torfasyni, Sveini Rúnari, Þorvaldi söngvara, Þórami Einarssyni, Þorvaldi Óttari Guðlaugssyni, Nikulási ljósmyndara og Andrési. Þá tóku lögreglumenn eftir manni, sem var með klút fyrir andliti sínu, en virtist ekki vera í neinum tengslum við aðra mótmælendur. Haft var tal af honum við lok mótmælanna og féllst hann á að taka klúttinn niður og sýna andlitið. Hann sagðist ekki vilja sýna sendiráðsmönnum andlit sitt svo hann gæti farið til USA síðar, sagðist vita hvernig þeir ynnu. Piltur þessi sagðist heita Sigfús Sigursteinsson, en hann hafði engin skilríki meðferðis. Allt gekk vel og þurfti lögreglan ekki að beita sér.

Hvernig til tókst:

Mjög vel.

Ummæli frá nokkrum lögreglumönnum sem tóku þátt:

Ekki þörf á því.

Gagnrýni, viðhorf annarra s.s. fjölmiðla:

Ekki þörf á því.

4. Tölfræðiupplýsingar, fjöldi lögreglumanna o.fl.

Samantekt ákveðinna staðreynda:

Fjöldi mótmæla frá 2008 – 2011: Fjöldi aðgerða lögreglu vegna mótmæla sem lýst er í skýrslu þessari voru **136**.

Fjöldi lögreglumanna sem komu að mótmælunum: Samtals störfuðu **4.714** lögreglumenn í öllum mótmælunum. Margir komu við sögu oft en einu sinni.

Fjöldi klukkustunda sem mótmælin tóku: Ef gengið er út frá þeim tímasetningum sem fram koma í skýrslunni varðandi lengd hverra mótmæla fyrir sig má ætla, að heildartímafjöldi lögreglu við mótmælin, hafi verið u.þ.b. **26.656,5**.

Sjá að öðru leyti nánari samantekt á fylgiskjali nr. II.

Áætlaður kostnaður: Á verðlagi ársins 2012 er áætlað að heildarkotnaður LRH vegna mótmælanna á bilinu **65 til 70** milljónir og er þar einnig innifalið kaup á viðbótarbúnaði o.fl., allt sem tengdist þeim mótmælum sem skýrsla þessi gerir grein fyrir. Embætti LRH fékk aldrei neinar fjárveitingar frá ríkinu vegna þessa kostnaðar, heldur þurfti embættið sjálft að standa straum að þessum kostnaði af þeim fjárheimildum sem til þess var ætlað af fjárlögum.

5. Niðurlag.

Það hefur verið einstakt tækifæri fyrir skýrsluhöfund að fá að takast á við þetta verkefni. Reyndist þetta mun meiri vinna en áætlað var í upphafi. Rétt er að vekja athygli á að stjórnendur aðgerða- og skipulagsdeildar LRH, þeir Arnar Rúnar Marteinson og Kristján Helgi Práinsson ásamt Árna Þór Sigmundssyni, aðstoðaryfirlöggregluþjóni á lögreglustöð 4, reyndust skýrslugeranda afar hjálplegir. Mikilvægi þeirra fólst einkum og sér í lagi í að fara yfir allt lesefnið og afla nauðsynlegra gagna.

Verkefnið hófst í byrjun janúar 2012 og lauk í júní 2012 með skilum á skýrslu þessari til Stefáns Eiríkssonar, lögreglustjóra. Stefáni er þakkað það mikla traust og hvatningu sem hann hefur sýnt skýrslugeranda í öllu ferlinu, sem skipti afar miklu máli og virkaði sem hvatning í að gera þetta allt eins vel og mögulegt var. Þá er öllum þeim lögreglumönnum, sem ritað hafa umsagnir um einstaka atburði, og þannig gefið skýrslunni meiri vigt, færðar sérstakar þakkir.

Þá var farið yfir helstu umfjallanir fjölmiðla, greinaskrif o.fl., og aflað þannig upplýsinga um gangrýni á framgöngu lögreglunnar í mótmælunum. Gunnari Rúnari Sigurbjörnssyni, starfsmanni upplýsinga- og áætlunardeildar, er þakkað fyrir það verk.

Trúlega hefði mátti leggjast í mun meiri rannsóknarvinnu við gerð skýrslunnar. Fyrst og fremst var byggt á gögnum/skráningum úr lögreglukerfinu, þar sem dagbók var skrifuð fyrir hvern dag varðaði þau mótmæli sem hér eru til umfjöllunar frá árinu 2008 til loka árs 2011. Því miður reyndist í sumum tilvikum lítið skráð um einstök tilvik, en það hjálpaði mikið til að skýrsluhöfundur kom sjálfur að flestum mótmælanna. Það sama má segja um stjórnendur aðgerða- og skipulagsdeildar. Þeir komu að öllu skipulagi hvers atburðar og stjórnðu aðgerðum og gátu því gefið skýrsluhöfundi greinagóðar upplýsingar í þeim tilvikum sem skráningar skorti..

Skýrsluhöfundur telur nauðsynlegt að aflað verði myndskaiða og ljósmynda um flesta þá atburði sem skýrsla þessi tekur yfir. Lagt er til að þeirri deild LRH, sem vinnur með myndskaið úr eftirlitsmyndavélum, fái það verkefni að safna saman öllu slíku efni sem til er hjá embættinu á einn stað. Til viðbótar verði aflað efnis frá sjónvarpsstöðvum og eftir atvikum fleiri miðlum, s.s. „Youtube.com.“

Reykjavík 30. júní 2012

Geir Jón Þórisson
Yfirlöggregluþjónn